

„Þetta er einhver alveg ólýsanleg tenging, þessi tilfinning að vera svona einn með náttúrunni.“

Eigindleg rannsókn á upplifun víðerna og viðhorfum um afmörkun og stýringu meðal ólíkra útivistarhópa á miðhálandinu



Rammaáætlun



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Faghóp um náttúru- og menningarminjar, 3. áfangi rammaáætlunar, Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.
Markmið rannsóknar	Að kanna hvaða huglæga verðmætamat ólíkir hópar útvistarfólks leggja í miðhálandið og víðerni og hvernig þessir hópar telja æskilegt að afmarka og stýra víðernum.
Dagsetning skýrsluskila	10.05.2016

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Undirbúningur og gagnaöflun	Sigrún Birna Sigurðardóttir
Úrvinnsla	Sigrún Birna Sigurðardóttir Adda Sæby Þórarinsdóttir
Skýrslugerð	Sigrún Birna Sigurðardóttir Adda Sæby Þórarinsdóttir Bylgja Árnadóttir

EFNISYFIRLIT

Markmið rannsóknar	3
Aðferð	3
<i>Eigindlegar rannsóknaraðferðir</i>	3
<i>Þátttakendur</i>	4
<i>Framkvæmd</i>	5
<i>Skráning og úrvinnsla gagna</i>	5
Niðurstöður	5
<i>Bakgrunnur, umfang og aðdragandi útvistaríðkunar</i>	6
Gönguhópur	6
Hjólreiðahópur	11
Hestamennskuhópur	17
Jeppaferðahópur	20
<i>Umhverfisviðhorf</i>	24
Gönguhópur	24
Hjólreiðahópur	25
Hestamennskuhópur	27
Jeppaferðahópur	28
<i>Gildi útvistarinnar á hálendinu</i>	30
Gönguhópur	31
Hjólreiðahópur	38
Hestamennskuhópur	45
Jeppaferðahópur	53
<i>Gildi miðhálandisins</i>	62
Gönguhópur	62
Hjólreiðahópur	65
Hestamennskuhópur	69
Jeppaferðahópur	72
<i>Skilgreining, gildi og stýring víðerna</i>	75
Gönguferðahópur	76
Hjólreiðahópur	88
Hestamennskuhópur	100
Jeppaferðahópur	112
<i>Samantekt</i>	135
Framlag og frekari rannsóknir	135
Styrkleikar og veikleikar	144
Heimildir	146
Viðauki 1: Viðtalsrammi	147
Viðauki 2. Þemagreining	154

MARKMIÐ RANNSÓKNAR

Að beiðni Þorvarðar Árnasonar í faghópi 1 Rammaáætlunar sá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um að framkvæma eigindlega viðtalsrannsókn á viðhorfum útivistarfólks til víðerna. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvaða skilning ólíkir hópar útivistarfólks leggja í hugtakið víðerni, að kanna gildi útivistar, miðhálandisins og víðerna, og loks að kanna hvernig þessir hópar telja æskilegt að afmarka og stýra víðernum. Viðtalsrammi var hannaður í samstarfi við verkkaupa og má finna hann í viðauka 1. Til að dýpka skilninginn á viðhorfum útivistarhópanna var lögð áhersla á að skilja bakgrunn þátttakenda, forsendur þess að þau stunduðu tiltekna útivist og umhverfisviðhorf þeirra.

AÐFERÐ

Eigindlegar rannsóknaraðferðir

Eigindlegum rannsóknaraðferðum tilheyra fjölbreyttar rannsóknarhefðir sem rekja má til hugmynda og kenninga um að veruleikinn sé félagslega skapaður og að einstaklingar túlki veruleikann á mismunandi hátt. Markmiðið er því að skilja hlutina út frá sjónarhóli þeirra sem taka þátt í rannsókninni í stað þess að bera saman athafnir og viðhorf fólks með tölulegum hætti. Rökin fyrir því að rannsaka veruleikann á þennan hátt felast í þeirri hugmynd að raunveruleiki einstaklinga er misjafn og fólk skynjar hlutina á ólíkan máta. Þess vegna kjósa eigindlegir rannsakendur síður að hefja rannsóknir sínar með fyrirframgefnum hugmyndum um líklega útkomu rannsóknarinnar, heldur leyfa þeir gögnunum að þróa kenningar um það sem fyrirfinnst í því umhverfi sem verið er að rannsaka (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Að taka viðtöl er ein leið til gagnasöfnunar þegar eigindlegum rannsóknaraðferðum er beitt. Viðtölin veita upplýsingar um hvað er mikilvægt fyrir tiltekinn félagshóp, hvaða merkingu hann leggur í það sem verið er að rannsaka og hvernig fólk skilur og skilgreinir tiltekna hluti. Í opnum viðtölum er umræðuefnið yfirleitt fyrirfram ákveðið en innihald samræðnanna ekki. Rannsakandinn hvetur viðmælanda sinn til að tala um það sem skiptir máli fyrir rannsóknina, en gefur honum jafnframt tækifæri á að tala frjállega út frá eigin sjónarhorni. Af þeim sökum eru viðtölin ólík frá einum þátttakanda til annars þó viðfangsefnið sé hið sama (Kvale, 1996).

Hvað varðar styrkleika eigindlegra viðtala, þá eru þau vel til þess fallin að greina þá þætti sem þátttakendur eiga sameiginlega eða eru ólíkir með þeim. Slíkar upplýsingar geta undirbyggt tilgátugerð eða nýst í tilgátuprófanir og nýstast því frekari rannsóknum vel. Einnig má nefna að þar sem rannsakandi aflar gagna án milliliða og án þess að nota spurningar sem fela í sér

fyrirframgefna svarmöguleika er rannsakandi ekki eins bundinn af áhyggjum af því hvort þátttakendur hafi skilið spurningarnar rétt enda er rýnt í samhengi þess sem sagt var í heild, sem og undirliggjandi áhrifaþætti fyrir skoðunum þátttakenda.

Takmarkanir eigindlegra rannsókna eru fyrst og fremst taldar felast í alhæfingargildi þeirra. Með spurningunni um alhæfingargildi rannsókna (*e. generalizability*) er átt við það hvort hægt sé að heimfæra niðurstöður hennar yfir á annan hóp en þann sem tók þátt í rannsókninni. Það úrtak sem hér var tekið hefur ekki alhæfingargildi og því er ekki hægt að heimfæra þær upplýsingar sem gögnin veita yfir á alla þá sem almennt stunda tiltekna útivist á hálendinu. Hins vegar geta niðurstöðurnar gefið vísbendingar um að málum sé líkt farið hjá öðrum í svipaðri aðstöðu. Það er undir lesandanum komið að dæma um það hvort eigin aðstæður séu svo líkar þeim sem verið var að rannsaka að hann vilji heimfæra niðurstöðurnar þangað (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Viðtalssekkja getur átt sér stað á milli rannsakenda og viðmælanda þar sem viðmælandi verður fyrir áhrifum af rannsakanda og eins getur svörunarsökkja ollið því að viðmælendur gefa upplýsingar sem ekki eru í samræmi við eigin viðhorf og skoðanir. Rannsakandi verður því að vera í hlutlausu hlutverki og gæta þess að vera ekki leiðandi í spurningum.

Í rannsókninni sem hér um ræðir var eigindlegum gögnum safnað með einstaklingsviðtölum þar sem stuðst var við sérhannaðan viðtalsramma.

Þátttakendur

Rannsóknin beindist að einstaklingum með yfirgripsmikla þekkingu á hálendi Íslands. Því var leitað eftir hentugleikaúrtaki einstaklinga sem sækja að staðaldri upp á miðhálendið til að stunda útivist. Leitast var eftir þátttakendum búsettum á höfuðborgarsvæðinu eða í nærsveitum sem áttu heimangengt í viðtal á Félagsvísindastofnun. Aðgengi að þátttakendum fékkst í gegnum félagasamtök og einstaklinga sem bentu á þá sem þóttu koma til greina sem þátttakendur. Umfang rannsóknarinnar einskorðaðist við 12 einstaklinga sem stunduðu fjögur mismunandi útivistarform eða þrjá þátttakendur úr hverjum hóp fyrir sig.

Ekki var gerð krafa um ákveðna aldursdreifingu en reynt var að hafa þátttakendur af báðum kynjum í hverjum hóp. Af þeim 12 einstaklingum sem tóku þátt voru sjö karlar og fimm konur. Elsti þátttakandinn var 72 ára og sá yngsti 38 ára.

Framkvæmd

Haft var samband við þátttakendur, rannsóknin kynnt og þeim boðin þátttaka. Var þeim boðið að velja viðtalstíma sem hentaði en viðtölin fóru fram í fundarherbergi Félagsvísindastofnunar.

Gagnaöflun fór fram í formi opinna viðtala. Viðtölin stóðu yfir í 1-1½ klukkustund og var stuðst við viðtalsramma. Viðtölin hófust gjarnan á opinni spurningu um bakgrunn þátttakenda. Þessu var síðan fylgt eftir með spurningum og umræðum er snéru að útvistinni sjálfri áður en farið var yfir spurningar sem snéru að miðhálandinu, víðerni og stjórnun víðerna.

Reynt var að skapa afslappað andrúmsloft með því að leyfa viðmælendum að hafa stjórn á aðstæðum. Þannig líktist viðtalið fremur samtali en formlegu viðtali og voru þátttakendur hvattir til að segja frá í frásagnarstíl og tala út um það sem þeim fannst skipta máli. Í lok viðtalanna voru viðmælendur spurðir hvort þeir hefðu eitthvað sem þeir vildu bæta við og þeim þannig gefinn kostur á að koma á framfæri efni sem skipti þá sjálfa máli en tengdist ekki endilega spurningum rannsakanda.

Skráning og úrvinnsla gagna

Öll viðtölin voru tekin upp og þau síðan afrituð orðrétt. Hvert viðtal var lesið vandlega yfir og meginatriði þess dregin fram með því að gefa textabútum nafn, en slík vinnuaðferð kallast kóðun. Í framhaldinu voru kóðanir allra viðtalanna flokkaðar í meginþemu og undirþemu, þar sem það átti við.

Þess má geta að í þeim tilvitnunum sem birtast í þessari skýrslu, voru lagfærð hikorð og tengiorð sem var ofaukið eða vantaði í setningaruppbyggingu (til að mynda og, að, frá, til) og eins var fallbeyging leiðrétt þar sem við átti til að samræmast ritmáli og merkingu setninga.

NIÐURSTÖÐUR

Í þessum hluta er fjallað um helstu atriðin sem fram komu við greiningu gagnanna út frá hverjum hóp fyrir sig. Niðurstöðurnar eru settar upp á þann hátt að farið er yfir aðalþemu spurningalistans og eru sameiginlegir þættir einstaklinganna innan hópanna dregnir saman stuttlega og greint frá þeim undirþemum sem komu fram. Í viðauka 2 má sjá yfirlit yfir þær hugsmíðar sem komu fram við þemagreiningu viðtalanna. Áherslumunur milli hópa er útlistaður síðar í samantekt.

Áhersla var lögð á að draga fram lýsandi tilvitnanir frá viðmælendum til rökstuðnings greiningunni hverju sinni og því er tilvitnunum þátttakenda leyft að njóta sín.

Bakgrunnur, umfang og aðdragandi útvistariðkunar

Fyrstu tveir hlutar viðtalsins fóru í að ræða bakgrunn þátttakanda, um aðdraganda að áhuga þeirra á útvistinni og hvað fælist í ástundun þeirrar útvistar sem þau voru fulltrúar fyrir. Leitað var eftir tengslum bakgrunns viðmælenda við lífsstíll þeirra og opnar spurningar nýttar til að kalla eftir frásögnum þeirra úr bernsku, ábendingum um áhrif vegna félagsmótunar, mikilvægi félagsskapar og svo um umhverfisviðhorf fyrir og nú. Viðmælendur voru einnig spurðir um gildi eða mikilvægi útvistarinnar, um persónulegan ávinning útvistarinnar og þá í líkamlegu, félagslegu, andlegu, heilsufarslegu og persónulegu samhengi. Áhersla var lögð á að greina huglæga þætti sem einstaklingar töldu að stuðlaði að gildi útvistarinnar fyrir þau persónulega.

Tafla 1 sýnir einkenni og hluta bakgrunnsupplýsinga allra þátttakenda, auk upplýsinga um tengiliði sem nýttir voru til að fá þátttakendur í þessa rannsókn.

Tafla 1. Bakgrunnsupplýsingar þátttakenda

Einkenni	Aldur	Kyn	Búseta	Útvistarform	Tengiliður
G1	62	KK	Höfuðborgarsvæðið	Göngur	Ferðafélag Íslands
G2	56	KVK	Höfuðborgarsvæðið	Göngur	Ábending frá hjólapátttakenda
G3	72	KK	Höfuðborgarsvæðið	Göngur	Ferðafélag Íslands
Hj1	40	KK	Höfuðborgarsvæðið	Hjólreiðar	Íslenski fjallahjólaklúbburinn
Hj2	38	KVK	Höfuðborgarsvæðið	Hjólreiðar	Hjólamassinn
Hj3	51	KVK	Höfuðborgarsvæðið	Hjólreiðar	Ábending frá göngu þátttakenda
He1	66	KK	Landsbyggðin	Hestar	Landssamband hestamannafélaga
He2	58	KK	Landsbyggðin	Hestar	Landssamband hestamannafélaga
He3	51	KVK	Höfuðborgarsvæðið	Hestar	Landssamband hestamannafélaga
J1	60	KVK	Höfuðborgarsvæðið	Jeppaferðir	F4x4
J2	53	KK	Garðabær	Jeppaferðir	F4x4
J3	55	KK	Reykjavík	Jeppaferðir	F4x4

Gönguhópur

Bakgrunnur þátttakenda, umfang útvistar og lífsstíll

Tveir karlar (G1 og G3) og ein kona (G2) tóku þátt í rannsókninni fyrir hönd þeirra sem stunda göngur á hálendinu. Ferðafélag Íslands benti á G1 og G3 en hjólreiðapátttakandi benti á G2.

Þau eru á aldrinum 56-72 ára, G1 er ekkjumaður, G2 fráskilin og G3 kvæntur. Börn þeirra allra eru uppkomin en G2 og G3 eiga hunda sem eru virkir ferðafélagar þeirra í göngum. Öll eru búsett á Stór-Reykjavíkursvæðinu. G1 og G3 eru tengdir starfi Ferðafélags Íslands sem fararstjórar en störfuðu báðir sem skrifstofumenn, þó er G1 hættur störfum vegna aldurs. G2 er vel kunnug umhverfismálefnum og málefnum ferðaþjónustunnar í gegnum náms- og starfsferill sinn, hún er háskólamenntuð og vinnur við stjórnsýslu. Hún er einnig reyndur fararstjóri með áratuga reynslu af útivist á hálendinu.

G1 er með yfir 40 ára reynslu af fjallgöngum, gekk vikulega þegar mest var en fer ekki mikið í dag nema með kunningjahópi. G3 er með skemmstu reynsluna af göngum, eingöngu 5 ár, þótt sá hinn sami sinni áhugamáli sínu af mikilli eljusemi og fer nær daglega í göngur á það fjall eða fell sem hentar best hverju sinni. G2 er á ferðinni allan ársins hring og eru göngur hennar héraendis um 3-7 dagar í hvert sinn sem hún fer. G2 og G3 hafa einnig farið í ferðir erlendis.

Gönguhópurinn hefur komið nokkuð að hagsmunabaráttu útivistarinnar og segjast G2 og G3 hafa tekið þátt í hagsmunabaráttu göngufólks á opinberum vettvangi, t.d. með blaðaskrifum eða með álitgjöf á stefnumálum stjórnvaldsins.

Almennt virðist lífsstíll gönguhópsins einkennast af mikilli hreyfingu utandyra fyrir utan hálendisgöngur. G1 stundar sund, hjólréiðar og ýmsar göngur þó minna en áður sökum aldurs. G2 stundar hjólréiðar innanbæjar og á hálendinu, fer sjálf í kajakferðir, útreiðar og hefur gaman af vélsleðaferðum. G3 fer í daglegar göngur um láglandið, fell og fjöll þar sem hentugast er að fara hverju sinni. G2 og G3 hafa stundað áhugamál sitt erlendis líka, hafa gengið á fjöll og farið í langar samfelldar göngur í hina ýmsu þjóðgarða erlendis og eru sífellt að skipuleggja næstu ferð. G1 hefur í fjölda ára einnig komið að skipulagi ferða í Ferðafélaginu og G3 er tiltölulega nýbyrjaður að sjá um skipulag ferða þar. Það skín í áhugann þegar þau tala um að skipuleggja næstu persónuleguferðir sínar, sérstaklega stærri ferðir erlendis og talar G2 um tékklistann sinn og G3 um að merkja við fjöll í tiltekinni leiðsögubók sem einungis 4 einstaklingar hafi náð að „klára“. Þau hafa mikla ánægju af þeim andlegu og líkamlegu áskorunum sem fylgir ferðunum. Þau tala meðal annars um ævintýramennsku, jákvæð áhrif á heilsufar, eftirvæntinguna fyrir næstu ferð og metnaðinn við að komast upp á toppinn.

Svona að staðaldri, ég hef stundað mikið sund og svo reiðhjól yfir sumartímann sérstaklega. [...] Ég var á árunum þarna [á hálendinu] upp úr '70 [...] Ég fer ekki mikið í dag nema í kunningjahópi. En þetta var nánast á hverjum sunnudegi þegar ég var mest í þessu fyrir 20 árum og meira og þegar ég var einhleypur hérna áður fyrr. Þá var þetta meira og minna allt árið. Einar Guðjónsson tekur

það upp að vera með dagsferðir upp úr '70 allt árið. Þannig opnast gífurlegir möguleikar á því að fara út á sunnudögum og gera eitthvað. Út fyrir bæinn (G1).

Já, ég er líka kajak kona [...] og ég fer á hestbak. Hér er skeifan eftir að hestur steig á mig (hlær). Ég hef líka farið í reiðferðir um hálendið [...] Ég er á ferðinni allan ársins hring. Ég nota fætur, skíði, hjól og stundum jafnvel, ég á gamlan jeppa [...] Já ég sem sagt nýti mér allt, ég á ekki vélsleða en mér hefur fundist mjög gaman að fara á vélsleða yfir Vatnajökul og svoleiðis og gert töluvert af því. [...] Sko lengsta gönguferð sem ég hef farið í var 43 dagar "straight". En hún var ekki hér, það er ekki hægt að labba svo lengi "straight" hér. Ég geng umtalsvert erlendis líka þannig að ég hef mikinn samanburð og ferðast mikið um þjóðgarða erlendis líka, ég held að ég sé nánast búin að fara í alla í Bandaríkjunum, ekki alveg alla samt en það er ansi mikið af tékkum á listanum sko. Þannig að lengri gönguferðirnar mínar hérna heima þær hlaupa svona 3 dagar til vika. Það er gríðarlega mikið af svona helgarferðum. Það er sjaldnast að það er eitthvað lengra en það. [...] Eftirvænting hver ferð [...] Núna sit ég og ætlaði að ganga upp á K2 næsta sumar en það er allt í klessu í þessum íslamska heimi, það er kannski ekkert voða gott að vera evrópsk miðaldra kona [...] Næsta plan var að fara til Kongó því það opnaðist glufa en nú stefnir í borgarastyrjöld í Búrúndí og þá verður það væntanlega líka of hættulegt. Þannig að nýjasta sem ég er að hugsa um hvort ég eigi að gæla við er að skíða Elbrus næsta vor. Þetta er rosa flókið (G2).

Þetta tekur allan manns tíma. Já ég meina það snýst allt um fjöll en auðvitað einhverjar láglendisgöngur líka en yfirleitt er þetta bara fjöllin það er að segja reglubundnar göngur á lægri fjöll og svo markmiðin að fara á hærri eða fjarlægari. [...] Ég fer í svona 20 fjallgöngur í mánuði upp í 30 eða rúmlega það reyndar. Ég byrjaði að ganga fyrir fimm árum, þá fór ég á fyrsta fjallið mitt. Síðan er ég búin að fara í 1400 fjallgöngur, þar af Hvannadalshnjúk þrisvar, Mont Blanc einu sinni, Úlfarsfellið 800 sinnum þar er svona miðjan og hérna ég er mest í þessum skyndigöngum, það er ég bara fer út heima hjá mér, upp á Úlfarsfell kannski alla leið og til baka aftur. Ég er að reyna að fara svona að meðaltali 20 sinnum í mánuði. Ég hef farið í einhverjar lengri ferðir, Arnarvatnsheiði 5 daga, Galtarvita og fyrir vestan eins og Hornstrandir með allt á bakinu en það er allt nýtilkomið. Ég hef farið allan andskotann. Fyrirgefðu orðbragðið. Ég meina Mont Blanc er náttúrulega svona eitt mannskæðasta fjall

í heimi. Ég fór þangað eftir að hafa labbað í þrjú ár. [...] Ég svo sem vissi það alveg að ég gæti ekki orðið langlífur með svipuðu áframhaldi. Reykja pakka á dag, hreyfa mig lítið, í stressi í vinnu. Þetta var eiginlega lífsspursmál. [...] Ég bara, þetta [fjallgöngur] hefur alltaf heillað mig. [...] mér finnst alltaf voða spennandi að fara á toppa að vera á einhverjum toppi og það er svolítið sniðugt af því þetta er svona tiltölulega óformlegt að toppurinn er ekkert svakalega mikilvægur sjálfur. Ég var einmitt að tala við [nafn félaga]. Við áttum samleið upp á Hvannadalshnjúk og það er til mynd af okkur þegar við komum á toppinn og hvað vorum við að gera? Við vorum ekki að gleypa í okkur allt útsýnið, við vorum að senda sms ‚búnir að toppa‘. Þetta er líka bara drifkrafturinn er þessi að hafa komið upp á fjallið til þess að geta sagt það. [...] Þetta er svolítið svona, ekki typpakeppni en það eru margir í þessu sem gengu eftir bók sem er eftir Ara Trausta og Pétur Þorleifsson og heitir 151 fjall. Og menn eru að krossa við, það eru fjórir núlifandi Íslendingar sem hafa náð að klára bókina. Ég er svona, þetta er ekki aðalatriðið hjá mér en þetta er í bakgrunninum. Ég er að krossa út fjöll, þetta er eitt fjall á síðu, ég er kominn í 80. En á eftir auðvitað 71 sem eru mörg mjög erfið (G3).

Aðdragandi og félagsmótun

Einstaklingarnir í gönguhópnum lýsa ólíkum aðdraganda að því að stunda göngur á hálendinu og mátti sjá nokkur áhrif af tilstuðlan félagsmótunar á þann aðdraganda.

G1 er alinn upp úti á landi þar sem hann ólst upp með fjallasýn og farið var í göngur á hverju hausti. Hann lýsir því hvernig félagsskapurinn á göngum hafi verið beint framhald af íþróttaiðkun í æsku og hversu mikill áhrifabáttur félagsskapurinn hafi verið á sínum tíma. Fjölskylda hans hefur þó ekki tekið þátt nema að litlu leyti í útivistinni og hann minnst ekki á foreldra sína. Hann kemur til Reykjavíkur á fullorðinsárum, en tekur fljótlega þátt í starfi Ferðafélagsins upp frá því. Í félaginu hafi verið menn sem voru frumkvöðlar sem unga fólkið leit upp til og veitti honum mikinn innblástur.

Ég er uppalinn í sveit [staðsetning tekin út] og er með fjallgarðinn alltaf fyrir mér og fór í göngu á hverju hausti og kynntist fjöllum þar fyrir ofan þannig að maður var farinn að horfa á þetta bara sem krakki. Ég held að það hafi verið svona byrjunin, það var langt á milli bæja og það var eðlilegt að vera að ferðast þarna fótgangandi og líka á hestum þannig að þetta er einhvern veginn framhald af þessu [...] Ég var ungur maður í íþróttum og fór svo að ganga á fjöll í

kunningjahópi og leiddist inn í Ferðafélagið, ganga á jökla til að byrja með og svo framvegis. Þetta breiddi bara úr sér, var svona kunningjahópur en svo vantar alltaf fararstjóra og við vorum dregnir inn í það. Þetta þróaðist bara þannig [...] þá sá maður strax í kringum þetta félag, þá var allt önnur starfsemi. Þá var mikill ferðafrömuður Einar Guðjónssen. Sem voru ekki allir sammála um en hann var hugsjónamaður mikill og dreif menn með sér og þarna var hópur manna sem höfðu starfað í áratugi, hugsjónarmenn og þeir drifu ungt fólk með sér. Þetta var gaman að kynnst þessu og sjá þetta, það voru allir velkomnir. Þetta voru svona margar fyrirmyndir, þarna voru margir sem maður lærði mikið af og menn byggðu svo á og menn sem höfðu verið mikið á hálendinu, frumkvöðlar. Haraldur Sigurðsson bókavörður til dæmis, lést fyrir svona 15 árum. Hann var frumkvöðull í að ganga yfir hálendið, þvert yfir og norður fyrir 1944. Þannig þetta var byrjað þá (G1).

Ég hef dálítið reynt að draga þau [fjölskyldu mína] með en það hefur ekki gengið mikið. Konan mín var ekki í þessum geira, hún var bara í garðyrkju. En hún kom með, en ekki var það nú mikið (G1).

G2 reifar ljóslifandi bernskuminningar sínar á hálendinu og uppi á fjalli. Hún átti föður sem var fræðimaður sem og frumkvöðull í náttúruvernd. Hún er meðvituð um áhrifin frá æsku sinni og frá foreldrum á útivistaráhuga sinn en segir enn fremur að hún hafi ekki viljað vera eins og faðir sinn, heldur talar hún um útivistarfyrirmyndir fyrr og nú og afrek þeirra. Hún minnst einnig á að hennar fjölskylda hafi verið virk í ferðum saman og að börn þeirra fyrrum hjóna hafi farið með þeim í hálendisferðir, allt niður í 2 mánaða gömul.

Sko fyrsta hálendisferðin sem ég man eftir, þá reif ég nýja rauða sandalann minn og ég var skömmuð vegna þess að já ég var að hlaupa niður fjöll og ég hef verið rosalega lítil, kannski þriggja ára. Það var reyndar ein á undan en það var bara Esjan. Það þykir ekki merkilegt (hlær). Maður sat svona flötum beinum og horfði á milli tanna og þá sá maður öll húsin. Þetta eru svona „sketchar“, kannski tveggja ára [...] Já sko það er svolítið erfitt að segja að foreldrar séu fyrirmynd vegna þess að maður lifir eftir því ómeðvitað. Maður er alinn uppi á hálendinu, þú getur ekki sett þig í þá stöðu að sjá hvernig það virkar sem fyrirmynd en auðvitað hefur það áhrif, það er bara það félagslega umhverfi sem þú elst upp í. Fyrirmyndir sem manni langaði að vera, mig langaði ekkert að vera eins og pabbi, en að klifra á alla hæstu tinda eins og Reynhold Meissner

Það er eitthvað sem manni langaði. Ef ég væri ung í dag þá ætti ég mína hetju, ég á eina rosa hetju í dag, sem er flottasta útivistarkona allra tíma óháð kyni sem er Freya Hoffmeister sem að bara, googlaðu hvað hún gerir. Það er flott kona sko. Svona sem ég myndi vilja gefa börnunum mínum sem fyrirmynd. Settu þér markmið og gerðu það þó enginn hafi nokkurn tímann látið sér detta það í hug á jörðinni, hún gerir það. Hún reri ein í kringum Suður Ameríku núna, tveggja ára prósess. Fyrir horn á litla kajaknum (G2).

Hér á árum áður þá vorum við hjónin alltaf með börnin, þegar [nafn dóttur tekið út] var tveggja mánaða fór hún í sína fyrstu skíðagönguferð bara undir úlpunni. Þannig að hún var tveggja mánaða í Landmannalaugum í vetrarferð. [...] Nei það var ekkert mál, þetta er afstaða, hún elti náttúrulega bara matinn. Ef þú veist hvað þú ert að gera þá er það ekkert mál, ef þú veist ekki hvað þú ert að gera þá er það útkall (G2).

G3 minnst ekki á áhrifavalda innan fjölskyldunnar en samstarfsaðili hans hafði sterk áhrif á hann þegar hann varð að taka heilsuna í gegn, svo það varð úr að velja göngur. Hann talar einnig um þá fararstjóra sem leiddu ferðirnar fyrstu árin þegar hann var að byrja að ganga, að í hans gönguhóp séu „guðirnir fararstjórar“.

Sko ég hafði, ég var að vinna með [nafn tekið út] um tíma og mér fannst voða merkilegt að hann hafi farið á einhver 20 fjöll. Ég horfði svolítið á hann en ég var bara ekki maður til þess, ég reykti og komst ekki milli stika án þess að standa á öndinni. Þannig að ég svona dáðist af þessu og hugsaði með mér að þetta væri gaman en ég væri líklega orðinn of seinn. Síðan gerist það að ég fer í þetta hjartatékk og fæ þetta „wake up call“ eða hvað við viljum kalla það og þá verður þetta fyrirmyndin. Ég geng einn fyrsta árið, svo fer ég að ganga með ferðafélagi Íslands og þá verða fararstjórnir auðvitað ákveðnar fyrirmyndir. Sko í þessari grúppu sem ég er í þarna þá eru guðirnir fararstjórar (G3).

Hjólreiðahópur

Bakgrunnur þátttakenda, umfang útivistar og lífsstíll

Tvær konur (Hj2 og Hj3) og einn karl (Hj1) á aldrinum 38-51 árs tóku þátt fyrir hönd þeirra sem stunda hjólreiðar á hálendinu. Hj1 er kvæntur og á eiginkona hans tvo stjúpssyni, Hj2 er einstæð

móðir með eitt ungt barn og Hj3 gift og móðir þriggja uppkominna barna. Hjólreiðafólkið er allt búsett á höfuðborgarsvæðinu. Hj1 er starfandi sérfræðingur hjá ríkisstofnun, Hj2 starfar við skrifstofustarf og sem fararstjóri og er með 15 ára reynslu af fararstjórn á hálendinu. Hj3 starfar sem rafvirki en er einnig heilbrigðismenntuð.

Íslenski fjallahjólaklúbburinn benti á Hj1, Hjólamassinn (félagsskapur sem fer í hálendishjólreiðaferðir) benti á Hj2 og göngupátttakandi benti á Hj3. Hj1 er mjög virkur í hjólreiðum og hefur yfir 25 ára reynslu af hjólreiðum utan bæjarmarka. Hj2 hefur stundað hálendishjólreiðar í 3 ár og Hj3 í 4 ár, en öll hafa þau hjólað lengi innanbæjar. Hj2 segist hafa farið að lágmarki eina umfangsmikla hópferð á hverju sumri, Hj1 fer til skiptis einsamall eða með öðrum félag, oftast konu sinni. Hj3 fer eins oft og hún getur og þá oft í styttri ferðir, yfirleitt í félagsskap maka eða með vinkonum. Hún skipuleggur einnig í stærri ferðir með hópi kvenna.

Hjólreiðar á hálendinu er ekki hægt að stunda nema yfir sumartímann vegna fannfergis. Iðulega eru vegir ekki opnaðir fyrr en um miðjan júlí og þá er hægt að hjóla þangað til snjóá festir aftur að hausti, jafnvel strax í september.

Hjá hjólreiðamönnum er áberandi að útivist almennt sem og dagleg hreyfing er stór hluti af lífsstíll þeirra en hjólreiðar eru eingöngu eitt form útivistar sem þau stunda. Hj1 hjólar flesta daga í vinnuna og stundar hjólreiðar og hlaup á sumrin og skíðamennsku á veturna í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Hj1 hefur jafnframt reynslu af hjólreiðum víða erlendis og varð nýlega þjálfari í flugbjörgunarsveit. Hj2 hafði 15 ára reynslu af göngum á hálendinu í gegnum starf sitt sem fararstjóri, áður en hún hóf að stunda hjólreiðarnar. Hún hefur um 10 ára skeið farið nær allar helgar eitthvert út úr bænum til að stunda útivist af einhverju tagi. Hj2 stundar einnig skíðamennsku og fer á snjóbretti yfir veturinn á hálendinu. Hj3 hefur einnig mikla reynslu af hálendisferðum, m.a. stundar hún fjallaskíði, göngur og fer á mótórhjól, en hálendishjólreiðar eru nýtilkomnar. Hún hjólar mikið dagsdaglega í þéttbýli, hjólaði með börnin sín mikið þegar þau voru að alast upp og reynir almennt að vera virk á veturna. Hjólreiðafólkið á það sameiginlegt að vera líkamlega virkt án þess að stunda líkamsrækt skipulega, heldur nota til þess útivist og virkan ferðamáta. Þetta sést vel á tilvitnunum frá þátttakendum, t.a.m. segist Hj1 vera „mjög upptekinn“ af sinni ferðamennsku og tekur það sérstaklega fram. Hann tekur allar ferðir mjög alvarlega og kortleggur þær vel. Hann heldur einnig utan um allar ferðir sem hann hefur farið á einhversskonar heildarafrekskorti sem hann kallar „*montkortið*“. Hann talar um undirbúninginn og eftirvæntinguna fyrir næstu ferð og að hann leiti kerfisbundið af nýjum áskorunum, leiðum og fjallakofum. Hj2 talar um að „tikka í boxið“, að hjólreiðar gefi nú meiri möguleika á að upplifa enn fleiri skemmtileg verkefni, að til verði fleiri ný lítil „mission“. Hún lýsir því hversu auðvelt sé að stunda útivistina því hún skelli bara hjólinu á búnað á bílnum og

segir að útvistin og áhugamálið hafi breytt lífi sínu til hins betra. Hj3 tala einnig um hversu auðvelt sé að stunda hjólreiðarnar þegar maður eigi búnað á bílinn.

Þessi hópur virðist samkvæmt gögnunum ekki vera viðriðinn mikla hagsmunabaráttu fjallahjólreiðafólks eða í tengslum við hagsmunafélög.

Ég hreyfi mig sem sagt óreglubundið. Ég fer ekkert í líkamsræktarstöðvar eða svoleiðis. Hreyfing á að fara fram utandyra. Allavega sú sem á heima þar. En maður reynir svona kannski að já, hjóla í vinnuna a.m.k. svona fleiri daga en færri. Og svo náttúrulega eru ferðalögin, mjög gjarnan hreyfingartengt. Íslenska hálendið er sá staður sem mér líður hvað best á og ég vil eyða sem mestum tíma á. Ég get svona skilgreint það að það eru misheppnuð ár þar sem ég eyði ekki allvegana svona 50 nóttum í annað hvort tjaldi eða fjallaskála (Hj1).

Svona á sumrin, þá hef ég líka bara gengið. Og þá á svæðum sem henta verr til hjólreiða. Og á veturna fer ég á gönguskíði til dæmis. Og svo er ég í Flugbjörgunarsveit [...] ég varð nýlega þjálfari þar [...] [og] hef ég verið að fara alltaf aðra hvora helgi einhvers staðar út í mörkina. Fara á skíði eða að ganga eða einhverjar æfingar með nýliðana. Þá er iðulega gíst í tjöldum (Hj1).

Það sem dregur mig svolítið af stað er, að ég er hérna, einhvers konar landkönnuður í eðli mínu. Þannig að ég er alltaf að leita að einhverjum nýjum ótroðnum slóðum. Eitthvað sem ég hef helst aldrei komið inn á áður. Það verður svolítið erfitt. Því þegar á líður, að ef maður er búinn að ferðast jafn mikið á hálendinu og ég er búinn að gera í 20 ár, þá eru þeir orðnir svona fáir staðirnir sem maður hefur ekki farið. En bara svona út af því að ég sem sagt sendi þér myndir af kortinu [yfirlitskort yfir ferðir farnar og tegund fararskjóta], sem að gengur undir og sem ég kalla það, já montkortið. Ég er búinn að nefna það að ég er hégómagjarn, áður. Að sem sagt, það kort er á engan hátt sko tæmandi því ég er nokkurn veginn orðnir, allir fjallvegirnir sem ég er ekki búinn að hjóla þarna, er ég sem sagt búinn að fara á jeppum. Þannig að ég ferðast miklu meira en bara sem er þarna. Þannig að ég er alltaf að leita að einhverjum nýjum leiðum (Hj1).

Þetta áhugamál spilar svo stórt hjá mér, hvað varðar bæði hjólreiðarnar og þá sérstaklega útvistina sjálfa og veruna í íslenskri náttúru og þarna uppi á hálendi þar sem þú hittir fáa. Að hún markar mig alltaf einhvern veginn djúpt og mér

finnst ég mjög lánsöm einhvern veginn að vera í þessu, að hafa áhuga á þessu, af því að það er ekkert áhugamál sem hentar öllum, en margir hafa ekki bara uppgötvað þetta og ég man alveg þegar ég byrjaði í útivist, mér fannst bara gaman (Hj2).

Sko útivist yfirhöfuð alveg klárlega, það bara breytti lífi mínu. Gjörsamlega. En hvað hjólreiðarnar varðar, svona af því að núna á þessu tímabili er ég svona, það stutt í þessu, náttúrulega bara búið að breyta að því leyti að, ég er með svona einhvern veginn helmingi meira af skemmtilegum verkefnum að gera. Maður svona tikkar alltaf aðeins í boxið, búin að gera þetta og búin að gera þetta og búin að gera þetta. En nú á ég eftir að hjóla þetta allt. Þannig að klárlega, það er bara búið að auka spennu í að fara og gera og líka svona, maður var alltaf að hugsa upp svona lítil „mission“, núna fær hjólið alltaf að vera með í þessu líka og það bara býður upp á enn fleiri möguleika. Sem er æðislegt (Hj2).

Hjólreiðarnar eru eitthvað sem að þú veist, bæði getur í rauninni innanbæjar notað sem farkostur milli staða og þú ert svo fljótur að fara og bara svona enn eitt svona hreyfitækið fyrir mig. Í minni útivist og eitthvað, einmitt, sem er auðvelt að gera hvar sem er. Auðvelt að flytja þetta milli staða. Þetta er ekki eins og að vera, eins og fyrir þá sem eru í mótorsportinu, með þunga kerru, Ég er með í rauninni bara eina festingu á kúlunni og hendi hjólinu á og búið og svo geturðu hjólað einhverja búta og skellt svo hjólinu aftur á og hjólað svo einhvers staðar annars staðar (Hj2).

Ég hef alltaf hjólað mikið svona hérna innan Reykjavíkur. Var með börnin mikið á hjólinu sko. Og var þá bara svona með þau í barnastól [...], og hérna, við höfum alltaf verið mikið útivistarfólk og farið mikið á fjöll og það er með jeppa og svo fjallaskíði og annað (Hj3).

Ég fer eiginlega [í hjólreiðaferðirnar] bara svona frá því snemma á vorin og fram á haust. Bara þangað til fer að snjóa og fer að verða svolítill ófærð. [...] þetta er mjög krefjandi. Þetta er meira krefjandi heldur en kannski að vera gangandi, en maður kemst svona yfir stærra svæði [...] en samt ekki alltaf. Þetta er svolítið torfarið stundum sko. En ég nota líka mikið útivistarsvæði hérna í Reykjavík, eins og t.d. Heiðmörkina og Rauðavatn og nágrenni. Öskjuhlíðina mikið og Vífilsstaðahlíðina. Mér finnst rosalega gaman að fara á svona hefðbundnar

gönguslóðir. Það er meira svona, eins og til dæmis hef ég farið í Jökulsárgljúfrin, þar meðfram Landmannalaugar. Og hvað get ég nefnt meira? Svo hef ég farið Suðurlandið líka, fór núna í haust, þá fór ég með vinkonum mínum. [...] Ég hef yfirleitt farið í annað hvort trússferð eða hjólað bara svona í hring. Farið á bíl og svo hjóla ég einhvern hring. Og ég byrja á bílnum og enda á bílnum. Ég er með, þú veist ég á það sem þarf til að ferðast með hjólið á bílnum. [...] Nei. Ég fer ekki í svoleiðis ferðir [ferðafélagsferðir] það er allt sjálfstofnað bara. [...] Já, á veturnar hjóla ég svona innanbæjar og svona bara ef aðstæður gefa og eins líka bara aðrar útivistaríþróttir sko, á skíðum og svona. Það hjálpar mér mjög mikið, mér finnst veturinn bara alveg þjóta hjá (Hj3).

Aðdragandi og félagsmótun

Hvað aðdraganda varðar þá hafa Hj1 og Hj2 reynslu af því að fara í styttri fjallgöngur með foreldrum sínum í æsku, en upp úr tvítugu kviknar áhugi þeirra á hjólreiðum á hálendinu fyrir alvöru. Hj1 nefnir að það hafi mögulega haft áhrif á hann að faðir hans hafi farið með þau systkinin á fjöll í æsku. Hann hafi einnig verið í sveit á sumrin og fór hann með foreldrunum í fjallgöngur þegar þau komu í heimsókn. Hj1 segir að það hafi ávallt verið jeppi til staðar í fjölskyldunni sem hafi verið „aðgöngumiðinn“ upp á hálendið. Foreldrar hans hafi þó ávallt stutt hann í þessari „vitleysu“ eins og hann orðar það.

Það er svona, það er nokkur en ekki mikill útivistarbakgrunnur í fjölskyldunni. Pabbi fór með okkur systkinin svona, eitthvað stundum upp á einhver fjöll, en það var kannski svona, en það voru svona miklu styttri og afmarkaðri ferðir en ég fer í dag. Ég reikna með því [að það hafi haft áhrif á mig]. Að það hafi, eða sko þannig að ég hafi a.m.k. farið inn á hálendið og svona kannski borið virðingu fyrir því. En sko til dæmis hann, ég fer til dæmis í fyrsta skipti á gönguskíði með honum. Svo það er örugglega áhrifaþáttur. En svona bara til þess að, maður áttar sig aldrei á því sko, - ég myndi halda að þó svo að það hefði ekki gerst, þá hefði ég samt endað á ekki ósvipuðum slóðum og ég er á í dag. Það hefði kannski gerst aðeins seinna. Og [...] til dæmis bara það sem skiptir máli í þessu, er að það voru yfirleitt til jeppar í fjölskyldunni. [...] þannig að jeppinn er svona ákveðinn aðgöngumiði að því að hérna, að fara þarna inn. Þannig að hérna, já, já. Þessi bakgrunnur hann svona auðvitað ýtir undir frekar en hitt og mín fjölskylda hefur svona sem sagt, foreldrarnir studdu mig í þessari viðleitni minni að ana út í þessa vitleysu (Hj1).

Hj2 lýsir því að hún hafði áhuga á ferðalögum með foreldrum sínum sem barn sem hvarf þó á unglingsárunum. Áhuginn var endurvakinn í kjölfar útivistarnámskeiðs sem hún starfaði á upp úr tvítugu, en þar kynntist hún jafnframt konu sem hefur haft einna mest mótandi áhrif á þátttöku hennar í ýmis konar útivist.

En foreldrar mínir voru mikið á fjöllum. Sem mér fannst mjög gaman þegar ég var krakki. Og hvarf svo alveg þegar ég var unglingur. Kom svo til baka. En ég held svona að fyrirmyndin mín í þessu svona, það er kona sem kom inn í líf mitt seinna meir og sem ég kynntist einmitt í Siglunesi þar sem hún var með þessi námskeið. [...] Hún er svona fyrirmyndin í þessu, bara, hvort sem það eru hjóltreidar eða önnur sport, af því að hún svona setti þennan vinkil í hausinn á mér að maður þyrfti ekki að vera eitthvað X-góður í einhverju til að hafa gaman af því. Þannig að upp frá því einhvern veginn, þá byrjaði ég í mjög mörgu sem ég hafði verið mjög treg til að einhvern veginn starta í af því að maður var alltaf kominn með svona einhverjar hugmyndir í kollinn að nú er maður orðinn of gamall og allir sem eru í sportinu eru orðnir svona góðir í þessu og þannig að hún svona einhvern veginn „væpaði“ það (Hj2).

Ég hugsa að ástæðan fyrir því að ég fór að stunda hjóltreidar eða, já svona fjallahjólamennsku sé kannski svona tvíþætt. Ég var, eh, svona, fyrir svona 15 árum einmitt, áður en ég byrjaði að leiðsaga á fjöllum, þá var ég að vinna þar sem voru námskeið, ævintýrafjallahjólanámskeið og siglinganámskeið fyrir börn og unglinga og þar fékk ég svona smjörþefinn af þessu. [...] Og hreyfipörf. Og svo var kannski, það er eiginlega þriðji þátturinn sem að stendur svolítið stórt hjá mér. Það var, að ég var að hugsa mér svona aukaíprótt þar sem að barnið mitt gæti tekið þátt í, því ég hef verið að taka hana, bæði á fjöllum að ganga og það er alltaf svona, allavega á meðan hún er svona lítil, hún er tveggja og hálf nuna. Það er alltaf svona þínu háð aukafaktorum eins og veðri og að þú getur ekki haft hana of lengi á bakinu og svona, en hjól með hjólavagni, þar getur hún verið og þar er hún bara inni í litlu húsi. Ég hef reyndar ekki farið með hana þangað [á hálendið] (Hj2).

Hj3 nefnir ekki nein áhrif frá æsku, en hún telur eiginmanninn og vinnustaðinn sinn vera mikinn áhrifavald. Maðurinn hennar stundar bæði hjóltreidar og fylgist með hjóltreidakeppnum og hún hefur ásamt eiginmanni sínum stundað hjóltreidar og annað sport um margra ára bil. Um

nokkurra ára bil hefur verið hvatt til útivistarsports á vinnustað hennar og nefnir hún Bláalónsprautina í því samhengi.

Það er eiginlega bara tilviljun. Það leiddi svona eitt af öðru. Ég hef alltaf hjólað mikið svona hérna innan Reykjavíkur. Var með börnin mikið á hjólinu sko. Og var þá bara svona með þau í barnastól. Og svo hefur maðurinn minn eiginlega alltaf haft mikinn áhuga, sérstaklega svona á götuhjólum. Hann hefur alltaf fylgst með hjólreiðum í sjónvarpinu og svona. Og svo labbaði ég bara inn í verslun hérna í, Kría heitir hún hérna úti í Gróttu, og þar sá ég hjól sem að hérna, hann langaði svo í fjallahjól sko. Og þar sá ég hjól sem að mér fannst bara svo ógeðslega flott og mér fannst það bara svo kúl, að ég sagði við hann, að ef hann myndi kaupa handa mér svona hjól, þá skyldi ég bara fara í þetta með honum. Það var svona, og hérna, og hann gerði það og það var líka annað, í vinnunni hjá mér er rosalega sterk hjólamenning og hún var svona svolítið í mótun, það eru svona fjögur ár síðan þetta var og hérna, við maðurinn minn höfum alltaf verið mikið útivistarfólk og farið mikið á fjöll og það eru jeppar og svo fjallaskíði og annað. Og hérna, í vinnunni var sem sagt verið að vekja áhuga fólks að taka þátt í Bláalónsprautinni og það var eiginlega svona, og ég fór þá í fyrsta skipti á þessu nýja hjóli mínu (Hj3).

Hestamennskuhópur

Bakgrunnur þátttakenda, umfang útivistar og lífsstíll

Tveir karlar (He1 og He2) og ein kona (He3) á aldrinum 51-66 ára tóku þátt í rannsókninni fyrir hönd þeirra sem stunda hestamennsku á hálendinu. He1 er í sambúð, He2 ekki kvæntur en í fjarsambandi og He3 býr ein. Börn þeirra allra eru uppkomin. Bæði He1 og He2 búa utan höfuðborgarsvæðisins en He3 býr á höfuðborgarsvæðinu. Öll starfa þau sjálfstætt og eru háskólamenntuð. He1 og He2 hafa haft hestamenskuna að atvinnu um árabíl, He1 síðan seint á sjöunda áratugnum og He2 frá miðjum áttunda áratugnum (að fullu starfi uppúr aldamótum).

Í dag stundar He1 hestaferðir upp á hálendið mun sjaldnar en áður en er orðinn virkari í göngum. Hann fer þó í hestaferðir tengdar rekstri fyrirtækisins en það er sjaldan sem hann fer á hálendið í þeim ferðum. Áður þegar reksturinn var umfangsminni fór hann í tíðar ferðir upp á hálendið með ferðamannahópa yfir sumartímam. He2 var miklu meira í ferðum áður fyrr en

hann reynir að fara eina ferð á ári til að halda sér við. He3 fer á hverju sumri í hestaferðir inn á hálendið, á ólíka staði og góðar ferðir eru um 6-10 daga langar. He3 er einnig virk í hestaferðum um láglandið og göngum, einnig upp á hálendið.

Hestafólkið er afar ólíkt innbyrðis ef skoðaður er munurinn á milli He1 og He2 annars vegar og svo He3 hins vegar. He1 og He2 eru á svipuðu lífsskeiði, eiga sameiginlega þætti í bakgrunni sínum og hafa báðir áratuga reynslu við að reka ferðapjónustu í hestamannageiranum. Þeir stunda einnig hestamenskuna minna nú en áður. He3 stundar hestamenskuna ekki í atvinnuskyni, hefur annan aðdraganda að hestamenskunni og er virk í dag í ferðum upp á hálendið.

Hestafólkið talar ekki um virkan lífstíl eins og sést sterkt hjá hjólreiðafólkinu og göngufólkinu. Hestamennskan hefur einfaldlega verið hluti af þeirra lífi, frá barnsaldri fyrir He1 og He2, en frá unglingsárum fyrir He3. Það hefur mótað þau og sjálfsmýnd þeirra síðan. He3 segir einfaldlega „ég er sem sagt hestakona“. Hestamennskan er lífstíll og stór skuldbinding og ljóst að þetta er meira en áhugamál hjá viðmælendum. Fyrir He1 og He2 hefur hestamennskan orðið að þeirra ævistarfi, sem þó hefði ekki orðið nema áhuginn væri til staðar. He2 orðar það á þann hátt að áhuginn hafi drifið hann í að stofna fyrirtæki sitt ásamt öðrum „við náttúrulega stofnuðum þetta [ártal tekið út] og það var svo sem mest til gamans gert. Þetta var bara okkar hobbí“. He3 segir svo frá því að félagsskapurinn sé ákveðinn þáttur í hestamenskunni og að félagsskapurinn allur komi að skipulagningu ferðar sem oft tekur langan tíma. Ferðirnar hafi margar hverjar þann tilgang að upplifa eitthvað sérstakt, líkt og að safna afrekum og upplifunum á lífsleiðinni.

Þessi hópur greinir ekki frá að vera virkur í hagsmunabaráttu hestamanna eða hálendis, en He3 sinnir þó félagsstarfi síns hestamannafélags í þéttbýlinu sem almennur félagi.

Ég held það sé óhætt að segja það maður bara svona dragist að sínum líkum sko. Sem hafa áhuga á þessu. Og fólk tekur sig saman og skipuleggur þetta, er allan veturinn jafnvel að skipuleggja ferðina. Og undirbúa. [...] Ég myndi nú segja að það væri kannski fyrst og fremst bara upplifunin, að upplifa mismunandi landshluta og sumt er bara svona „mission“ eitthvað sem mann langar, á meðan maður lifir, að hafa gert sko (He3).

Aðdragandi og félagsmótun

Viðmælendurnir í hestahópnum lýsa ólíkum aðdraganda að því að stunda hestaferðir á hálendinu. He1 og He2 eiga það sameiginlegt að hafa alist upp í dreifbýlinu innan um

hestamennsku og áttu sterkar föðurmyndir sem kynntu þá fyrir hálendinu og hestamenskunni.

He1 lýsir því að hafa farið reglulega í veiðitúra upp á hálendið frá því að hann var barn, þá með föður sínum og kunningjum. Einnig átti hann ættingja sem starfaði hjá Sauðfjárveikivörnum og reið með girðingum á hálendinu í mörg ár, sem honum fannst mjög spennandi á yngri árum. Nokkrum árum seinna gerðist He1 starfsmaður Sauðfjárveikivarna, þá tvítugur og lýsir þeim tíma sem „rosalega skemmtilegum“. He1 lýsir því hvernig þetta hafi legið beint við, að bjóða upp á og stunda sjálfur einhvers konar útivist og var það ákveðinn kostur þar sem hann er uppallinn og býr í sveit.

Ég hef náttúrulega alltaf farið í einhverja veiðitúra og svona, einu sinni á sumri eitthvert upp á hálendið, bara frá því ég var 8 ára held ég. Það var oft sko gangandi eða á jeppa eins langt og við komumst, og svo var gengið og allavega. Og svo á hestum [...] [S: Með fjölskyldunni?] Ja, með pabba yfirleitt og einhverjum kunningjum og allavega. Svo átti ég föðurbróður, sem vann lengi hjá þeirri merku stofnun Sauðfjárveikivörnum og reið með girðingum þarna á hálendinu í mörg ár. Og allt á hestum og hann, mér fannst það rosalega spennandi. Og þegar hann hætti þá gefur hann mér sko, svona búnað, svona trússhesta [...] ég bað hann að lána mér þetta og þá bara gaf hann mér þetta. Hann var orðinn gamall maður. Svo nokkrum árum seinna þá gerist ég starfsmaður Sauðfjárveikivarna, að vísu gangandi og geng með girðingum og er alltaf sko tvo daga þarna uppi á fjöllum og gisti í einhverjum kofa yfir nótt og geng til baka. Og, þá hef ég verið tvítugur. Og þetta var náttúrulega rosalega skemmtilegur tími sko, fannst mér. Þetta var erfitt í upphafi og svona skemmtilegt. Og þetta hefur örugglega haft mjög, og síðan er þetta bara mitt svæði sko (He1).

Þetta lá svolítið beint við. Og að fara þarna, ég er fæddur þarna og þekkti til og hafði svona stuðning í sveitinni getur maður sagt. En ég held þá, og jafnvel ennþá, var þetta kostur að vera að bjóða upp á einhverja útivist og búa í sveitinni (He1).

He2 segir frá því að áhuginn hafi kviknað þegar bræðurnir fóru í ferðir með föður sínum og að áhugi sinn hafi aukist þegar fjölskyldan fluttist í sveit úr litlu bæjarfélagi sem gaf kost á að vera með fleiri hesta sem kallaði á meiri möguleika. Hann stundaði einnig tamningar og var mikið í keppnum á yngri árum.

He3 ferðaðist mikið með foreldrum sínum um hálendið og um allt landið sem barn, þó ekki á hestum. Hún byrjaði síðan sjálf að stunda hestamennsku á unglingsárum. He3 segir frá því að hana hafi alltaf langað í hest á yngri árum, en enginn í fjölskyldunni hafi verið með hesta. Hestamennskan var því áhugamál sem spratt upp hjá henni sjálfri, en ferðalögin og að hafa kynnst náttúrunni og landinu á bernskuárum hafi einnig haft áhrif.

Sko hestamennskan er í rauninni bara einhver meinloka sem ég fæðist með held ég. Mig langaði alltaf í hest. Það er enginn í minni fjölskyldu, ekki foreldrar mínir, með hesta. Og þannig að þetta er svona bara eitthvað áhugamál sem sprettur upp úr, hjá mér sjálfri sko. En alveg klárlega ferðalögin og að kynnast náttúrunni og landinu er náttúrulega, er ég svona í blóð borið, með því að vera að ferðast svona mikið sem krakki (He3).

Jeppaferðahópur

Bakgrunnur þátttakenda, umfang útivistar og lífsstíll

Haft var samband við Ferðafélagið 4x4 sem benti á þrjá einstaklinga til að taka þátt í viðtölunum. Þetta eru allt einstaklingar sem eru virkir í samtökum og réttindabaráttu útivistarformsins. Þau höfðu sterkar skoðanir á ýmsum málefnum sem tengdust hálendinu. Viðmælendur í hópi jeppafólks eru ein kona (J1) og tveir karlar (J2 og J3). Þau eru á aldrinum 53-60 ára og öll búsett á höfuðborgarsvæðinu. J1 er í sambúð og á tvö börn úr fyrra sambandi, J2 er kvæntur og á þrjú börn, J3 er kvæntur og á 4 börn, sum uppkomin. Þau hafa lokið framhaldsnámi og eru í góðum störfum með þónokkra ábyrgð, tvö þeirra eru með sjálfstæðan rekstur. Öll ferðast þau mikið innanlands í útivist sinni, bæði á sumrin og veturna en yfirleitt eru þetta helgarferðir sem þau fara í reglulega, nema á sumrin þá ferðast þau stundum í fleiri daga. Þau hafa öll verið viðriðin jeppaferðir upp á hálendið í áratugi.

Ólíkt hinum hópunum þá minnst þessi hópur ekki á virkan lífstíl. Þau eru þó mjög virk í daglegu starfi útivistarfélaganna sem þau eru tengd og málefni útivistarinnar fyllir stóran hluta af lífi þeirra. Sú vinna er að mestu eða að fullu leyti sjálfboðastarf. Augljóst er því að útivistin er ekki eingöngu áhugamál heldur hluti af þeirra lífstíl, sjálfsmynd þeirra og jafnvel fjölskyldna þeirra. Jeppaferðamennskan felur í sér ákveðið lífsmunstur, þar sem útivistin tekur breytingum með árstíðunum. J2 segir að vetrarferðamennskan sé í miklu fyrirrúmi í hans félagsskap og það sé þá sem „við förum mest í gang“.

Þau nefna ekki berum orðum að vera safna persónulegum afrekum, finna nýjar leiðir eða vera að „ganga á listann sinn“ eins og hjólreiða- og gönguhóparnir. Því ber að hafa í huga að hér er um afar reynda jeppaferðamenn að ræða sem virðist vera einbeittir í réttindabaráttu sinni. Það má álykta að hver sigur í þeim efnum sé talið sem persónulegt afrek í þeirra augum. Jeppahópurinn sker sig því úr í þessum kafla þar sem þessi réttindabarátta þeirra er umfangsmikil í daglegu lífi og litar umræðuna einnig í öðrum þemum. Þau ræða af mikilli innlifun um málefni jeppaferðamennskunnar, til að mynda um takmarkað aðgengi í Vatnajökulsþjóðgarði og um utanvegaakstur, og telja sig fara halloka í þjóðfélagsumræðunni. Það séu fordómar og jafnvel sleggjudómar í þeirra garð því vilji þau bæta úr með bættri þekkingu enda hafi félagsskapurinn komið ýmsu góðu til leiðar. Nú sé náttúruvernd stærsti flöturinn á útivistinni, en að talað sé fyrir daufum eyrum og því mikilvægt starf framundan hjá félagsskapnum við að stuðla að fræðslu og jákvæðum breytingum.

Við erum búin að vera í rosalegum barningi við Vatnajökulsþjóðgarð og sú baráttu sem sagt henni lýkur náttúrulega ekki nema menn átti sig á því hvað við erum að tala um. [...] Ferðafrelsi á Íslandi það á að vera eitthvað sem við eigum að njóta. Við höfum land sem á að bjóða upp á mikið fyrir einstaklinginn en auðvitað eru boð og bönn sem þarf að fara eftir og á að fylgja. [...] Ef þú brýtur reglu hér heima þá er nóg bara að segja heyrðu ég vissi þetta ekki. Við erum bara ekki að gera rétta hluti þarna. Ég er búinn að vera í sambandi við bæði Umhverfisstofnun, Umhverfissráðuneytið og Umhverfissráðherra, við lögðum fram fyrir þá tillögur [...] Það finnst öllum þetta æðislega flott og fínt og frábært en enginn vill gera neitt í þessu, þannig það er enginn vilji hjá yfirvöldum eða stjórnvöldum til þess í raun og veru að taka á þessu vandamáli. Þess í stað er náttúrulega þetta yfirleitt þetta mottó að kenna bara jeppamönnum um þetta allt saman, það er svo voðalega þægilegt (J2).

Ég held að menn séu gengnir alltof langt í því að agnúast út í vélknúna umferð og þetta sé farið að ógna búsetuöryggi, og -þróun. Og það er búið að ala á fordómum og búið að massa yfir þjóðina að undirrot alls ills í náttúruvernd á Íslandi sé utanvegaakstur, bara þetta eina orð er svo ljótt, ég vill kalla þetta spjöll af völdum umferðar utan vega, sem er mikið réttara því músin veit ekkert hvort að þú hafir skemmt með dekki eða gönguskóm [...] Það hefur hallað mikið á okkar hóp svona málefnalega. Og miðað við það hvað hvað við höfum komið til leiðar í samfélaginu með bættri samgöngutækni, meira að segja þjóðgarðurinn notar jeppatæknina okkar sem að varð til af því að það er leyfilegt að ferðast á

þennan hátt, og ég hafna því alveg að við séum eitthvað verri fyrir náttúruna heldur en bara þoturnar og ég tala nú ekki um jarðýturnar sko, og það allt saman. Eða, 40.000 göngumenn (J3).

Aðdragandi og félagsmótun

Einstaklingarnir í jeppahópnum eiga það sameiginlegt að hafa verið komin með gríðarlegan áhuga og verið byrjuð að stunda jeppaferðir á hálandið nokkuð ung, eða fyrir tvítugt. Hvað fyrirmyndirnar varðar eiga einstaklingarnir í þessum hóp það sameiginlegt að líta til karllægra fyrirmynda, föður, afa og bróður. Hjá körlunum í þessum hóp eru fjölskyldur þeirra virkar í útivistinni en minna hjá konunni í hópnum.

J1 greinir frá því að hafa alist upp með þetta í blóðinu þar sem faðir hennar var mikill fjallamaður, þó hún og systkini hennar hafi lítið farið sjálf sem börn. Faðir hennar er henni nokkur fyrirmynd en það er jafningjavettvangur sem svo ýtir undir áhuga hennar á útivistinni og gerir henni kleift að kynast og stunda útivistina ung að árum. Í gegnum skátana og svo hjálparsveitina, leiðist hún síðar í önnur útivistarfélög og stýringu þeirra. Hvað hennar eigin fjölskyldu varðar þá virðist útivistin ekki vera fjölskylduafþreying. Hún segir einnig frá því að hún hafi átt erfitt með að fara með bæði börn sín í þessar ferðir þó þau hafi farið með henni í margskonar aðrar ferðir í gegnum árin. Hún ræðir einnig um muninn á því þegar hún byrjaði, þegar það þurfti að hafa töluvert fyrir ferðunum, og svo í dag þegar fólk nenni varla úr bílunum og sveigi frá við minnstu hindrun, en hún er óánægð með þá þróun mála.

Ég náttúrulega, maður bara elst upp með þetta í blóðinu, ég átti föður sem að var mikill fjallamaður og svo sem ekki, við vorum mörg systkinin þannig að við fórum ekkert, bjuggum lengi, eða bjuggum mikið erlendis, vorum ekkert í þessum fjallaferðum bæði vegna þess að það var ekki til nógu stór bíll fyrir okkur öll. [...] Ég var mikill skáti þegar ég var yngri og langt fram eftir aldri [...] þannig að ég fer í gegnum skátana fyrst og fremst, byrja þá á þessu flakki. Síðan í hjálparsveitina, og seinna meir í gegnum Útivist [félagið]. [...] Þannig lendi ég inn í þessari útivistarpólítík svolítið sem maður kallar það. [...] það að vera eitt foreldri og þurfa þá að keyra, þú labbaðir ekki með þau [börnin] vegna þess að þú varst ekki með þennan farangur á bakinu fyrir þau, þau voru með mér í allskonar ferðum en ekki kannski endilega í þessum jeppaferðum (J1).

Ég byrjaði náttúrulega í þessari jeppamennsku bara rétt rúmlega tvítug, þá fórum við bara á litlum óbreyttum bílum, við vorum ég meina á Willis jeppum og

við vorum með Rússajeppe og fyrst, einn af fyrstu Toyotu pallbílunum sem komu, allt óbreytt, og við vorum bara með skóflu og við vorum með haka í bílnum, þannig ef það var steinn fyrir okkur þá bara tókum við hann úr veginum, ég meina þannig urðu þessir vegir á hálendinu til, og þetta er svona ofboðslega mikil breyting, frá því að, fólk nennir ekki einu sinni að hreyfa rassinn á sér út úr bílnum, það sveigir út fyrir og það fer út fyrir pollana meira að segja sko (J1).

Fyrir J2 virðist þessi útivist hafa verið afar eðlislæg enda einkennist fjölskyldusaga hans af ferðafrömuðum sem voru frumkvöðlar í hálendisakstri. Hann talar um „bíladellu“ í fjölskyldunni og „flökkugenið“, sem hann telur vera ættgengt, enda systkini hans og börn virk í útivistinni. Hann líkir áhuga sínum á bílum við íþróttáhuga annarra en hann hefur sjálfur smíðað allnokkra bíla sjálfur.

Ég byrjaði að ferðast sem sagt svona af fullum krafti bara strax og ég fékk bílpróf sem sagt upp á hálendinu, ætli sé ekki svona í kringum 1980 sem að ég byrja. Eldri bróðir minn byrjaði á undan mér, þar áður þá ferðaðist faðir minn mikið og afi var einn af frumkvöðlum í akstri á hálendinu, þannig að, ætli ferðamennska og bíladella og annað sé ekki bara, ja alveg ættgengt í þessu, sonur minn allavega dottinn í þetta líka, börnin mín öll þrjú ferðast mikið um bæði hér innanlands og erlendis þannig það er sennilega eitthvað flökkugenið í okkur (J2).

Ég sko, fyrirmynd og ekki fyrirmynd þetta náttúrulega bara einhvern veginn var, við fórum í þetta saman bræðurnir og ja fyrirmynd, pabbi náttúrulega átti alltaf jeppea hérna í gamla daga þegar ég var yngri, var mikill bíladellukall þannig að, já það gæti þess vegna verið fyrir, ég hef aldrei þælt í því þannig sko ég bara, þetta var bara mitt áhugamál og bara eins og maður segir, ég fór ekki í handbolta og fótbolta, ég fór í bílana í staðinn. [...] Ég var á skíðum mikið, alltaf vetrarsport, alltaf í vetrarsporti, aldrei í þessum sumarsportum. Þannig að vetrarmennskan og vetrarhálendið, það hefur heillað mig miklu meira. Í bílunum þá byrjaði ég strax, annar bíllinn minn var breyttur jeppe (J2).

Hvað J3 varðar þá má greina að faðir hans hafi haft mótunaráhrif á hann og að hann hafi fyrst farið upp á hálendið með föður sínum. Faðir hans þekkti vel til og J3 var alinn upp við ferðalög. Hann er stoltur af fjölskyldusögu sinni og rekur ættir sínar til sjálfs Fjalla-Eyvindar. Á táningsárum var hann í sveit, sem eflaust hefur mótað viðhorf hans til náttúrunnar. Einnig hafði hann almennan áhuga á bílum sem þróaðist í það viðhorf að líta á fararskjótann sem verkfæri

til að gera sér kleift að ferðast. Hann stofnar til fjölskyldu snemma og tileinkar fjölskyldan sér þessa útivist sem fjölskylduáhugamál.

Ég hef ferðast sem fjölskylda og alinn upp við ferðalög og mikla ástríðu fyrir hálendinu, og hef ferðast ja síðan ég kom fyrst upp á hálendið '75. [...] Ég fór með föður mínum yfir Kjöl þá og hérna, hann hafði verið gæslumaður með sauðaveiki varnargirðingum á Kili. Hann þekkir vel og er ættaður úr uppsveitum nálægt hálendinu [...] Fjalla-Eyvindur er föðurbróðir minn í 6. lið, beinn afkomandi Jóns, bróður Fjalla-Eyvindar, þannig að ég á djúpar rætur í landinu. [...] Það er með marga eins og mig að maður byrjaði með bíladellu 17, 16 ára, var í sveit og svona, en sú bíladella breyttist fljótt eftir að hérna við förum að byrja að ferðast og kynnast hálendinu í að verða bara svona verkfæri, til að verða til að ferðast. [...] Við [fjölskyldan] erum öll sem sagt þátttakendur í því, ég er ekki einn upp á fjöllum og fjölskyldan í bænum, þetta er svona fjölskylduástríða (J3).

Umhverfisviðhorf

Gönguhópur

Tveir viðmælendanna í gönguhópnum segja ekki mikið um það hvort að útivistin hafi breytt umhverfisviðhorfi þeirra. G3 hins vegar talar um stökkbreytingu á viðhorfum sínum síðan hann hóf að stunda göngur. Áður hafi hann verið hugsunarlaus en sé nú afar meðvitaður um umhverfið, enda hafi ferðafélagið ákveðnar umgengnisreglur að leiðarljósi og félagsskapurinn fari eftir því. Líkast til hafa G1 og G2 verið tiltölulega umhverfissinnuð frá upphafi en svo virðist sem að útivistin og náttúran hafi eftir náttúruhverf viðhorf þeirra. Þetta kemur fram víða í viðtölunum, að aukin virðing og lotning fyrir landinu komi með útivistinni og maður rækti djúpstæð tengsl við sjálfan sig og umheiminn þegar „þú upplifir sköpunarverkið“ (G2). G1 segir einfaldlega að þessi ósnortna náttúra hafi mótað viðhorf hans, slík svæði séu af skornum skammti í heiminum. Því sé nauðsynlegt að eiga ósnortna náttúru sem almenningur, Íslendingar og erlendir, geti komist í. G2 talar um að hún hafi verið alin upp á ákveðinn hátt í gegnum föður sinn og hans stöðu, hún leggi sitt af mörkum og noti til að mynda ekki plastpoka. Hún hjólar einnig þegar hún getur, það sé henni ekki bara hollt og gott fyrir umhverfið heldur dragi einnig úr bensínkostnaði.

Þetta [útivistin] hefur auðvitað mótað viðhorfið að sjá þetta eins og allt Þjórsárver, svæðið fyrir sunnan Kerlingarfjöll og allt í kring, geysilega mikið svæðið sem er alveg ónsortið [...] Það er nauðsynlegt að eiga svona svæði þar sem almenningur, Íslendingar og erlendir, geta komist í ósnortið land. Það er orðið margir sem koma til landsins og inn á svona svæði, þetta sjá þeir nú ekki víða annarsstaðar (G1).

Það sem þetta hefur breytt hjá manni er viðhorfið gagnvart náttúrunni. Sko ég var svona umhverfissóði áður. Ég var alveg til í að spóla á einhverjum jeppa upp eitthvað fjall, ég var alveg til í að henda sígarettustubbum mínum bara út um gluggann. Í dag er ég orðinn þannig að ef ég sé sígarettu þá tek ég hana og ef ég sé eitthvað rusl þá tek ég það með mér til byggða. Ef ég sé könguló þá stíg ég ekki á hana ég reyni að mæta henni bara. Þetta er svo skrítið þú færð svo djúpstæða virðingu fyrir náttúrunni og landinu [...] Sko, ferðafélagið hefur miklar reglur um það hvernig þú gengur um landið þetta er mjög náttúru-meðvitaður félagsskapur [...] Það er þessi ást á landinu og þessi virðing. Maður öðlast það með því að fara á fjöll (G3).

Ég nota ekki plastpoka, það er bara pínulítið atriði þess vegna finnst mér það svo fyndið að svona naumhyggja oft á tíðum líka tengist, vegna þess að þú þarft ekki dýra hluti til að finna lífshamingjuna, hún felst ekki í hlutum hún felst í upplifun [...] Maður er algjörlega alinn upp í þessu (G2).

Hjólreiðahópur

Aðspurð telja Hj1 og Hj2 að útivistin hafi ýtt undir aukna umhverfisvitund. Hj1 telur sig mikinn umhverfissinna en segir þó frá því að ef valið stæði um virkjanir á hálendinu eða aukið aðgengi ferðamanna þá veldi hann frekar virkjanirnar, þar sem hann sé sérstaklega að sækja í einveru á þessum svæðum. Hj2 telur að útivistin hafi „klárlega“ ýtt undir aukna umhverfisvitund. En þessi útivist þurfi ákveðið aðgengi að hálendinu og því sé það henni „þungbært“ þegar vegir lokast og þar með aðgengi að ákveðnum svæðum. Hún talar einnig um gagnkvæma virðingu milli útivistarforma, hún sé hlynnt því að aðgengið sé ekki á allra færi. Það á ekki að fara að „malbika einhverja fjallvegi til að fleiri komist“ heldur viðhalda þessari skemmtilegu áskorun sem er fólgin í mismunandi útivistarformum sem sækja á hálendið.

Hj3 telur sig mikinn umhverfis- og náttúruverndarsinna og að það sé óbreytt í gegnum árin. Hún telur að „Íslendingar eigi að fá að njóta landsins og helst eins og það hefur verið í gegnum

tíðina, árhundruðin, ekki með neinum hömlum“. Hún segir þó að það sé skiljanlegt að sett séu mörk og reglur. Andstætt viðhorfum Hj1 þá telur Hj3 vænlegra að hálendið afli tekna með því að leyfa fólki að ferðast um í stað þess að nýta það undir virkjanir.

Umræðurnar við hjólreiðafólkið fara ekki inn á svið umhverfisvænnar hegðunar þeirra í daglegu lífi, heldur snúast um viðhorf þeirra gagnvart aðgengi um hálendið og ágangi á viðkvæm svæði.

Auðvitað er maður meðvitaðri þegar maður er að ferðast, en líka bara það sem hefur gerst á þessum 20 árum er það, þótt ég hafi kannski ekki upplifað það þá, að þá veit ég það núna að þegar ég er tvítugur að byrja, þá er ég náttúrulega bara krakki. Það er þetta ósnortna sem ég hef alltaf sótt í, þannig að ég get ekki sagt að virðing mín fyrir þessu ósnortna hafi eitthvað vaxið. Bara vegna þess að það er alltaf það sem ég sótti í. Það er ekki það sem mér hefur lærst að sækja í, það bara var þarna alltaf. Og þannig að ég hef alltaf verið verndarsinni í þeim skilningi (Hj1).

Maður getur nefnilega ekki farið um hálendið eftir þú veist vegunum sem búið er að leggja fyrir mann [...] og svo farið að sko bölvva þeim í sand og ösku. Það er svona ákveðinn tvískinnungur í því. Þannig að, svo er eitt sem maður hefur verið að velta fyrir sér, ég hef svona spurt, ég kann ekki svarið við þessari spurningu. Hvort er betra að við tökum einhverjar svona litlar sneiðar af hálendinu og sökkvum því í vatn og byggjum virkjun og tengjum það niður í byggð með einhverri háspennulínu sem er auðvitað há og ljót og sést og sköpum eitthvað álver sem sjálfsagt mengar eitthvað en skapar svo og svo mörgum vinnu og svona, kemur með svona mikla peninga inn í þjóðfélagið. Eða í staðinn, og þetta er svona af eða á, 100.000 sí-skítandi ferðamenn sem dreifa sér um allt til að trufla mann? Er ekki bara fínt að, ef málið væri svona einfalt, að fórna einhverri lítilli sneið ef maður fær að hafa allt hitt í staðinn. En auðvitað virkar það ekki þannig. Og líka þegar þú ert búin að taka þessa litlu sneið að þá náttúrulega langar marga í aðra sneið. Mín upplifun er sem sagt miklu frekar að ef ég mætti losna við eitthvað af hálendinu, þá væri það ekki endilega virkjanirnar, heldur jafnvel frekar sko hitt fólkið (Hj1).

[Spyrill: Hafa orðið einhverjar breytingar á viðhorfum þínum til umhverfismála, umhverfisvitund, síðan þú byrjaðir í útivist?] Alveg klárlega sko. Og hérna, svona af því ég stunda alls kyns útivist, þá er alltaf líka þínu þungbært, þegar til dæmis gamlir slóðar sem er verið að loka sem maður kannski var vanur að geta keyrt.

Og ég er svona, mér finnst einhvern veginn að mjög mörgu leyti öll þessi, allar þessar mismunandi leiðir á ferðamennsku, hvort sem það er gangandi, keyrandi, hjólandi á hvers kyns mótortæki, að þetta getur átt mjög vel saman. Og það þarf bara svona, það þarf bara gagnkvæma virðingu. En mér finnst hún vera til staðar að mjög mörgu leyti. Það eru alltaf svartir sauðir inni í hverjum hópi. Alveg klárlega. Ég er ekki að tala um að það eigi að fara að malbika einhverja fjallavegi til þess að fleiri komist. Ég er hlynnt því að það eigi að halda þessu þannig að það sé ekkert endilega á allra færi, þú þarft að vera eitthvað visst búinn til að komast á suma staði. Það verður að vera eitthvað svona skemmtilegt og „challenging“ fyrir alla sko (Hj2).

[Spyrill: Hvað með viðhorf þín gagnvart náttúruvernd eða umhverfisvitund almennt, hafa orðið eitthvað breytingar í viðhorfum?] Nei. Ég er mikill umhverfisverndarsinni, náttúruverndarsinni, en mér finnst að Íslendingar eigi að fá að njóta landsins og helst eins og það hefur verið í gegnum tíðina, árhundruðin, ekki með neinum hömlum. En auðvitað verður að setja einhver mörk og reglur. Ég, maður skilur það, það verður að vernda svæðin, þetta er auðvitað bara mjög viðkvæmt [...] Mér finnst alveg nóg af virkjunum komið. Og hérna, mér finnst frekar sko, ef það á að nýta miðhálandið til þess að afla tekna, þá finnst mér að það megi alveg gera það með því að leyfa fólk að njóta þess að ferðast um og skoða og upplifa. Því náttúrufegurðin er bara það mikil að maður tímir ekki að fórna henni fyrir vatn. Og er ég þó rafvirki og afar hlynnt rafmagni (Hj3).

Hestamennskuhópur

Hestafólkið var mjög meðvitað um umhverfið og bar virðingu fyrir náttúrunni. He1 segir að umhverfisviðhorf sín hafi ekki breyst neitt verulega. Einungis að áhugi hans hafi vaxið á náttúrunni og á fuglalífi. He2 telur að hann sé meðvitaðari nú en áður, fyrirtæki hans vinni eftir umhverfisstefnu og þegar farið sé í hestaferðir sé ávallt fylgt ákveðnum slóðum. He3 segir að umhverfismeðvitund sín sé mjög mikil og telur að fólk sé almennt að vakna mikið til meðvitundar um hvers virði miðhálandið og ósnert víðerni eru.

Ekki verulega. Nema bara áhugi minn á þessu svæði og á náttúrunni, á fuglalífi, hefur bara vaxið ef eitthvað er. Ég hef alltaf verið áhugamaður um fugla, en bara sko á svona áhugamannsplan. [...] Þetta er svona hluti af náttúruupplifun. Ég held náttúrulega, fuglar eru gífurlega mikilvægir í náttúrunni (He1).

Ja, sko málið er það að maður náttúrulega vill upplifa eða passa upp á það, auðvitað vitum við það að hesturinn getur skemmt út frá sér og allt það, en við leggjum mikla áherslu á það að við erum að fara að ganga vel um landið. Og meira í dag heldur en áður, gæti maður sagt. Maður er miklu meira meðvitaður um þetta í dag heldur en var. [...] Við höfðum náttúrulega lagt meiri áherslu á, við vorum komin með umhverfisstefnu og allt það fyrir fyrirtækið og í henni felst m.a. að við náttúrulega látum, tökum allt, við skiljum ekki eftir eitthvert dót eða drasl í okkar ferðum. Við náttúrulega fylgjum ákveðnum stígum og við erum með nógu marga „guida“ sem geta þá passað upp á að fólk sé á þeim slóðum sem hugmyndin, eða sem ætlað er að fara eftir, að fara á, eða fara um. [...] Þannig að áherslurnar hafa bara aukist, ár frá ári (He2).

Ég náttúrulega er alveg þar stödd að ég myndi vilja sjá miðhálandið sem þjóðgarð. Ég get alveg kvittað upp á það. [...] Ég held að þetta séu þau verðmæti sem við Íslendingar eigum í dag sem eru bara hvað mikilvægust. Og við gerum okkur ekki grein fyrir því hvað þetta er merkilegt, bara á heims-mælikvarða. Að eiga svona stórt svæði, sem getur flokkast sem ósnortið víðerni. [...] Þannig að ég myndi segja að umhverfismeðvitund mín er sennilega mjög há (He3).

Jeppaferðahópur

J1 og J3 segja að þau hafi alist upp við afar umhverfisvæn viðhorf, eins og að henda ekki rusli og að „taka ekkert nema minningarnar“. Telja J1 og J3 ekki að umhverfismeðvitund sín hafi breyst mikið með árunum, enda alltaf verið mikil. Hins vegar greinir J2 frá því að umhverfismeðvitund hans hafi aukist með árunum. Hann segir að eftir að hafa kynnst náttúrunni og náttúruöflunum betur, beri hann mun meiri virðingu fyrir landinu heldur en hann gerði í kringum tvítugsárin. J2 telur einnig að almennt sé virðing fyrir landinu orðin miklu meiri nú en áður og nú sé langstærsti flöturinn á jeppafélagsskapnum tengdur náttúruvernd. Hann ræðir því einnig mikið um hvernig venjur og viðhorf félagsskaparins gagnvart umhverfismálefnum sé. Hálandið sé viðkvæmt og fræða þurfi fólk um umgengni þar. J3 trúir því að bestu náttúruverðir framtíðarinnar séu þeir sem hafa fengið að kynna hálandinu, sérstaklega sem ungt fólk og börn. Hann telur að mikilvægt sé að stuðla að því að einstaklingar og íslenskar fjölskyldur fái að njóta hálandisins á þann hátt sem hefur tíðkast í marga áratugi. Hvað hegðun hans heima fyrir varðar trúir hann ekki á það að einstaklingsframtakið hafi nokkuð að segja fyrir heildarmyndina. Í öðru samhengi segir hann frá því að hann sé á móti

uppbyggingu almenningsgangna og telji að Íslendingar verði hvort sem er allir komnir á rafmagnsbíla innan fárra ára. Þessi dæmi verða að teljast andstæð frásögn hans um umhverfisviðhorf og náttúruvernd. Líklega má ætla að skilgreining hans á því að vera náttúruverndunarsinni sé einskorðuð við hegðun hans á fjöllum.

Nei, ég er ekki viss um það, hún var alltaf mikil, ég var alin upp við það að ég fékk að vita hvað hver einasta þúfa hét og hver hóll hét og þú hentir ekki rusli og þú tókst raunverulega ekkert með þér nema minningarnar þegar þú varst að fara, þannig að þetta er svolítið mikið svona í blóðinu (J1).

Auðvitað náttúrulega breytist það eftir því sem maður kynnist náttúrunni og náttúruöflunum þá náttúrulega, maður ber virðingu fyrir því, miklu meiri virðingu heldur en maður gerði þegar maður var 20 eða 18, 19 ára, þegar maður lagði af stað í þetta, þegar maður hélt að maður gæti sigrað þetta á stuttermabolnum. [...] Ég tel mig vera mikinn náttúruverndarsinna, og náttúruverndarmann. Alveg tvímælalaust. [...] Það sem að hefur náttúrulega má segja að sé orðið langstærsti flöturinn eða, eða fóturinn í þessu það er náttúruverndin. Virðingin fyrir landinu er bara orðin miklu, miklu meiri. [...] Vakningin er svo mikil að allavega okkar félagsmenn fara á eftir þeim, kæra þá, láta vita af þeim eða, eða vísa þeim inn á rétta leið sko, og benda þeim á þessa hluti. Þetta er til dæmis það sem vantar fyrir þá sem eru að ferðast á eigin vegum, túristarnir, þeir hafa ekki hugmynd [...] Túristarnir eru að koma inn án nokkurs undirbúnings, þeir hafa engan grunn til þess að fara eftir, enga fræðslu, vita ekkert (J2).

Í bílnum er hreinlætisaðstaða og liggur við að við segjum um okkur að sá fararmáti á bílum er oft hreinlegri heldur en sá fararmáti sem göngufólk og erlendir ferðamenn eru að ferðast á, á eigin vegum, gangandi hér um landið. Það er ekkert rosalega gaman fyrir okkur hina að koma á svæðin þar sem þau hafa verið jafnvel á því það er bara já, það, það er ekki upplifun sem við viljum sjá. Okkar upplifun er sú að þú ferð á svæði, þú nýtur svæðisins þegar þú kemur þangað aftur þá viltu njóta þess aftur. Þú vilt ekki byrja á því eins og maður stundum lendir í að þurfa að fara að týna saman rusl og dót og, og gera svæðið eins og við viljum hafa það, þannig að þú veist það svona segir, það er alveg sama í hvaða fararmáta, ferðamáta, hvernig þú ferð, þú finnur allsstaðar sóða og annað og þetta þurfum við að upplifa og þetta viljum við ekki upplifa, hughrifin eiga að vera þannig þú kemur á svæðið þá er það eins og það á að vera, eins

og þú vilt hafa það [...] Það sem ég segi alltaf, það sem að náttúrulega vantar rosalega mikið í þetta, það er að kenna fólki hlutina, sem sagt fræðsla skiptir svo miklu máli að kenna fólki, um það hvað hálendið er viðkvæmt, við getum nýtt það og við getum notað það en við þurfum bara að ganga um það á þannig máta sem sagt, eins og við viljum hafa það. Fólk eins og ég ferðast með á fjöllum til dæmis þeir sem reykja þeir setja aldrei sígarettustubba frá sér, þetta er alltaf sett í einhver box eða einhverja staði sem síðan er tekið með til baka (J2).

Ég er alinn upp við það er ljótt að skemma land og það er ljótt að höggva tré og það er bara gróið í mitt uppeldi, já það er bara ljótt að skemma land og ég hef alltaf hagað mínum ferðum sem mest þannig, og þegar ég hef verið að ferðast á vorin á bílnum mínum þá legg ég mikið á mig að hafa mig yfir skaflinn og yfir veginum frekar en að krækja fyrir hann. [...] Ég trúi því að, og flokka mig sem náttúruverndarsinna og náttúrunjótanda, ég trúi því að bestu náttúruverðir framtíðarinnar eru þeir sem hafa fengið að kynna hálendinu, sérstaklega sem ungt fólk og börn og til að, ef að það hefði verið minna leyft af samgöngum einkabíla á hálendinu þá myndi, hefðu mín börn ekki kynnst hálendinu, þá hefði ég þurft að fara einn. Og þar af leiðandi er þetta svo jákvætt að stuðla að því að einstaklingar og íslenskrar fjölskyldur fái að njóta hálendisins á þann hátt sem hefur tíðkast í marga áratugi. [...] Sem umhverfisverndarsinni vil ég hafa meiri áhrif á stóru myndina heldur en að gleyma að setja plast í eina fötu, sem ég reyndar geri heima, og segja að þar með sé ég búinn að laga heiminn, það hefur svo lítið að segja í heildina (J3).

Gildi útivistarinnar á hálendinu

Gildi eða mikilvægi útivistarinnar fyrir alla fjóra útivistarhópana byggir á fjölþættum samverkandi þáttum (sjá viðauka 2).

Við þemagreiningu gagna frá öllum þátttakendum komu fram sameiginlegir flokkar fyrir alla hópana; *andlegt og sálfræðilegt gildi*, *félagslegt gildi*, *heilsufarslegt gildi* og *þekkingarlegt gildi*. Undir flestum þessara flokka voru síðan greind nokkur undirþemu.

Undir andlegu og sálfræðilegu gildi voru greind fjögur undirþemu; *sálfræðileg endurheimt*, *lífshamingja*, *andleg tengsl í náttúrunni* og *loks áskorun og afrek*. Sálfræðileg endurheimt er mikilvægt hugtak í umhverfissálfræði þar sem endurnýjun líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar getu á sér stað vegna tilstuðlan náttúrulegs umhverfis (Hartig, 2004).

Undir heilsufarslegu gildi mátti greina líkamlegan og heilsufarslegan ábata við ástundun útivistarinnar.

Félaglegt gildi lýsir mikilvægi þess félagsskapar sem útivistin er stunduð með og þeim einstöku tengslum sem skapast á milli fólks. Hvað hestaferðahópurinn varðar var samband knapa og hests flokkað undir þetta gildi.

Loks ber að nefna þekkingarlegt gildi útivistarinnar sem skiptist í tvö einstök gildi. Hið fyrra felur í sér mikilvægi þess að geta elft persónulega þekkingu um kennileyti og persónulega hæfni við að lesa í aðstæður, hið seinna felur í sér gildi þess að nýta útivistina til að læra um menningararf, minjar og forn- eða nútímasögur þeirra svæða sem farið er um.

Þar fyrir utan er útivistin stór hluti af lífsstíll og sjálfsmýnd þessara þátttakenda, hún hefur ríkulegt *afþreyingargildi* og loks er *efnahagslegt gildi* fólgið í útivistinni fyrir þá sem hafa atvinnu af henni.

Fyrir þátttakendum eru þessir þættir samhangandi og erfitt að greina hvað telst til mikilvægustu þáttanna fyrir hvern hóp fyrir sig, það er einnig einstaklingsbundið. Þó eru þessi gildi allt jákvæðir og mikilsverðir kostir útivistarinnar fyrir þátttakendur sem mögulega ýta undir jákvæða upplifun sem svo eykur líkur á endurtekningu hegðunar.

Gönguhópur

Andlegt og sálfræðilegt gildi

Þessi gildi eru veigamikill þáttur hjá göngufólkinu. *Sálfræðileg endurheimt* endurspeglar í tali þeirra um að koma endurnærð tilbaka, að komast frá daglegu amstri og hversu gefandi það er að vera einn og hitta engan.

Lífshamingja má greina sérstaklega hjá G2 sem talar um að útivistin viðhaldi lífsgleði og ungum anda, tilfinningin sé líkust því „eins og að verða ástfanginn“ því „endorfinin fari á flug“.

Andleg tengsl í náttúrunni lýsa G2 og G3 sem að komast í æðri tengsl við náttúruna í útivistinni og þau rækti með sér lotningu og virðingu fyrir umheiminum í hvert sinn sem þau fari á fjöll.

Síðast en ekki síst er það *áskorunin og afrekið* sem er fólgin í útivistinni. Þau eru stolt af afrekum sínum hvort sem þau eru fólgin í að fara óhefðbundnar ferðir erlendis eins og G2 og G3 eða stuðla að uppbyggingu útivistarinnar og bættu aðgengi eins og G1 í gegnum starf sitt í Ferðafélaginu. G2 og G3 tala um ævintýramennsku og að ganga á listann sinn eða klára fjallgöngubókina, en það var einnig tekið fyrir í samantekt um lífsstíll gönguhópsins.

Það er hluti af þessu að maður kemur endurnærður úr þessum ferðum. Þetta er upplifun og líkamlega áreynsla í leiðinni (G1).

Hvernig lífið væri án þess [útivistarinnar]? Það væri bara allt öðruvísi, ég þyrfti ekki að eiga svona risastóran bílskúr (hlær). Ég held bara að lífið væri, almennt séð að þá er fólkið sem er í mikilli útivist er oft fólk sem á mjög margt sameiginlegt, það á ákveðna svona lífssýn. Eða margir af þeim, það er auðvitað ekkert algilt. Það vantar líklegast aldursgreiningar, það eru oft svona a, b og c flokkar. Á fjöllum höfum við komist að þeirri niðurstöðu að við séum hugsanlega 13 ára, þetta er svona “jeii, gerum meira, gaman, kollhnís”. Það viðheldur lífsgleði og ég held að það viðhaldi líka bara ungum anda (G2).

Það sem það gefur manni fyrst og fremst er sálin. Að upplifa sjálfan sig sem hluta af alheiminum, það er ótrúlega mikið af endorfíni falið í því. Það að eiga kost á því að hugsa ekki um verklok, hugsa ekki um ósvaraða tölvupósta, hugsa um að vera laus við gluggapóst í þrjár klukkustundir sem að maður sagði kannski meira hérna áður fyrr. Eina leiðin sem ég þekki til þess fyrir utan að vera sofandi er t.d. rafting ferð niður Austari-Jökulsá. Þá hugsarðu um ekkert annað en upplifun augnabliksins. Það er það sem það gefur manni, það gefur manni hugarró. Heitir þetta ekki nútíttund? (hlær) [...] Það viðheldur lífsgleði og ég held að það viðhaldi líka bara ungum anda og það í þeim sem ferðast ekki alltaf í halarófu á eftir einhverjum öðrum sem skipuleggur allt fyrir þá eins og er því miður mjög algengt í þessum endalausum semi-skipulögðu ferðum [...] Það er ekki bara þetta stóra, maður talar alltaf um hæstu fjöllin og lengstu ferðina en bara fyrsta vetrarblómið er bara alveg jafn stór upplifun. Já ég fer alltaf í leiðangra bara að leita að því. Þetta er ekki alltaf stórt og mikið, upplifunin felst líka í þessu smáa (G2).

Já hjartað slær örar. Þetta er svona eins og að verða ástfangin af einhverjum það er bara nákvæmlega það sem gerist, endorfínin fara á flug og maður sér fyrir næstum því eins og í ljóðinu hans Matthíasar Jochumssonar þegar þú ert kominn á tindinn hvort sem það er bubblandi eldfjall í Kongó eða hæsti tindurinn í Evrópu þá er það þetta að hérna, einn guð í alheimsgeimi, guð í sjálfum mér. Það er þessi upplifun um guð í sjálfum þér það er guð sem er ekki einhver fígúratívur guð, ekki trúarbragða heldur þessi upplifun í alheimsorkunni. Ji ég hljóma eins og núvitundarpostuli (G2).

Og þú ræktar með þér lotningu og virðingu og þetta er svona já maður skilur alveg þetta er það sem er inntakið í mörgum af þessum eldri trúarbrögðum þar sem er ekki verið að reyna síða fólk til og undiroka [...] Þú færð það sem ofsatrúarmennirnir fá við það að berja sjálfum sér á brjóst, við fáum það pínulítið út úr þessu [...] Og lotning við umheiminn sinn og þú upplifir sköpunarverkið, hvað þetta er ótrúlega frábært kerfi og hvað þessi 4500 milljón ár af hönnun hafa skilað æðislegum árangri (G2).

En ég veit ekkert hvað veldur en þetta verður í raun og veru fíkn. Það er að segja góð fíkn. Meðan þú tryllist ekki og ert bara alltaf upp á fjalli. Þetta verður þannig að ef maður labbar ekki, fyrir mig þá verð ég bara hálfómögulegur [...] Já það er að segja þessi góða fíkn sem maður lærir. Þú ert ekki í þeirri fíkn sem drepur þig hún læknar þig og ég sé þetta alveg á fólkinu sem er mér samhliða í þessum göngum. Ég er í 100 manna hópi sem varð til upp úr gönguhópi ferðafélagsins, þetta er bara þannig. Þú ert verður svona húkkt, sagt á ljótri íslensku (G3).

Það er ekkert sem að lýsir þessu, það er svo erfitt að lýsa því hvernig þetta er, maður er nú vanalega ekki einn í svona aðstæðum, það er ekki ráðlegt að fara einn upp á hálendi að þvælast mikið en að vera einhversstaðar þar sem er hvergi sála nálægt þér og þú ert innan um þessa miklu fegurð, það er bara ekki hægt að lýsa því það er alvöru kikk (G3).

Maður fer að verða háður upplifuninni og spennunni, þú ert að fara upp eitthvað fjall hrynurðu niður eða hvað kemur fyrir þig? Klárarðu þetta? Ef þú veist hvernig það er þá færðu eitthvað svona kikk, klára afrekið. [...] Þannig að það er ekkert hægt að lýsa þessu og þetta verður aldrei reiknað til peninga hvað þú ert að hafa upp úr þessu (G3).

Félagslegt gildi

Fólkið í gönguhópnum fer mikið í ferðir sem það skipuleggur sjálft, sérstaklega G2 og G3. G1 og G3 hafa einnig farið með ferðafélaginu mikið enda tengdir þeim félagsskap. Þau veigra sér ekki við að fara ein í umfangsminni ferðir og G2 og G3 fara títt með hundana sína. Þau tala þó um að félagsskapurinn sé stór hluti af útivistinni. G2 segist enn fremur vera hluti af fámennum hóp sem nýti hálendið samkvæmt almannarétti sínum og að hún sé ekki að sækjast í það sama og megin þorri íslenskra og erlendra ferðamanna og sé því ekki með slíkum félagsskap. G3

lýsir þeim einstöku tengslum sem myndast milli fólks á fjöllum, sem ekki eru byggð á stétt eða stöðu fólks.

Svo hafa mjög margir tekið það alltaf fram að þetta er félagsskapurinn. Það sögðu margir, það er ekki aðalatriðið hvert er farið, þetta er félagsskapurinn sem felst í þessu. Að vera úti og hitta annað fólk og í svona ferðalögum. Þessu hef ég oft tekið eftir (G1).

Auðvitað skiptir það [félagsskapurinn] máli. Ég myndi ekki vilja fara í langa, langa ferð með leiðinlegu fólki. Hinsvegar hef ég aldrei lent í því, ég fer líka bara oft ein með sjálfri mér, við hundurinn höfum verið ansi dugleg (G2).

Massi Íslenskra ferðamanna er að gera það sama og þessir útlensku ferðamenn. Við sem erum þarna á hvolfi í þessum almannarétti, við erum ekkert svo mörg. Almennarétturinn á ekki við um skipulagðar hópferðir og á ekki við um það sem er nýtt [af landeiganda] (G2).

Ég hef sagt að á fjöllum fyrst þegar ég byrjaði að ganga árið 2012 í hópi, síðan þá hef ég eignast svona 100 vini og kunningja. Það myndast einhver mjög undarleg bönd hjá fólki sem gengur saman á fjöll. Það skiptir engu máli hvað þú ert eða hver þú ert, það er enginn að spyrja að því á fjallinu. Ertu fæðingarlæknir eða ertu prestur? Hvað ertu yfir höfuð? Það breytir engu, það eru bara allir með sama áhugann og það er að ganga á fjöll og það er að gera þetta og hitt og svo verður þetta svona eins og frímúraraklúbbur. Ef það bjátar eitthvað á á jafnsléttunni þá stendur þú með göngufélaganum þínum. Þú ferð og kýst hann á þing ef hann vill á þing og þú hjálpar honum eftir getu. Það verða svo sterk bönd sem eru hafin yfir öll sko, það er engin stéttskipting, það er engin skipting eftir því hvað menn eru. Prófessorinn, hann og rafvirkinn eru þarna, píparinn og það eru engin mörk. Þetta er eitt og það er félagsskapurinn sem gefur allt þetta. Svo er hitt að vera einn. Ég á tvo hunda og þeir fylgja mér nú yfirleitt á fjöll, það er bara algjörlega magnað að fara einn líka og upplifa náttúruna (G3).

Heilsufarslegt gildi

Fyrir gönguhópin hefur útivistin sterk tengsl við heilsufar. Þau minnst þó á ólíka þætti. G1 og G3 segja frá heilsufarslegum ávinningi við útivistina en G2 talar um mikilvægi þess að vera

í góðu líkamlegu formi til að njóta krefjandi ferða en þó sé það ekki forsenda þess að fara almennt á hálendið.

Ég get alveg sagt þér það, ég þurfti að fara í hjartaaðgerð fyrir ári síðan, talsvert stóra. Ég var fæddur með galla í hjartaloku, hann sagði einn læknirinn í heimsókninni að það mætti slá af 15-20 ár sem ég hafði lifað lengur í reyndinni af því að ég hefði lifað svo heilbrigðu lífi, stundað útiveru frá barnæsku. Þetta væri bara lífsstíll sem segði þarna sitt (G1).

Sko fyrir mig, þetta líkamlega að vera í góðu formi er bara nauðsynlegt til að njóta útivistar ef þú ert í lengri túrum. Auðvitað geturðu notið útivistar og elskað að fara í útivist þó þú sért í hjólastól, það er hægt að fara um hálendið þrátt fyrir að líkamlegt atgervi sé kannski ekki fullkomið. Ég hef farið með einfætt fólk og allskonar fólk, þá er það bara öðruvísi (G2).

Af því að það er hluti af spurningunni hvaða gagn hefur fólk af þessu, þú ert bara að lengja líf þitt. Þetta er eins heilbriggt og það verður. Maður sem fer úr stressi, offitu og reykingum og í svona líf er að spara ríkinu, hver veit, 10 milljónir. Hjartaaðgerð, endurhæfing og auk þess að fá sér aukin lífsgæði. Fjallgöngurnar vinna gegn hjartasjúkdómum auðvitað og þunglyndi. Þú puðar og þú ferð úr depurðinni í hástíggleðinnar uppi á fjallinu. [...] En þetta er eitt mikilvægasta sem maður getur gert fyrir einstaklinginn og sjálfan sig er að koma sér í þetta og verða heilbrigður og svo líður manni miklu betur. Það er svakalegt að burðast með alltof mörg kíló, vera varla göngufær. Þá er þessi framboðsræða búin (G3).

En gott líkamlegt heilsufar er ekki mikilvægasti eiginleikinn sem menn þurfa að vera búnir til að geta farið í göngur. Þau tala um mikilvægi afstöðunnar og andlega hlutans til að standa í þessari útivist. Hér tvinnast saman andlegt og líkamlegt atgervi þegar ferðirnar verða krefjandi, en það er einmitt þessi áreynsla sem sé gefandi. G2 segir frá því að það sé ekkert að því að þurfa hafa fyrir hlutunum, það skili sér í meiri upplifun og G3 lýsir því hvernig ferðirnar verði eftirminnilegri eftir því sem þær reyni meira á.

Það erfiðasta er hér, í útivist á jöklum og svona og sérstaklega þegar maður er með hóp. Áreynslan er afstaða, áreynslan er miklu meiri afstaða en nokkuð annað. [...] já dýpra en viðhorf, þegar þú lendir í erfiðleikum og þegar veðrið verður ógeðslegt allt fer í klessu og ekkert er eins og það átti að vera þá er það

Þín eigin innri afstaða sem skiptir öllu máli, ekki að þú hafir hlaupið 15 maraþon í fyrra. 15 maraþon í fyrra fer nefnilega að gráta en einhver sem er kannski ekkert í rosalegu formi en getur haldið sinni sálarró og mjakast þó það taki tíma, það er rétt afstaða. Já vissulega skiptir það máli og þú kannski nýtur þess betur, það er ekkert gaman að ferðast og vera kannski í einhverjum hóp og vera alltaf aftastur en þegar að á reynir þá er það ekki það líkamlega heldur það andlega sem skiptir öllu. Það skiptir á milli feigs og ófeigs, ekki líkamlega atgervið. Það er mjög útbreiddur misskilningur (G2).

Það er ekkert að því að hafa fyrir hlutunum. Þeir eru ekki þess virði ef þú hefur ekkert fyrir þeim, maður þekkir þetta með erlenda ferðamenn, það er kannski bara smá lækur og spennan er alveg gríðarleg, að fá að vaða líka (G2).

Sko stundum er það þannig að þú ert í mjög slæmri upplifun þú ert að fara sko, þú ert að ganga í snjóbyl eða leiðindaveðri og ert hrakinn og það er allt hálfómögulegt á göngunni en eftir situr gríðarleg reynsla og þú manst þetta. Það var svona með Krák við vorum í rigningu og slagviðri manni var kalt en samt var þetta svo ofboðslegt kikk, sérstaklega eftir á því þetta hefur magnast í minningunni. Ég er búinn að fara sko á Hvannadalshnjúk, Dyrfjöll, en þetta er fjallið sem situr eftir. Annað dæmi sem ég man eftir þá gengum við um vetur, febrúar líklega, 50 manna hópur upp á Skálafell á Hellisheiði og við sáum sko 5 metra það var allt og sumt. En alltaf sat þessi ferð í minningunni og þegar maður ekur þarna framhjá þá bara, ég er að vísu búinn að fara þarna í björtu líka en þá var þetta alltaf. Þetta fer ekkert eftir öðru en hausnum á manni. [S: Já þannig að það er kannski ekkert slæm upplifun hún er bara öðruvísi?] Já já þetta er bara því erfiðara, því minnistæðara. Sólskinsferðirnar eru rosalega ljúfar og góðar en þær gleymast mjög fljótt. Það er slétt og fellt. Þannig að það er oft þannig að því hærra sem erfiðleikastigið er, því minnisstæðara (G3).

Pekkingarlegt gildi

Það kemur víða fyrir hvað göngufólkið nýtur þess að læra að þekkja landið. Hversu mikilvægar sögur hvers staðar eru þeim og mikilvægi þess að geta svalað fróðleiksfýsninni og forvitninni um leið og þau stunda útivistina. G1 talar um að að læra um náttúruna, þekkja örnefni og söguna og læra af þeim frömuðum sem hann umgekkst hverju sinni. Að komast á suma eftirsóknaverða staði kalli einnig á ákveðna þekkingu og kunnáttu, t.a.m. að fara vestur fyrir

inn í Arnarfell hið mikla á bát. G2 talar um að útivistin efli lífshamingju, en hluti af hamingjunni sé að viðhalda fróðleiksfýsninni og forvitninni. G3 talar af mikilli innlifun þegar hann lýsir því að nýr heimur hafi komið í ljós þegar hann var búinn að fara um ólíka staði og áttaði sig á heildarlandslaginu. Það sé lífsfylling fólgin í því að þekkja landið sitt og að geta miðlað þekkingu sinni áfram.

Þetta er fræðsla. Þetta er mikil fræðsla um náttúruna, örnefni, söguna. Maður lærir þetta smátt og smátt og af þessu fólki sem var búinn að stunda þetta lengi og margir sérfræðingar á mörgum sviðum. Þetta síast svona inn (G1).

Þú hérna viðheldur líka fróðleiksfýsninni og forvitninni (G2).

Ég var að uppgötva nýjar víddir þegar ég kom á Arnarvatnsheiðina þá fattaði ég allt í einu já maður sér Eiríksjökul svona hérna. Þarna er Langjökull og ég fékk samhengið. [...] Nú er maður búinn að fara hringinn í kringum þetta allt og átta sig á allri þessari vídd og læra að þekkja landið, því það er líka mjög stórt og það er svo gaman þegar þú ert búinn að því. Eins og ég prófaði einhvern tímann að keyra upp í Kaldadal, það var mjög fallegt veður og maður sá vel og stoppaði og bara naut þess að sjá yfir og telja upp hvaða fjöll maður væri búinn að fara á. Allt í einu þekkti maður öll kennileitin en búinn að fara í áratugi bara blindandi gegnum landið hvað eftir annað. Maður þekkti ekkert nema bara sjoppurnar. Maður þekkti ekkert fjöllin og maður þekkti ekki landið og það er bara svo mikil lífsfylling að geta þekkt landið sitt og miðlað til annarra (G3).

G2 talar einnig um mikilvægi þess að læra að lesa í aðstæður en þróunin sé þannig að megin þorri ferðamanna sem fari á fjöll sé að elta einhverja tískubylgju. Það séu nánast jafn margar útivistarbúðir á laugarveginum og lundabúðir en að fólk sé óundirbúið og kunni ekki að lesa í aðstæður. Þetta sé vandamál en reikna má með að færnin komi með reynslunni.

Eins og Kaldakvísl hún var nú svolítið svona erfið og svo þegar það fjölgar fólki þá eru alltaf fleiri og fleiri sem kunna ekki og vaða bara í vitleysu. Svo á móti Darwin verðlaunin eru ekkert veitt að ástæðulausu sko. [...] fólk bara horfir ekki á umhverfi sitt, það les það ekki. Já, já það þýðir ekkert að tala um einhverja erlenda ferðamenn í því skyn, þeir eru alveg jafn íslenskir og útlenskir (G2).

Hjólreiðahópur

Andlegt og sálfræðilegt gildi

Þessi gildi virðast hafa mikið vægi fyrir hjólreiðafólkið. Gróflega skiptast þessi gildi upp í sömu fjóra undirflokkka og fyrir gönguhópinn; *áskorun og afrek, sálfræðilega endurheimt, andleg tengsl og lífshamingju*.

Hvað áskorunina varðar segja þau frá því að treysta á sinn eigin styrk, tala um áskoranir og að upplifa nýjar leiðir. Þau segja hjólreiðarnar vera tilbreytingu við annan fararmáta og gefi aðra upplifun á sama svæði. Þau eru stolt af afrekum sínum og segja að það að hjóla gefi þeim fleiri möguleika á skemmtilegum og spennandi verkefnum í útivist á fjöllum.

Hvað sálfræðilegu endurheimtina varðar þá njóta þau þess mjög að komast úr daglegu amstri og sækjast mikið í einveruna á fjöllum. Þau nefna það að hlaða batteríin, vera óbundin af tíma og þessi endurnærandi áhrif sem þau upplifa.

Andlegu tengslin lýsa sér í því þegar þau tala um fegurðina í þessari gríðarlegri náttúru sem þau fara um og þakklætið sem þau finna fyrir.

Lífshamingjan lýsir sér í orðum eins og hamingja á hálendinu, gleði, frelsi, stemning og ánægju með lífið.

Íslenska hálendið er sá staður sem mér líður hvað best á og ég vil eyða sem mestum tíma á. Og það sem maður sækist náttúrulega eftir er náttúrulega svona auðnin. Að einhverju leyti. [...] Og bara, mér finnst þetta vera flott og hérna, að einmitt hafa farið á hálendið úr einhverjum landsfjórðungi og koma út úr því hinum megin, einhverjum dögum seinna. Og hafa ekki reitt sig á annað en mátt sinn og megin. Þetta er bara einhvern veginn svo, eðlilegur partur af lífi mínu, að vera þarna uppi, að ég kannski upplifi það ekki einhvern veginn sem hvíld í þeim skilningi, vegna þess að ég lifi mjög svona óstressuðu lífi heima, þannig séð. Það er ekki það sem kannski málið er. [...] Jú, maður svona að ákveðnu leyti hleður batteríin, sum batteríin, þú gengur á einhver önnur batterí í staðinn. Þannig að þú veist, þetta er náttúrulega það sem mér líður hvað best að gera (Hj1).

Það sem ég leita í er, að ég er alltaf að leita að einhverjum nýjum leiðum. Þegar þú ert búinn með alla vegina, þá þarftu, þú vilt náttúrulega halda áfram og þá þarftu að finna einhverjar nýjar leiðir, nýjar áskoranir og koma á einhverja nýja

staði sem þú hefur ekki komið á áður. Þannig að það er kannski eitt að það er þessi landkönnunarárátta og alltaf að reyna helst að fara nýjar leiðir. Reyna að endurtaka mig ekki. [...] Og það er eitt sem er svo þægilegt við reiðhjólíð er að maður er frjáls. Maður er algjörlega svona óbundinn af tíma. Eins og á sumrin þegar verður ekki myrkur. Og þá bara hjólar maður og svo hjólar maður og [...] fljótlega vill maður fara að stoppa og svo sér maður einhvern læk í einhverjum hvammi og sem er í skjóli og þarna finnur maður bara að þetta er rosalega fallegur staður og þá bara tjaldar maður þarna. Og slíkir staðir, maður vill helst vera þar sem maður er algjörlega einn. Og það kemur helst enginn (Hj1).

Það sem yfirleitt skiptir mestu máli er að maður vill sjá sem fæsta aðra. Það verður að vera þannig. Það sé fullt af fólki á einhverjum jepplingum að keyra einhvern veg, þá augljóslega dregur úr svona auðnartilfinningunni og líka bara einhvern veginn úr, huglægt úr afrekinu. Að hérna, að hafa brotist yfir hálendið og það er nú ekki meira í hættu en það að á mínútu fresti mætti maður bíl. (hlær) Maður hélt, þú veist maður er ekkert að treysta á mátt sinn og megin sko. Þegar maður getur bara stoppað næsta bíl og: Ég vil fara heim til mömmu. Ef að, þú veist ef þetta snerist bara um það að hjóla þá gætirðu hjólað í kringum Reykjavík endalaust (Hj1).

Ég hef einstaka ánægju og áhuga á íslenskri náttúru og útivist. [...] Þetta gefur mér bara allt. [...] En það er svona, bara hjólin, bara sportið sem slíkt og svo að samtvinna það við hamingjuna á hálendinu. Það er bara einstakt og það er frábært og líka, sérstaklega þegar ég er búin að vera að labba mjög mikið þarna, rosa gaman að hjóla svo svipaðar leiðir og þú ert kannski að komast yfir á fimmfalt meiri hraða, eða meira. Þetta gefur þér einhvern veginn, já, bara gríðarlega frelsistilfinningu [...] Það er mjög gaman að skoða svæði með einhverjum öðrum á einhverjum svona öðrum fararmáta en þú ert vanur að gera. Hvort sem það er gangandi eða á bíl. Þú upplifir kannski mest gangandi, að þú upplifir smáatriðin í náttúrunni. Sem þú gerir bara engan veginn keyrandi sko. Og svo þegar maður er hjólandi, þá eru svona aðrir hlutir sem þarf að huga að, þá tekurðu bara eftir öðrum hlutum, eða horfir bara á leið sem þú ert búinn að fara öðruvísi, einhvern veginn allt öðruvísi (Hj2).

Þegar maður kemst svona í burtu yfir helgi, þá, þau áhrif ná alveg langt. Það er mjög, fyrir mig er það mjög endurnærandi áhrif í alla staði. Og þó það sé, ég fari

oft í kannski mjög svona krefjandi ferðir, þá kem ég samt sem áður miklu endurnærðari til baka og bara, og hvíld frá öllu öðru, heldur en, ef ég væri ekki að fara svona sko. En jú, það er alveg stór munur hvort þú ferð allavega yfir nótt eða í lengri ferð. [...] Það er alltaf meiri stemning þegar þú ert komin í nokkurra daga ferð. Þá bæði kúplar þú út úr bænum og því annríki sem þú átt þar. Og bara svona stemningin að gista í fjallaskála eða í tjaldi eða bara, maður er allt öðruvísi, sérstaklega þegar þú ert í hópi fólks. Það myndast allt öðruvísi stemning í svona löngum ferðum þar sem er gisting einhvers staðar. Heldur en þegar það er bara í einn dag (Hj2).

Það er alltaf gaman að gera hluti sem þú ert einhvern veginn stoltur af, að vera búinn að afreka sko. Það er alltaf mjög góð tilfinning. [...] Ég fyllist alltaf gríðarlegu þakklæti fyrir að í rauninni hafa uppgötvað þennan heim. [...] Þetta er einhvern veginn, svona „combination“ af svona „effortinu“ sem að þú innir af hendi við þetta og kannski að eiga einhvern fallegan dag í þessari gríðarlegu náttúru. Þú færð bara einhvern veginn ótrúlegt þakklæti í hjarta. Og bara alls konar væmnar tilfinningar mjög oft. Að fá að vera til og fá að geta gert þetta (Hj2).

[S: Hvað gefur það þér að geta stundað þessa tegund útvistar?] Bara það veitir mér mjög mikla hamingju [...] ég er bara mikið ánægðari með lífið. Ég er bara alveg endalaust glöð og hérna, ég er eiginlega breytt alveg, mér finnst þetta bara alveg ofboðslega mikið frelsi, og svo rosalega mikil gleði í þessu. [...] Mér finnst bara alltaf gott að vera, alveg sama hvort ég sé ein eða hérna í félagsskap, eða hérna, mér líður bara alltaf vel í náttúrunni. [...] Já, það er líka annað, maður breytir bara um. Maður kastar alveg frá sér öllu daglegu amstri (Hj3).

Félagslegt gildi

Hjólreiðafólkið hefur ólíka sýn á mikilvægi félagsskapar í hjólreiðaferðum á hálendinu. Ekkert þeirra stundar skipulagðar ferðir af höndum þriðja aðila. Þau skipuleggja allt sjálf og félagsskapurinn stendur þeim nær, sem sprettið hefur úr vana og kunningjasamböndum.

Hj1 ferðast mest einn eða með með félagi eða maka sínum. Ferðamynstur hans breyttist þegar hann kynntist konu sinni og í dag fara þau oft saman í ferðir. Hann ræðir lítið um gildi félagsskaparins á ferðum sínum.

Hj3 stundar hjólreiðar mikið með mannum sínum en einnig með kvenfélagskap eins og Hj2. Lýsingar þeirra á félagskapnum endurspeglar að konur efli hvor aðra í þessum félagskap. Hj3 lýsir því hvernig þær læra hver af annarri og deila reynslu sinni og mæta þeim áskorunum sem fylgja sportinu, „kona kennir konu“ eins og hún segir. Hj2 hóf fjallahjólreiðar fyrir tilstilli félagskapparins sem varð til fyrir þrem árum. Hún lýsir mikilvægi hópsins fyrir hana, þar sem flestar konurnar eiga það sameiginlegt að vera vanar að „basla eitthvað“ sjálfar við sportið, þótt margar þeirra hafi ekki verið mikið á fjöllum. Einnig lýsir Hj2 því hversu fjarstæðukennt þetta var í upphafi en nú komist færra að en vilji, skemmtunin og skipulagningin sé stór hluti af ferðunum. Hvað skipulagninguna varðar er þó mikilvægt að reyna haga henni þannig að ekki sé rekist á aðra hópa enda sé það stór partur af upplifunni. Hj3 talar um það að þegar hún ferðist með öðru fólki þá hverfi öll stéttaskipting og að fólk sem ekki séu leiðtogar á öðrum sviðum geti verið leiðtogar í útivistinni.

Þetta upphófst í hópi kvenna sem voru ekki endilega reynslumiklar, en höfðu mikinn áhuga á hjólreiðum. Þannig að þær höfðu ekki endilega einhverja kunnáttu fyrir sér og höfðu ekkert gert að ráði. Og það er starfræktur í Reykjavík svona konuklúbbur sem er með mjög vönum konum og eru búnar að vera í þessu lengi þannig að okkur langaði að gera eitthvað sem væri meira, kannski svona fyrir okkur og kannski hugsa þetta út frá aðeins meira svona hjóla og, en hafa gaman. Og það lukkaðist bara ótrúlega vel. Og vorum bara komnar saman 18 kjarnakonur. Og það var hérna, já. Og lentum alveg í alls kyns veðri og alls kyns hérna færð og ýmislegu, en þetta eitthvað gekk frábærlega vel. Enginn að væla og það sem er líka mjög gaman er að það voru mjög margar í þessum hópi sem höfðu bara verið að hjóla eitthvað inni í bænum og voru ekki vanar eitthvað endilega uppi á fjöllum og voru að koma þarna í fyrsta skipti að hjóla og bara í þessari náttúrufegurð. [...] Það sem þessi hópur hafði samt sameiginlegt var að þetta voru konur sem voru vanar að basla eitthvað þínu. Einhvers staðar. [...] Þótt að margar þeirra hafi ekkert verið mikið á fjöllum. [...] Það hafði engum held ég dottið í hug að fara í svona ferð, nema kannski okkur nokkrum sko. Og núna er þetta bara gríðarlega vinsælt og komast færra að en vilja. [...] þetta er bara spurning um að langa og í rauninni að redda sér hjóli (Hj2).

Og þegar við erum að setja upp svona ferðir, þá erum við að leita bæði innan tímabils þar sem við vitum að það eru til dæmis fáir á ferðamannasvæðinu og eins ef við vitum af öðrum kannski hópum, þú veist eins og í þessu tilfelli

hjólahópum, þá reynum við alltaf að sníða það þannig að það sé ekki endilega alltaf verið að rekast á. [...] Sko, ég leita alltaf að vera þar sem er enginn, nema ég og hópurinn minn. Það er svona, algjörlega. Það er alveg stór faktor. En hvort ég er ein eða í einhverjum vel völdum hópi, það skiptir mig kannski ekki máli (Hj2).

Það er náttúrulega rosa breidd, sumir eru byrjendur, aðrir eru lengra komnir og svo eru sumir flinkari. Og einhvern veginn, mér finnst þetta að allir komist, fá að upplifa þetta sama og mér finnst mjög gaman að fara með fólki sem hefur ekki gert þetta áður. Og það tengir mann, svona sameiginleg reynsla, jú og fólk er náttúrulega að fara sko, þú ert svolítið að ögra sjálfum þér. Og þetta er undirbúningurinn fyrir ferðina, hann þarf líka að vera sameiginlegur og maður er svona svolítið að spá, hvað þarf að hafa með. Og hvers ber að gæta, hvernig á maður að haga sér sko. [...] Maður lendir í ýmsum ævintýrum á leiðinni og svo þegar allir komast heilir í mark, þá er það náttúrulega bara svo mikill fögnuður. [...] Það er líka svolítið „challenge“ sko, fyrir konur að fara sjálfar. Og ef það springur dekk og ef það bilar hjól. Þú veist, það er ekki nóg að kunna að hjóla, maður þarf líka að geta gert við. Það stoppar okkur ekki. Það er bara kona kennir konu. Það er svoleiðis. [...] Mjög gaman að fara í svona kvennaferðir. Þetta er svona krefjandi og hérna svona gaman þegar maður kemur heim sko. Þá er maður svo, þetta er svo sterk upplifun sko (Hj3).

Ég fer mikið með mannum mínum og það eru mjög miklar gæðastundir, þegar við erum að fara svona saman í ferðir. [...] svo tengist ég öðru fólki mjög mikið í gegnum þessa íþrótt. Ég hef eignast fullt, fullt af nýjum vinum. [...] Og líka þegar maður er á fjöllum og er að ferðast með öðru fólki, þá eru bara allir á jafningjagrundvelli. Þá hverfur öll stéttaskipting. Og hérna, og þá er það í raun og veru kannski, ef maður, af því það eru svo oft leiðtogar innan hópa, og þá er það ekki endilega sá sem er, í raun og veru bara sá sem er færastur og þekkir landið sem nær, maður er alltaf að vinna sér inn virðingu, alls staðar í öllum hópum sko. Og maður er alltaf að skapa sér stöðu. Og það er ekkert endilega þeir sem tala mest sem virka best í þessum aðstæðum sko (Hj3).

Heilsufarslegt gildi

Hjólreiðahópurinn er í góðu líkamlegu formi enda krefjast fjallahjólreiðar ákveðinnar líkamlegrar getu. Þau leita eftir líkamlegri áskorun í ferðunum þegar þau tala um að reyna á mátt sinn. Þau stunda almennt töluverða hreyfingu utandyra meðvitað vegna áhrifa á heilsufar eins og kom fram í lífsstíllskaflanum. Þó eru þau ekki að stunda fjallahjólreiðar til þess eins að bæta heilsufar sitt, gildi útivistarinnar er flóknara en það. Þau eru þó meðvituð um heilsufarslega ávinninginn sem verður ekki slitinn frá þessari útivist.

Eins og sagt er frá í bakgrunnskafli, nýtir Hj1 útivistina til hreyfingar og finnst að öll hreyfing eigi að eiga sér stað eins mikið og hægt er utandyra. Hann ræðir ekki sérstaklega um gildi hjólreiða fyrir sína líkamlegu eða andlegu heilsu. Hj2 segir að útivist yfir höfuð hafi breytt lífi sínu en ræðir ekki sérstaklega um hvort að hjólreiðarnar hafi stuðlað að heilsufarslegum ávinningi. Hún segir einnig frá því að það hafi orðið ljóst í fyrstu fjallahjólaferðinni í hennar félagsskap að þrekið hafi skipt máli, ekki hversu mikla kunnáttu eða hæfni viðkomandi hafði á hjólinu. Hj3 talar um að bæði líkamleg og andleg heilsa hafi tekið framförum eftir að hún fór að stunda hjólreiðarnar.

Og það sem er fyrst kannski svona skemmtilegast er að það eru svo margir sem að veigra sér við að stunda eitthvað ákveðið af því þeir hafa kannski ekki kunnáttuna eða eru ekki nógu góðir, finnst að þeir séu ekki nógu góðir til að fara í svona stærri ferð. En þarna varð það bara einhvern veginn ljóst að það skiptir ekki máli. Bara sama hvaða „level“ þú varst á, bara svona ef þú hafðir „enduransinn“, þá þú veist náðiru að massa þetta í gegn. Sko fyrir suma var þetta náttúrulega erfiðara en fyrir aðra (Hj2).

[S: hvað með þessa líkamlegu heilsubót, er það eitthvað sem trekkir eða er það bara í raun og veru afleiðing frekar en hitt?] Já, það er líka, bara algjörlega meðvituð ákvörðun, bara upp á heilsuna já [...] Já ég er bara mikið ánægðari með lífið. Mikið hamingjusamari og á bara mjög fáar stundir þar sem ég er svona, hvað á maður að segja, í lægð eða „down“, eða eitthvað sko (Hj3).

Þekkingarlegt gildi

Hjólreiðafólkið á það sameiginlegt að nýta hálendið ekki eingöngu til fjallahjólreiða heldur nota þau fjölbreytt útivistarform og hafa ferðast víða. Hj2 hefur 15 ár reynslu sem fjallaleiðsögumaður. Hún og Hj1 líta svolítið á hverja ferð sem landkönnunar- eða rannsóknarleiðangur, þar sem verið er að sækja í nýja upplifun. Hinsvegar fer Hj3 mestmegnis

þekktar leiðir á hjólinu, hún fer ekki á hjóli um leið sem hún hefur ekki farið um áður akandi eða gangandi. Fyrir Hj1 skiptir það hann miklu máli að kanna alla þá merktu og ómerktu slóða sem hann finnur á kortum og loftmyndum, en einnig alla þá skála sem hann kemst á snoðir um. Hann segist vera með korta- og skálablæti og þetta sé markviss vinna við að komast á nýjar slóðir. Hann hefur metnað til þess að þekkja landið sitt og kann að meta þá viðurkenningu sem hann fær út á við vegna afreka sinna. Hj2 er sama sinnis og segir það einstaka upplifun að koma um svæði þar sem eru engin spor eftir aðra, þar sé hún algerlega að kanna. Þá hvort sem hún sé þar á ferð í fyrsta skipti eða búin að koma oft, upplifunin sé aldrei eins. Hinsvegar er söguleg þekking svæðanna sem hún fer um ekki í brennidepli hjá henni eins og hjá Hj1. Hún hefur þó gaman af því að miðla þeirri þekkingu sem hún býr yfir. Hj3 ræðir ekki sérstaklega um þetta gildi, enda segir hún að hjólreiðarnar hafi ekki fært henni aukna þekkingu um landið, því hún hafi farið um svæðin flest öll áður.

Það sem dregur mig svolítið af stað er, að ég er hérna, einhvers konar landkönnuður í eðli mínu. Þannig að ég er alltaf að leita að einhverjum nýjum ótroðnum slóðum. Eitthvað sem ég hef helst aldrei komið inn á áður. Það verður svolítið erfitt. Því þegar á líður, að ef maður er búinn að ferðast jafn mikið á hálendinu og ég er búinn að gera í 20 ár, þá eru þeir orðnir svona fáir staðirnir sem maður hefur ekki farið. [...] Ég hef metnað fyrir því að þekkja landið mitt. Við erum alltaf að leita að viðurkenningu annarra á því. Ég veit ekki hvað, ég kannski svona aðallega, alltaf litið svo á að ég væri að gera þetta fyrir sjálfan mig. Í þeim skilningi. En þetta er svona, bara hluti af metnaði mínum. Að já, bara þekkja Ísland. Og einhvern veginn að vera Íslendingur og hérna eiga þessa eyju. [...] Og það að eiga eitthvað, það þýðir að þú átt að þekkja það sem þú átt (Hj1).

Ég er með kortadellu. [...] Þannig að fyrst liggur maður yfir kortum meðan maður er svona að kynnast hálendinu. Og þar eru vegir. Og maður kemst að því að vegir og slóðar eru ekki allir merktir á öll kort og svona, svo sérðu eitthvað annað kort og sérð þá annan slóða sem þú bara vissir ekki af, þá ferðu að hugsa um hérna, hvort þú þurfir ekki að hjóla hann. Og svo þegar þú ert búinn með eiginlega allt vegakerfið, þá ferðu að horfa á loftmyndir. Vegna þess að það er náttúrulega líka, svona reiðgötur og vegaslóðar sem hafa aldrei ratað inn á nokkurt kort (Hj1).

Það skiptir samt máli að það séu einhverjir svona áfangastaðir. Það er eitthvað, það er einhver rúsiná, það er eitthvað sem þú ert að sækja í. Og það geta alveg

verið mannvirki. Og til dæmis, ég er ekki bara með kortablæti. Ég er með sem sagt skálablæti líka. Og þannig að svona hluti af hérna af því sem ég er að gera, er að elta uppi svona fjallaskála og svona gangnamannaskála á hálendinu. Sumir eru jafnvel ekki í neinu vegsambandi. Þannig að þá hef ég þurft að fara á skíðum til að koma þangað og sjá þá og finna þá og hérna upplifa þá og helst gista í þeim. [...] það er alltaf gaman að koma að svona rústum, jafnvel svona gömlum húsum, eða leifum af svona fjallakofum eða sæluhúsum. Bara einhverjum hrundum torfhleðslum jafnvel. Og til dæmis að, ég hef svolítið kerfisbundið leitað uppi svona íverustaði og rústir eftir Fjalla-Eyvind. Og kannski þú veist er maður óbeint að leita sér að einhverri fyrirmynd í honum (Hj1).

[S: Finnst þér þú hafa eignast einhverja aukna þekkingu svona um sögu landsins eða landfræðileg fyrirbrigði? Eða er þetta eitthvað sem að tengist slíku?] Nei, kannski ekki. En það er náttúrulega, ég kannski bara vissi það fyrir líka sko, af því þetta er svona í framhaldi af öðru, öðrum ferðum (Hj3).

Hestamennskuhópur

Hafa ber í huga að um ólíka einstaklinga er um að ræða í hestamennskuhópnum sem koma að útivistinni á mismunandi forsendum. Tveir þátttakendur eru í atvinnurekstri og sinna hestamenskunni að stórum hluta á þeim forsendum, þó atvinnureksturinn hafi sprottið upp m.a. vegna áhuga þeirra á hestamenskunni. Þriðji þátttakandinn sinnir svo hestamenskunni sem áhugamáli.

Andlegt og sálfræðilegt gildi

Hægt var að greina sömu fjóra undirflokkka hjá hestafólkinu og hjá göngu- og hjólreiðahópnum, en þó með örlítilli breyttri áherslu, sérstaklega hvað varðar áskorunina og afrekið. Þjálfun hestsins og að takast á við hindranir í hverri ferð með hestinum sínum flokkast hér undir *áskorun og afrek*. Fyrir utan að takast á við veðrið og náttúruöflin þarf einnig að gæta þess að hestum og fólki líði vel á ferðum. Þeir sem eru í atvinnurekstri eins og He1 og He2, lýsa einmitt ábyrgðinni sem fylgir því að vera með fólk og hesta sem ekki þekkjast og er þetta einnig mikil áskorun. Þau nefna ekki að þau séu að vinna markvisst að því að safna afrekum eins og kom sterkt fram hjá göngu- og hjólreiðahópnum.

Þau ræða mikið um að það gefi þeim allt öðruvísi upplifun að fara um á hestbaki en á öðrum ferðamáta, eins og gangandi eða í bíl. Þetta sé frumstæður ferðamáti og einfaldur lífsstíll sem

sé heillandi. Það sé heilmikið að sjá ef maður gefi sér tíma, þetta sé eitthvað sem allir ættu að prófa. Þetta kryddi tilveruna og eins og Hj2 lýsir „að á meðan það er, þá hérna finnurðu það að þú ert lifandi“. Þessi orð eru flokkuð undir *lífsgleði*, en ekkert þeirra segi beinum orðum að útivistin geri þau hamingjusamari. He1 segir þó að þetta sé alltaf jafn gaman og He3 segir að samspil útivistarinnar og ósnortinnar náttúrunnar á hálendinu sé alskemmtilegast.

Þriðji þátturinn, *andlegu tengslin*, birtast í orðum um að reiðmennskan sé það sem lífið snúist um. Þetta sé hugleiðsla og „þetta er einhver alveg ólýsanleg tenging, þessi tilfinning að vera svona einn með náttúrunni“ eins og He3 orðar það.

Eins og fólkið í hinum hópunum, minnst þau einnig á slökunina við að kúpla sig út úr daglegu amstri. Þau njóti þess að aftengja sig siðmenningunni og að reiðmennskan sé staðgengill sálfræðings enda mikil *sálfræðileg endurheimt* sem felist í útivistinni.

Öll þessi gildi eru samofin í frásagnir þeirra.

Ja, þetta er það bara sem lífið snýst um. [...] Hvort sem það eru hestaferðir eða gönguferðir, það er bara að það sé fallett umhverfi, að það sé ósnortið umhverfi. [...] Ég er hrifinn af dreifbýlinu. Og þetta er svona nærsvæði dreifbýlisins. Og óaðskiljanlegur hluti. Finnst mér. Og ég er líka bara hrifinn af lífsstíl dreifbýlisins. Og þetta hangir allt saman. En, þess vegna er ég líka hrifinn af samgönguleysinu, af því að menn fara þá hægar yfir. [...] Það sem er merkilegt við svæðið er einmitt það, að það er ekkert að sjá. En er samt heilmikið ef maður gefur þessu smá tíma (He1).

Ég er alltaf dáldið mikið að grauta í því sama sko. Þetta eru dálítið miklar endurtekningar. En, en að sjálfsgöðu var það alltaf, en samt er maður alltaf að uppgötva eitthvað nýtt. Það er ekki það. En ég er náttúrulega búinn að vera svo lengi í þessu og þetta er svona hörð lífsbarátta sko. Það er fátt um nýja hluti hjá mér. En þetta er alltaf jafngaman einhvern veginn. Þetta er alltaf jafn, það er einhver stemning í kringum þetta. Og, og, þetta er nú kannski sérlega slæmt hjá mér sko, en hérna, að, meðan, þegar ég bjó erlendis og var hérna heima á sumrin þá var maður náttúrulega alltaf að fá einhverja í heimsókn. Og þá tók maður sér kannski frí eina helgi. Og mér datt náttúrulega aldrei neitt betra í hug en að fara með vini mína í einhvern veiðitúr upp á Arnarvatnsheiði. Svo ég hef gert þetta sko, eins og ég segi, ég er búinn að gera þetta í 50 ár. Og alltaf jafn gaman. Og ég á nú, ég hef nú ekkert velt því í rauninni fyrir mér hvað þetta gefur

mér, eða hvað, af hverju þetta er svona gaman. Þetta bara, "af því bara", eins og krakkarnir segja (He1).

Þetta er náttúrulega mikil upplifun að komast inn á hálendið og sérstaklega að vera þarna á milli jökla og í nálægð jöklanna. [...] Og náttúran er svo fjölbreytt og frábær. Og þó að það sé í rigningu og roki, þá er það líka ákveðin, allir verða náttúrulega að upplifa þetta finnst mér sem koma til landsins. Þannig að einn slíkur dagur eða eitthvað, það bara kryddar tilveruna. Eins og við segjum sko, að á meðan það er, þá hérna finnurðu það að þú ert lifandi sko (He2).

Að fara í ferð er fyrir mér bara slökun. Sko þó að þetta sé náttúrulega mikil, mikil ábyrgð sem fylgir þessu, þú þarft alltaf að vera vakandi, þú þarft náttúrulega að velja 16, 17, 18 hross undir fólkið þarna með klukkutíma, eða tveggja tíma millibili. Þannig að það gildir að velja rétt. Þannig að þetta reynir svolítið á. Það er náttúrulega ákveðið verkferli sem við fylgjum. Það þarf svo lítið að gerast til að það fari illa. En samt sko, að komast frá öllu sem er heima, hætta að hugsa um það, það er ákveðin slökun í hérna, sem fylgir því sko (He2).

Þetta er bara eins og hugleiðsla. Þú tæmir einhvern veginn hugann og ég segi oft sko, að svona viku hestaferð, er eins og að fara í mánuð í eitthvað öðruvísi frí. Af því það er svo, þú kúplar þig svo algjörlega frá öllum hversdagsleika. [...] Mér finnst eiginlega alskemmtilegast að fara einmitt inn á miðhálendið eða inn á þessi svæði sem eru svona algjörlega ósnortin. Og þessi upplifun að vera búin að aftengja sig allri menningu, og ert bara að glíma við veðrið, náttúruöflin, hestinn, fara yfir ár, það eru alls konar hindranir sem þú þarft að, og passa upp á að öllum líði vel, að hestarnir séu hraustir. [...] Þetta er einhver alveg ólýsanleg tenging, þessi tilfinning að vera svona einn með náttúrunni. Og upplifa það það er ekkert að trufla (He3).

Ég held að þetta sé bara minn sálfræðingur, sem sagt hestamennskan [...] þetta er bara sálrænt, þetta er ótrúlega, það eru svo margir fletir á hestamennskunni. Af því þú ert allan veturinn að þjálfra hestinn, þú ert að byggja upp. [...] og þessi frumstæði máti er líka það sem maður er að sækjast eftir. Það er svolítill partur af upplifuninni. Að maður er svona svolítið að, það er svolítill partur af upplifuninni (He3).

Og svo er þetta líka, þú, á hesti þá kemstu þú veist, hraðar yfir og lengri leiðir. Þannig að þú ert kannski að horfa svolítið ólíkt á landslagið. Meðan þú ert gangandi þá, ég upplifi það svolítið þannig, að þegar ég er gangandi horfi ég meira niður fyrir mig (hlær) og auðvitað líka útsýnið. En ég er svona nær jörðinni. En á hestinum, þá horfi ég svona langt yfir og í fjarska og maður er náttúrulega líka að fylgjast með stóðinu. En báðir þessir ferðamátar eru samt, sem mér finnst svo notalegt, er að þú ert, það er enginn hávaði, það er engin vélarhljóð, og þú ert bara svona einn með náttúrunni þótt þú sért í hópi hestamanna, þá ert þú bara með þinn hest, annað hvort fyrir framan eða aftan og svona – [upplifunin] er rosalega sterk tenging við náttúruna. [...] [Þú] ert þá algjörlega líka, getur verið einn í þínum heimi, á þínum hesti, sem sagt í rekstrinum einhvers staðar (He3).

Félagslegt gildi

Eðli hestamenskunnar snýst um samband knapa og hests, en þetta samband er í brennidepli þegar kemur að gildi útivistarinnar. He3 segir einmitt frá því að stór hluti af hestamenskunni sé að prufa sinn hest, hvernig hann stendur sig og hvernig hann vinnur með knapanum. Þannig sé hluti upplifunarinnar samskiptin við hestinn og að það sé einstök tilfinning. Félagsskapurinn er áberandi hluti af hestamenskunni. Ferðir á hálendinu eru yfirleitt farnar í skipulögðum ferðum af hópi fólks. Þau þekkja það öll að vera í ferðum með ferðamannahópa og í ferðum með sínum félagsskap. He2 segir meðal annars frá því að hans félagsskapur hafi notið þessara ferða saman það mikið að úr hafi þróast viðskiptahugmynd um ferðapjónustufyrirtæki. Ferðirnar saman hafi verið skemmtilegar en nú krefjist reksturinn annars konar ferða sem séu líka skemmtilegar og feli í sér ákveðna spennu að kynnast nýju fólki. He2 virðist einnig viðhalda þessum tengslum því aðspurður um helstu breytingar frá því að hann byrjar, segir hann að það helsta sé að hann þekki nú margfalt fleiri. He3 segist aldrei hafa verið í ferð þar sem ekki myndist einstök tengsl milli fólks, en hennar félagsskapur sé aðallega byggður á gömlum rötum.

Í upphafi náttúrulega, þá vorum við að þessu af því við nutum þess svo mikið að vera saman í þessum ferðum. Við vorum 4, 5 frá og með árinu 1990 sem vorum, þá vorum við oft saman. Eða oftast saman í þessum ferðum. Og það náttúrulega var mjög skemmtilegt sko. En síðan auðvitað breytist þetta þegar fyrirtækið stækkar. Þá verðum við að skipta okkur upp, fara ekki í ferðir á sama tíma. En ég meina það er, það er líka gaman, þó að maður sé einn með hóp,

hóp útlendinga eða fólk sem maður þekkir ekki þegar maður leggur af stað sko. Það er líka ákveðin spenna og svona, sem maður upplifir við að kynnst nýju fólki einmitt (He2).

[S: Hérna, frá því að þú byrjaðir að stunda útvistina, hefur þú fundið einhverjar breytingar, heilsufarslegar eða félagslegar, eða andlegar eða persónulegar á sjálfum þér?] Ekkert annað en það náttúrulega að maður þekkir margfalt fleiri. Og ekki bara Íslendinga. Maður þekkir nánast ennþá fleiri erlenda heldur en íslenska. En það er nú það sem hefur gerst (He2).

Af því þetta er náttúrulega lifandi vera, og þú ert alltaf að bæta eitthvað eða, og það eru alls konar hlutir sem þú þarft að vera að hugsa um. Ég held að þetta efli, bæði skilning manns á, það er svo sterk tenging sem þú myndar við hestinn. Og þú átt mismunandi tengingu við mismunandi hesta (He2).

Í mínu tilfalli, þá eru þetta hópar sem að, sem að maður er með mjög svona góð tengsl við. Ég hef reyndar líka dottið inn í hestaferð þar sem ég hef verið starfsmaður í ferðum og þá er ég náttúrulega að detta inn í hóp þar sem eru útlendingar og fólk sem ég þekki ekki þannig sko. En það myndast alltaf, það verður alltaf mjög, ég hef aldrei farið í ferð þar sem ekki verður svona sterk tenging á milli fólksins í hópnum sko. Þú ert líka saman í viku, tíu daga og, að leysa alls konar mál. [...] Þetta er, eins og ég hef ferðast með, hafa kannski verið svona, 10 manns, kannski 14 þegar mest er, og stundum færri. [Ef] ég fer ein eitthvað, það er þá meira nær byggð. [...] Það fólk sem ég hef verið að ferðast með, er í rauninni úr öllum stéttum. Og mér finnst þetta í rauninni kannski byggja á svona gamalli rót (He3).

Heilsufarslegt gildi

Þó að hesturinn beri knapann segir hópurinn frá því að útvistin taki á líkamlega og andlega. Þetta séu þættir sem séu stór hluti af áskorunni við útreiðar og einnig ávinningur, þegar farið sé í ferð er komið til þess að „taka á“ líkamlega. Einnig tekur He3 það fram að þegar hún fari ekki í ferðir í einhvern tíma hafi það áhrif á andlega heilsu hennar og því taki aðrir einnig eftir.

Þó að hesturinn beri þig, þá þarftu náttúrulega, eins og maður segir, þú situr hestinn og þú þarft að hjálpa honum að halda jafnvægi og svo framvegis, þannig að þetta reynir á knapann líka. Það er svona ákveðin hreyfing sem felst í þessu.

Og náttúrulega frábært að láta þá bera sig og geta notið náttúrunnar sko. Á meðan (He2).

[S: Hefur þetta eitthvað að gera með heilsubót, eða?] Já, alveg klárlega. Þetta er náttúrulega bara, útivera og líkamlega er þetta hellings vinna, þú veist, þú ert alveg að vinna allan tímann sko. Ég er nú alveg það hraust að líkamlega er þetta ekki sem eitthvað líkamlegt erfiði, nema auðvitað er þetta samt puð sko. Og maður finnur það alveg að maður þarf að hafa fyrir því, en það er bara svona partur af áskoruninni. Og, maður er kominn til að taka aðeins á (He3).

Ég tek oft frí á haustin [frá útreiðum]. Það er eiginlega bara svona gömul hefð og vinkona mín segir að ég verði alltaf hálfþunglynd á haustin þegar ég kem með hestana [á hús] (hlær). En ég held að þetta sé bara, þetta er bara sálrænt, þetta er ótrúlega, það eru svo margir fletir á hestamennskunni [...] Þannig að ég held að þetta sé bara bæði sálrænt og svo náttúrulega bara útivistin og að vera, og þetta er miklu drýgri hreyfing heldur en ég viðurkenni. Ég fatta það oft ekki sko hvað þetta er drjúg hreyfing í kringum þetta (He3).

Þekkingarlegt gildi

Hvað þekkingarlegt gildi varðar má segja að það skiptist í tvo hluta hjá þessum hóp. Annars vegar er um að ræða þekkingu í merkingunni færni en hins vegar þekkingu á landslaginu, sögunni og menningunni. Hestafólkið talar um hvernig útivistin auki færni þeirra við að lesa í aðstæður og auki þekkingu þeirra á þáttum tengdum hestamennskunni. Þessari færni þurfi síðan að beita til að takast á við þær aðstæður sem geta komið upp í ferðunum. Það að kynnast landinu sínu er ávinningur. Hver ferð fer í reynslubankann eða í sarpinn eins og He3 segir.

Fararstjórinn verður að hafa ákveðna þekkingu sem sagt. [...] Við erum ekkert að fara yfir ár þar sem enginn þekkir vel til og svo framvegis. Ef við gerum það, þá fer bara „guidinn“ af stað og svo bíður hann og leitar. En þetta er orðið svo fast núna, þetta er svo mótað sko. Það eru bara ákveðnar leiðir sem við förum, við erum alltaf á sömu slóðum (He2).

Bæði náttúrulega þarftu að lesa, þegar þú ert að ferðast, eins og þegar þú ert að ferðast á slóðum, þar sem þú ert ekki að elta neina vegi sko. Þá þarftu auðvitað að lesa í landið og þú lærir að rekja. Þú sérð strax, þar sem er slóði eða ekki, og ár, að fara yfir ár. Hvar er best að fara. Þú lærir að lesa landið á

mjög margvíslegan hátt. Og jafnvel veður líka. Þú rýnir í alls konar hluti sem að kannski dags daglega ertu ekki að hugsa um sko. [...] Og svo eru hóparnir líka stundum misvanir sko. Þannig að þú, þetta reynir líka á hópinn að vita hvað á að gera við allar aðstæður sko. Og tækla það að halda rekstrinum saman og passa, eins og við áningar, að stoppa, að halda utan um stóðið og þú veist, þetta er ákveðinn lærdómur. Maður fattar það kannski ekki fyrr en einhver mjög óvanur kemur með, hvað hópurinn er samstilltur og kann allt (hlær). Þú veist, að þetta er líka hérna, lærdómur sem maður er ekki búinn að fatta að maður er búinn að tileinka sér (Hj3).

Ég held að það sé svona bland af náttúrulega að upplifa eitthvað nýtt, sjá eitthvað nýtt og í rauninni svona gaman að geta skannað landið sitt. Sko, vera búinn að þú veist, ná yfir, þú veist það bætist alltaf í sarpinn, að nú hefur maður upplifað þetta með þessum hætti, þá er það allt svona önnur upplifun heldur en annað. Af því maður fer á þessa staði og maður hefur farið þarna ríðandi, þá ertu með allt öðruvísi mynd í huganum, heldur en ef þú keyrir þarna í gegn (He3).

Hins vegar snýst þekkingargildi útivistarinnar um að þekkja landið sitt og sögurnar, hvort sem þær hafi gerst til forna eða í nútímanum, og að miðla þeim áfram. He2 segir að það að ferðast um landið sitt veiti aukna þekkingu, sama hvaða ferðamáti sé nýttur til þess. He1 og He2 telja söguna mikilvægan hluta af starfi sínu og leiðsögumanna almennt. Þeir miðla gjarnan sögum sem gerst hafa, bæði á nýrri tíma og svo eldri sögur. He3 nefnir til að mynda að sögurnar og þekkingin styrki ræturnar. Hún telur að það sé afar mikilvægt að miðla þessum fróðleik til almennings, því nú séu að koma kynslóðir sem hafa aldrei farið í sveit og þekkja ekki þennan sögulega arf sinn. Hann sé mikilvægur til að mynda fyrir markaðsetningu og vöxt ferðaþjónustunnar og sé eitthvað sem við ættum ekki að taka sem sjálfsögðum hlut. Þetta séu eftirsótt verðmæti sem ferðamenn leggi mikið á sig til að komast í kynni við. Því tengt nefnir hún sögu um háaldraðan ferðamann sem eingöngu vilji koma í sömu hestaferðina hér á landi. Það vakti henni innblástur um hversu sérstakt sögulegt gildi þjóðar og hests sé.

Það er þessi víðátta. Það er það hvað þú getur séð langt og líka hitt að það er svo mikill breytileiki í náttúrunni. Og þú kynnist landinu eiginlega fyrst þegar þú ferð, eða ert á ferð um landið, annað hvort fótgangandi eða á hesti, fjarri vegum. Að þá sérðu hluti sem þú annars kemur aldrei til með að upplifa (He2).

Mér finnst sagan mikilvæg, en síðari tíma saga. Ég er frekar að segja sko sögur þarna af einhverjum bændum sem ég kannski man eftir, svona kannski einhverjum bændahöfðingjum og sem lentu í hrakningum eða einhverju og bara svona sögur úr göngum og réttum á síðustu eða næstsíðustu öld, sem mér hefur verið sagt, frekar en sögur af Gretti Ásmundsyni, ég sleppi þeim alveg. Það er orðið of langt síðan fyrir mig (He1).

I okkar ferðum er það svona hluti af því að segja sögur. Og það er eins og með Fjalla-Eyvind og Höllu sko sem voru með okkur víða þarna. Eins og á Hveravöllum. Samkvæmt vissum heimildum eða samkvæmt sögunni. Og fleira og fleira. Þannig að þetta er það sem við látum fólk vita um. Og ef það eru einhverjir staðir sérstaklega, þá náttúrulega látum við alltaf vita um þá líka. Þannig að þetta er svona hluti af því að upplýsa fólkið um (He2).

Það er reyndar oft svolítið skemmtilegt að tengja við sögur. Eins og hestamennskan og landið er náttúrulega bara ein órofa, þú veist, við myndum sennilega ekki öll tala íslensku ef við hefðum ekki haft hestinn. Af því við gátum ferðast landshorna á milli, og einmitt þvert yfir hálendið og þessar leiðir, vitandi til þess að þú ert að fara þarna leið sem menn hafa farið frá örófi alda. Það er ákveðin þyngd í því. Og oft eru tengdar sögur og þjóðsögur og draugasögur og allaveganna sem maður er líka að tengja við sko. Oft í þessum ferðum er líka verið að lesa upp úr einhverju svona. Og gönguhópurinn minn, hann er alveg, sérkapítuli. Það er fólk þar sem tekur bara saman efni um sögu staðarins og sögur sem tengjast staðnum. Sem er mjög skemmtilegt sko. Og mér finnst þetta að mörgu leyti, það styrkir svona ræturnar. Maður skilur hvaðan maður er kominn, einhvern veginn, þegar maður fer í gegnum þetta allt. Og ég held að mörgu leyti, þá erum við ekki alveg búin að fatta, ég fór til dæmis í ferð sem aðstoðarmanneskja, þar sem var kona sem var að koma í áttunda skiptið frá Nýju-Mexikó í ferð með þessum sama aðila. Og hérna, þetta er bara eina fríið sem hún vill fara í, það eru þessar hestaferðir til Íslands. Hún er orðin 75 ára. Og hérna (hlær) hún setti svo skýran fókus fyrir mig á, hvað þetta er einstakt. Stundum þarf bara einhver að benda manni á það sko. Hvað þetta er einstakt fyrirbæri sem við eigum þarna. Í þessari ferðamennsku á hestum. Og hvernig þetta tengist okkar uppruna bara. Og manni finnst þetta svo sjálfsagt, allt þetta sem gerist (He3).

Ef ég mætti ráða, þá má alveg styrkja svolítið, að segja þessa sögu [hálandisins]. Menningarlega. Um til dæmis, af hverju eru þessir gangnamannakofar, sem við erum að nýta okkur sem gistingu. Og sauðkindin. Þú veist, þetta tengist allt. Og þarna kem ég inn á líka annan þátt, varðandi beit. Mér finnst að það megi alveg bara aðeins varpa ljósi á þessa menningu. Og að við séum með sko, eins og víða eru lítil hesthús, þú veist, þar sem hægt er að setja hestana inn í aftakaveðri og segja þessa sögu, hvernig við höfum verið að glíma við þessa náttúru, með hestinum, með sauðkindinni. Við sem þjóð, þetta er svolítið okkar hirðingjalíf þarna, sem við höfum ekkert sett sérstaklega mikið verðmiða á, eða sett fókus á, að sé merkilegt. [...] Ja, þetta er sennilega bara svo sjálfsagt, það er svo stutt síðan að hver landsmaður var sendur í sveit. Það er í rauninni kannski bara síðustu kynslóðir sem hafa ekki farið í þennan, hérna, þátt. Og hérna, ég t.d. vona að við eigum aldrei eftir að glata þessari smalamennsku, þessu lífi með sauðkindinni, eins og við erum búin að praktisera frá landnámsstíð en sem getur alveg auðveldlega, bara horfið, ef menn fara að ekki að meta þetta. [...] Já [það vantar], þekkingu til almennings um í raun og veru hversu merkilegt þetta er. Og að segja öðrum þá sögu líka skilurðu. Og þetta getur tengst á svo víðu sviði sko, matvælaframleiðsla okkar, markaðssetningu á því, þú veist (He3).

Jeppaferðahópur

Eðli þessarar útivistar byggir á notkun ferðamáta sem þó flest öll útivistarform þurfa einnig að nýta sér. Þá aðallega til þess að komast á hálendið og geta sinnt sinni útivist, ef frá eru taldar rútuferðir. Þátttakendur í þessum hóp leggja öll kapp á að útskýra að útivistin sé djúpstæðari afþreying en eingöngu akstur. Þó sé um að ræða ferðamáta sem allir sem uppá hálendið vilji sækja, þurfi að nota. Allir séu að sækja í sömu upplifun en jeppaferðir veiti líka þeim sem ekki hafa líkamlegt atgervi til að ganga mikið sama aðgengi að hálendinu. Það sé allt önnur upplifun að vera í ferð sem bílstjóri eða sem farþegi og krefjist einnig annars af fólki. Þátttakendurnir virðast einhuga um að það sé eftirsóknarverðara að vera bílstjóri en farþegi.

Jeppasport er ekki bara akstur, þú notar jeppann þinn til þess að fara á staðinn, svo gerirðu nákvæmlega sama og göngumaðurinn. Við erum ekki á jeppunum bara til þess að keyra. Þetta er bara ferðamáti sem við veljum okkur umfram rúturnar, og fólk má ekki gleyma því heldur að það eru oft miklu fleiri í jeppanum

heldur en ökumaðurinn og upplifun ferðamannsins í farþegasætinu er kannski ekkert önnur heldur en ferðamannsins í rútunni (J1).

Það er gaman að fara þarna [á miðhálandið] hvort sem þú ert akandi eða gangandi því að yfirleitt fylgir mikið labb með ökutækjunum líka því þú keyrir ekki út um allt. En, þetta er eins og maður segir það er ekkert sport sem er BARA. Þannig að ef þú átt bíl þá ertu göngumaður líka. Ef þú ert göngumaður þá áttu líka breyttan bíl því að þú verður að komast á staðinn svo þú getir gengið. Vélsleðamaður hann þarf að eiga breyttan bíl til þess að koma sleðanum á sinn stað, en hann þarf líka að labba mikið, þannig að sko, en hann ferðast náttúrulega á veturna en ekki sumrin en, en málið er það að allur þessi ferðamáti byggir upp á sama, hann byggir upp á því eins og þú ert að sækjast í hughrif á náttúrunni sem er númer 1, 2, 3, 4 og 5, og þú ert að fara á staði sem að enginn annar þannig fer á, þú ert að sjá ný undur, þú ert, þú ert alltaf að sjá eitthvað nýtt. [...] þegar þú hefur farartæki til að ferðast að þá þarftu ekki eins gott líkamlegt form eins og þegar þú bara labbar eða ert á gönguskiðum og maður þarf ekkert ofboðslega mikla líkamsburði til að ferðast á þennan hátt. En að komast á staðinn það kannski gerirðu ekki gangandi, stór hluti manna sem eru að ferðast um hálandið myndu aldrei gera það nema af því við höfum ökutæki.

Andlegt og sálfræðilegt gildi

Sömu undirþættir voru greindir í þessu þema fyrir jeppahópin og voru fyrir hendi hjá fyrri hópum. Eins og með hestamennskuhópinn er þó eðlismunur vegna fararskjótans, sem skilar sér einnig í því hvernig *afrekið* og *áskorunin* í þessari útivist er skilgreind. *Afrekið* er að miklu leyti tæknilegs eðlis. Það er búin til og prófuð ákveðin tækni til að takast á við aðstæður á fjöllum, svo hægt sé að fara yfir stærri svæði en önnur útivistarform gera. Hluti afreksins er þó persónulegur og tengist eigin færni við að stýra farartækinu rétt og að geta lesið rétt í aðstæður. J3 nefnir einnig að ferðirnar séu útrás fyrir landkönnuðinn í sér.

Undirþátturinn *lífshamingja* var staðfestur með orðum þeirra um að það væri „gaman að keyra“, ferðirnar væru skemmtiferðir og líkti J3 bílnum við bátinn sem Evrópumenn dreymir um að eiga, þessi útivist sé staðgengill þessa draums á Íslandi. Þau tala einnig um að þau þurfi lítið að hafa fyrir því að leggja af stað. Allur útbúnaður og þægindi sé í bílunum eða það sem þau taki meðferðis. Þau þurfi enga dagskrá og má greina að útivistin gefi þeim álíka ferðafrelsi og hjólreiðamennirnir tali um að hjólreiðarnar veiti þeim.

Sálfræðileg endurheimt kom fram í lýsingum þeirra um að komast frá daglegu amstri. Öll minntust þau á hversu róandi, afslappandi og „afkúplandi“ það væri að keyra. Það væri „ofboðslega góð endurhleðsla“ og tilbreyting sem stuðlaði að vellíðan langt eftir að heim væri komið. Þau kæmust úr daglegu áreiti og inn í nýjan heim sem einkenndist af kyrrð, ró, rými og engri truflun. Á fjöllum töluðu menn um aðra hluti og þó menn væru hluti af hóp væri hægt að upplifa það að vera „Palli einn í heiminum“ (J2).

Hvað *andlega þáttinn* varðar, minnst J3 sérstaklega á þá „andlegu gjöf“ sem umhverfið færir honum, fjallasýnin hafi eitt sinn eytt öllum flensueinkennum sem hann hafði. Aðrir minnst ekki berum orðum á þennan þátt sem gildi útivistarinnar.

En, en málið er bara þetta er upplifunin, þú getur ekki keypt hana, þú getur fengið hana í raun og veru hvernig sem þú vilt, þú getur fengið alla upplifun alveg burt séð frá hvaða fararmáta þú velur, hvort þú velur vélsleða, mótorkjól, reiðhjól, hest, gangandi, annað, þú færð allt þetta út úr því. Göngumaðurinn bara upplifir hughrifin öðruvísi því að þetta er líkamlegt afrek fyrir hann, fyrir okkur er þetta kannski bæði tækilegt og eins líka við erum að fara yfir meira svæði (J2).

Þú einhvern veginn bara núllstillir þig, þú nærð að byrja aftur eða, þú veist þetta bara hreinsar til í sálinni. [...] fyrir mér er ofsalega mikið afkúplandi að keyra, og fyrir mér er bara þegar ég er stressuð þá get ég bara skroppið í bíltúr á Þingvöllum bara til þess að róa mig bókstaflega. [...] Þetta er ofboðslega góð endurhleðsla, þú ert að fara úr því lífi sem þú þekkir hérna í bænum sem að er vinna 9-5, og ert svo að fara inn í eitthvað sem er allt önnur áskorun, það er enginn sími sem truflar þig, það er ekki fólk sem er að trufla þig og þú einhvern veginn svona kúplar þig inn í annað líf eiginlega. Þannig að það er fyrst og fremst held ég þessi tilbreyting, það er þessi nálægð, þetta er ekki eitthvað sem þú þarft að skipuleggja með miklum fyrirvara. [...] Ég er ekki háð því að það sé til hótél, ég get bara farið með mitt tjald eða sofað í bílnum, og ég þarf ekki að vera með neitt á dagskrá, ég get bara farið og verið. Það má segja að þú ánetjast þessu, alveg eins og þú ánetjast því að fara á skíði eða, ánetjast því að fara í sund á hverjum morgni eða eitthvað því um líkt sko. [...] Það er ofboðslega gaman að keyra bílinn, en það er ekkert eins gaman að vera farþegi. Þetta er tvennt algjörlega ólíkt sko ég hef alltaf verið sjálf á bíl og keyrt. Það er áskorun þegar þú ert komin

inn á lélega vegi og þarft að fara yfir ár og þvíumlíkt en það að sitja bara kannski með þrjónana í framsætinu er allt annað (J1).

Það er náttúrulega að komast úr amstri, ég náttúrulega er að vinna þannig vinnu að það er mikið áreiti, það sem kallast andlegt áreiti. [...] Þannig að sækja upp á hálendið, þú ert að sækja allt, allt annað, þú ert að hitta náttúrulega félagsskapinn og þú ert í raun og veru ekki í amstri, sem sagt hversdagsleikans þegar þú ferð upp á fjöll, það er enginn að tala um vandamálín [...] Þarna er bara talað um bíla, þarna er talað um ferðalög, svæði, farið yfir hvað fjöllin heita, hvaða leiðir eru skemmtilegar, hvernig þetta er. Þú bara ferð í allt annan heim (J2).

Sko það er það sem fólk er að leita að, fólk sem býr í bænum er að leita að upplifun sem er öðruvísi upplifun heldur en þú færð hér í bænum. [...] Þú vilt fara þar sem þú hefur örlítið meira pláss í kringum þig og það er það sem fólk sækist í, Þess vegna gerist það líka eins og núna, þegar þú ert að ferðast, þú veist hvar túristarnir eru, þeir eru á Gullfossi og Geysi, þú kannski kíkir þangað bara til þess að sjá hvernig þetta lítur út og bara taka stöðuna en þú myndir aldrei nenna að gista þar eða vera þar í öllum þessum erli og ys sem er þar heldur ferð á aðra staði sem eru rólegri og þægilegri. [...] Sko sá sem er búinn að ferðast mikið á fjöllum hann veit í raun og veru svo miklu, miklu meira um hvað er kyrrð, ró og annað. Hún getur myndast í svo mörgum, sko hlutum. Það getur verið nóg til dæmis þú, þú ert með 20 bíla hóp, þú labbar 100 metra frá honum þá ertu komin í algjöra einveru, þú getur labbað hinum megin við hólinn og þá ertu bara eins og Palli var einn í heiminum sko (J2).

Sko á sumrin náttúrulega þá, þá förum við þar sem er gott veður. Við sækjumst eftir því og við sækjumst eftir náttúrulega stundum staðsetningum, oftast náttúrulega erum við að fara eftir veðri. Við náttúrulega erum líka öll í golfinu þannig að við sækjumst líka í jafnvel staði sem bjóða upp á sem sagt golf og, og ýmislegt annað til þess að hafa eitthvað ofan af fyrir okkur líka því þetta er náttúrulega bara skemmtiferðir. Sem sagt mín systkini og fjölskyldurnar, við hringjum okkur oft saman og svo bara er farið. Við erum með aftanívagna öll, mismunandi vagna en, en sem sagt erum alltaf tilbúin (J2).

Slökun, afslöppun og streitulosun [...] það er náttúrulega ákveðin vellíðan, og það skilur eftir sig vellíðan alveg langt fram eftir ferðirnar. Sko það sem náttúrulega gerist þegar þú ferð eitthvað út úr þínu daglega umhverfi, þú ert að yfirgefa þetta amstur, hefur tækifæri til að skipta um umhverfi algjörlega [...] Okkar hálendi býður alveg upp á þetta að skipta um umhverfi og fyrir mér náttúrulega af því að ég hef þekkinguna og hæfnina til að ferðast um hálendið þá upplifi ég náttúrulega ýmsar hindranir á hálendinu sem er mikið jákvæðari upplifun heldur en ef að ég myndi ekki ráða við þær (J3).

Andlega gefur þetta rosalega mikið að vera uppi á fjöllum. [...] [Það er] ákveðin upplifun sem ég finn oft sterkt er þessi landkönnuðaútrás, að fá útrás fyrir landkönnuðinn í sér. Og þetta er alveg sitthvor leiðin að sumri eða vetri hvað það varðar [...] Útrásin gerir svo mikið á veturna þegar óhætt er að fara á sleðum eða bílum bara á snjónum bara hvar sem er. Á sumrin þá bara róast menn yfir því, þá er útrásin búin á veturna. Þetta er samt ákveðin landkönnun á sumrin því þú ferð inn á hálendið og uppgötvar eitthvað og þó við séum búin að ferðast í 30 ár og keyra hringinn mörgum sinnum að það er eiginlega sama hvar þú stoppar með hjólhýsið þitt það er bara fullt að uppgötva þar sem landkönnuður [...] Og náttúrulega andlega gefur þetta mjög mikið líka og saman sko, alla Evrópubúa, ég hef búið í [Evrópu], mig dreymdi um að eignast bát og sigla á bátum út á vötnin. Það er pínulítið það sama að eiga bíl á Íslandi sem að getur farið upp á hálendið, þetta er svona báturinn okkar sko. Og andlega gefur þetta rosalega mikið, að vera uppi á fjöllum. Ég þekki bara mörg dæmi um það að það er helgi framundan, mann langar upp á fjöll og maður veltir fyrir sér, ég er með hálfgerða flensu og allt í streitu og allt vont, að, meira að segja hef keyrt austur fyrir fjall með guttana mína að sumri til með bara hreinlega flensueinkenni, var að velta fyrir mér á ég að snúa við ég er að verða veikur. Svo fer maður yfir Gullfoss og upp á og horfir yfir Kjöl og það bara hvarf. Þetta er þessi andlega gjöf sem að hálendið gefur (J3).

Félagslegt gildi

Félagslegt gildi er mjög áberandi hluti af jeppaferðunum. Oftast er farið saman í stórum hópum, þá fjölskyldur og vina- eða kunningjahópar. Öll greina þau frá því að þegar kemur að félagsskapnum í jeppaferðunum, virðist sem svo að staða hvers og eins í samfélaginu skipti

ekki máli eða hafi ekkert gildi innan hópsins. Það eru allir jafningjar og eru þarna til að njóta samverunnar og ferðalagsins. Einnig ríkir mikið traust til samferðamanna innan hópsins.

Hann þarf að vera tilbúinn að fara og toga í spotta hjá vini sínum sko, þú veist, þetta er ekki eins manns sport og þetta er ekki eins bíla sport (J1).

Sko ofboðslega mikið af þessu er góður félagsskapur. Reyndar hef ég líka töluvert gert af því bara að fara ein, og þá fer maður nú kannski ekki alveg það sama, passa sig aðeins fer aðeins öðruvísi að því. [...] Þú vilt ekki sitja fastur sko, þú þarft að fara yfir ár, og þarna kemur bara þessi samvinna, þessi félagsbúskapur sem að þessi ferðamennska er svolítið mikið sko. [...] Svo er líka bara annað að það sem að mér finnst alltaf svolítið merkilegt er að ég er nú kannski ekkert rosalega forvitin um fólk, en þú, þegar þú ferðast með svona hóp af fólk, sérstaklega eins og raðast saman í ferðum hjá Útivist þá veistu ekkert um þetta fólk, þetta er bara fólk, þetta er bara vinir þínir og þú veist sko oft á tíðum veit maður ekki einu sinni hvað konan í bílnum með honum Sigga heitir sko, að Siggi bílstjórinn að hann er skráður á bílinn en í farþegalistanum hjá okkur er ekkert nafnið á konunni hans, og hérna þetta er voðalegur galli en, en þú veist ekkert hvað Siggi gerir, þú veist ekkert um hans líf þarna heima, þetta er bara skemmtilegur kall á fjöllum og hún spilar á gítar kannski og svo ferð þú bara aftur og svo heilsarðu þessu fólk á götu og sérð þau í næstu ferð. Það er ekkert að endilega ruglast inn í hitt lífið þitt sem er að vinna í vinnunni en þú átt þarna ofboðslega góðan vinahóp en þú hefur ekki hugmynd um sko hvort að kallinn vinnur á bryggjunni eða hvort hann er læknir eða hvort hann er eitthvað þú veist, það skiptir ekki máli, það er allt annað andlit, þú, þú sýnir einhvern veginn bara, já, þú ert ekki metinn eftir því sem þú ert, einbýlishúsinu þínu eða blokkaríbúðinni þinni eða, það detta allir kvarðar úr sambandi við þetta (J1).

Öll systkini mín og vinahópurinn er, ég held við séum 14 kunningjar sem erum að ferðast svona, fjölskyldur. Þannig að þetta getur verið stór hópur og þegar maður fer á fjöll og þá erum við í raun og veru í þeim hópum sem eins og við erum í. Þetta er alltaf svona kunningjahópur, vinir og hlutaðilar sem að, við vinnum saman, í mínum hóp sem við erum með að þetta eru framkvæmdastjórar, forstjórar og meira að segja menn frá Landsvirkjun og hinum og þessum, þannig að við erum allir bara vinir og kunningjar og þegar við förum á fjöll þá ræðum við ekki vinnumál, við ræðum ekki atvinnustarfsemi,

trúmál eða stjórnómál eða nokkurn skapaðan hlut, við erum bara farnir á fjöll. Við vinnum saman og þetta er svona, þetta eru vinir og kunningjar sem verða til að eilífu. Þarna erum við að treysta á hvorn annan algjörlega, það kannski er fyrsti bíll er að keyra og við bara treystum því að hann sé að fara í rétta átt, ef eitthvað kemur upp á, því veit maður að það koma allir hlaupandi að hjálpa til þannig að þú veist þetta samfélag er bara, ég er viss um að maður getur eiginlega ekki útskýrt það fyrir fólki hvað þú ert að fá í raun og veru út úr þessu [...] Þegar þú ert kominn með þennan félagshóp og vini og kunningja, svona ferð upp á fjöll, þá er bara farið, það bara kærleikur eða hvað kallast það svona mannkærleikur og ýmislegt annað, ef einhver myndi meiða sig eða slasa sig eða eitthvað að þá eru allir komnir. Og þetta er allt annað samfélag, enda verður að geta treyst manninum fyrir lífi þínu, það er bara svoleiðis (J2).

Útivist gefur mér bæði félagslega og okkur sem fjölskyldu mjög jákvæða félagslega upplifun saman, þetta er alveg hérna, að fara saman upp á fjöll er mjög skemmtileg samvera fjölskyldu og þá alveg sérstaklega á sumrin, vetrarferðirnar eru harðari sko en sumarferðirnar eru virkilega til að njóta [...] Yfirleitt eru þetta hópar sem taka sig saman, hópar sem finna sig saman. [...] Og að vera í einhverju sem að maður nýtur sko, og félagslega sko skemmtilegustu ferðafélagarnir eru þeir sem hafa gaman af að ferðast, skiptir engu máli hver er. Á sama máta er ekki skemmtilegur ferðafélagi sem finnst leiðinlegt að ferðast, skilurðu hvað ég meina, að hérna félagslega, gefur það mjög mikið að vera í hóp sem að nýtur þess að gera sömu hlutina og maður sjálfur sko (J3).

Heilsufarslegt gildi

Eins og þátttakendur hafa haft á orði þá veitir jeppaferðamennskan breiðara aðgengi um náttúru landsins óháð líkamlegri getu. Enginn þátttakandi stundar útivistina markvisst til þess að ýta undir bættara heilsufar. Það að þau geti komist upp á fjöll stuðlar þó að því að þau komist í tæri við náttúruna og þau njóta þeirra góðu andlegu og sálfræðilegu áhrifa sem útivistin færir þeim. Útivistin krefst einnig einhverra líkamlegra burða og svo ganga þau einnig oft frá bílunum og tilbaka. Segir J1 að hún hafi tekið eftir að útivistin sé vinsæl meðal þeirra sem höfðu verið í gönguútivist meira áður en sæki enn í sömu upplifun. Telur J2 að án útivistarinnar væri líkamleg heilsa hans mun verri. Þetta gildi hefur því líkast til minnst vægi meðal þessa hóps.

Ég held þetta sé bara ofvirkni, ég held það sé ekkert annað. Ég held að þetta sé bara það að vera aktívur á einhvern hátt og vissulega má segja það að það er, maður sér það bara eftir því sem maður eldist að fólk sem að var á kafi í göngum og vildi halda áfram þú veist, það hefur gaman af því að njóta hálendisins og einverunnar, útiverunnar eða félagsskaparins. [...] Ég hef aldrei haft burði til þess að taka bakpoka, ekki svona til þess að bera tjald og allar græjur langar leiðir marga daga, þannig að þar kemur jeppi vel inn í, þá labbar maður frekar fram og til baka í bílinn sko (J1).

[Að stunda útivistina] krefst svona að vissu leyti líkamlegra burða þó maður sitji í jeppa. Þú þarft að hlaupa út og þú þarft að vaða snjó upp á kálfana þannig að [...] ef ég væri ekki í þessu þá væri ég örugglega kominn í hjólastól því ég er búinn að fara í 5 brjósklosaðgerðir eftir sem sagt slys sem ég lenti í þegar ég var yngri en ég fer alltaf á fjöll. [...] Ég myndi aldrei treysta mér til þess að ganga langt uppi á hálendinu hvorki veðurslega séð eða annað en ég myndi treysta mér að fara þvert yfir allt hálendið hvenær sem er á mínum bíl og með mínum félögum (J2).

Sko ég stunda ekki útivistina til að öðlast líkamlegan styrk. Hins vegar er ég kannski í hérna einhverri þjálfun eða held mér í þjálfun til að geta stundað útivistina (J3).

Þekkingarlegt gildi

Hjá jeppafólkinu er það forsenda þess að geta sinnt útivistinni að hafa ákveðna þekkingu og færni þegar farið er á hálendið. Þau tala um að það sé mikilvægt að þekkja svæðin og kennileiti og vita hvort svæðið sé hættulaust eða sprungusvæði. Að geta lesið í aðstæður sé afar mikilvæg færni. Þau leggja þó mismikið uppúr því að þekkja örnefni og kennileiti með nafni, J1 og J2 einna mest og J3 síst.

Þau ræða ekki sérstaklega um að þau séu að sækja sér sögulegan fróðleik með útivistinni. Í því samhengi leggur þó J2 áherslu á að fræða þurfi almenning um sögulegan arf hálendisins. Hann hafi aldrei lært neitt sérstaklega um hálendið þó eitthvað hafi verið farið yfir Íslendingasögur. Telur hann mikilvægt að bæta þessa fræðslu til muna og því séu félaga-samtökin hans markvisst að vinna að.

Það er sko atriði númer 1, 2, 3, 4 og 5, það er að vita hvað þú átt að gera, kynnast svæðunum, þú verður að þekkja þau, þú verður bara að vita sirka að, ég segi nú ekki að þú þurfir að vita hvert einast örnefni á svæðinu, það er mjög gott að þekkja kennileiti og annað [...] Við [fjölskyldan] erum að fylgjast með því sem gerist í kringum okkur og fara yfir svæðið sem við erum búin að koma á áður og það eru spurningakeppnir um hvað fjallið heitir þarna og þetta fjall og annað, þetta er bara allt, allt öðruvísi sem við erum að hugsa þetta, við viljum vita hvar við erum og við viljum rata á staðina aftur, og það er eins á veturna sko, þá er bara eins gott þú þekkir svæðin ef þú lendir í kolvitlausu veðri þá treystirðu ekkert eingöngu á GPS-inn eða eitthvað svoleiðis, þú náttúrulega [þarft að] treysta á ef þú sérð einhver kennileiti hvar þú ert, þú verður að þekkja landið, er það hættulaust eða er þetta sprungusvæði, er þetta svona svæði, hinsegin svæði, það er klárt mál að það er eins gott að þú vitir, hvar þú ert, hvernig þú ert að nota það (J2).

Við erum náttúrulega búin að læra eins og maður segir á öllum þessum árum þá maður búinn að læra gífurlega mikið um landið og þekkir orðið svæði þannig að á sumum stöðum þá gæti maður keyrt þá keyrir maður án þess að kveikja nokkurn tíma á GPS-inum af því maður bara veit hvar maður á að beygja, hvar maður á að fara þarna (J2).

Kannski er það það líka sem að ferðapjónustan á hálendinu er að gefa þjóðinni að það er að byggja upp færni og þekkingu, og gefur fólki vellíðan að vera við svona „röff“ aðstæður sko. [...] Það er kannski þetta, að [kunna að] lesa aðstæður. Og skemmtilegustu túrarnir á veturna er ef að maður dettur inn í gott færi og gott veður að fara einhverja nýja leið. Og þá er það ekki bara aksturinn sko að geta keyrt hana heldur að finna hana og lesa hana rétt, fara rétt í gegnum hana og svona upplifa nýja sýn á landinu, vera kannski kominn upp í einhvern fjalladal og horfa inn yfir svæði sem að, það er ekki bara að keyra, heldur sko þessi upplifun (J3).

Ég er meira í að njóta fuglasöngsins heldur en að velta fyrir mér nákvæmlega hvaða tegund er þetta. Ég er meira, ef ég er að njóta þess að finna lyktina af gróðrinum upp á hálendinu frekar en að velta fyrir hvort það er þetta lyng eða hitt sem. [Ég er] meira fyrir að njóta þess að horfa á fjöllin heldur en að þurfa akkúrat að vita hvað þau heita (J3).

Sko ég held það bara númer 1, 2, 3 er alltaf það sem maður heyrir, það bara fræðsla og það er það sem við höfum barist fyrir í gegnum árin það er að fræða og fræða. Og það er bara það sem vantar, þegar ég fór í þennan bransa að þá hafði ég aldrei heyrt getið um hálendi Íslands, það var ekki einu sinni rætt í skóla. Jú auðvitað var talað um Íslendingasögu þegar menn fóru hér yfir í Kjöl og, og Reynisstaðabræður og allt þetta sko en, en, en það, við vissum hvað það væri, nei, og ég er viss um það sé ekki svoleiðis í dag heldur (J2).

Gildi miðhálandisins

Viðmælendur voru spurðir sérstaklega um hvaða gildi eða mikilvægi miðhálandið hefði fyrir útivistina annars vegar og fyrir þau sjálf persónulega hins vegar. Það voru lykilspurningar til að nálgast það huglæga verðmætamat sem útivistarhóparnir lögðu í miðhálandið. Svörin við þessum spurningum voru afar tengd og oft óaðskiljanleg.

Hjá öllum hópum kom fram að hálendið sé vettvangur stórkostlegrar upplifunnar, sem af svörum þeirra að dæma er afrakstur samverkandi og margslunginna þátta. Hér koma fram sambærilegir þættir og voru greindir í fyrri kafla um gildi útivistar með áherslubreytingum þó. Milli hópa var samhljómur um að hálendið hafi gríðarlegt fegurðar- og afþreyingargildi sem vettvangur útivistarinnar þeirra. Það hafi meðal annars heilsufarslegt, andlegt og sálfræðilegt gildi, (ýtir undir lífshamingju, stuðlar að sálfræðilegri endurheimt og að bættari andlegri og líkamlegri heilsu). Var áhersla lögð á að hálendið væri vettvangur þar sem hægt væri að upplifa kyrrð og einveru, hvort sem þau væru einsömul eða með sínum hóp á ferð. Einnig hefur það þekkingarlegt og sögulegt gildi fyrir marga. Meðal annars áttu hóparnir það sameiginlegt að ítrekað kom fram að þau sóttu í þá einstöku fjölbreytni sem einkennir hálendið, það sé ómetanlegt og verði aldrei metið til fjár.

Gönguhópur

Aðspurð um gildi miðhálandisins fyrir göngufólk, kom fegurðargildi svæðisins fyrst og fremst fram hjá göngufólkinu. Þau lýsa fegurð þess ósnortna landslags sem fyrir augu ber, þessari „dásamlegu list“ náttúrunnar, víðsýninni og fjölbreytninni.

Þau tala öll að fyrri bragði um víðerni í þessum hluta viðtalsins, en víðernin og víðsýnin teljast einstök og til lífsgæða sem þeim finnst mikilvægt að verja. Sú ómengaða náttúra og það ósnortna eða lítt snortna landslag sem þau sækja í er einstakt á heimsmælikvarða og vernda þurfi þau svæði sem enn geti flokkast undir það. Viðmælendur segja að verðmæti hálandisins

verði aldrei metið til fjár og að þar eigi ekki heima óafturkræfar aðgerðir til þess að skapa orku fyrir stóriðnað.

Þau lýsa einnig eftirsóknarverðum þáttum í upplifuninni eins og ró, kyrrð og einveru sem hlýst af því að komast út úr borginni og hávaðanum þar. Þau bera lotningu fyrir umhverfinu og meta hvað umhverfið gefur lífsandanum.

Það er einnig áberandi hversu mikils virði það er þeim að þekkja landslagið og söguna sem fylgir ákveðnum stöðum. Þau lýsa hversu einstakt það er að komast þangað sem áður var ekki farið eða fáir hafa farið áður. Hvort sem það var vegna hræðslu við draugagang eða slaks aðgengis.

Þegar maður kemur þarna og er heppinn með veður og sér jöklana og fjöllin og víðernið allt í kring þá er þetta alveg stórkostlegt að sjá Vatnajökulinn, Hofsjökulinn og allan hringinn. Tæra jöklana. Svo koma þarna perlur á milli, auðvitað svartur sandurinn er auðvitað hlutur af þessu líka. Þetta er auðvitað óskaplega falleg sýn að horfa yfir þetta og sjá þetta. [...] Þeir sem hafa gaman af að vera úti í náttúrunni þá er það þessi víðátta og svo þegar að maður sér jöklana og fjöllin í fjarlægð og allt í kring. Þá er þetta alveg stórkostleg upplifun. [...] við eigum þarna arfinn, sem gerir það að hægt er að búa til sögur. Við eigum þarna Eyvind og Höllu og það hefur heldur betur verið notað. Auðvitað eru minjar um þessa dvöl þarna, þessu 30 ára tímabili, eru víða og tengjast allt hálendinu á mörgum stöðum (G1).

Já það er þessi ró sem að kemur þarna yfir, þessi kyrrð sem er þarna yfir hálendinu. Fólk er komið svo langt frá öllum skarkala og hávaða. Það er þessi sterka upplifun að vera kominn svo langt frá borgarmeningunni [...] Það er þessi kyrrð sem að kemur yfir þegar þú ert kominn svona langt frá öllum hávaða. Ég held að það sé nú kannski það sterkasta í þessu (G1).

[S: Hvaða gildi hefur miðhálendið fyrir göngufólk almennt?] Ómetanlegt. Þú ert bara einfaldlega með í höndunum verðmæti sem eru óafturkræf. Við erum svo ótrúlega heppin á Íslandi að hafa verið svona fá og hafa verið svona fátæk að annars væri líklega víða verra ástand. Þetta eru gríðarleg verðmæti og það ávaxtar sig betur en skulum við segja, hálendið lokar ekki á morgun af því að það er hrun á einhverjum markaði. Við skulum bara orða það svoleiðis. [...]

Þannig að ef að menn eru að velta fyrir sér að fórna hálendinu fyrir það [stóriðju] þá er það algjörlega óafturkræft (G2).

Það hefur gríðarlegt mikilvægi út af því að þetta er ómengduð náttúra að mestu þú veist. Það er svo mikilvægt að geta verið einhvers staðar þar sem þú sérð hvergi mannvirki, það ert bara þú og náttúran. Það er ekkert til sem heldur utanum þá upplifun. Svo er auðvitað hluti samt, það eru sumstaðar háspennulínur og eitthvað svona sem maður veit um og það er ekkert við því að gera en það er líka nóg af hinum stöðunum og það ber að vernda þetta víðerni eins og hægt er (G3).

Það er bara hluti af lífsandanum, ekkert flóknara en það (G2).

Það er sko, þú ert í kyrrðinni þú liggur einhversstaðar úti í grasbala og horfir upp í skýin það er ekki til neitt betra. [...] Það er þessi kyrrð og það er að geta losnað og geta gengið kannski dögum saman án þess að hitta nokkurn mann en þú ert með hálendið og þú ert með Laugavegin og þar er náttúrulega örtröð af fólki. Þú ert alltaf að mæta einhverjum og það er þá bara þannig. Fimmvörðuháls og allt þetta þar er mikil traffík af fólki. [...] Það er svo skrítið að þetta muntu reyna þegar þú ferð að ganga á fjöll að þegar þú ert búinn að koma á fjallið þá þekkirðu það allt í einu. Ég get staðið hvar sem er á höfuðborgarsvæðinu og sagt við þig, ég hef komið þarna og þarna og þetta heitir þetta og þetta heitir þetta. Ef ég hefði staðið með þér fyrir 5 árum þá vissi ég sirka að Esjan er þarna. Ég vissi nákvæmlega ekkert meira það, Keilir jú ég gat sagt þér af honum meðan að ég var að aka Reykjanesbrautina. Þess vegna er þetta svo merkilegt, það opnast fyrir þér nýjar víddir. Svo vorum við búin að plana ferð inn á Krák þannig að ég var alltaf að horfa á Krákana sem eru í 20 km fjarlægð eða hvað það er. Síðan kemur þú hinum megin að og myndin fullkonnast, allt í einu veistu að Hveravellir eru hér, hér er Krákur og hvað er merkilegt við Krák? Jú það er sögulegt að það eru mjög fáir sem vita um þetta fjall eða vita deili á því. En svo ef þú ferð að lesa sögur af fyrstu alvöru náttúruverndarkonunni á Íslandi henni Tryggva-Siggu hún var týnd á Arnarvatnsheiði í 5 daga og álpaðist að Krák og ég var nú búinn að lesa og hef verið að stúdera hennar sögu svolítið þetta er kona sem fór 80 sinnum ein á hesti um Kaldadal og týndist í 5 daga, það var fjölmiðlafár út af því. Þá hafði hún farið að Krák og þá hugsar maður ókei það væri nú gaman að sjá þennan Krák og upplifa hann. En auðvitað eru þetta allt þannig sögur, sagan

er allstaðar. Þú hugsar söguna, ef maður fer á eitthvað fjall þá les maður sig til áður (G3).

Jú bara þessi sjónræna upplifun og sko þú ert, það er talað um milljón dollara útsýni þarna ertu að fá svoleiðis bara, á göngunni er þetta alltaf að breytast og þú ert að fara hærra og þú ert að sjá öðruvísi og meiri og það er bara eitthvað magnað sem er erfitt að lýsa en er bara þessi dásamlega list náttúrunnar. Þú ert að horfa á stöðugt breytilegt landslag, þú ert alltaf að upplifa eitthvað nýtt og þú getur verið áhugamaður um blóm, við erum að labba sömu leiðina en þú færð allt aðra upplifun, þú ert alltaf að stúdera gróðurinn og aftur talandi um Arnarvatnsheiðina þá lærði ég sko um sjö blómategundir. Ég hef engan áhuga á blómum eða hef ekki haft, ég veit hvernig túlípani lítur út. Þannig að allt í einu var ég farinn að stúdera blómin líka. Þannig að það er svo misjöfn upplifun manna aðrir eru að spá í jarðfræðina og svo er bara verið að horfa á heildarsamhengið. Þannig að það er ekkert hægt að lýsa þessu og þetta verður aldrei reiknað til peninga hvað þú ert að hafa upp úr þessu. [...] það er ekkert hægt að verðleggja þetta þú færð bara þá tilfinningu að þarna er fegurðin (G3).

Hjólreiðahópur

Hjólreiðahópurinn var einnig spurt að því hvaða gildi eða mikilvægi miðhálandið hefði fyrir fjallahjólreiðar almennt annars vegar og fyrir hjólreiðafólkið persónulega hins vegar. Það mátti greina að svörin voru afar tengd innbyrðis og einnig tengd fyrri svörum þeirra um gildi útivistarinnar.

Hvað varðar gildi miðhálandisins fyrir útivistina almennt nefndu þau öll ævintýramennsku í tengslum við fjallahjólreiðarnar. Svæðið væri endalaus uppspretta skemmtilegra og spennandi áskorana og skapaði krefjandi vettvang fyrir útivistina. Fjallahjólreiðar um hálandið væru almennt krefjandi og því færu þau í ákveðið lífsbaráttuhugarástand. Þetta væru einnig rannsóknar- og könnunarleiðangrar sem reyndu mikið á færni þeirra og úthald. Hj3 sagði meðal annars „það reynir öðruvísi á mann, það reynir á jafnvægið, það reynir á þol og það reynir á vöðvastyrk og, þannig að maður verður allur svona mikið skarpari einhvern veginn“ og átti hún þá við samþættingu á líkamlegu og andlegu atgervi.

Hjólreiðafólkið taldi stóran þátt í hverri ferð að upplifa einveru, og voru því aðrar mannaferðir álitnar mikil trúflun. Hálandið væri einstakur staður þar sem hægt væri að njóta einveru en þau viðurkenndu að vera örlítið eigingjörn. Þau sögðu að aðgengið að hálandinu mætti vera torfært öðrum til að halda í þessa upplifun.

Í máli þeirra kom einnig fram mikil lotning fyrir náttúrunni. Hj3 talaði meðal annars um að „vera rosalega lítill í náttúrunni“ og að þessi stóra náttúra hafi mótað bæði einstaklinga og þjóðina í gegnum árin og hafi í hendi sér vald yfir lífi eða dauða manna. Hj1 talaði um að skapa sér sinn eigin „litla afmarkaða heim“ á ferðum sínum.

Fegurðargildi svæðisins var sterkt í orðræðu viðmælenda og töluðu þau um augnayndis-upplifun, um fjölbreytt veðurfar, landslag og liti. Þau nefndu einnig síbreytileika landslagsins og upplifun með ólíkum skynfærum.

Hálendið er líka vettvangur þar sem margt sögulegt hefur gerst. Hj1 hefur sérstaklega gaman af þeim þjóðlega fróðleik sem þar er að finna og að upplifa það að fara um fornar þjóðleiðir.

Sko, hvað það [miðhálendið] hefur fram yfir eitthvað annað, skal ég ekki alveg segja. Miðhálendið er bara alltaf svo aðlaðandi af því að það er ekki á allra færi. Það er ekki troðið af fólki. Og það er bara gríðarlega fallegt. Í svona hráleika sínum. Mjög oft. Og sum svæði eru náttúrulega með ótrúlega flotta liti og annað. En svona gagnvart, ekki það að þú getur náttúrulega fundið þetta á öðrum stöðum en á miðhálendinu, en þetta samtvinnar svo ótrúlega marga þætti sem þú færð, til dæmis í hjólreiðunum (Hj2).

Og til dæmis að vera mikið að hjóla eftir kindastígum. Og svo kemur bara allt í einu á og þá þarftu bara að fara af hjólinu og annað hvort hjóla yfir ána, ef þú metur hana nægilega litla til þess að þú komist yfir, eða þá bera hjólið þitt og þar eru líka bara þessar krefjandi aðstæður sem skapast oft með veðrinu. Sem er alltaf bara pínulítið skemmtilegt og spennandi að eiga við. [...] sem er meira þar heldur en annars staðar (Hj2).

En ég held samt að sterkasta tilfinningin, það er bara augnayndis-upplifunin sko. Og það líka sem á nú alveg við Ísland yfir höfuð, að sama hversu oft þú ert búinn að fara um, að landslagið, eða það sem fyrir augu ber, er einhvern veginn aldrei eins samt. Af því að, við erum bara svo ótrúlega heppin að eiga svona guðdómlega öflugt veðurkerfi og mismunandi veður. Þannig að það er alltaf mismunandi birta og bara já, mismunandi veður. Alveg gaman að vera búinn að fara í gegnum eitthvað svæði í snjóstormi eða grenjandi rigningu eða brjáluðu roki (Hj2).

Það er bara svo fallegt. Og náttúran er svo falleg og birtan, og svo er þetta náttúrulega svolítið krefjandi. Maður hjólar kannski ekki alveg alltaf bara á

einhverjum gönguslóðum, eða slóðum eða stígum, eða hérna, línuvegum [...] Hvað á maður að segja, veðráttan hefur mjög mikil áhrif og það er bæði, bara sjónrænt og svo lyktin. Og hérna, og bara loftið, hreina loftið. Það er svona, bara gott að vera utanhúss, það er súrefnisríkt og það er meiri birta og hérna, og svo náttúrulega land í mótun. Maður getur hjólað sama stíginn þrjátíu sinnum á sama sumri og hann er aldrei eins (Hj3).

Já, að finna, sko maður er náttúrulega rosalega lítill líka þegar maður er í náttúrunni. Og náttúran er svo stór og mikil. Og maður finnur það í raun og veru sko, hvað maður, hvað þessi stóra náttúra hefur mótað mann sem einstakling og kannski bara þjóðina líka. Af því að ef maður er einhvers staðar, uppi í óbyggðum og það skellur á vont veður, þá er ekkert endilega víst að maður lifi það af. Ef maður er ekki vel búinn. Þannig að hún eiginlega hefur sko, hún ákvarðar svolítið um líf og dauða fólks og hérna, og lífsafkomu (Hj3).

Ja, það sem mér þykir er þessi, það er náttúrulega bæði þetta víðsýni, sem ég þarf alltaf að komast í, en á sama tíma getur líka verið fínt að koma inn á þröng svæði. Fara inn í eitthvað gljúfur eða inn í einhvern dal, þú býrð til svona lítinn, afmarkaðan heim. [...] það er auðvitað svo einstakt, það er þessi upplifun að vera einn. Ég hef búið í Danmörku og hef ferðast í Evrópu talsvert. [...] En maður einhvern veginn fór aldrei á þann stað sem maður gat verið nokkurn veginn viss um að það væri enginn í að minnsta kosti kílómetra fjarlægð frá þér. Hér á Íslandi er þetta það sem þú getur gert. [...] Og það er þetta sem er svo eftirsóknarvert. Það er fínt landslag í Ölpunum og hérna og gaman að koma þangað en þú skalt ekki láta þér detta í hug að þú sért einhvern tímann einn þar. Þú gengur á einhverjum göngustígnum og ef þú gengur of lengi þá kemur einhver og þú þarft að færa þig af stígnum. Bara eins og Laugavegurinn er í dag (Hj1).

Þegar þú þekkir vel til, þá er svo endalaust mikið af svæðum sem eru ennþá tóm, að þú ert, allavega hingað til, þá ertu meira og minna með svona „Ég á þetta einn“ tilfinningu. Og svo verður maður rosalega egóískur [...] við viljum hafa þetta út af fyrir okkur [...] það setur svo mikið svona, rannsóknarleiðangurs-tilfinningu í dvölinna þína þarna. Þá ertu bara einhvern veginn, þegar þú labbar um svæði þar sem eru engin fótspor, eða engin bílaför, þá ertu bara, þú mátt labba hvert sem er einhvern veginn, þá ertu bara algjörlega að kanna. Það er

rosalega, það er mjög sterk tilfinning. Og það gerir algjörlega upplifunina. Hvort sem þú ert að fara í fyrsta skipti þarna eða búin að koma oft (Hj2).

Persónulegt gildi miðhálandisins var samtvinnað gildi þess fyrir útivistina almennt en hér kom þó fram þekkingarlegt/sögulegt gildi sem ekki var svo skýrt í fyrri hluta. Saga svæðisins sem ferðast væri um og minjar um mannvist á svæðinu hafði sérstakt gildi fyrir Hj1 en síst hjá Hj3. Þau sögðu ýtarlega frá því hvað það gerir fyrir þau persónulega að sækja á miðhálandið. Þess má geta að þau hafa öll víðtækari reynslu af útivist á hálandinu en eingöngu í gegnum hjólréiðar og hafa því fjölbreytt viðmið. Eins og áður þá var það einna helst einveran og kyrrðin sem þau minntust á sem eftirsóknarvert gildi hálandisins en líka gríðarleg náttúrufegurð. Einnig var talað um hversu mikið það gæfi að ná markmiðum sínum og bjóða náttúruöflunum birginn og var það samtvinnað gildi útivistarinnar. Sömuleiðis nefndu þau andlega og líkamlega vellíðan.

Íslenska hálandið er sá staður sem mér líður hvað best á og ég vil eyða sem mestum tíma á. Og það sem maður sækist náttúrulega eftir er náttúrulega svona auðnin. Að einhverju leyti (Hj1).

Og síðan hef ég voðalega gaman af sögu og svona þjóðlegum fróðleik ef má orða það þannig. Og hálandið er, það er bæði staður sko, þjóðsagna og sagna og líka svona fornra þjóðleiða. Og ég hef alltaf heillast af ferðum yfir hálandið. Bæði í fortíð og nútíð og í rauninni hvað, svona bara eins og, já, ég er stundum svona eins og Erlendur [hans Arnaldar Indriðasonar rithöfundar] þarna, þú veist, ég hef rosalega gaman af að lesa um hrakningar á heiðarvegum og svona (hlær) (Hj1).

Ég hef einstaka ánægju og áhuga á íslenskri náttúru og útivist. Hálandið er í sérstöku uppáhaldi. Algjörlega [...] það er þessi kannski einstaka, hvað segir maður, einangrun eða kyrrðin sem er þarna? Já, hún skiptir mig öllu máli. [...] bara miðað við þá staði sem ég leitast í eða dregst að, þá myndi ég segja alveg að þetta sé alveg 12 af 12 sem þetta skiptir máli. Klárlega (Hj2).

Ég er að upplifa í rauninni konstant náttúrufegurð, það sem ég er að horfa á og svo oft líka svona upplifunin að vera kannski þú veist, vera að gera eitthvað sem á ekki endilega að vera að gera. Til dæmis eins og ég er sérstaklega ánægð yfir háveturinn að tjalda einhvers staðar í Hekluhrauni. Til dæmis. Þannig að eitthvað svona sem er ekki borðliggjandi einhvern veginn að þú eigir að vera að

gera og flest fólk er bara eitthvað: „Þú tjaldað ekki á veturna“. Það er þínu, eða eitthvað svona að storka náttúruöflunum. Að þú nærð að gera þetta samt sko. Þótt það sé ógeðslega kalt eða [...] Eins og í gamla daga, þá fór fólk þarna um, þú veist allt árið og varð að gista í tjöldum til þess að komast á leiðarenda. Þetta verða oft margar dagleiðir og svona, og það er alveg þínu gaman einhvern veginn að vera í, mér líður þínu eins og ég sé í þessa fólks sporum, þótt ég sé ekki að gera það sama (Hj2).

Ég hugsa að það sé bara, það er færri fólk þar [á miðhálandinu]. Og það er meiri víðátta og það er svona meiri óbyggðir. Og hérna, mér finnst mjög spennandi að vera þar af því að maður þarf að vera að takast á við, ef ég er að hugsa um, já, maður þarf að vera svolítið sjálfbær og sjálfstæður, til þess að geta farið þarna. Og það er svona svolítið, maður er svolítið að ögra náttúrunni og sjálfri sér. Að sjá hvað ég get og, hvernig ég pluma mig í svona aðstæðum? Mér finnst bara alltaf gott að vera, alveg sama hvort ég sé ein eða hérna í félagsskap, eða hérna, mér líður bara alltaf vel í náttúrunni (Hj3).

Ég fæ sömu upplifun af því að fara á fjallahjól og að fara á fjallaskíðum. Og af því þá reynir svona mest á mig. Og sem sagt, bara á „survival“ í náttúrunni. Svo ef ég fer kannski á skíði upp í Bláfjöll, það er ekki það sama. Þá er komið mikið verndaðra umhverfi, mikið mótaðra og það er búið að einfalda þetta og auðvelda þér þetta svo mikið (Hj3).

Hestamennskuhópur

Viðhorf hestafólksins til mikilvægis miðhálandisins fyrir útivistina og svo fyrir þau sjálf, voru mjög svo samtvinnuð. Í raun endurtekning á mörgu sem þau höfðu sagt frá áður um gildi útivistarinnar, eins og raun bar vitni í fyrri hópum.

Þau telja að vegna þess hversu afskekkt miðhálandið er og vegna samgönguleysisins, sé eitt af einkennum þess að vera mikið ósnortið. Þau vilja fyrir alla muni halda í þann eiginleika að það sé eins lítið manngert á hálandinu og hægt sé. Upplifunin sé meðal annars til komin vegna þess hve hálandið sé mannvirkjasmátt.

Fegurðargildi hálandisins endurspeglast í því að þau vilji upplifa þetta fallega landslag sem hefur margar ásýndir. Einkennandi fyrir þetta fallega landslag sé fjölbreytt ósnortin náttúra og nefna þau gróðurvinir, auðn, dýralíf, samspil lita og birtu, andstæður, fjallasýn og víðsýni sérstaklega.

Að upplifa einveru í þessari ótrufluðu náttúru sé sterk og einstakt. Að öðru leyti ræða þau ekki mikið um sálfræðilegt eða andlegt gildi hálendisins. En sögulegt og þekkingarlegt gildi miðhálendisins kemur fram. Saga hálendisins tengi okkur uppruna okkar, styrki rýmisgreind og hæfni okkar að lesa í aðstæður.

Ég held að það sé bara, eða fyrir mínum augum er þetta aðallega það, þar er þetta eins og náttúran skapaði það: Mjög lítið manngert. Og þannig ber það, því ber að viðhalda. Og það er raunar, sko, þetta er það sem það á sameiginlegt, það er ósnortið, en það er raunar mjög, hefur margar ásýndir raunar sko. [...] En samt sem áður, þetta er allt jafnmikilvægt og allt jafnfallett eða þannig. Og þar fyrir utan, af því þetta er mikið gróíð, þá er mikið dýralíf (He1).

Bara á allt hálendið, að það sé samgönguleysið sem, að það er, að ef þú hefur komið þarna, sem er mjög erfitt að komast, þá er það eitthvað spes og þarna er þetta bara eins og náttúran hefur skilið við þetta. [...] raunar finnst mér líka að sauðféð bara fegri landið. Að vissu marki. Þar sem þetta á við. Þetta á ekkert alls staðar við. Ég veit það líka. Og þetta, þetta er svo mikilvægur hluti af, að lífinu í sveitunum voru, var nýting hálendisins bæði til, ja allavega á mínu svæði svona sem beitarsvæði og líka sem veiðilundur, bæði silung og fugl og fleira. Að þetta hangir svona saman sko. Og þetta er það sem maður ólst upp við (He1).

Það er þetta ósnortna. Það er það sem mönnum finnst skipta öllu máli. Að vera að fara upp á hálendið ef það eru einhverjar [rafmagns] línur, menn eru með þetta í nágrenni sínu hérna í Ölfusi. Það er ekki það sem maður vill, eða ekki vil ég persónulega, og þykist vita það að okkar gestir myndu nú ekki vilja það heldur. Þetta er bara það sem fólk hefur ekki séð. Það hefur ekki upplifað þetta. Þetta er svolítið einstakt hérna. Og ekki lengra frá okkur en raun ber vitni sko. [...] Við förum yfir Sprengisand og ég segi fyrir mitt leyti að þetta bara svæði allt saman að fara á milli Vatnajökuls og Hofsjökuls, og sjá Arnarfellið þarna undir jöklinum og svo framvegis að þetta er, þetta er mjög hrífandi. Þetta er frábært sko (He2).

Ja, ég segi fyrir mitt leyti, þetta er svona eitt af þessum einkennum sem við höfum hérna á Íslandi. Þetta ósnortna og þessi auðn. Þetta er ákveðin upplifun og fólk er hrifið þegar það upplifir og fer um þetta svæði. Það er sama fólk er

sem kemur ár eftir ár eftir ár til að fara sömu slóðirnar. Bara til þess að nefna það sko. En svo er náttúrulega annað. Þegar þú ferð um sko, þá náttúrulega er, þú upplifir alltaf eitthvað nýtt í náttúrunni. Þetta er öðruvísi mynd. Þetta breytist sko. Lýsingin er öðruvísi (He2).

Því það geta verið svo ólíkir þættir. Eftir því hvar þú ert. Ég held þetta sé blanda af mörgu. Þetta sé sko, bara í einni ferð, hérna, þá ertu kannski að sjá auðn, gróíð land, og svo til dæmis Arnarfell, þar sem er bara vin allt í einu, inni í sandauðn. Það eru þessar andstæður í náttúrunni sem eru svo magnaðar. Og þetta, útsýnið líka. Hvað þú sérð vítt, fjallasýn, ég meina á góðum degi, þá ertu bara, þá ertu bara með sko panorama af mismunandi upplifunum, eftir því hvar þú ert. Og þetta með, að það er svo mannvirkjasnautt. Það er rosalega stór hluti af því hvað miðhálandið er, af því það er hægt að ferðast um Ísland víða í byggð og í jaðri byggðar. Sem sagt, ja jaðri manngerðs svæðis eða hvað maður á að kalla það, í sveitum. En það er bara eitthvað alveg einstakt, þegar þú ert komin út úr þessu öllu. Það er þetta með, þetta ótruflaða landslag. Og að upplifa þig einan einhvern veginn með þessu. Það er það sem er svo sterkt (He3).

Hestamennskan og landið er náttúrulega bara ein órofa. Maður skilur hvaðan maður er kominn. einhvern veginn, þegar maður fer í gegnum þetta allt. [...] Þetta er einstakt fyrirbæri sem við eigum þarna. Í þessari ferðamennsku á hestum. Og hvernig þetta tengist okkar uppruna bara. Og manni finnst þetta svo sjálfsagt, allt þetta sem gerist (He3).

Og einmitt þetta með að lesa í landið, læra hvernig þú lest, þú lest hvort það sé votlendi, þurrlandi, hvar er slóðinn, hvar er – velja réttu götuna, allt þetta. Og þetta er kannski líka pínulítið persónubundið. Það eru ekkert allir, þó þeir séu búnir að ferðast í 20 ár, sem eru kannski að sjá, sem sagt, hafa kannski ekki heldur þú veist, að vera í ábyrgð fyrir því. En, þá eru þeir kannski ekki að lesa þetta með sama hætti. Og áhugi fólks er auðvitað líka mismunandi hvernig, er þetta ekki kallað eitthvað, eitthvað svona rýmisgreind eða eitthvað svona, ég held að þetta styrki það „element“. Þessa rýmisgreind og að lesa í umhverfi þitt (He3).

Jeppaferðahópur

Án hálandisins væri þetta útivistarform ekki til eins og J3 nefnir sjálfur og því er gildi hálandisins fyrir útivistina forsenda hennar. Hálandið er uppspretta krefjandi áskorana allt árið, þar sem þau reyna á persónulega hæfni sína sem og jeppana sína. Það er einnig hluti af *afrekinu* að það séu „*ekki sjoppur og veitingasalir þarna og malbikaðir vegir og annað*“ (J2). Svæðið hefur því mikið *afþreyingargildi* og hafa þessar einstöku aðstæður á hálandinu kallað fram þessa færni og tækni sem stuðli meðal annars að búsetuöryggi landsmanna.

Hvað fagurfræðilegt gildi varðar töluðu þau mikið um að upplifunin sé gerð úr svo mörgu, þar sé fegurð svæðisins virkilega mikilvægt og svo fámennið, einveran sé einstök. Stór hluti af fegurðinni sé fjölbreytt, ósnert og villt náttúra sem þau segja öll að verði að kappkosta að vernda, sérstaklega á þeim svæðum þar sem jeppaferðir eru stundaðar.

Andlegt og sálfræðilegt gildi endurspeglast í því hvað gerir upplifunina á hálandinu svona eftirsóknarverða. Upplifunin sé einnig fólgin í kyrrðinni, fámenninu, einverunni og fjarskiptaleysinu. Það sé einnig viss áskorun fyrir ferðamenn að takast á við einveruna. Að fara á hálandið sé kærkomin tilbreyting við lífið í bænum, það gefi kraft, styrk og þau komi tvíefld tilbaka. Ferðafrelsið er einnig umfangsmikið umræðuefni. Lýsir J1 sambandi Íslendinga við hálandið sem einskonar kærleikssambandi.

Þótt jeppafólkið tali ekki um menningarlegt eða sögulegt gildi hálandisins í þessum hluta hafa þau minnst á það í umræðum um gildi útivistarinnar. Hins vegar leggja þau áherslu á færni og þekkinguna sem þau öðlast þegar þau kynnast nýjum svæðum og aðstæðum. Það sé eitt það mikilvægasta í þessari útivist að ana ekki út í óþekktar aðstæður og nauðsynlegt sé að geta lesið rétt í aðstæður, að komast yfir og geta sagt góðar sögur af afrekinu eftir á.

Það [jeppasportið] væri náttúrulega ekki til ef við ættum ekki þetta svæði. Og ástæðan fyrir því að jeppasportið er til er að við erum með þessa sérstöku aðstöðu á Íslandi sem kallar á þessa færni, það er, aðstæðurnar kalla á þetta. Enda sérðu alveg hvað þetta hefur getið af sér í búsetuöryggi, horfðu bara á löggubílana og sjúkrabílana, þeir eru byggðir eftir formúlunni sem að við löðuðum fram og við lögðum hana ekki fram út af einhverri snilli hér heldur af því að aðstæður okkar ferðamáta kölluðu á þessa þróun (J3).

Sko, það er náttúrulega ofboðslega einstaklingsbundið, sumir eru bara að sækja í fámennið eða einmennið eða félags-, eða þú veist þennan litla hóp. Þú getur sótt í landslagið alveg endalaust. Þú getur sótt í tilbreytinguna, bara, þetta er

öðruvísi heldur en lífið í bænum, eða þar sem þú býrð. Þetta er líka alltaf þessi áskorun að „Get ég þetta?“ og ég held að við horfum allt of lítið í það hér sko að átta okkur á því hversu ofboðsleg áskorun þetta er fyrir margan útlending, bara standa einn á hól og sjá engan, að það er alveg jafn mikil söluvara hjá okkur eins og norðurljósinn sko að geta tekið, boðið einhverjum að standa einhvers staðar í dal, þá, farðu bak við þennan hól, þú sérð út um allt að þú sérð engan. Þetta bara gerist ekkert rosalega víða nema þú sitjir niðri í miðjum skógi sko, og hérna þú einhvern veginn, ég held já áskorun er ansi gott orð sko. [...] Fyrir Íslendinginn er þetta náttúrulega í dag miklu, miklu meiri líkamleg ást, þetta er svo nálægt okkur að hafa þetta fámenni (J1).

Það er þetta sem að bara eins og það er í dag, ég sæki, það hefur náttúrulega mikla þýðingu fyrir mig því að þetta er náttúrulega það svæði sem ég sækist mest í að vera á bæði á sumri og vetri, aðallega á vetri en það sem maður sækir þarna náttúrulega í hálendið það er það sé ekki uppbyggt af mannavöldum, það séu ekki sjoppur og veitingasalir þarna og malbikaðir vegir og annað, heldur þarna ertu að fara í svona hvað á maður að segja svona „röff“ ferðir þar sem þetta er erfitt og þetta tekur á og þú þarft í raun og veru að leggja svolítið mikið metnað í að klára það sem þú ert að byrja með að, og ég vil náttúrulega ekki, það er bara ekki í mínum huga að þarna verði neitt byggt upp (J2).

Þetta er náttúrulega bara fallett landssvæði að keyra um, það er gaman að fara þarna og hvort sem þú ert akandi eða gangandi því að yfirleitt fylgir mikið labb með ökutækjunum líka (J2).

Í sjálfu sér bara gefur manni kraft og styrk aftur og maður kemur oft tvífeldur til baka. [...] og hérna hefur frá miklu að segja oftast þegar maður kemur og yfirleitt hægt að segja margar góðar sögur af ferðum. [...] [Það er] sérstaklega þægilegt þegar gemsarnir nást ekki (J2).

Þú þeytist ekki bara þvert yfir hálendið bara til þess að prufa það, þú þarft að kynna þér það vel og þú þarft að fara yfir staðarhætti, skoða jafnvel myndir, kort og fara með einhverjum sem jafnvel þekkir til, til dæmis ég fór á Drangjökul fyrir, fyrir mörgum árum síðan og þá kom ekki í mál að fara nema fá mann með sem að þekkti staðarhætti. [...] Þetta eru margir „júnik“ aðilar í þessu og gaman að hafa kynnst þeim og fengið að fara með þeim í ferðir og annað en þetta býður

hálendið upp á, þetta eru sérvitringar margir, skemmtilegir sérvitringar og eins og ég segi stéttaskipting er ekki til þegar þú ferð af stað (J2).

Sko á veturna þá er þetta mikið meira svona „uniform“ það er bara hvítt efni alls staðar sem heitir snjór og fjöll að það er þessi víðátta og svona þessi landkönnuðar, veturinn er mikið meira eins og að fara bara að sigla á bátum sínum og fara út í einhverja eyju eða sigla fyrir einhvern tanga, að það er svona meira ferðasvæði. Og svo náttúrulega er konfekt fyrir augunum allan tímann í sjálfu sér meðan þú sérð eitthvað. Á sumrin þá er upplifunin aðeins önnur sko, það náttúrulega sko, það er ákveðið fámenni og, ég kalla það fámenni þó það finnist fólk í kringum mig sko. Það truflar mig ekkert. Ekki fyrr en það er orðið sko því lík stappa að ég kemst ekki um. [...] Og náttúrulega bara þessi náttúra, ósnortna náttúra, óbrotið land, og þá er mér sama þó að sé hús eða þjónustusvæði nálægt eða eitthvað að það hérna, ég er bara ekki á ræktuðu túni, ég er í villtri náttúru. Og það truflar mig ekkert þó það sé vegur hinum megin í dalnum eða eitthvað svoleiðis. Það er reyndar svo margt sem að býr til þessa upplifun. Bara það að standa uppi á hól og finna vindinn og heyra hljóðin og lyktina (J3).

Þú ferð inn á hálendið og uppgötvar eitthvað og þó við séum búin að ferðast í 30 ár og keyra hringinn mörgum sinnum að það er eiginlega sama hvar þú stoppar með hjólhýsið þitt það er bara fullt að uppgötva þar sem landkönnuður. [...] Það er kannski hægt að lýsa því að þetta er ofboðslega jákvæð upplifun að eiga þessa möguleika og búa í þessu landi. [...] Þetta er „júník“ í heiminum að, það eru ekki margir einstaklingar sem að eru við dyrnar á svona ofboðslega skemmtilegum stað sem að íslenska hálendið er. [...] Þetta er svæði sem ég fæ að njóta og hálendið er til að njóta þess. Víðáttan, fámennið og, bíddu við, lykilorðin, það er víðáttan, fámennið og frelsið. Ég nýt þess að mega vera þar, að hafa frelsið, hafa möguleikana. Það er þetta frelsi sem er hluti, já vera á eigin forsendum, mínum vegum, eigin vegum, það er nokkuð sem ég nýt. Og, þetta er svona áskorun samt að setja þetta niður fyrir sig hvað er það virkilega. [...] Það er alls ekki ofviða þeim sem virkilega vilja að, að koma sér á bíl sem getur ferðast um hálendið á eigin vegum, það er engin ástæða til þess að minnka, draga úr umferð einkabíls á hálendinu að segja að það sé bara efnaðra manna (J3).

Þessi samskiptaeinangrun sem að ég held að sé jafnvel vanmetin sem andleg næring í, sérstaklega í dag. Ég held við ættum nefnilega bæta inn í skilgreininguna að megi ekki vera símasamband til að skemma ekki upplifunina [...] það var auðlind fyrir mér að vera utan gsm sambands og þessara [samskipta] möguleika (J3).

Skilgreining, gildi og stýring víðerna

Þátttakendur voru spurðir hvað væri það fyrsta sem þeim dytti í hug þegar þau heyrðu orðið víðerni. Spyrill forðaðist að minnast á víðerni að fyrri bragði í viðtalinu sjálfu en orðið kom þó fram í kynningu um viðfangsefni rannsóknarinnar (sjá viðauka 1).

Að auki var reifað hvort að þau teldu víðerni tengjast ákveðnu landslagi á einhvern hátt eða einhverjum sérstökum náttúrufarsþáttum, jarðmyndunum, gróðri eða öðru. Farið var yfir hvort að þau könnuðust við hugtökin „ósnortin“ og „óbyggð“ víðerni og hvort þau gerðu greinarmun á þeim.

Til útskýringar á greinarmun þessara hugtaka má nefna að í hvítbók um umhverfisvernd sem Umhverfiráðuneytið stóð að (2011) er ályktað að nær sé að nota hugtakið óbyggð víðerni fremur en „ósnortin“. Orðalagið „ósnortin víðerni“ sé að sumu leyti óheppilegt og feli í raun í sér miklu strangari skilgreiningu á víðernum en viðtekið er annars staðar. Löggjöf í öðrum löndum miðar við sýnileg ummerki um umsvif mannsins, t.d. byggingar, miðlunarlón, flugvelli og rafínur, en ekki er gerð sú krafa að landið sé raunverulega ósnortið af umsvifum mannsins. Miðað við núverandi þekkingu sé ekki hægt að flokka miðhálandið í náttúrulegar auðnir og svo land sem blásið hefur upp eftir landnám, meðal annars vegna áhrifa mannsins. Leggur nefndin því til að notað sé hugtakið óbyggð víðerni fremur en ósnortin (Umhverfiráðuneytið, 2011). Hugtakið óbyggð víðerni var fest í lög um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 síðla árs 2015 (Alþingi, 2016).

Þátttakendur voru einnig spurðir um hvort að þau gætu nefnt eitthvert eitt víðerni eða svæði á hálandinu sem þau töldu sérstaklega mikilvægt fyrir þau og hvað það væri sem heillaði þau við þann stað. Ætlunin var að skoða sérstaklega huglæga þætti sem til samans skapa óefnislegt verðmæti víðerna í huga þátttakenda. Þau voru einnig spurð hvort að víðerni væru auðlind og þá fyrir hvern.

Loks voru þátttakendur spurðir um viðhorf sín varðandi afmörkun víðerna og stýringu þeirra. Þessi kafli er tvískiptur og í fyrri hluta um afmörkun víðerna komu fram tvö þemu, annarsvegar afmörkunarform víðerna og svo áhrif á ferðafrelsi og aðgengi útivistarfólks. Hvað varðar

fyrirkomulag afmörkunar var oftast en ekki rætt um mismunandi náttúruverndarform svæða til að mynda stofnun Þjóðgarðs á hálendi. Seinni hluti þessa kafla fjallaði svo um stýringu víðerna. Hér var fjallað um fimm þemu. Fyrsta lagi á hverra höndum ábyrgðin liggja, hvaða viðhorf eða sjónarhorn voru mikilvæg að hafa að leiðarljósi stýringar, mikilvægi samráðs, mikilvægi löggæslu og loks mikilvægi upplýsingar og menntunar. Hvað varðar viðhorf til stýringar var verið að kanna hvort að þau hölluðust að mannhverfu eða náttúruhverfu sjónarmiði við stýringu víðerna eða hálendisins. Náttúrusiðfræði nýtir þessi hugtök til að skilja á milli þeirra sem hafa hagsmuni og þarfir manna að leiðarljósi og þeirra sem gera ráð fyrir að náttúran sjálf eða einstök fyrirbrigði hennar sé uppspretta verðmæta, óháð mannlegum hagsmunum eða gildum. Í einföldustu mynd sinni lýsir munurinn sér í því að gildi fyrirbæris sé viðurkennt sem eigngildi samkvæmt náttúruhverfum sjónarmiðum en sem nytjagildi samkvæmt mannhverfum sjónarmiðum (Óli Halldórsson, 2002). Þess má geta að í þessum hluta var sérstaklega áberandi að þátttakendur töluðu oft um miðhálendið almennt þó spurningarnar hafi eingöngu tiltekið stýringu og afmörkun á víðernum.

Ekki komu öll undirþemu fram hjá öllum þátttakendum.

Gönguferðahópur

Hugtakið víðerni

Allir í þessum hóp höfðu minnst á hugtakið víðerni og víðátta áður en komið var að þessari spurningu. Fyrir göngufólkið tengjast víðerni fyrst og fremst ósnertri náttúru, víðsýni og víðáttu.

G2 er mjög kunnug lagalegri skilgreiningu hugtaksins og finnst „*skelfilegt að flokka hluti svona*“. Hún telur einnig að ósamræmi gæti við alþjóðlegu skilgreiningu hugtaksins við þá sem er í lögum á Íslandi. Hún segir einnig að upplifunin sé ekki bundin því hvort maður sé í bíl eða fótgangandi og því sé hún alls ekki á þeirri skoðun að loka skuli fornum slóðum til að framfylgja einhverjum reglugerðum, og vitnar þá líklega í reglur um skilgreiningu víðerna.

Já ég kynntist þessu ekki fyrr en ég var kominn yfir tvítugt og farið að ferðast eitthvað af ráði þá byrjar maður á því að fara upp á jökla og týndi þessa jökla upp einn af öðrum, Snæfellsjökul, Eiríksjökul og Tindfjallajökul og fleiri, þá sá maður yfir svæðið. Þá sá maður víðernin. T.d. á Eiríksjökli á góðum degi þá horfir maður yfir allt hálendið, þetta er auðvitað alveg, þá sá maður víðernin. Það eru mörg svona fjöll sem gnæfa svo vel yfir. Þetta er mjög ríkt í mörgum og margir hafa gaman af þessu, að vera með kort og velta því fyrir sér hvað maður

sér og hversu langt maður sér, að sjá yfir þetta svið. Þarna sjáum við allt sviðið. Þetta var auðvitað hluti af þessari upplifun, að sjá meira (G1).

Svæði sem eru „25 km bla bla og 5 km frá næsta bla bla bla bla“. Þetta er alveg skelfilegt að skilgreina hluti svona. Þegar ég hugsa um víðerni þá hugsa ég um víðáttuna og ég hugsa um þessa upplifun sem er fyrst og fremst sjónræn og hún getur alveg verið þó þú sért í einhverju farartæki. Það sem að, ég er alls ekki á þeirri skoðun að það eigi að loka fornum slóðum hinsvegar eigum við bara að hafa 30 km hámarkshraða á hálendinu ef þér liggur á veldu þér þá aðra leið. Þess vegna geturðu haft mismunandi ferðamáta gangandi, hjólandi, ríðandi, allir saman það geta allir fengið að upplifa (G2).

Víðerni fyrir mér er eiginlega bara svona Gæsavatnaleið þar sem þú sérð í allar áttir. Það eru engar háspennulínur og enginn uppbyggður vegur og engin sýnileg hús og bara jöklar og auðn. Ég er á móti lúpínu. Ég elska auðn hún er íslenskt sérkenni (G2).

Þegar við tökum skilgreiningar ICN alþjóðlega á víðerni þá er þýðingin sem er sett í lög hjá okkur miklu stífari en sú skilgreining sem er í þeim lögum. Slóðar sem eru á staðnum þeir mega alveg vera áfram á staðnum en þú byggir ekki upp uppbyggðan veg, þú setur ekki háspennumöstur. Þú getur alveg sett jarðstreng við hliðina á veginum, slóðinni. En óbrúaðar ár eru gríðarlega gríðarlega mikilvæg auðlind. Veistu hvað það eru fá lönd í heiminum sem eiga óbrúaðar ár? Hugsaðu þér eins og Þórsmörk, hún er vissulega ekki inn á miðhálendinu en engu að síður tilheyrir því á vissan hátt, geturðu ímyndað þér ef það væri uppbyggður vegur og fólksbílafært? Við værum líklega að miklu leyti búin að tapa, tapa, þú veist það er rúta og þannig komast allir. Það er ekki vandamálið. Þannig að þegar er sagt „þetta er sko brot á jafnræði“ það er ekki rétt á meðan að þú getur tekið áætlunabíl þá er ekkert jafnræði brotið. Árnar eiga að vera óbrúaðar (G2).

Það er þar sem þú stendur og sérð engin mannvirki, það er víðerni og það er náttúran, það er ekki búið að grafa neina skurði eða ræsa eitthvað fram það er ekki búið að gera neitt þetta er bara náttúran eins og hún kemur fyrir [...] Þegar þú ert að reyna að ramma inn víðerni þá er það frekar hálendið og stór svæði

þar sem þú ert ekki í snertingu við neitt sem er manngert eða nánast ekki neitt (G3).

Aðspurð um hvort að þau teldu að víðerni tengdist einhverjum sérstökum eða sameiginlegum náttúrufarseinkennum voru svörin nokkuð fjölbreytt. G1 lýsir greinilega ólíku landslagi vegna ólíkra aðstæðna og jarðfræði á hverjum stað og nefnir í því samhengi „perlur eins og undir Arnarfelli stóra“ sem hann lýsir sem „vin í eyðimörkinni“ og svo til samanburðar Sprengisand og Kjöl þar sem ekkert er nema auðnin.

G2 lýsir því að auðnin sé sameiginlegt náttúrufarslegt einkenni víðerna og hún vilji ekki sjá að verið sé að sá skógum eða lúpínu, það sé ekki landgræðsla og að sé einnig að útrýma lóunni. Annað einkenni sé víðáttan á hálendinu, sem hún segir að mikil lífsgæði séu fólgin í.

G3 nefnir helst jökla og fjölbreytt landslag í kringum jöklana. Hann segir enn fremur að það sé jafn merkilegt að vera á gróðursælum stað og að vera í auðn, um sé að ræða mismunandi víðerni í báðum tilvikum.

Jarðfræðin er auðvitað mjög misjöfn, Sprengisandur og Kjölur t.d. þetta svæði liggur allt í 600 m hæð, meira og minna allt hálendið frá 600 og upp í 800 og gróðurinn tekur mark af því. Svo eru perlur eins og undir Arnarfelli stóra, þetta er eins og vin í eyðimörkinni það er svo mikill gróður og veðursælt. Það er auðvitað vatnið sem skapar, eins og í Herðubreiðarlindum og þar fyrir norðan, þar skapar vatnið undan hraununum geysilega fallegar perlur og þetta er ekki til nema í hraunjöðrum. Þetta er í kringum alla Þjórsá alveg upp að upptökum og þetta er í Borgarfirði upp með Hvítá og svo framvegis. Svo kemur aftur á móti munurinn á þessum mikla gróðri og svo auðnin sem aftur kemur annarsvegar til á Kili og sérstaklega á Sprengisandi sem hefur líka sinn ákveðna sjarma sko. Þó það sé ekkert nema auðnin en það er fyrst og fremst þarna norðan við Hofsjökulinn, þar eru gróðursælir reitir og vötn. Þó að það sé mikið af svæði eins og Sprengisandi (G1).

Já auðnin. Þannig að þeir sem vilja planta skógi úti um allt og eru svo djöfullegir að setja skóga niður í okkar séríslenska vistkerfi sem heitir mói, það ætti bara að flengja þá. Þeir eru að útrýma lóunni. Það er ekki refurinn, það eru barrtrén sem er verið að planta í móann, það er ekki landgræðsla (G2).

Þau einkenni hér [á miðhálendinu] sem eru ekki annarsstaðar, það er víðáttan. [...] Lífsgæðin sem felast í víðáttunni þau eru gríðarleg. Ég er ekki viss um að

allir Íslendingar átti sig á því en þeir munu átta sig á því bráðlega hversu mikilvægt það er. Þannig að víðáttan á hálendinu, það að þú sjáir [er einkenni] (G2).

Það er svipað og við vorum að tala um áðan, jöklarnir eru víðerni, nei ég geri engan greinarmun á þessu. Ja eða víðerni er t.d. tókum dæmi sem er svona blanda af þessu er þar sem Langjökull er og Jarlhettur eru undan Langjökli og þær hafa orðið til við að jökullinn ryður frá sér, þetta er mjög fjölbreytt landslag. Þarna er jökullinn hann er þessi fegurð af víðerni og svo taka Jarlhetturarnar við og dalurinn á milli, þetta er svona þetta er mjög fjölbreytt. Svo er náttúrulega í mínum huga sko ég sé alltaf fyrir mér ákveðna hluti þegar talað er um víðerni, t.d. Þjórsárver og eitthvað svona. Kvakandi gæsir og guð má vita hvað en það er samt ekkert endilega málið. Það er jafn merkilegt að vera á Djöflasandi á leiðinni á Krák þar sem er nákvæmlega ekkert nema einn og einn Geldingahnappur. Það er bara partur af þessu, það er bara þannig víðerni (G3).

Hugtökin „ósnortin víðerni“ og „óbyggð víðerni“?

Spurt var hvort að viðmælendur könnuðust við hugtökin „ósnortin víðerni“ eða „óbyggð víðerni“ og hvort þau teldu rétt að gera greinamun á víðernum almennt. Líklega er aðeins G2 með fullan skilning á muninum á þessum tveim hugtökum eins og greina mátti í fyrri svörum hennar. G1 og G3 virtust ekki gera upp á milli þeirra eins og skilgreiningin segir til um en eru sammála um að „ósnertu víðernin“ einkennist af upprunalegri, ósnertri náttúru, en skýra ekki hvaða skilning þeir leggja í „óbyggð víðerni“.

Uhh já einhvers staðar verður að setja mörkin þarna, hvað verður að halda sko, ósnertu að fá að vera áfram þessi upprunalega náttúra. Það auðvitað verður að taka frá bara þessi svæði og sem betur fer sýnist mér hafa verið gert núna og tekist einhver sátt um það. Eins og með Þjórsárverin að það hafi verið lokað á ákveðið mark. Þannig að Þjórsárverin sjálf eru alveg ósnortin og ekki verði sökkt meiru þar (G1).

Það eru fáir staðir á Íslandi sem í raun og veru eru ósnortnir, þú veist. Hvað áttu við þegar þú segir ósnortið? Það er bara einstaklingsbundið. Ég þekki fólk sem er mjög náttúruverndarsinnað og segir að ósnortið er þar sem ég hef bara komið og enginn annar má fara þangað, ég er búinn að koma þangað og veit hvað það er æðislegt. Það er ekki rétt, það er voða egóistískt að gera það. Ósnortið er,

jöklarnir okkar eru þannig séð ósnortnir og svo eru jú eins og einstaka staðir eins og við Gæsavatnaleið sem mætti flokka þar undir. En óbyggt er já lítt snortið, fullt af því. Svo framarlega sem að það eru ekki einhverjar byggingar, svo framarlega sem það er ekki uppbyggður vegur og svo framarlega sem það er ekki hraðakstur, svo framarlega sem það er ekki dynjandi hávaði frá þeim farartækjum sem eru, jeppi sem mjakast skaðar ekki upplifun (G2).

Gildi víðerna

Göngufólkið var spurt um þau víðerni eða svæði á hálendinu sem væru sérstaklega mikilvæg fyrir þau og svo hvað heillaði þau við þau svæði eða hvað þau sæktu sérstaklega í á þeim svæðum. Auk þess voru svör þeirra við spurningunni hvort að víðerni væru verðmæti og þá fyrir hvern skoðuð í þessu samhengi. Ætlunin var að skoða sérstaklega huglæga þætti sem til samans skapa óefnislegt verðmæti víðerna í huga þátttakenda.

Göngufólkið nefnir nokkra staði á hálendinu sem séu þeim sérstaklega mikilvæg, en það sem sameiginlegt var með þeim stöðum milli þátttakanda, er að þeir eru lítt snortnir eða ósnortnir. Þau ræða mikið um fjölbreytt náttúrufarsleg og landfræðileg einkenni eftirlætis svæða sinna í þessum hluta, þessar miklu andstæður séu afar heillandi. Aðspurð um hvað þau væru að sækja í á þessum svæðum brugðust þau öll eins við, að það væri búið að fjalla um það áður en endurtóku stuttlega helstu ástæður þess. Það rennir stöðum undir það að gildi víðerna, gildi miðhálandis og gildi útivistarinnar verði ekki aðskilið.

G1 nefnir Arnarfell hið stóra, Herðubreiðarlindir og Sprengisand. Hann virðist hallast að svæðum sem einkennast af því að vera svo kallaðar gróðurvínir. Svæðin eru afrakstur einstakra náttúrufarsþátta og einkennast af því að vera ósnortin í hans huga. Hann talar einnig um víðsýnina, fjallasýnina og að upplifunin af þessum stöðum einkennist af ró, frið og að ekkert trúfli. Hann sækir því mikið í upplifun einveru á þessum stöðum.

G2 nefnir Kverkfjöll og svæðið í kring, áður hafi Kárahnjúkasvæðið verið hrífandi en það sé verulega breytt núna. Þórsmörk kemst einnig á blað þótt það sé ekki hluti af miðhálandinu. Það eru þessar miklu landfræðilegu andstæður sem heilla hana og hún telur sig hafa sagt það oft hvað hún sækir inn á þessi svæði. Það sé samtengt gildi hálandis og útivistarinnar.

G3 nefnir mörg kennileyti en eftirlætis svæðin hans séu Arnarvatnsheiðin og svæðið í kring um Langjökul og svo fjallið Krákur. Gróðurleysið er áberandi á þessum stað en það komi honum sjálfum á óvart að hann sækist í þessi svæði því hann sé almennt hrifinn af gróðri, en nú finnst honum að auðnin sé jafnfalleg og „blómin á Arnarvatnsheiðinni“. G3 fékk ekki beina spurningu

um hvað hann væri að sækjast í á þessum svæðum. Hann lýsir því þó að það sé þess virði að sækja í þessa fjölbreyttu og einstöku upplifun á fjöllum og að hún sé loks á færi nútímamannsins.

Það er auðvitað hægt að nefna mjög marga, en ég myndi segja að þeir sem komast yfir Þjórsá sem er eingöngu farið á bát og komast í Arnarfell stóra, það svæði fyrir sunnan er eins og þvílík vin í eyðimörkinni og að horfa yfir svæðið og að ganga á Arnarfell og horfa yfir Þjórsá, þetta er eins og blómahaf. Og þetta er auðvitað alveg einstök upplifun, fyrir utan það að hafa svo varpsvæði heiðargæsa á Íslandi. Svo eru auðvitað svæði fyrir norðan eins og Herðubreiðarlindir, einstök fyrirbrigði þar sem vatnið úr Herðubreið fer undir hraunið og kemur þarna upp úr og myndar þann gróður sem er þarna. [...] Maður finnur þetta ekki í byggð sko, það er ekki hægt að bera þetta saman við eitthvað sem maður sér og upplifir í byggð nema kannski rétt í jaðrinum. Ef maður kemur upp fyrir Sigöldu og inn á Sprengisand þá er maður byrjaður að upplifa þessi víðerni og náttúru þarna, eins að koma upp vestan við Þjórsá, þar sem eru fossar og gróður þeim megin, þetta er auðvitað geysilega mikil upplifun þarna er ekki búið að eiga við neitt. Ósnortið land alveg. Ég get ekki séð að það sé hægt að bera þetta saman eins og í uppsveitum Borgarfjarðar, þetta er ekki til annars staðar. Auðvitað höfðu menn í gegnum aldirnar gagn af þessu, þarna var veiði og menn lifðu á þessu landi (G1).

Ég held að það sé tvennt sko sem við höfum komið inn á, það er náttúran og fjallasýnin og þessi upplifun og svo er það örugglega kyrrðin sem hefur mjög mikið að segja. Að upplifa þetta að menn séu komnir í frið það er ekkert að trufla. Það er þessi upplifun sem er mjög sterk. Að vera og helst ekki vera að flýta sér, gefa sér tíma til að vera þarna úti í náttúrunni og þetta er sterk upplifun (G1).

Ég held gríðarlega mikið upp á Kverkfjöll og þar í kring, mér finnst það einstakt svæði. Þar sem þú ert með eld og ís, þú ert með leirhverina bubblandi í ísnum. Þú ert með svo gríðarlegar andstæður og þú ert þarna uppi í 2000 m hæð og þú horfir yfir Öskju og Herðubreið og þarna er Snæfell sem ég held reyndar voðalega upp á líka. Það bara var eyðilaggt svo rosalega í Kárahnjúkavirkjun því miður að núna er bara sandfok [...] Og svo Þórsmörk, þó svo að hún sé ekki beinlínis inn á hálendinu þá er það Goðalandið (G2).

[S: Hvað er það sérstaklega sem þú sækist eftir þegar þú ert að sækja inn á þessi svæði?] Ég er búinn að segja það oft. Alltaf þetta sama. Finna villt jarðaber undir Búðahamri, skríða eins nálægt hreindýrahjörðunum, passa upp á vindáttina, leika indíána. Þetta er allt rosalega gaman (G2).

Ja ég er náttúrulega búinn að nefna þetta með Arnarvatnsheiðina og þar í kring það þýðir svæðið í kringum Langjökul líka sko, Arnarvatnsheiðin liggur náttúrulega að Langjökli. Ég er búinn að þvælast svolítið mikið í kringum Langjökul. Þetta er mjög merkilegt svæði að mínu mati. Það er nú svo skrítið sem það er að það er staður þar sem er sáralítill gróður. Það er hraun og svona tiltölulega erfið fjöll aftur kannski eins og Vífilfellið hérna. Ég veit ekki hvað þú hefur rýnt í það en þetta er eiginlega fjall á fjalli og ef þú stendur upp á Vífilfellinu þá er þetta eins og að vera kominn til tunglsins, mikið hraun og þannig. Það er eitthvað þannig og þá get ég talið upp Stóru Jarlhettu, Björnsfellin tvö, þetta er eitthvað sem heillar mig. Svo auðvitað Okið sem er þá hinum megin við, það eru svona svæði sem ég er hrifinn af. Það kemur svolítið á óvart því að áður hafði ég alltaf hugsað það þarf að vera gróðurvin til þess að ég sé ánægður, mikill gróður, blómalykt og eitthvað núna er ég kominn í það að vera bara sáttur við að það er bara urð og grjót en það er líka einstök fegurð í því öllu. Þú sérð það nú talandi um Krák að þá er nú Krákur orðinn einn af uppáhaldsstöðunum mínum, það eru um 20 km sem við löbbum það var heppni að við fundum einn smá blett sem við gátum tjaldað á. Það var mosi og svona smá lækur og við ákváðum að tjalda þar en vorum ekkert vissir hvort við ætluðum að halda aðeins lengra áfram en gerðum það ekki, sem betur fer gerðum við það ekki því það var ekkert, þetta var eini bletturinn á allri leiðinni. Þetta heitir svo sem Djöflasandur eða eitthvað álíka gáfulegt. En þetta er fegurð. Alveg eins og blómin á Arnarvatnsheiði eru fegurð (G3).

Víðerni sem auðlind

Göngufólkið er á þeirri skoðun að víðerni séu ómetanleg verðmæti og að þau beri að vernda. Þau nota til að mynda orðin „gífurleg auðlind“, „alveg ómetanlegt“, „ekkert dýrmætara“ og „það er ekki til verðmætari upplifun“. Víðerni séu ekki bara auðlind fyrir þá sem þangað sækja heldur fyrir samfélagið allt, það sé „nauðsynlegt fyrir fólk að vita að það sé til“. G3 talar einnig um að í auknum mæli sé talað um verndun hálendisins í samfélaginu. Að eiga svona lítt snortin svæði

beri að vernda og sé samfélagsorðræðan þannig að það sé ekki í lagi að „byggja þúsund herbergja hótél á Hveravöllum“ þá hvetji hún til þess að víðernin séu vernduð segir G3.

Já þetta er auðlind, gífurleg auðlind. Þess vegna sækja svo margir erlendir í þetta og það er ekki spurning að þetta er gífurlega mikil auðlind. Gífurlega mikil auðlind (G1).

Alveg ómetanlegt. Algjörlega, það er bara nauðsynlegt fyrir fólk að vita að það sé til. [...] Ómetanlegt er ómetanlegt, það er enginn verðmiði. Það sem er óverðmetanlegt er óverðmetanlegt. Þú setur ekki verðmiða á það, það væri tilfinningaklám (G2).

Ég meina það er ekkert dýrmætara en þetta sem ég var að segja þér áðan. Þú gengur upp á eitthvað fjall eða þú ferð inn á eitthvað svona ósnortið svæði eða lítt snortið, það er ekki til verðmætari upplifun í mínum huga. Það eru auðvitað ekkert allir sem geta notið þess, sumir eru bara fastir inn í sinni velmegun, ég meina þú reykir, þú vilt bara vera í 101 en þeir sem opna augun þeir læra það og það getur alveg verið að einu sinni á ævi hvers manns þá komi hann út í svona víðerni eða svona stað þar sem hann fær þessa sterku upplifun og þá er það kannski þess virði. En við nútímamaðurinn hefur svolítið verið að uppgötva þetta, [...] kannski er það af því að maður hefur tíma, nútímamaðurinn hefur tíma. Forfeður okkar þurftu bara að vera að berjast fyrir lífinu og þeir voru bara að hugsa um rollur og kýr og eitthvað svona þeir fóru aldrei hærra upp í landið heldur en að þeir smöluðu, það var bara kindurnar voru í þessari hæð og þeir voru í þessari hæð. Það hefði aldrei hvarflað að þeim að fara að klöngrast upp á Eiríksjökul, til hvers? Það er þessi upplifun, bæði að hafa verið þar og geta sagt ég hef verið þar. [...] Þetta skildu forfeður okkar ekkert en við skiljum þetta. Það var auðvitað árið 1960, enginn að hugsa um það að háspennulína væri sjónmengun. Þetta var bara, þú veist við erum farin að spá í þetta núna en við líka þurfum að hugsa um allt aðra hluti eins og útblástur og allt í einu eru jöklarnir að hopa það er að gjörbreytast náttúran, hafið er að súrna og það er okkar skylda að hugsa um þetta og okkar skylda að spyrna við fótum (G3).

Þetta er líka hugarfarslega gott því einhversstaðar finnurðu þér svona „platform“ og þú ert að vernda þetta jú og í leiðinni ertu að veita aðhald almennt séð sko umræðan um að vera ekki að byggja þúsund herbergja hótél á Hveravöllum hún

skapar svona, þá fer fólk að hugsa að það sé mikilvægt að víðernin sé látin í friði og svo framvegis. Og aftur kemur að því að kannski er þetta lífsspursmál fyrir komandi kynslóðir og ekki kannski, það er það. Að það hlýni ekki að það verði ekki þessi hlýnun sem ógnar allri okkar tilveru (G3).

Þannig að það er ekkert hægt að lýsa þessu og þetta verður aldrei reiknað til peninga hvað þú ert að hafa upp úr þessu (G3).

Sjónarmið um afmörkun og stýringu víðerna

Afmörkun víðerna

Göngufólkið er einhuga um gagnsemi þess að hafa skýrar skilgreiningar á víðernum, slíkt auðveldi umræðuna og setji skýr mörk sem sé nauðsynlegt til þess að ná fram sátt. Reyndar talar G1 um sáttina í þeim skilningi að hún sé þess eðlis að engum detti þá í hug að reisa frekari mannvirki á þessu stöðum. G2 telur að boð og bönn séu ekki leiðin heldur aukin virðing sem henni finnst skorta hjá mörgum landvörðum. G3 finnur það hjá sér í viðtalinu að umræða um þessa hluti sé af hinu góða og það sé gott að „hólfa þetta niður“.

Já ég held að það sé alveg nauðsynlegt að setja mörkin alveg skýr, hvar við viljum hafa þessi mörk, hvar verður bara ekki farið lengra með ákveðna hluti í ákveðna hæð yfir sjó og hvar þessi mörk byrja. Ég held að það sé nauðsynlegt að ná einhverri sátt um það þannig að það fari enginn að láta sér detta það í hug að fara inn á þessu svæði með mannvirki, ekki frekar en orðið er. Við getum nefnt sem dæmi Kerlingafjöll sem að truflar engan. Þarna er starfsemi fyrir hendi sem truflar engan. En öll frekari mannvirki á þessu svæði eins og virkjanir væri eitthvað sem þyrfti virkilega að huga að. En þetta er þetta að setja þessi mörk og ná sátt um hvar á að setja mörkin og segja bara við förum ekki lengra inn á þessu svæði (G1).

Já eins og ég er búin að segja. Lykilhugtakið í þessu heitir virðing. Sumir af okkar góðu landvörðum mættu stundum muna það að fyrirbærið sem þeir eru að tala við hinum megin við borðið er fólk og það á líka skilið virðingu. Það að þú segist vera landvörður gefur þér ekki allsherjarvald yfir því að stýra hvað aðrir upplifa. Það hefur mistekist eitthvað í uppeldinu á sumum landvörðum sérstaklega þeim eldri, þetta hefur eitthvað skánað. Ég held að lykilorðið er virðing, lykilorðið er jákvæð skilaboð og lykilhugtökin eru „taktu ekkert með þér

nema minningar“. Það eru þessi „ekki slíta blómin það kemur annar á eftir þér sem langar líka að fá að sjá það“. Vertu með jákvæð skilaboð ekki bara bann, bann það er óþarfi (G2).

Já mér finnst mjög gott að skilgreina þetta og afmarka, ég finn það bara þegar ég er að tala að tala við þig mér finnst það fínt að hólfa þetta niður að þú ert að tala um ósnortin víðerni annarsveggar og þú veist, við erum að tala um svo margbreytilega náttúru eins og Hornstrandir þar sem eru eyðibýli og eyði-byggðir. Mér finnst fínt að skilgreina þetta sem mest og best það einfaldar alla umræðu (G3).

Stýring víðerna

Þegar kemur að stýringu víðerna og þeim sjónarhornum sem mikilvægt er að hafa að leiðarljósi, lýsir hópurinn ólíkum áherslum. G2 vil draga úr regluverkinu og efla vitundarvakningu og G3 vill efla þekkingu og herða löggæslu, þeir sem brjóti af sér fái þá miskunnarlausar sektir eins og hann orðar það. Þau eru sammála um gildi samráðs en G2 bendir sérstaklega á að það þurfi raunverulegt samráð, ólíkt því sem hafi verið uppi á teningnum. Þau sjónarmið sem þau vilja hafa að leiðarljósi eru af tvennum toga, náttúruhverf og mannhverf. Þessi hópur er áberandi hvað varðar náttúruhverf viðhorf miðað við hina hópana. Helsti óvinur náttúrunnar sé maðurinn og það þurfi að vernda náttúruna frá þeim sjálfum í gegnum náttúruvernd. Útivist eigi að vera aðskilin náttúruvernd enda snýst útivist um hagsmuni þeirra sem sækja í afþreyingu í náttúrunni. Þetta séu ólík sjónarmið en geti farið saman.

G1 skilur ólík sjónarmið og ólíka hagsmuni þegar kemur að stýringu, því sé mikilvægt að komast að sátt um framtíðina. En sáttin eins og hann túlkar hana felur í sér að halda ásýnd landsins ósnortinni svo að komandi kynslóðir geti upplifað hana eins og náttúran skapaði hana. Ferðafélagið og Útivist hafi séð um hagsmunabaráttu hins almenna ferðamanns, það sé kominn góður skilningur á því að það þurfi samráð. Eftir því sem hálendið opnast meira séu að koma að því hagsmunastarfi fleiri aðilar, hvort sem um sé að ræða fólk í dreifbýli eða þéttbýli.

G2 bendir á að það sé eingöngu ríkið, sem er einnig eigandi hálendisins, sem getur komið að stýringu aðgengis víðerna. Hvað samstarf varði þá væri réttlátt að þeir sem njóti landsins fengju tvo fulltrúa á móti hverjum einum fulltrúa ferðaþjónustunnar og orkunýtingaraðila sem séu nýtingaraðilar hálendisins. Hún nefnir einnig annars konar stjórnun, að það verði „collegial stjórnun“ eins og tíðkaðist áður hjá háskólum, þar sem menn skiptast á að sitja í forsvari. Nauðsynlegt sé að gera útaf við klíkuskap og frændhygli. Þróunin hingað til hafi verið

uggvænleg, stórar breytingar hafi átt sér stað með auknu aðgengi og orkunýtingu en göngufólkið vill vernda víðernin og hálendið og vilja engar óafturkræfar aðgerðir.

G3 telur að ríkið eigi að efla þetta form útivistar sem mest því það hafi gríðarlegt lýðheilsulegt gildi. Það þurfi bættu fræðslu, öfluga löggæslu og svo miskunnarlausar sektir á þann sem brjóti af sér.

Sjónarhorn finnst mér vera þetta, að halda þessari ásýnd eins og hún er og eins og hún var, ósnortinni þannig að komandi kynslóðir geti notið þess og að við eyðileggjum ekki alla framtíð með einhverju mannvirkjum sem eru ekki afturkræf. Það er fyrst og fremst þetta sem mér finnst skipta meginmáli að það sé sem fyrst reynt að ná sátt um það, hvað má fara langt í þessu. Mér sýnist nú á öllum að það sé fullur vilji hjá öllum aðilum til þess en auðvitað takast á þarna gífurlega miklir hagsmunir eins og að koma rafmagni til skila. Byggðarlög í byggð vilja ekki fá þessar línur yfir sig, skiljanlegt, þá er spurning á ekki þá bara að koma þessu í jörðina með einhverjum hætti þannig að það sjáist ekki og á þeim stöðum þar sem það truflar ekki. [...] Það skiptir mjög miklu máli að fá að upplifa þetta eins og náttúran hefur skapað þetta. Jöklnir fóðra þetta með afföllum, eins og Þjorsárverin verða til með, vatn sem kemur af stóru svæði úr Hofsjökli og flatlendi þar fyrir sunnan og þannig skapast þessi gróðurvin. Nú ef að þessu landi er sökkt þá er þetta horfið, þessi gífurlega náttúruauðlind (G1).

Ferðafélagið, Útivist og fleiri hafa séð ástæðu til að spyrna við fótum. Það hefur verið uggur í mörgum þarna út af ákveðinni þróun, einmitt að þetta verði opnað alltof mikið og ekkert skilið eftir. Það veit ég að hefur verið í umræðunni í þessum félögum þó nokkuð lengi og það er fyrst og fremst hlutverk þessara félaga að gæta hagsmuna almennings, þessa almenna ferðamanns. Þessi áhugahópur sem er að stunda þessi ferðalög. Þess vegna hafa þeir komið heilmikið fram þarna fyrir hönd almennings í þessu eða benda á það hvar eigi að varast og hvað eigi að ganga langt (G1).

Ég held að það hafi nú skort á það [samráð] hérna áður fyrr. Það var ekki nægt samráð eða það var kannski ekki búið að þróa samráð nógu vel í upphafi, kalla til nógu marga. Það kemur meira með því að hálendið er að opnast meira síðustu áratuginna að þar af leiðandi koma fleiri að því sem ekki búa þarna nálægt jaðrinum eins og íbúar í þéttbýli sem eru flestir þessir ferðamenn og svo erlendir ferðamenn. En það held ég að þetta sé kominn nokkuð góður skilningur

á þessu í dag að það þurfi samráð og verði að vera samráð. Ég get ekki annað séð (G1).

Þegar þú segir óbyggt víðerni þá er þeim ekki stjórnað nema bara í aðkomu. Þá er maðurinn farinn að hafa veruleg áhrif og þá er það ekki ósnortið. Þegar þú ætlar að fara að stjórna þá ertu búin að missa það sem þú ætlaðir að vernda. En þú getur reynt að stýra aðkomu. Það getur enginn annar haft umsjón með því, þá er ég að tala um svona yfirumsjón, nema hið opinbera, ríkisvaldið með einhverjum hætti. Hvort það felur öðrum einstaka þætti en auðvitað verður löggjöfin að móta löggjöf og ramma. Það er búið að dæma núna í hálandismálum þannig að ríkið á allt hálandið. Ég sé ekki annað en að það sé samstarf sveitarfélaga, skipulagsvaldsins og ríkisins sem löggjafi verður að hafa þarna forystu og hafa þessa yfirumsjón og felur svo einstaka aðilum eins og sveitarfélögum á viðkomandi svæðum nánari útfærslur og svo framvegis og einstaka félögum eins og Náttúruvernd og slíkt (G2).

Ég held að það sé löngu tímabært að það sé ein stofnun sem hefur umsjón með þjóðlendum, með landinu okkar. Það er ekki forsætisráðuneytið eins og það er núna ég held að það sé, það væri afskaplega jákvætt en það yrði að vanda það alveg gríðarlega vel. Við erum alltof mikið klíkusamfélag ég er svolítið hrædd um hvernig slíkt yrði mannað. Samráðið þarf að vera mjög vídtækt. Við skrifuðum inn í löggin um Vatnajökulspjóðgarð um þennan aðskilnað á útivistarfólki og náttúruvernd vegna þess að þegar að ég er í náttúruvernd þá er ég að vernda náttúruna ekki síst fyrir sjálfri mér. Þá set ég mig í það guðlega sæti að vera málsvari fyrir náttúru og það þýðir að halda helsta ógnvaldi hennar í burtu sem er ég og vinir mínir og fólk. Eða koma skikk á það allavega. Þegar við erum í útivist þá erum við að hafa afnot af náttúrunni þannig að það er mjög ólíkt. Það þarf sem sagt að vera mjög vídtækt og gott samráð og stjórn slíkrar stofnunar hún þarf líklega, sko, ferðapjónusta fyrir mér er ekkert mikið skárri en orkunýtingin skilurðu, hún er ennþá gráðugri. Það er bara sorglegt það sem hefur verið að gerast. Þetta er svona gullgrafaraæði og því miður í mörgum tilfellum virðingalaust og tækjabrjalæði. Þannig að sem sagt fyrir tvo af okkur mættu þeir hafa einn. Af því að þú þarft að hugsa um fólkið sem býr í landinu ekki þessa gegndarlausu fénytingu. Það á að vera jaðar-„project“. Þannig já ein stofnun með mjög góðu samráði og samráð er ekki að vera búin að ákveða eitthvað og segja svo nú skulum við hafa samráðsfund og haga sér eins og Jón

Loftsson. „Heyra skal ég er erkibiskups boðskap en staðráðin er ég í að hafa að engu“. Það er það sem almennt er átt við með samráði. [...] Ég held að það þyrfti að vera dálítil svona „Collegial“ stjórnsýsla eins og gamlir háskólar voru. Það sé í raun og veru í tíu manna hóp þá skiptast menn á að vera forstjóri. Og hópurinn sé valinn á grundvelli víðsýni og faglegrar þekkingar ekki hver er frænda hvers og hver er í og hver er í réttum flokk (G2).

Mér finnst að ríkið eigi að gera sem mest og best í því að efla þetta [göngur], ég hef nú mikið talað um heilbrigðið sem hlýst af því að vera í þessari hreyfingu mér finnst að ríkið eigi að ýta undir það allt saman að koma fólki í þessa hreyfingu. [...] Hvað þurfum við að hafa að leiðarljósi? Já það þarf að passa að verja náttúruna fyrir mannum því að versti óvinurinn er maðurinn, það er að segja þú þarft að halda uppi þannig löggæslu að menn virði það, séu ekki í utanvegaakstri eða hverju sem er. Göngumaðurinn þarf að skilja það að hann tekur allt með sér. [...] Já bætt fræðsla og tiltölulega miskunnarlausar sektir, háar sektir á umhverfissóða (G3).

Hjólreiðahópur

Hugtakið víðerni

Einn viðmælandi úr hópi hjólreiðafólks, Hj1, nefndi hugtakið víðerni áður en kom að spurningum um víðerni en hann hafði nokkuð mikla reynslu af umfjöllun um hugtakið og skilgreiningu þess. Lagalega skilgreiningin á víðerni truflar hann að nokkru leyti, hann telur hana gallaða því það þurfi ekki nema eina vörðu til að ekkert víðerni teljist vera í ákveðinni fjarlægð frá henni. Hann er einmitt að sækjast eftir því á fjöllum að fara eftir gömlum slóðum og leita uppi rústir og skála sem ekki mættu vera í lagalegu skilgreindu ósnortnu víðerni.

Hj2 og Hj3 eru ekki kunnugar lagalegri skilgreiningu víðerna en báðar nefna víðsýni sem einkenni víðerna. Hj2 segir að það fyrsta sem henni detti í hug sé jökulsorfið svæði en vissulega geti víðerni verið margskonar landslag sem á það þá sameiginlegt að þar sé víðsýnt, ekki skógi vaxið og svæðið sé að miklu leyti ósnert af mannavöldum. Hj3 segist sjá fyrir sér landslag þar sem ekki sé mikið af mannlegum ummerkjum og talar þá um hús, bíla og fólksfjölda í því samhengi. Hún tengi einnig þakklæti og aðdáun við hugtakið, en hinir hjólreiðamennirnir segja ekkert um huglæga þætti sem þau tengi við hugtakið víðerni.

Þannig að sko þegar ég segi auðn, þá er ég kannski ekki að meina eins og í sandauðn, heldur svona það sem ég kalla svona ósnortið víðerni, hugtakið. [...] Sko ég fann ekki upp á þessu orði sjálfur og ég myndi örugglega ekki nota það nema af því maður hefur svona lent í því, bara í kringum lagatexta og svoleiðis. En víðerni er í rauninni bara ágætt orð yfir þetta sem maður er svona að leita að. Það hefur alltaf farið reyndar í taugarnar á mér þessi lagalega skilgreining á víðerni. [...] Ég hef skrifað umsagnir um náttúruverndarlög [...] strangt til tekið er hún skilgreind allt of þröngt. Eða, nei, við getum sagt vítt. Og þá lenda menn náttúrulega í vandræðum með það að það er ekki verið að skerða nein víðerni vegna þess að þau eru öll skert fyrir, bara samkvæmt skilgreiningunni. Þá er bara ljóst að ef það er varða hérna, að þá er ekkert víðerni í fimm kílómetra fjarlægð frá henni eða hvað það er. Og menn hafa eitthvað verið að reyna að fara til baka með það, bara vegna þess að það eru mannvistarleifar alls staðar á hálendinu. [...] En þær trufla mig ekki, vegna þess eins og ég sagði, ég er að leita í kofana, ég er að leita í rústirnar (Hj1).

Þá sé ég fyrir mér, þá sé ég fyrir mér, eh, í rauninni gamla jökulsorfna, eða jökulsorfið svæði. Hvort sem það er í formi bergs eða sands, það er svona, ég held að víðerni geti verið mjög mismunandi. Bara þegar þú segir víðerni, að þá er það þetta sem ég sé. En það er í rauninn kannski skiptir ekki öllu, nema þó, að víðerni fyrir mér er kannski, það er svona mikið til svæði sem er lítið snert af manna völdum og það sem þú, þótt það sé náttúrulega fjöll, kannski á svæðunum en það er búið að, þú sérð yfir mikið svæði. Það er ekki heft af einhverju. Og þú veist, það er ekki heft af skógi, jafnvel (Hj2).

Það er bara landslag með ekki mikið af bílum, ekki mikið af húsum, og helst ekki mjög mikið af fólki (hlær) ekki svona troðið af hérna, já, þar sem er mjög þétt, þar sem maður hittir mikið af fólki. Það tengist ekki ákveðnu landslagi fyrir mig. Það er helst sko, bara kannski að vistkerfið sé í jafnvægi, eins og það á að vera. Og hérna, já, svona fjölbreytt landslag og helst ekki mikið skóglendi. Af því það er ekki í kjörvistkerfi okkar sko. Mér finnst sjálfsáð tré alveg bara mjög falleg sko. Og sem eru upphaflega hérna, en ekki uppræktaðir skógar. Það er kannski bara að það er ekki skógur, og maður geti séð yfir allt, og maður sér bergið og maður sér lággróðurinn og já, maður sér fjöllin. [...] Já, ég tengi náttúrulega bara þakklæti oft. Og aðdáun. Aðdáunin á sköpunarverki náttúrunnar og margbreytileikanum (Hj3).

Hugtökin „ósnortin víðerni“ og „óbyggð víðerni“

Í umfjöllun hjólreiðamanna um það hvort munur sé á ósnortnum eða óbyggðum víðernum vill Hj1 einna helst rekja muninn til mismunandi mannlifa, hvort um sé að ræða gamlar minjar eða nýjar leifar. Hann dýpkar svar sitt með því að útskýra það jafnvægi sem þarf að vera til þess að hægt sé að njóta svæðanna, það þurfi ekki uppbyggða vegi en þegar að degi lýkur að þá sé gott að geta leitað í skála. Það að hann vilji alls ekki mikla uppbyggingu en telji vera þörf á lagmarkspjónustu fyrir útivistarfólk leiðir af sér þá ályktun að hann telji það miður að víðernisskilgreiningin eigi ekki við þegar slík mannleg ummerki séu til staðar.

Hj2 segir að líkast til ætti að gera greinarmun á hugtökunum en fyrir hennar leyti þá upplifir hún náttúruna sem ósnortna þótt það séu til staðar mannleg ummerki.

Hj3 gerir ekki skýran greinamun á hugtökunum og tengir hugtökin beint við ósnortna og svo byggða náttúru, en talar þó ekki um upplifun sína af hvoru fyrir sig.

Já, já, kannski það sem svona raunverulegur munur á þessum skilgreiningum er í rauninni um svona manneskjuleifar er einhvern veginn svona nútímalegar, eða svona einhvern veginn iðnaðartengdar leifar, gagnvart svona þessum gömlu leifum eða fornleifum eða rústum. Auðvitað eitt af því sem maður, ég og bara margir aðrir, erum í baráttu sem maður hefur hreinlega aldrei unnið, það er til dæmis að við viljum ekki uppbyggða vegi yfir hálendið. Og, en við viljum að það sé einhvers konar vegaslóði samt þarna. Eitthvað svona sem hjálpar manni að koma áfram. Ekki endilega að við viljum að það sé hægt að keyra það, en náttúrulega bara það að fara yfir hálendið, það á að vera ferðalag. Og ef það er kominn einhver uppbyggður vegur, þá bara ertu, ferð bara þarna yfir á einhverjum dagsparti. Og þá ertu bara hvorki að sýna sjálfum þér né hálendinu neina virðingu. En, þannig að, já, maður vill vera laus við sem flest svona meiri háttar mannvirki en samt er svo rosalega notalegt að koma, eins og í Herðubreiðarlindir og þar er, þegar þú ert búinn að fara yfir alla svörtu sandana og þar er þessi fíni Ferðafélagsskáli. Og svona, þetta er rosalega notalegt að koma þarna. Maður vildi frekar hafa þarna skála en ekki. En maður vill kannski ekki fá sjoppu þangað. [...] Auðvitað er mín persónulega skoðun sú, að við ættum að reyna að hafa sem fæst ummerki, svona, nútímans á hálendinu. Eftir því sem því verður við komið. Hins vegar þarf náttúrulega einhverja þjónustu við herna þá sem eru á hálendinu. Og við þurfum náttúrulega, við erum þarna að nýta hálendið og höfum alltaf gert, hvort sem er til landbúnaðar eða, og svo

auðvitað með orkuna í dag. Og það er, það er svona spurningin, við viljum ekki endilega fá meira af því. Við þurfum að halda, eða ættum að reyna að láta ekki ganga meira á ósnortnu víðernin en allra nauðsynlegast er (Hj1).

[S: Finnst þér að það ætti að gera greinarmun á milli ósnortinna víðerna eða óbyggðra víðerna, almennt?] Æ, veistu ég veit það ekki. Ég hérna, var bara þínu, þar sem að mér til dæmis finnst vera ósnortið, það hefur samt alveg að geyma þarna einhverja skála og einhverja fjallavegi sem hafa verið frá því að ég byrja að stunda útivist. Þannig að, það kannski, ekki hægt að segja alveg ósnortið, en það er klárlega ekki, það verður klárlega ekki eins ef þú byrjar að byggja eitthvað á þessum svæðum. Þannig að ég veit ekki alveg. Kannski maður ætti að gera greinarmun þarna á milli (Hj2).

[S: Þekkirðu eitthvað til hugtakanna ósnortin víðerni, eða óbyggð víðerni?] Já, það er munur þar á. Ósnortin náttúra er kannski þar sem hún hefur orðið til sjálf og hérna og allur gróður kemur þangað af því að hann er borinn þangað af náttúrulegum ástæðum. Á meðan að kannski byggð náttúra, eða þá gerir maður væntanlega ráð fyrir að þar séu einhverjar byggingar til að þjónusta fólk (Hj3).

Gildi víðerna

Hjólreiðafólkið var spurt að því hvaða víðerni eða svæði á hálendinu þau teldu sérstaklega mikilvægt fyrir sig og hvað það væri sem heillaði þau við þann stað. Einnig voru þau beðin um að reyna að meta verðmæti víðerna. Með þessu móti voru huglægir þættir sem skapa óefnislegt verðmæti svæðanna kannaðir.

Hjólreiðafólkið nefnir ólík svæði, til að mynda sækir Hj1 einna helst í gróður en Hj2 og Hj3 lýsa fegurð svæðanna, víðáttunni sem þar finnst, andstæðurnar og fjölbreytnin sé heillandi og svæðin geti verið bæði gróðursæl og gróðurlaus til að vera falleg. Þau eiga það sameiginlegt að upplifun einveru á svæðunum sé afar mikilvæg. Einnig minnst þau á að það sé andleg upplifun að vera einn með þessari miklu náttúru og áskoruninni við leiðangra sína. Þau upplifi frelsi og komist frá sínu daglega amstri. Öll gildin komu fram hjá þeim þegar rætt var um gildi útivistarinnar og gildi miðhálandisins

Hj1 segir að Arnarvatnsheiðin og Þjórsárverin séu meðal uppáhaldsstaða hans. Hann sé meira hrifinn af grónum svæðum eins og á Arnarvatnsheiði og sækir að miklu leyti í það að vera fjarri öðrum. Þetta sé að miklu leyti andleg upplifun, einveran sé eftirsótt og vísar hann í laglínuna „óbyggðirnar kalla og ég verð að gegna þeim“.

Hj2 nefnir sérstaklega Fjallabak sem sinn upphaldsstað og einnig Hekluhraunið. Það sem heillar hana er fegurð svæðanna sem felst í fjölbreyttu landslagi. Hún sér fegurðina líka í gróðurminni svæðum og finnst þessar andstæður í náttúrunni heillandi. Hún upplifir frelsi og hamingju við útivistina og umfram allt er einveran eftirsóknarverð.

Hj3 nefnir sem sín upphaldssvæði Heklusvæðið, Þjórsárdalinn og umhverfi hans, Herðubreið, Sprengisand og Snæfellsnesið, þó það síðasttalda sé ekki á miðhálandinu. Af landfræðilegum einkennum séu jöklarnir í sérstöku upphaldi hjá henni enda hafi þeir mótað landið að miklu leyti. Við útivist á miðhálandinu segist hún ná að kúlpla sig út úr daglegu lífi, hvort sem hún sé með manni sínum eða í félagsskap vinkvenna. Það er áberandi að hún sækir í upplifun einveru líkt og Hj1 og Hj2. Á miðhálandinu upplifi hún víðáttu og óbyggðir. Það að ögra sjálfri sér og náttúrunni sé einnig spennandi og er áskorunin því hluti af því sem heillar hana við útivist á miðhálandinu.

Eiginlega einn af mínum, upphaldsstaðurinn minn er Arnarvatnsheiði og hún er þannig séð nokkuð flöt. Eiríksjökullinn er þarna alltaf, svo lengi sem er skyggni. En hún er gróin samt. Svona að mestu. Og manni líður auðvitað bara betur á grónu landi en á ógrónu landi. En þannig að, þetta er fyrst og fremst er þetta að vera einn og fjarri öðrum. Þú veist, maður er svo rosaleg mannaféla. [...] Ég meina það er ýmislegt sem hefur áhrif á mann. Í rauninni, sko í rauninni eru áhrifin fyrst og fremst það að maður fer núna síður á þá staði þar sem eru fleiri ferðamenn. Á meðan fer maður frekar á sem sagt, ja til dæmis bara, svo ég nefni Kárahnjúkana. Bara sú staðreynd að það er búið að setja brýr yfir Jökulsá á Eyjabökkunum og við Kárahnjúka, þýðir að nú kemst maður leiðir sem maður komst ekki áður og jafnvel leiðir þar sem fáir aðrir ferðamenn fara um. Þannig að þetta hefur svona, kannski fært mann aðeins til. Það hefur fært mann meira úr alfaraleið yfir í svona fámennari leiðir en svona ferðamennirnir hrekja mann af aðalstöðunum og blessaðar virkjanirnar okkar eru búnar að opna kannski þá aðeins ný svæði fyrir okkur á móti. Þó að maður vilji gjarnan vera laus við þær, þá samt sem áður þá opna þær þessar leiðir og maður tekur svona því sem er að manni rétt. [...] Það má kannski segja að þetta er okkur hvatning til að fara og rannsaka fleiri afkima hálandisins (Hj1).

Ef það er víðernið sem þú ert að sækja í, þá er víðernisupplifun mjög eigingjarn fyrribæri. Vegna þess að það er þá þú en ekki hinir. Ég held að það sé bara best

að orða það þannig. Ég og almættið eða bara ég og veröldin og hérna, já. Óbyggðirnar kalla og ég verð að gegna þeim, það er eins og það er (Hj1).

Það er Fjallabakið eins og það leggur sig. Það hefur mjög svona djúpstæð áhrif á mig. Og þangað leita ég mjög gjarnan í flestum mínum ferðum. Það er það sem kannski mér finnst skemmtilegast við það svæði er að þau eru svo ótrúlega hrá. Það er það sem mér finnst, ég held svona, flottast við Ísland. Að Ísland er gífurlega fallegt. En það er rosalega hrátt. Þannig að það eru ekki, það er ekki allra. Sumir eru einhvern veginn, sjá fegurðina bara í blómum, ökrum, eða svona gróðurmeira svæðum, en mér finnst fegurðin rosa mikið liggja í rauninni sko, ekki endilega vöntun gróðurs, af því það er náttúrulega alveg, en samt, af því að þetta eru svæði sem eru miklir „kontrastar“ á. Bæði einhvern veginn í eðli sínu. Með svona mismunandi hluta náttúrunnar. Þeir eru með þú veist jökla, þeir eru með eldfjöll, þeir eru með hrauntraðir, þeir eru með sætar litlar lækjarsprænur og beljandi jökulár. Allt á sama svæðinu. Og sama hvernig þú ferðast um þetta svæði til dæmis, þá ertu með mismunandi, eða bara gjörólíkt einhvern veginn landssvæði frá morgni og til kvölds. En það sem er kannski helst einkennandi er að þetta eru óbyggðir og þetta er gífurlega hrátt. Og það er rosa fallegt. [...] Viðbrögðin sem það vekur hjá mér er einhvern veginn, það er frelsistilfinning og það er hamingja. Og það er líka stór partur af þessu eins og ég nefndi áðan, að hvort sem, ég er einhvern veginn ein eða hvort sem ég er í hópi, með minn guide-hóp eða í hópi góðra vina, að það er þessi tilfinning að vera einn á svæðinu (Hj2).

Já, mér finnst, Heklusvæðið mjög skemmtilegt. Og Þjórsárdalurinn og allt þar í kring. Svo finnst mér líka mjög fallegt fyrir norðan. Herðubreiðar- Sprengisandur, það er lengra að sækja þangað. [...] Jöklarnir eru uppáhalds, það sem þeir eru að móta. Og allt þeirra umhverfi. [...] Snæfellsnesið líka, ég fer mjög líka þangað. Það telst reyndar ekki miðhálandi, en hálandi samt. [...] Ég hugsa að það sé bara, það er færri fólk þar. Og það er meiri víðátta og það er svona meiri óbyggðir. Og hérna, mér finnst mjög spennandi að vera þar af því að maður þarf að vera að takast á við, ef ég er að hugsa um, já, maður þarf að vera svolítið sjálfbær og sjálfstæður til þess að geta farið þarna. Og það er svona svolítið, maður er svolítið að ögra náttúrunni og sjálfri sér. Já, mjög mikið, að sjá hvað ég get og, hvernig ég pluma mig í svona aðstæðum? [...] Mér finnst mjög gaman að fara líka, bara ég ein eða ég og maðurinn minn eða eitthvað svoleiðis sko.

Ég sækist líka mikið í það. Félagsskapurinn kemur bara svona með. Mér finnst bara alltaf gott að vera, alveg sama hvort ég sé ein eða hérna í félagsskap, eða hérna, mér líður bara alltaf vel í náttúrunni. [...] Já, það er líka annað, maður breytir bara um, maður kastar alveg frá sér, bara öllu daglegu amstri (Hj3).

Víðerni sem auðlind

Hjólreiðafólkið er sammála um að víðerni séu mikils virði, jafnvel ómetanleg. Víðerni eru Hj1 persónulega afar mikils virði. Hj2 telur hálendið skapa mun meiri verðmæti fyrir ferðamenn og útivistarfólk en með annarri nýtingu. Hún telur að með vaxandi ferðamannastraumi og á því hversu einstakt það sé að hafa slík svæði á heimsmælikvarða sé ekki annað hægt en að vernda þau. Sömuleiðis finnst Hj3 mikilvægt að reyna að halda víðernum eins ósnortnum af manna völdum og hægt sé.

Fyrir mig er víðernið mjög mikils virði. Ég ætla ekki að svara því hvort það er auðlind í þeim skilningi. Það er náttúrulega auður. Hvort hún sé lind, ég veit það ekki (Hj1).

Já, klárlega [verðmæti] sko. Og það er náttúrulega, þegar Ísland byrjar að virkja þarna á sínum tíma, einhverja kappkosti þarna í kringum Kárahnjúkavirkjun og allt það, þá náttúrulega var rosalega mikið talað um það að þetta væri svæði þar sem enginn, hvort eð er færi á. Og þá var túrisminn svo lítill. Einhvern veginn bæði innlendur og erlendur að það var kannski ekki beinlínis, eða að þeirra raddir heyrdust ekki nægilega hátt. En núna er orðið nokkuð ljóst að hér er kappkostar fólk til þess að koma einmitt til þess að upplifa þessa sérstöku tilfinningu, að vera einn í heiminum og að vera á svæðum þar sem að þú getur í rauninni ekki tengt þig við, eða mjög lítið manngert. Það eru bara, og líka ferðast mjög mikið um heiminn og það eru bara ótrúlega fá svæði í heiminum sem hafa þessa kosti. Þannig að þetta eru alveg einstakir kostir. Og ef við erum, sem við erum að gera, svona að fara óvenjulega, að auka við ferðamennsku okkar, hvort sem það eru Íslendingar eða erlendir ferðamenn, að þá finnst mér ekki spurning með að við reynum nú það sem við eigum eftir allavega, að geyma það eins vel og við getum. Því að fyrir þetta er fólk að koma og fyrir þetta erum við að fara upp á hálendið (Hj2).

Þetta er eiginlega bara gimsteinn. Þetta er einn af fáum stöðum í heiminum sem er ennþá ósnortinn af hérna, hvað á maður að segja, af manna völdum. Ef þú

ert í Evrópu þá geturðu ekki keyrt í 5 mínútur án þess að sjá hús. Já, ég held að þetta sé ómetanlegt. Ég held að við ættum að reyna að halda því þannig, en það er kannski ekki hægt. Ég held að það sé ekki hægt (Hj3).

Sjónarmið um afmörkun og stýringu víðerna

Afmörkun víðerna

Viðmælendur töldu að gagnlegt væri að afmarka víðerni frekar. Hins vegar voru þau ekki hrifin af hugmyndum um þjóðgarð þar sem þau höfðu öll neikvæða reynslu af kynnum sínum af Vatnajökulsþjóðgarði og einstaka þjóðgarðsvörðum. Töldu þau að hertari reglur gætu heft aðgengi útivistarfólks enn frekar. Um þetta voru þau öll einhuga um.

Hj1 telur hlynntur því að vernda hálendið fyrir stórtækum framkvæmdum en er ekki jákvæður gagnvart rekstri þjóðgarða. Mikilvægt sé að þeir sem sækja á hálendið geti notið víðerna. Friðlýsing gæti þó verið góður kostur fyrir sum svæði, til dæmis Þjórsárverin.

Hj1 tengir afmörkun víðerna við að vernda hálendið fyrir meiriháttar innviðabreytingum sem sé jákvætt en um leið gæti það líka skapað fleiri hömlur á ferðafrelsi sem væri mikill ókostur. Hann telur að skoðanir fólks um þjóðgarð séu yfirleitt ekki byggðar á reynslu en hann ber Vatnajökulsþjóðgarði ekki góða sögu. Margir hverjir sem sækja á hálendið hafi rekið sig á það „bákn“, stjórnað af mönnum sem setja leikreglurnar eftir þeirra forsendum en ekki t.a.m. forsendum útivistarfólks. Hann nefnir líka samskiptavanda milli tiltekins þjóðgarðsvarðar og hópa útivistarfólks. Þessar ástæður valda því að hann er ekki hrifinn af þjóðgarðshugmyndinni þegar kemur að afmörkun og verndun víðerna. Hinsvegar er hann hlynntur friðlýsingu að mörgu leyti og nefnir Þjórsárverin sem gott dæmi um svæði sem sé „ljómandi fint að friðlýsa“ en honum finnst óþarfi að því fylgi rekstur heillar stofnunar á svæðinu. Það skipti máli hvernig sé staðið að friðlýsingu og hverjir stýra.

Hj2 er ekki viss um hvernig afmörkun víðerna sé háttáð í dag en mögulega yrði það til góðs að skilgreina þau betur. Þótt þjóðgarður verndi svæðið fyrir virkjunum er hún ekki hrifin af því að hefta aðgengi þeirra sem þangað sækja. Hún talar einnig um að fólk sem aðhyllist ólík útivistarform þurfi að bera gagnkvæma virðingu hvert fyrir öðru.

Hj3 segir hina hliðina á bættri afmörkun víðerna geta skapað meiri hömlur. Hún leggur mikla áherslu á að þó að það sé erfitt, að takast á við málið, að aðgengi sé ekki heft eins og raun ber vitni með tilkomu Vatnajökulsþjóðgarðs.

Í skoðanakönnun fyrir skömmu, það var svona spurningin var þessi: Vilt þú að þjóðgarður, Vatnajökulspjóðgarður eða þú veist, það verði stofnaður þjóðgarður um allt hálendið? Og hvort það voru svona 2/3 sem sögðu já og 1/3 sem sagði nei. Nú gæti maður hafa ályktað að já, það þýðir það að 2/3 Íslendingar séu náttúruunnendur og svo er 1/3 einhver vondir virkjunarsinnar. Það sem mig grunar, að þetta hafi snúist um, var það að 2/3 Íslendinga fara aldrei upp á hálendið, eða nánast aldrei og vita raunar voða lítið um það. Og svo er 1/3 af Íslendingum sem að sækir hálendið. Þegar þú sækir í hálendið þá hefurðu einhvern tímann rekið þig á Vatnajökulspjóðgarð. Sko hérna, Vatnajökulspjóðgarður er bák. Og þar eru menn sem eru að stjórna, setja reglur sem að hérna, líta á það að nýting svæðisins til útivistar skuli vera á þeirra forsendum en ekki annarra. Við til dæmis vitum það að það er þjóðgarðsvörður fyrir norðan sem að hefur nokkurn veginn lent í deilum við alla þá hópa sem að þjóðgarðsvörður þarf að hafa samstarf við. Þannig að hérna, eða það er allavega það sem mig grunaði var þetta að allir þeir sem hafa fengið að njóta hálendisins og farið í gegnum Vatnajökulspjóðgarð, það voru helst þeir sem höfðu efasemdir um það væri rétt að, framlengja þetta bák víðar. Nú erum við komin, farin að tala um stjórnun. Svo getum við kannski talað um friðlýsingar, sem er kannski annað. Tölum t.d. bara Þjórsárverin eða eitthvað svoleiðis, sem er einn af mínum uppáhaldsstöðum, þá er ljómandi fínt að friðlýsa hluti, en það þýðir ekki endilega að þú þurfir að reka heila stofnun á staðnum. Og svoleiðis. Þannig að hérna, ef við erum svona að spá í þá spurningu: Vil ég friðlýsa hálendið? Að mörgu leyti já. Það skiptir máli hvernig það er gert og á hvaða forsendum og hverjir eru látnir stjórna. Og þeir sem stjórna mega ekki vera mestu öfgamennirnir okkar á sviði náttúruverndar (Hj1).

Ég veit ekki persónulega hvernig þetta er nákvæmlega núna. En, jú, ég hugsa hérna, að það væri ágætt að afmarka víðerni skýrar. Það þyrfti ekki að vera svona mikið af eða á, það gæti verið einhver millivegur líka. [...] Já, þar finnst mér svona aðallega ætti að vera, sko notkunin á svæðinu fyrir fólkið i landinu. Ég er ekki með neinn gríðarlegan „tolerance“ fyrir þeirri skipulagningu á svæðinu í rauninni í tilliti til virkjanamála, hvort það sé raforka eða hitt. [...] Ef þú hugsar um svona ástæðurnar, aðalástæðurnar fyrir því að það er búið að vera að vinna hart að því að stækka þennan þjóðgarð [Vatnajökulspjóðgarð], það er bara til þess að koma í veg fyrir að svæðið sé virkjað. Eða það er svona aðalástæðan.

Þannig að klárlega þá skiptir það mjög miklu máli, en ég er samt, varðandi svona þjóðgarða og önnur svona vernduð svæði, þá er ég samt þannig þenkjandi að ég vil heldur ekki, fólk verður líka að geta sko notið svæðanna almennilega. Það má ekki vera bara einhvern veginn á kostnað alls. Að það bara komist enginn lengur á svæðin. Þá er heldur ekki markmiðunum náð. En svo að það sé þannig að það sé ekki verið að virkja eða keyra út um allt. Eða einmitt, byggja einhver einkahýsi eða einhverja sölubása (Hj2).

Já, en ég held líka að það geti, búið til meiri hömlur sko. Þetta er svolítið, það er rosalega erfitt að takast á við þetta, af því að hérna, það er bara svo breytt landslag í öllu hjá okkur sko. Efnahagurinn er annar og það er svo mikil ásókn í landið. Að hérna, ég held við getum ekki haft þetta eins og þetta hefur verið. Þar sem þetta hefur bara verið frjálst sko. Af því að það eru ekkert allir sem elska Ísland jafn mikið og við sko (Hj3).

Ég veit að Landsvirkjun vill virkja hverja einustu á hérna, sem hún kemst í. Og mér finnst að það þurfi svolítið að hamla því. Það þarf að standa á móti því. [...] Til dæmis þessi þjóðgarður norðan Vatnajökuls. Hann heftir svolítið ferðamennsku. Og mér finnst mjög gott að vernda hálendið, en mér finnst að fólk eigi að fá að njóta þess eins og það hefur gert í gegnum áratugi og árhundruð. Og mér finnst vera búið að hefta það. Aðgengi fólks að þessum stöðum (Hj3).

Stýring víðerna

Varðandi spurninguna um hvort stýra þyrfti umgengni um víðerni á annan hátt og hvaða sjónarmið ættu að vera höfð að leiðarljósi mátti heyra að hjólreiðamennirnir hallast nánast eingöngu að mannhverfum sjónarmiðum þó þau séu öll sammála um að vernda þurfi náttúruna gegn ágangi þegar aðstæður, veðurfar eða lífríki kallar á lokun á svæðunum, en stýring svæðanna ætti ekki að skerða aðgengi að óþörfu. Þau vilja nýta hálendið í þágu sinnar útivistar og eru á móti því að ferðafrelsi þeirra sé skert vegna ákvarðana þeirra sem ekki hafa hagsmuni útivistarfólks að leiðarljósi.

Hj1 er opinskár og bendir sjálfur á tvískinnunginn í því að finnast það í lagi að banna aðkomu annara en ekki sína. Hj2 ræðir um hvernig þessi sjónarmið þurfi að haldast í hendur og að samráð milli aðila sé leiðin til sátta og lausna. Hj3 ræðir um að fræða þurfi þá sem sækja upp á hálendið og á þá sérstaklega við um erlenda ferðamenn. Beita þurfi sektum í auknum mæli,

gerist menn brotlegir við reglur og það þurfi að fylgjast með ferðum jeppaferðamanna sem koma á erlendum bílum sem mögulega eru of þungir eða óhentugir á hálendinu.

Oft er komið jafnvægi milli einmitt verndunar og nýtingar. Þá er spurningin Hvað er nýting? Ég er að nýta hálendið. Þannig að ég vil, já. Svo held ég að ég fari nú sæmilega vel með það og skilji helst ekki eftir mig rusl og svona, eða ummerki. Þannig að ég er bara staddur í þessum eigingjarna fasa, ég vil nýta hálendið en ég vil helst ekki að aðrir geri það. [...] Og, en, - þú veist þar sem eru vegir, þar eru vegirnir komnir og orðnir, að þar finnst mér ekki að eigi að ganga eitthvað langt í að skerða vélknúna umferð. Það er auðvitað hægt að loka vegum á grundvelli þú veist bara aurbleytu og þess háttar. Hugsanlega kunna einhverjir aðrir hagsmunir að vera, eins og varpland fugla eða hvað svona sem kann að vera nauðsynlegt út af því. En ef maður í rauninni sko, komum aftur inn á mína hagsmuni, þá vil ég ekki að það sé einhver maður sem segir að ég megi ekki ferðast þarna. Þó að ég sé mjög sáttur við að einhver maður segi að það megi ekki reisa virkjun þarna. Og ég er líka alveg mjög sáttur við það ef það væri einhver maður sem segði að þú mættir ekki fljúga þarna yfir á þyrlunni þinni. Og þú mættir ekki keyra þarna á snjósleðanum þínum og eitthvað svoleiðis. En svo vil ég ekki að sá maður segi við mig þegar ég er í vetrarferð á mínum fjallajappa að ég megi ekki keyra þar sko. Bara svona, tvöfeldni í þessu eins og öllu öðru (Hj1).

Já, þá sem sagt í rauninni snýst þetta nokkurn veginn um það að ég er, ég vil vernda hálendið fyrir frekari svona, meiriháttar „infrastrúktúr“ breytingum. Ég vil hérna hins vegar ekki ganga á mörk fyrir því að takmarka ferðafrelsi okkar á, það er reyndar mjög flókin umræða með ferðafrelsi [...] En þannig að, alla vega eins og ég segi ég er einmitt áhugamaður um að viðhalda almannaréttinum (Hj1).

Ég klárlega myndi setja umhverfisverndunarsjónarmiðin fyrst og síðast. Já. Og svo hérna, hvað hitt varðar, þá finnst mér algjörlega eitt að hérna búa til hita og raforku til eigin nota, en ekki til þess að selja áfram í hendur einhverra stóriðjumanna. Mér finnst það ekki, mér finnst það vera algjör skammtímalausn, þannig að ég hef í rauninni, ég vil helst bara fá það út af þessum lista. Já. Stjórnun þarf í rauninni bara að vera beggja blands. Eins og hefur verið gert svo sem, á sumum svæðum, það sem er farið að vera meiri ágangur eða þar sem

er extra viðkvæmur jarðvegur til dæmis eins og mosi að þá hefur verið svona í meiri mæli eða ríkari mæli til dæmis, stikað. Og, já, svo má náttúrulega alveg opna, þegar lengra líður, það fer alveg eftir því hvað þú ert að gera. Til dæmis, það er alveg munur hvort þú ert að labba um svæði eða hvort þú ert að hjóla um svæði. Og getur hreinlega ekkert hjólað svona út í það óendanlega, til dæmis um öll svæði eins og þú getur kannski meira gengið um þau, allavega ef þú ert einn, ekki með hóp af fólki á eftir þér. Þannig að, það svona væri hægt að stýra þessu kannski aðeins meira með því. En þá ertu líka náttúrulega komin með þú veist að setja upp kannski, einhver svæði þar sem er bannað að hjóla. Þar sem er mikill og fallegur mosi þar sem er auðséð að hann muni skemmast. Og sama á kannski við um hestaferðir. Þú veist, þær eru líka svona, og ennþá meira í flokki hérna, í svona sem gætu verið jarðvegseyðileggjandi heldur en hjólreiðarnar (Hj2).

[Aukin] samvinna myndi bara gera það að verkum að það kæmi ekki upp eitthvað regluverk sem fólkið er ekki samsinnt og þú veist, sumir fara í fýlu og bara eins og hefur gerst með vegi sem hafa verið lokaðir. Fólk ætlar ekki að fara að láta einhvern karl úti í bæ segja sér að það megi allt í einu ekki keyra þar sem það er búið að vera að keyra í 20 ár. Þannig að samvinna held ég að sé alveg lyklatríði. Það myndi koma kannski líka fleiri lausnir á hvernig væri hægt að gera þetta (Hj2).

Til dæmis, það komu hérna strákar sem voru á reiðhjólum, fjallahjólum, og þeir voru held ég breskir og fóru bara yfir náttúruna að okkar mati bara mjög óvirðulega. [...] Það er eitthvað svona sem við þurfum að passa upp á. Af því að við hin, það er búið að prenta þetta svo inn í okkur að við erum með svo viðkvæma náttúru að við þurfum að umgangast hana af mikilli virðingu og mér finnst það eigi svona, kannski þurfi að, fólk sem ekki þekkir íslenska náttúru og er kannski af erlendu bergi brotið og er ferðamenn, það þarf einhvern veginn að kenna þeim þessa virðingu líka, virðingu fyrir landinu. En þau bara lesa það í tímaritum erlendis að þau geti bara vaðið hérna út um allt. Upp um allt og út um allt. Þau kannski ætla sér ekki að skemma neitt. En bara gera það í ógáti [...] Kannski þarf bara að reyna að fræða fólk sem kemur hingað. Það má alveg beita viðurlögum, ef fólk gerist brotlegt, mér beita sektum, eða einhverju slíku og það þarf náttúrulega að vita það. Að ef það hagar sér eitthvað óskynsamlega, þá verður það sektað (Hj3).

Og líka þegar fólk er að koma hérna með Norrænu, maður hefur oft séð að það eru risastórir trukkanar, með fjölda fólks sem sefur inni í þessum trukkum. Þeir eru að fara á veginna okkar, þar sem eru kannski þungatakmarkanir og þeir eru að fara utanvega og skemma. Og mér finnst, ekki nógu gott eftirlit með þessu. [...] Það mætti eiginlega bara einhvern veginn sko láta fólk borga bara eitthvað gjald, það tekur allar vistir með sér. Það er ekkert í rauninni að versla hérna. Við erum ekkert að græða á því að fá það sko. Þau eru ekki einu sinni að borga fyrir það sem þau eru að gera (Hj3).

Hestamennskuhópur

Hugtakið víðerni

Tveir viðmælendur í hópi hestafólks, He3 og He1, höfðu nefnt hugtakið áður en komið var að spurningum um víðerni. He3 talaði þá um miðhálandið sem ósnortið víðerni í tengslum við spurningu um umhverfisvitund og He1 hafði nefnt hugtakið í tengslum við að víðerni og ósnortin náttúra væri eitthvað sem snerti alla.

Í þessum hluta tengja He1 og He3 hugtakið við svæði á hálendinu þar sem finna má mismunandi landslag og að þar sé ekkert eða lítið manngert. He1 segir frá upplifun ferðamanna af dreifbýli landsins, það jafnist á við víðerni í þeirra huga. He3 nefnir einnig mismunandi víðerni, og tekur Afríku sem dæmi. Á Íslandi sé einkenni víðerna skortur á trjágróðri, þar sé víðsýnt og einstök kyrrð. Mögulega einn og einn fugl, en hún tengir hljóð sterkt við upplifun sína í víðerni. Hj2 segir einfaldlega að „það er þetta sem maður er að upplifa. Það er nú það sem er“ þegar hann er spurður um hvað sé það fyrsta sem honum detti í hug þegar hann heyri orðið víðerni. Hann talar einnig um fjölbreytileikann í landslaginu og víðsýnina. Kjölur kemur sterkt upp í hans huga.

Ja, þá, ja víðerni svona í jákvæðum skilningi, þá er það svona svæði eins og víða á hálendinu. Þar sem er sko, já, ekkert manngert, en samt svona mismunandi landslag. Eins og segjum við hérna sandarnir á Suðurlandi sko. Það er líka víðerni. En ekkert rosalega spennandi. Að mínum augum. Ég þekki þá ekki nógu vel. En þetta á við um allt hálandið þar sem er svona, venjulegt landslag og fjölbreytt landslag, að, bara, gífurlega, gífurlega stórt og hefur, og margt sem tekur á sig ýmsar myndir. Og þetta á náttúrulega mjög víða við. Og

alltaf plús ef þetta er ekki mjög manngert. En í sambandi við, auðvitað geri ég mér grein fyrir því að það verður að byggja eitthvað (He1).

Já. Þetta þykir, þetta sko svona strjálbyggðar sveitir eins og þær eru núna. Þetta þykir, til dæmis, við erum svo vön þessu allavegana við sem búum í sveitinni og hinir náttúrulega, úr þéttbýlinu, að sumu leyti líka og líta á þetta sem einhverja bara steingervinga. En útlendingum finnst þetta spennandi. Og hérna, og þetta er eitthvað sem ég segi alltaf sko, segi alltaf ferðamönnum, sem eru keyrandi eða ríðandi eða hvernig það er sko, að upprunalega sambýlisform Íslendinga er dreifbýli. Svona "Strau" eins og Þjóðverjar segja. Ekki þorp, ekki borgir. Bara, Reykjavík varð til á síðustu öld og fyrir mikið af útlendingum virkar þetta bara sem víðerni, myndi ég segja. Ekki síst á veturna, þegar það er snjór yfir öllu, þannig að maður sér alltaf, í ljósaskiptunum sko, þá sér maður ljósín á bæjunum. Þá sér maður hvað það er rosalega langt á milli bæja. Og þetta þykir gífurlega merkilegt (He1).

Ég held það sé meira upplifunin og fjölbreytileikinn sko, það er það sem að – En sandurinn er magnaður sko. Þegar þú ert þarna sko uppi á toppi getur maður sagt. Við Nýjadal og ert að fara þaðan og á leiðinni suður sko. Horfir yfir þetta allt saman. [...] Ja, það er náttúrulega svolítið þegar maður er á leið á milli Suðurlands og Norðurlands. Mér finnst þetta alveg magnað, hvort sem það er Kjölur, það er náttúrulega meira landslag á Kili, breytilegt sko. En það er þetta svæði sem ég náttúrulega hugsa um strax þegar þú segir þessi orð. [...] Sko þau eru náttúrulega mörg [svæðin sem flokkast undir víðerni]. Þetta er ekki bara eitt svæði. Maður hefur farið yfir Arnarvatnsheiðina líka sko með öll þessi vötn. Það er enn ein birtingarmyndin svo dæmi sé tekið. Þannig að þetta er svolítið fjölbreytt (He2).

Ég er náttúrulega bara strax er komin upp á hálendið sko. Á Íslandi. En auðvitað geta verið víðerni víða annars staðar. En það er, ég held að það sé eitthvað svona órofið, hvað á maður að segja? Þetta er, þú sérð náttúrulega vítt, það felst svolítið í orðinu. Að, þú sérð, lest eitthvað landslag sem er stórt og hefur vítt útsýni, getur maður sagt. En líka, að það sé svona einhvern veginn órofið af einhverju sem truflar þessa sýn. Ég veit ekki hvort þetta nær að dekkja það sem ég er að meina. Kannski gæti svona víðerni, ég meina, maður gæti líka séð fyrir sér sléttur Afríku. Þar sem þú sérð dýr og náttúru í einhverju stóru landslagi. Þar

sem ekki eru manngerðir hlutir sem trufla þessa upplifun. Það er kannski ekki endilega, útsýni er kannski ekki alveg rétta orðið, en já (He3).

[Tengist] kannski ekki beint jarðmyndunum, en þetta orð tengist samt alveg ótrúlega sterkt bara miðhálandi Íslands. Það er ekki hægt að neita því. [...] Ég held að það sé svolítið þessi víði sjóndeildarhringur, hérna á Íslandi. Af því við erum náttúrulega ekki með skóglendi uppi á hálandinu. Við erum ekki með, eins og ef ég tek aftur Afríku sem dæmi, þá gætirðu alveg verið með víðerni, en þú ert samt inni í, þú getur verið með að hluta til inni í skógi (He3).

[S: Eru einhverjir huglægir þættir sem þú tengir við orðið? Einhver upplifun?] Já alveg klárlega hljóðið. Það er þetta að vera ekki með, truflaður af vélargný eða einhverjum utanaðkomandi hávaða. Og ég get líka alveg tengt við þetta hljóð sko, ákveðin fuglahljóð. Eins og svona einhvers staðar lengst uppi á, þar sem þú ert kannski bara með eitt stöðuvatn og það er einn himbrimi sem að, þú veist, það eru einhver svona, geta verið svona einhver hljóð sem eru alveg, eina hljóðið kannski sem þú heyrir, í þessum aðstæðum (He3).

Hugtökin „ósnortin víðerni“ og „óbyggð víðerni“

Spurt var hvort að viðmælendur könnuðust við hugtökin „ósnortin víðerni“ eða „óbyggð víðerni“ og hvort að þau telja almennt rétt að gera greinamun á víðernum.

Upplifun þeirra af þessum hugtökum er sú að óbyggð víðerni beri vott um meiri mannleg ummerki en ósnortin. Tengt verðmæti víðerna þá telur He1 að ósnortin víðerni séu meira „spennandi“ og mögulega því eftirsóttari en áttar sig einnig á því að um leið og það fer að verða ágangur um ósnert víðerni að þá gætu þau ekki talist ónsert lengur. He2 telur að mögulega liggi munurinn á þessum tveimur skilgreiningum í því að í ósnortnum víðernum sé minna manngert áreiti. He3 tengir óbyggð víðerni við eitthvað manngert í umhverfinu, en hún þekki hugtökin eingöngu af sinni eigin upplifun og segir frá upplifun sinni um svæði fyrir og eftir að malbikaður vegur var lagður. Slæmt eða takmarkað aðgengi sé hluti af upplifun víðerna. Það sé almenn vitundarvakning um mikilvægi víðerna. Þá skynja He2 og He3 ekki (reið)vegi sem aðskotahlut í ósnortnum víðernum, þeir trufla ekki upplifun þeirra.

Þetta er bara eitthvað sem ég hef ekki velt fyrir mér sko. Og ég myndi álíta það að ósnortin víðerni væru talin vera spennandi. En þá er náttúrulega alltaf þetta vandamál að ef það, ef of margir sækja hið ósnortna víðerni, þá verður það

einhvern tímann orðið, ekki, þá verður það einhvern tímann ekki ósnortið víðerni. Svo ég geri mér algjörlega grein fyrir þessu vandamáli. Og þetta þarf einhvern veginn, þarna er þessi, þessi gullni meðalvegur og af því við vorum að tala um vegagerð áðan, að, tala um Kjalveg til dæmis. Nú er umferðin orðin svo mikil þar. Það verður ekkert aftur snúið. Þá held ég að það sé illskárra úr þessu að vegurinn verði allavegana sæmilega fær. Betur fær en hann er núna. Það sé bara því miður, eða kannski ekkert því miður, ég veit það ekki, það verður ekkert aftur snúið (He1).

Ja, náttúrulega ósnortið, þá sérðu ekki neitt. Það er ekkert sem truflar þig sem er af manna völdum. Ekki nema bara þessi vegur sem náttúrulega verður að vera. En ekkert annað (He2).

Ja allavega um leið og þú segir óbyggð víðerni, þá tengi ég það strax við eitthvað manngert. Að það sé þegar eitthvað manngert búið að gerast, meðan ég tengi við ósnert, að þá sé það án inngripa sko, getur maður sagt. [...] Mín tilfinning er að fólk sé almennt að vakna mikið til meðvitundar um hvers virði þetta er. Og miðhálandið og ósnert víðerni, það eru fleiri og fleiri að skilja þetta. En ég held að fleiri og fleiri séu að átta sig á því hvað þetta skiptir gríðarlega miklu máli. Og eflaust er ferðaiðnaðurinn, hann hefur áhrif á það líka, því nú er allt í einu settur verðmiði á þetta út frá ferðamenskunni, sem tekjulind. Meðan að ég þekki þetta náttúrulega fyrst og fremst bara út frá upplifuninni og tilfinningunni að meta þetta. [...] Og ég fór til dæmis ríðandi, ég fór ríðandi inn á Eyjabakkasvæðið. Þarna um árið þegar umræðan var sem mest um að það færi undir lón. Og ég er til dæmis búin að koma inn á þetta svæði þar, ríðandi, meðan ekkert var búið að gera. Og keyra svo bílveginn inn að Kárahnjúkavirkjun á svipuðum slóðum sko. Og ég verð að viðurkenna, ég er rosalega þakklát fyrir að hafa upplifað þetta svæði áður en malbikaði vegurinn kom. Sko, bara af því að það breytir algjörlega upplifuninni að ferðast þarna. Fyrir utan náttúrulega, Kárahnjúkavirkjun sem mannvirki, hvers lags fórnir þurfti að færa fyrir því sko. En hérna, þess vegna er mér líka mjög hugleikið þetta með aðgengið. Að menn mega ekki bara hlusta á rútubilstjórana sem vilja þægilegri vegi til að skemma ekki rúturnar. Því allt þetta er partur af því að upplifa þetta sem víðerni og sem ósnortið. Það er hluti af upplifuninni að vera á vondum vegi ef þú ert á bíl eða á hesti, og það eru hreinlega ekki þess konar vegir sko (He3).

Gildi víðerna

Hestafólkið nefnir ólík svæði sem eiga það sameiginlegt að einkennast af auðnum og andstæðum. Það sé þessi fjölbreytta ósnortna náttúra sem sé aðlaðandi en þau nefna fá önnur atriði þegar þau eru spurð um hvað heilli þau við þessi svæði.

He1 nefnir Arnarvatnsheiðina sem hann sækir mikið í vegna atvinnustarfsemi sinnar en nefnir líka Kerlingarfjöll, Þjófadali og svæðið í kringum Langjökul. Síðan séu mörg skemmtileg svæði í Þingeyjarsýslunum sem heilla hann einnig. Það sé samspil ósnortins landslags og upplifunarinnar sem heilli hann sérstaklega við þessi svæði.

He2 nefnir Sprengisand, eyðimörk með jöklasýn, en einnig leið frá Hveravöllum og yfir í Árbúðir. Þetta séu ólíkir staðir en það sé það ósnortna sem hann sækist í.

Að mati He3 eru Arnarfellin „*mögnuð upplifun*“, það sé ávallt gaman af fara um Fjallabaksleið og svo sé einstakt að smala inni í Landmannaafrétt. Það hafi verið fáfarnir staðir en mögulega sé ásóknin að breytast. Henni líki vel við auðnina, andstæðurnar í landslaginu, gróið land og litadýrð. Það sé þetta fjölbreytta landslag sem hún sæki í.

Ja, ætli hverjum þyki ekki sinn fugl fagur og verð ég þá ekki að telja Arnarvatnsheiðina og samt veit ég að í augum flestra er hún það nefnilega alls ekki. En, mhm. Ég bara þekki ekki nógu vel til sko. [...] Kerlingarfjöll eru líka skemmtilegt svæði. Og Þjófadali og allt svæðið í kringum Langjökul er mjög skemmtilegt. Og, ég veit ekki hvað ég á að, svo er náttúrulega í Þingeyjarsýslunum eru náttúrulega, ótal svæði víða sko sem eru mjög skemmtileg (He1).

[S: Hvað heillar þig sérstaklega við þessi svæði?] Ja, það auðvitað hangir bara saman sko. Þetta landslagstengda og upplifunin hangir, og ekki skemmd af þú veist, mannanna verkum. Ég held að það sé bara það (He1).

Já, þú segir nokkuð. Þú segir nokkuð. Ja, ég man alltaf eftir þegar ég fór nú bara suður yfir Sprengisand sko, en þetta stendur upp úr sko. Að vera þarna. Það voru fallegir dagar allt saman og svo náttúrulega – Þannig að veðrið hafði hjálpaði upp á sko. Ég veit ekki hvort maður yrði eins glaður ef maður lendir í snjóstormi eða eitthvað slíkt sko, sem getur gerst sko, þó það sé komið fram í júlí eða ágúst. Og ég veit að við höfum lent í því líka eða bróðir minn, hann fer alltaf þessa ferð. Það er þetta svæði sko, annars vegar, þessi eyðimörk þarna sem er þarna á hálendinu og með þessa jökla, við förum nú nálægt þeim líka. og síðan hefur mér alltaf fundist líka þessi leið frá Hveravöllum og yfir í Árbúðir,

sem eru hjá Hvítavatni. Þetta er líka, þetta er svolítið öðruvisi sko, en þú ert með svo mikið landslag. Það er náttúrulega, það getur verið svo breytilegt sko. [S: Það eru tveir mjög ólíkir staðir, þannig að þeir eiga ekki stór sameiginleg umhverfiseinkenni.] Já, mjög ólíkir staðir, nema þú ert þarna innan um eitthvað sem er ósnortið sko, það er það sem heillar. Mér finnst þetta skipta afskaplega miklu máli (He2).

Mér finnst náttúrulega, ef ég tek bara Arnarfellin, þar er náttúrulega svo mögnuð upplifun sko. Og, já, mér finnst alltaf jafngaman að ríða Fjallabaksleið [...] Og til dæmis, að fara og smala inni í Landmannafrétt er náttúrulega einstök upplifun. Og þá er maður líka kannski á þannig tíma, að það er ekki eins mikið af fólki sko. Það er kannski helst svona það sem þú lendir inni í á gisti-, á áfangastöðunum þar sem þu gistir, að þar er kannski að breytast, mannfjöldinn og sko, þetta eru að verða miklu ásetnari staðir en þetta voru (He3).

Já, ég held að það sé þetta sambland af auðn, og hérna, grónu landi, og svo litadýrð, líka. Bara í fjöllum og umhverfi. Og náttúrulega mörg þessi svæði eru líka háhita- eða hitasvæði. Þannig að það er, þú ert með svo miklar andstæður í náttúrunni, allt frá heitum laugum og yfir í svo algjörar auðnir. [...] Það er bæði held ég þetta, sko sem hestamanneskja og að ríða um þessi svæði, það er oft bara ágætisgötur. Eins og Fjallabaksleið t.d. þar eru bara mjúkar reiðgötur. Þetta eru ekki hérna, en á sama tíma ertu með svo stórbrotið landslag. Þannig að þú ert ekki að klöngrast í gegnum eitthvað grjót og urð. Það er til dæmis eitt. Auðvitað eru kannski eitthvað mismunandi. Ég held að það séu þessar ofboðslegu andstæður sem maður er að sækja í. Mismunandi landslag að fara í gegnum, og hérna, bara umhverfið, fjöllin, umhverfið, útsýnið. Já. Ég held það (He3).

Víðerni sem auðlind

Þegar þau eru spurð um hvort þau líti á víðerni sem auðlind játa þau því öll. Því tengdu segir He1 einnig að góðir reiðvegir séu auðlind, hvort sem að þeir séu á hálendinu eða jaðrinum. En þeir séu þverrandi auðlind vegna aukinna takmarkana að hans mati.

He2 telur að Ísland sé eitt af fáum ríkjum í Evrópu sem eiga þessa auðlind sem felst í víðernum, sem sé eftirsóknarvert og þýðingarmikið fyrir framtíðina. Fyrir þá hópa fólks sem ekki sækir í

útvíst á hálendinu séu verðmætin hins vegar ekki mikil og ekki ólíklegt að þeir hópar vilji sjá annarskonar nýtingu á hálendinu.

He3 segir að víðerni hér á Íslandi séu ómetanleg og stór hluti af markaðssetningu Íslands til ferðamanna. Víðerni munu verða enn meiri auðlind í framtíðinni á heimsvísu.

Já. Já. Og talandi um hestamennskuna aftur. Ég hef alltaf sagt sko, Góðir reiðvegir eru auðlind. Til dæmis. Eða góðar reiðleiðir, þá er ég ekki að tala um vegi heldur bara einhverjar leiðir þar sem er hægt að ríða um úti og í við náttúruna, það er auðlind. Og þessa dagana, því miður, gífurlega þverrandi auðlind. Þegar alltaf er verið að loka um svæðið og það er ekki endilega uppi á hálendinu, það er frekar svona í jaðrinum (He1).

[S: Myndirðu telja að víðernin væru auðlind?] Já, algjörlega. Og mikil auðlind. Og auðlind sem við erum sko eitt af fáum ríkjum í Evrópu sem eigum. Í dag. Eitthvað sem margir vilja koma til að sækja, heimsækja. Já mér finnst það [hafa þýðingu fyrir framtíðina] [...] Fyrir þá sem ekki fara og ekki hafa áhuga á þessu, [eru verðmætin] væntanlega ekki svo mikil. Þá er það bara væntanlega, vilja þeir kannski bara sjá einhverja virkjun eða að rafmagnið sé leitt til þeirra. Nægjanlegt kannski. Já, selt einhverjum stórum fyrirtækjum og ríkið fái meiri tekjur og sé meiri hagsæld og „bla, bla, bla“ (He2).

Já, ég held að, þetta er náttúrulega ómetanlegt. Í rauninni. Þetta er svo verðmætt. Eins og ég segi ég held að þetta sé bara sko, að við séum bara rétt að byrja að fatta það, hvað þetta er raunverulega verðmætt. Og, það er ekki langt síðan við höfðum sko, við höfðum sko víðerni frá sjávar til sjávar. Þvert yfir landið. Og hérna ég held að einmitt þetta með sko, ef við skoðum bara ímynd okkar, hvaða ímynd erum við alltaf að selja? Um myndir, hughrif, og hvað stór hluti af því er akkúrat þetta. Þessi víðerni, þessi, þetta landslag sem er svo einstakt uppi á hálendinu. Að bara sem vörumerki, eitt og sér, fyrir Ísland, er þetta sko ómetanlegt. Og það nota þetta allir. Það er sama hvort þú ert að selja, liggur við fisk eða kjöt eða skilurðu, það er eiginlega sama hvað er verið að markaðsetja fyrir Ísland. Þá er þessi mynd dregin upp. Og ég held að þetta sé bara verðmætara en flest sem við eigum hérna. Þetta á eftir að verða enn meiri auðlind. Sem sagt á heimsvísu, heldur en við erum búin að fatta núna (He3).

Sjónarmið um afmörkun og stýringu víðerna

Afmörkun víðerna

Aðspurð um hvort að þau teldu æskilegt að afmarka víðerni almennt skýrar en gert hafi verið snérust umræðurnar hjá hestamennskuhópnum um gagnsemi þess að friða hálendið. Þau töldu það ekki aftra ferðafrelsi sínu og að með því að friða hálendið væri tryggt að svæðið nýttist útivistarfólki og ferðamönnum og að það yrði verndað fyrir ágangi.

He1 talar um að hann sé mjög hlynntur því að gera allt hálendið að þjóðgarði. Þótt hann hafi ekki haldgóða þekkingu á stjórnun þjóðgarða þá hafi hann góða reynslu af Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og telur það því vænlegan kost til að vernda víðerni. Auk þess geti friðun svæðisins haft jákvæð áhrif á ferðamennsku.

He2 talar um að nýta eigi hálendið sem útivistarsvæði, þar sem fólki geti upplifað þessa víðáttu og ósnortnu svæði. He2 bendir á að hálendið skapi útflutningstekjur þar sem það sé eitt helsta aðdráttarafl landsins og ferðaþjónustan að verða stærsta atvinnugrein landsins.

He3 talar um að það þurfi að „draga hring um hjarta landsins“ en minnst ekki beint á þjóðgarð. Draga þurfi úr ágangi á viðkvæm svæði og mögulega stöðva ákveðna ferðamennsku í jaðri hálendisins. Hálendið sé menningararfur sem þarf að vernda og eins sé mikilvægt að verja þjóðbrautir sem hafi verið færar hestum frá aldaöðli.

Já, mjög trúlega. Einhvern tíma heyrði maður það hvort það ætti ekki bara að gera allt hálendið að þjóðgarði. Ég gæti vel unnið með það að það væri mjög gáfulegt. Sko, svo eru sumir náttúrulega að selja, telja sko að þegar það er orðið þjóðgarður að þá sé eitthvað svo bundið, fastbundið einhverjum. Ég hef nú ekkert mikið orðið var við það. Ég er mjög mikið í Snæfellsþjóðgarði og verð nú ekki var við nokkurn skapaðan hlut þar. Ekkert sem truflar mig. Já, ég held að það sé bara allt af því góða. Ég þekki þetta mjög lítið. Ég er mjög illa að mér í þessu, hvernig þetta stjórnkerfi virkar. En ég held að þetta sé frekar gáfulegt. Og það hljómar rosalega vel sölulega. Að geta nánast sagt að maður er þarna í einhverjum þjóðgarði. Ég hef ekki orðið var við það [að þjóðgarður skerði ferðafrelsi]. Ég held ekki. Og ég held meira að segja hið gagnstæða raunar, að þjóðgarðsverðir og starfsmenn þjóðgarða séu yfirleitt mjög hlynntir ferðamönnum. Ég held það sé nú svolítið þeirra „djobb“. Ég held það sé bara af hinu góða (He1).

Mér finnst eins og það eigi að stofna þjóðgarð. Þar sem þetta er bara alveg skýrt og vel skilgreint. Þetta svæði er okkar stærsti þjóðgarður. Sem er þá miðhálandið allt saman. Þannig að við þurfum ekki að vera að ströggla í þessari baráttu, við erum alltaf í þessari sömu baráttu, ár eftir ár eftir ár. [...] Að þetta sé nýtt sem útivistarsvæði og fólk eigi þess kost að upplifa það sem slíkt. En ekki að það sé einhver hættu á að það séu þarna raflínur eða nýjar virkjanir verði reistar eða eitthvað slíkt þarna inni á þessu svæði. Það væri alveg hræðilegt. [...] Fyrir þá sem vilja upplifa svæðið sem er eins og þetta, ósnortið og þessa víðáttu, geta upplifað þetta sem, sem slíkt. Mér finnst eiginlega að stærsti verðmiðinn liggur eiginlega í þessu. Og þegar ferðapjónustan er farin að skapa stærstu, mestu útflutningstekjur okkar, eins og þeir gera og bilið er að breikka milli ferðapjónustunnar og sjávarútvegsins og mun gera á næstu árum, ef þetta heldur svona áfram, þá er sko, auðlindin hún liggur svolítið í þessu (He2).

Ég held að við þurfum bara að fara að draga hring um hjarta landsins. Og segja bara: Hér eru verðmæti sem að verður bara alltaf að meta með sérstökum hætti. Og hérna, og ég held að svona í mínum huga, þá held ég að þetta, að það þurfi að stoppa ákveðna trafik kannski svolítið í jaðrinum. Og taka það kannski í skömmum inn á þetta viðkvæma svæði sko. En hvernig það verður nákvæmlega gert, veit ég ekki. [...] Mér finnst það allavega mjög mikið atriði að verja þessar þjóðbrautir sem hafa verið frá aldaöldli færar hestum. Að það sé passað upp á það, því sé ekki lokað. Og ég get nefnt sem dæmi til dæmis, Kónsvegurinn, sem var nátturlega lagður sem reiðleið á sínum tíma. Það er til dæmis leið sem mætti gjarnan, sko hún er náttúrulega í byggð, hún er ekki uppi á hálandi, en það er eitthvað sem mér finnst að eigi að varðveita sem þetta. Auðvitað er líka bara menningarlega merkilegt að halda í þetta (He3).

Stjórnun víðerna

Hvað varðar að stýra umgengni um víðerni nefna þau ekki sérstaka aðila eða stjórnunarform, heldur nefna þau frekar lausnir við bættari umgengni og takmarkanir við auknum ágangi. Þau minnst á lausnir eins og fræðslu, til dæmis að bæta þekkingu með námskeiðum fyrir leiðsögumenn. Einnig að hefta aðgengi eins og gert er erlendis og takmarka gistimöguleika og segja að Íslendingar þurfi ekki að vera hræddir við stýringu.

Hvað varðar hvaða sjónarmið ættu að vera höfð að leiðarljósi við stýringu víðerna eru bæði mannhverf og náttúruhverf sjónarmið greinileg. Hestafólkið virðist telja að útivist og þarfir

náttúrunnar geti haldist í hendur, að þeir sem séu að nýta náttúruna og vilji halda því áfram, til dæmis ferðapjónustuaðilar, verði að gæta þess að það ganga ekki á þau svæði.

Samráð við hagsmunahópa telja viðmælendur af hinu góða, en eins og He1 nefnir þá þarf ef til vill að huga að svæðum eins og afdalabyggðum sem eru nú komnar í einkaeigu og eru nýjir eigendur tregari til að leyfa fólki að fara um svæðin.

Það er allt of mikið á ferðinni af fólki á hálendinu sem er ekkert útivistarfólk, það er vandamálið. [...] Ég held að svona alvöru útivistarfólk og þarfir náttúrunnar, ég held að það haldist í hendur í mjög mörgum tilfellum eða flestum tilfellum. Held ég. En, það væri kannski hægt að koma upp á einhverjum frístundanámskeiðinum sko í umgengni við náttúruna og kannski hugsanlega í tengslum við, við herna leiðsögumanna, kannski væri hægt að koma upp einhverju nýju formi af leiðsögumennsku. Hugsanlega. Þar sem væri aðeins tekið meira til þarfa náttúrunnar. Því eins og þú heyrir þá er ég náttúrulega eitthvað sko með hugann við ferðapjónustuna en samt vil ég ekki gera lítið úr ferðamennsku Íslendinga sjálfra um landið. En að vísu finnst mér hún vera að færast leiðinlega mikið í það að menn séu alltaf akandi út um allt (He1).

Ég myndi segja að á þessu svæði sem ég er með, ef við mælum umgengnina í sorpi sem skilið er, þá hefur staðan batnað, af því að við förum að taka til, eða sem sagt, ég tek náttúrulega til eftir hina líka sem skilja allt eftir. Þá hefur þetta bara batnað og það hefur borist, og það hefur líka svolítið meðal íbúa sveitanna, þeir bera orðið meiri virðingu fyrir svæðinu eftir að þetta fór að verða svolítið ferðamannasvæði. Og ég held, það fer svolítið eftir nýtingunni og hvernig þeir halda utan um það. Það þarf ekki að vera til hins verra. Svona að vissu marki sko. Þetta er algjörlega laust við allan akstur, þetta eru gönguferðir nú orðið (He1).

Ég held að þetta sé í sambandi við hálendið í mínum huga er það í þokkalegu lagi, það er voðalega lítið vandamál hálendið. En svo er náttúrulega gífurlega mikið svæði á Íslandi, sem ekki er hálendi en eru svona einhverjar afdalabyggðir, sem eru komnar í einkaeign og þar er vandamálið. Þar má orðið ekki neitt. Og víða út um land. Einhverjar jarðir komnar í einkaeign og þótt að þetta séu jarðir upp á tugi ferkílómetra stærð að þá bara líta menn á þetta sem garðinn sinn og það má ekkert, og þarna er brotalömin í almannarétti gífurlega mikil. Í gegnum árin hef ég ótal sinnum þurft að semja við einhverja bændur að fara um

landið þeirra og mér hefur aldrei verið neitað. Við höfum sameiginlega fundið einhverja góða leið og fundið einhverja góða lausn og það er allt í lagi (He1).

Já, að friðlýsa svæðið og svo er náttúrulega allt í lagi að, koma fyrir ákveðnum upplýsingaskiltum eða þannig, að fólk geti áttað sig á því hvar það er, og hvað það er sem er sérstakt við þetta, ef það er eitt á ferð. Miðla einhverri fræðslu eða, já, eða við mörkin eða hvernig menn vilja hafa það sko [...] En ofboðslega væri það flott ef eitt af þessum álverum myndi loka. Auðvitað væri það ákveðið áfall fyrir þá sem vinna þar. En þá bara gildir það að það er líka til nóg af orku. Og það tekur einhver ár náttúrulega að selja hana einhverjum öðrum. En það myndi skapa þarna ótrúlega möguleika. Og náttúran fengi að vera í friði í mörg, mörg ár (He2).

Ja sko, ég segi nú fyrir mitt leyti sko að menn tala nú oft um að fólk kannski gangi ekki alveg nógu vel um. Og þetta útivistarfólk, til dæmis að upplifa utanvegaakstur og svo framvegis. Mig grunar, án þess að ég náttúrulega viti það alveg, en mig grunar að ef þú ert í ferð sem þú getur bara tengt það saman, útivistarferðamaðurinn sko, að hann, sko þegar hann er í hópi eða með hóp sem er undir leiðsögn, að þessir hópar fara nákvæmlega eftir settum reglum. Þeir eru ekki að skemma út frá sér. Á sama hátt og hinn einstaki aðili getur gert sem kannski ekki þekkir nægilega vel til. Þannig að ég vil svolítið tengja þetta saman. Mér finnst, þetta á samleið. Það er kannski alveg eins gott og verður náttúrulega alltaf þannig að þessi ferðapjónustufyrirtæki sem eru náttúrulega að nýta sér hálendið að þau náttúrulega, vilja náttúrulega halda áfram. En þau gera þetta undir slíku verklagi, að það á ekki að vera að ganga á náttúruna (He2).

Maður hefði haldið að, til dæmis, kannski á ekki endalaust að fjölga gistimöguleikum. Gistimöguleikar eru ákveðin takmörkun. Nú er bara ekki pláss fyrir fleiri, en kannski aðeins erfiðara að stýra því ef þú ert með tjald, ég veit það ekki. Ætlum við bara að láta allt vaxa eftir þrýstingnum, eða ætlum við bara að segja: Hér ætlum við ekki að vaxa. Hér verður ekki gistirými nema fyrir, þennan fjölda. Nú er ég bara að segja eitthvað sko, sem dæmi. Já, en eins finnst mér líka, nágrenni Landmannalauga og hérna, hálendið þar. Þeir eru með svona, svona týpískur vegur þar sem að er mjög mikið af bílaleigubílum og mikið af fólk á eigin vegum sko. fyrir utan rúturnar og hérna, ég veit ekki hvort þetta er hluti af markaðssetningunni. Ákveðið sport að fara þarna á jeppa og bruna í árnar

eins og maður hefur horft á fólk gera. Að taka tilhlaup í árnar (hlær). Og þetta er eitthvað sem var víst alveg rosalega svona truflandi sko. Þetta er ekki þessi virðing við hérna, náttúru„elementin“, sem maður er alinn upp við. Það eru alls konar svona líka hópar, svona „extreme“ ferðamennska. Eins og að hjóla sko, að bruna niður fjallshlíðar. Fyrir mér var þetta bara alveg út úr kortinu, að þetta sé að gerast í þessu umhverfi sko. Menn mæta bara með sín torfæruhjól og bruna einhvern veginn og ég veit ekki hvernig á að ná utan um allt þetta sko, en það er einhvern veginn á meðan við segjum ekki, setjum engar bremsur eða, einhvern veginn eins og allt sé leyfilegt, þá eykst þetta bara (He3).

Við sem Íslendingar, finnst við eiga ákveðinn rétt og hafa, með sköttum og skyldum svona, eiga eitthvað umfram alla sem koma að heimsækja okkur. En í grunninn erum við auðvitað öll sömu ferðamennirnir. Þannig að það er svolítið erfitt að fara að setja einum hóp önnur skilyrði en hinum sko. En ég held einhvern veginn að það þurfi líka að nálgast þetta í gegnum sko, þá sem eru að selja, eða skipuleggja þessar ferðir sem eru seldar inn í. Að það er allavega ákveðin stýring sem hægt væri að, þar er allavega einhver leið til þess að ná í einhverja stjórnun sko (He3).

Já, ég held bara að samráð við sem flesta, sé bara af hinu góða sko. Algjörlega. Og hérna, ef þú ætlar í ferð yfir hálendið, í hestaferð, þá þarftu að skipuleggja hana vel í tíma til að fá gistiþláss. Ef þú ætlar að gista í þessum skálum sem náttúrulega langflestir eru að gera. Þetta er ekkert einfalt. Þetta er alveg þræflókið fyrirbæri. Mér dettur bara í hug aðgerð sem var gerð í kringum Stonehenge í Englandi, það er svona dæmi um stað sem var, hann var náttúrulega hérna bara opinn og bílarnir gátu keypt nánast ofan í hann og hérna, þetta var bara svona stjórnlaust fyrirbæri, en eitthvað sem allir vildu sjá. En [þetta er] bara það sem mér dettur í hug, breytingarnar sem þar voru gerðar. Þar sem var bara ákveðið að draga öll mannvirki frá þessu og svo eru ákveðin atriði sem þú þarft, ef þú ætlar að fá að vera þarna við ákveðin skilyrði. Ég man ekki hvort það var Jónsmessan eða eitthvað svona brjálað tímabil. Allir vildu koma á þeim tíma. Og það er, það þarf hreinlega að pantast. Þú þarft að vera búin að skipuleggja það í tíma, af því að þú vilt heldur ekki upplifa það með, eða í einhverri þvögu. Og sko, hvernig maður á að gera þetta hérna, er ég náttúrulega svo sem ekki með einhverja patent lausn á. En ég get ímyndað mér til dæmis að það verði bara uppselt. Það er bara fullbókað. Já. Og það þarf svo

náttúrulega bara að kynna svona hluti vel. Þú þarft að hafa fyrirhyggju. Þetta er eitthvað sem þig langar að sjá og upplifa. Þá þarftu fyrirhyggju til að skipuleggja það. Ég held að við siglum alveg rosalega hratt að þessum punkti held ég. Vegna þess að þessi fjölgun er, ég meina 30% á ári. Það er vöxtur sem er sko, svo ótrúlegur (He3).

Kannski má segja að sé, allavega hjá Íslendingum mikil meðvitund um utanvegaakstur eða ekki. En við erum samt að lenda í því á hverju sumri að það sé, að einhverjir fari að keyra utanvega. Hvort sem það er með vitund eða óvart. Og það er svo margt þarna sem við bara þurfum að upplýsa betur. [...] Ég held að öll svona ferðamennska sem að maður getur kalla svona „slow“ ferðamennska, gangandi, ríðandi, sem sagt, eigi algjörlega heima í svona þjóðgarði. Og bara með réttum, með ekki allt of miklum ágangi. Hvorki gönguhópa né, þú veist, kannski lendum við í því. Nú er ég bara farin að predika eitthvað, kannski lendum við líka í því með gönguhópana. Ókei, nú er bara fullbókað. Og ég meina þetta hefur verið svolítið opið. Þú hefur getað gert nánast eins og þú vilt sko. Og hérna, til dæmis Laugavegurinn, milli Þórsmerkur og Landmannalauga. Þetta er orðin svo „traffikeruð“ leið að þetta er ekkert líkt og var fyrir einhverjum árum. Að labba. Og þú veist, kannski er, ég veit ekki hvort við Íslendingar erum svona hræddir við alla stýringu, að það muni taka eitthvað frá okkur. Af því, okkar land, og við höfum alltaf getað farið og gert (He3).

Jeppaferðahópur

Hugtakið víðerni

Bæði J1 og J2 nefndu hugtakið víðerni áður en komið var að spurningum um víðerni. Hópurinn er með góðan skilning á hugtakinu og hver skilgreining hugtaksins er í náttúruverndarlögum. Þó tala þau greinilega um að víðerni í þeirra skilningi sé ekki það sama og í lögum.

J1 talar um að lagalega skilgreiningin gangi aldrei upp á Íslandi nema á jöklum, víðerni fyrir honum sé allt hálendið.

Fyrir J2 er víðerni svæði sem er ósnert af manna völdum en með slóðum svo það er mögulegt aðgengi á svæðið en þar geti einnig verið fjallaskálar. Í hans félagsskap sé talað um víðerni almennt í skilningi óbyggðra víðerna þó að það samræmist ekki skilgreiningu um óbyggð

víðerni í náttúruverndarlögum. Hann lýsir því hvernig víðerni geta innihaldið mismunandi og fjölbreytt landslag með því að lýsa ákveðnum náttúrufarspáttum.

J3 talar sérstaklega um sinn skilning á hugtakinu, en fyrir hann er nóg að vera kominn út fyrir byggðina til að upplifa víðerni.

Það er ekki að marka það alveg, sko víðerni er náttúrulega, víðerni fyrir mér er hálendið, en víðerni náttúrulega í skrifuðu orði er allt, allt, allt annað mál. Ég meina skilgreining á víðerni er náttúrulega eitthvað sem er minnsta kosti 25 ferkílómetrar stærð með fimm kílómetra radíus í næsta manngerða svæði. Þetta verður aldrei skilgreint, gengur aldrei upp á Íslandi nema á jökli fyrst og fremst (J1).

Svæði sem er ósnert af mannavöldum. Sem sagt án uppbyggingar, án uppbyggðra vega, en ekki endilega mikið komið þangað sko heldur, heldur bara þarna ertu ekki að fara keyra inn á hamborgarasjoppu eða eitthvað svoléiðis. Þarna geta verið slappir fjallaskálar eins og maður kallar þar sem hægt er að fá afdrep. Víðerni eins og maður kallar það þegar þú keyrir frá Kerlingafjöllum og yfir í Gljúfurleitina og inn að, í átt að Hofsjökli þá ertu kominn í víðerni um leið og þú ert kominn í Jökulfirðina. Þessi víðerni eru þannig að þarna eru í raun og veru ekki nema bara litlir slóðar og sem sagt þarna þarftu bara að treysta mest á sjálfan þig, þessi víðerni sem að eru í þessu, þetta er bara óbyggt. Þess vegna köllum við óbyggð víðerni yfirleitt, ekki víðerni við tölum alltaf óbyggð víðerni, en því miður að þá er verið að nota orðið óbyggð víðerni yfir miklu, miklu þrengri náttúruverndarflokk [...] bara leið og þú ert kominn út úr skarkala borgarinnar þá ertu náttúrulega kominn bara út í víðernin. Það eru sumir sem að horfa á Hellisheiðina og inn í Innstadal og þar inn úr sem víðerni. [...] upp á Vatnajökli, þar eru náttúrulega mikil víðerni og hvort sem þú ert inni í Esjufjöllum eða innan við Grímsvötn eða hvar sem þú ert, þetta er allt saman víðerni (J2).

Sko víðerni getur í raun og veru tekið yfir stóran hraunkamb, það getur tekið fjallgarð, það getur tekið eins og maður segir upp á Vatnajökli þar er náttúrulega mikil víðerni og hvort sem þú ert inni í Esjufjöllum eða innan við Grímsvötn eða hvar sem þú ert, þetta er allt saman víðerni í þeim skilningi hjá okkur og sem sagt þegar, ef þú ætlar að hugsa sko hvort þetta þarf að vera eitthvað ákveðið stórt eða lítið, það þarf ekki að vera sko. Einn dalur, stór dalur, óbyggður, hann getur verið víðerni (J2).

Ég er nú búinn að reyna að vera meðtaka þetta hugtak dálítið mikið. Eftir að ég heyrði það hef ég verið að reyna að skynja þetta, já og hef aðeins velt þessu, hvað er það, hvað dugur mér til að upplifa víðerni? Og það er raunverulega að fara bara út fyrir byggð. Ég hef nú örugglega meiri þol fyrir víðernishugtakinu heldur en þeir hörðustu og fyrir mér er víðerni raunverulega að komast út í náttúru þar sem ég upplifi mig ekki á stræti eða túni eða innan girðingar [...] Já óspillta náttúru. Og þá er það heildin sem þarf að vera óspillt. Mér er sama þó að sé vegur í gegnum, og truflunarmörkin hjá mér væru að fá uppbyggðan veg þar sem trukkan keyrði í gegn á 80, það eyðileggur víðernistilfinninguna, það eyðileggur ekki víðernistilfinninguna að sjá jeppa læðast á slóða og einhver mannvirki. Ég upplifi mig kominn inn á hálendið þegar ég sé ekki lengur niður á næsta bæ, það svona, farinn út úr byggð og maður upplifir sig kominn í byggð þegar þú sérð fyrsta sveitabæinn sko þegar þú kemur niður og víðernistilfinning mín er aðeins svona utan þessa. [...] Ég hef reynt að skynja að það er eiginlega, þetta sé svona tiltölulega ósnortið svæði þar sem blasir ekki við mér bær eða borg eða sveitabær eða ræktað land. [...] Þar sem náttúran er að þróast á eigin forsendum að megninu til sko [...] Það er eiginlega bara þessi fjarlægð frá byggð og bóli, fastri búsetu eða byggð (J3).

Hugtökin „ósnortin víðerni“ og „óbyggð víðerni“

Spurt var hvort að viðmælendur könnuðust við hugtökin „ósnortin víðerni“ eða „óbyggð víðerni“ og hvort að rétt sé að gera greinarmun á víðernum almennt og svo ósnortnum víðernum.

J1 segir að ósnortin víðerni séu ekki til á Íslandi. Í löngu máli lýsir hún því að eðli útivistar almennt og íslensks veðurfars sé þannig að fólk þarf að geta komist af á ferðum sínum, það þarf að geta komist í húsaskjól og vatn á ferðum sínum og með slík mannvirki gangi skilgreining ósnortinna víðerna ekki upp og ekki ætti að eltast við að láta hana passa. Hún segir frá þegar hún hafi gengið fram á vanbúna drengi í göngu á hálendinu sem vissu ekki út í hvað þeir voru að fara og hafi legið naumlega við að ílla færi.

J2 lýsir greinarmun á hugtökunum. Hann talar um að óbyggð víðerni geti innihaldið slóða og fjallakofa og þess háttar, en alls ekki einhverjar nútíma byggingar. Það hafi verið mistök að láta orðið óbyggð víðerni festast í sessi þegar talað er um réttmæta skilgreiningu á ósnortnum víðernum, en ósnortin víðerni hafi verið óþjálla orð. Þó sé almennt sé verið að nota hugtakið óbyggð víðerni yfir mun þrengri náttúruverndarflokk. Þetta gefur til kynna að upplifun eða

skilningur J2 á óbyggðu víðerni sé mun víðtækari og gefi meira svigrúm fyrir manngerðum ummerkjum en þær skilgreiningar sem notaðar eru í náttúruverndarlöggjöfinni.

J3 segir að ósnortin víðerni séu ekki til á Íslandi og raunhæfara sé að nota hugtakið óbyggð víðerni.

Já ég hefði nefnilega viljað láta það heita ósnortin víðerni, óbyggð víðerni er orð sem að við ferðamenn eða sem sagt þessir útivistarmenn hafa notað okkar á milli í gegnum árin sko sem bara óbyggð víðerni þar sem að er engin uppbygging. [S: já þannig að þar mega vera slóðar til dæmis og fjallakofar eða?] Já já, en bara ekkert sem að tilheyrir sem sagt nútíma, svona „systemi“. [...] Þess vegna segir maður óbyggð víðerni. Inní þessum dal er ekkert hús, það er enginn vegur, þess vegna tölum við um það sem óbyggð víðerni. Þannig að eins og ég segi þetta voru mistök að nota orðið óbyggð víðerni undir réttmæta skilgreiningu. Það átti bara að vera ósnortin víðerni, eitthvað orð sem enginn er að nota, óþjált orð, en svo er ekki land, landnyttjar sem er mesti verndarflokkurinn, land-, æ ég man ekki hvað, gleymi alltaf hvað hann heitir sem er í raun og veru eina svæðið sem getur tekið yfir eru ja Surtsey og eina svæðið sem óbyggð víðerni gætu svona nálgast eru sennilega Hornstrandir en það er svo mikið af uppbyggingu, það er svo mikið af húsum þar og sem sagt af mannavöldum að það kannski nær því ekki en orðið sko víðerni ef maður horfir á það bara í skilningi, öllum skilningi sko (J2).

Sko ég held að sé farsælla fyrir Íslendinga að horfa meira á óbyggð víðerni því að ósnortið víðerni bara er ekki til á Íslandi. Eftir að við beittum sauðfé á og gjörbreyttum gróðurfari með sauðfjárbreit á hálendinu þá má segja íslenska hálendið sé ein stærsta manngerða eyðimörk í heimi og náttúruverndarsinnar beita öllum ráðum til að viðhalda því, þessari manngerðu eyðimörk. [...] En ósnortið víðerni er nefnilega, [...] það er til ósnortið víðerni á Íslandi víða og svo er spurning sko hvað er ósnortið, hvað má snerta það mikið þó það sé ósnortið. Er ekki ósnortið víðerni það sem að enginn hefur stigið fæti öðruvísi en berfættur á forsendum náttúrunnar? Þetta er svona, þetta er ofboðslega löng teygja, óbyggð víðerni er eiginlega eitthvað sem er raunhæfara held ég (J3).

Gildi víðerna

Þátttakendur voru spurðir um eftirlætis víðerni eða svæði á hálendinu og hvað það væri sem þau væru sérstaklega að sækja þangað. Einnig var spurt um hvort að víðerni teldust til verðmæta. Þessum spurningum var ætlað að kanna þá huglægu þætti sem saman skapa óefnislegt verðmæti svæðanna fyrir þennan útivistarhóp.

Þau nefna að þau sækji í fjölbreytt svæði, oft er ekkert eitt uppáhalds, því upplifun á sama stað geti verið svo mismunandi, maður sé alltaf að upplifa eitthvað nýtt og það séu alltaf ný svæði að bætast við. Þau eiga sameiginlegt að vilja sækja í þessa upplifun af fjölbreyttu landslagi en lýsa því hvert með sínum orðum hvað það er sem heillar.

J1 lýsir ólíkum stöðum, Tjarnagígur við Laka, auðnina við Vatnajökul, Hveragil, að horfa yfir Vonarskarð frá Gjósstöð. En þessir staðir eigi ekki sameiginleg einkenni, nema þá helst friðsældina og andstæðurnar sem finnast í landslaginu sem hún nýtur. Hún notar orð eins og upplifun og ævintýri til að lýsa veru sinni á þessum stöðum og að það „liggi við að maður fari að trúá á æðri máttarvöld“. Litir og veðurfar valdi því að útsýnið sé aldrei eins og þú færð alltaf nýja upplifun.

J2 segir mörg svæði heilla sig. Þar má nefna svæði við Mýrdalsjökul, við setrið sem ferðaklúbburinn eigi og svæðið norðan við Sprengisandsleið. Hann geti illa gert upp á milli svæða en hann vitnar í Ómar Ragnarsson og segir að maður eigi ekki að mismuna náttúrunni, hún sé eins og falleg kona. Hann njóti þess að vera kominn frá amstri hversdagsleikans í ferðum sínum en það þurfi að beita öðrum hugsunarhætti á fjöllum. Partur af ferðunum sé að takast á við náttúruöflin og erfiðustu ferðirnar verði oft að minnistæðustu minningunum. Upplifunin sé afar fjölbreytt og jeppaferðamenn fá það sama út úr útivistinni og veiðimaðurinn sem stendur heilan dag í á en veiðir ekkert, en er samt hæstánægður með daginn. Það sé erfitt að koma upplifuninni í orð, þetta sé eitthvað sem menn verði einfaldlega að prófa, upplifunin fáist aldrei úr bók.

J3 nefnir Kjöl og Fjallabakssvæðið sem hafi sérstaka þýðingu fyrir hann. Einu einkennin að hans mati felast í því að svæðin flokkist undir óbyggðir í hans skilningi. Hann þurfi ekki að vera kominn langt til þess að upplifa að hann sé í víðerni. Hann segist eiga þaðan góðar minningar og ferðirnar séu tengdar félagslegu gildi. Hann njóti þess að vera í ósnortinni eða lítið snortinni náttúru eða eins og hann segir sem ekki er búið að „brjóta undir byggð“. Hann tekur einnig dæmi um að vera á ferð um vetur og fylgjast með lífsbaráttu dýranna, þetta sé önnur frumstæð veröld og fjarri því að vera sambærileg við okkar heim.

Lengi vel var minn draumastaður Tjarnagígur upp í byrjun Laka. Þar er reyndar búið að gera með góðum árangri, að ferðamannavæða staðinn. Hann var orðinn illa farinn, það þurfti að byggja palla og laga stíga en það þýðir það að fyrir mér er hann orðinn þínulítið manngerður því ég veit um svo marga aðra staði sko sem að ég get alveg farið á. Þessi staður var svona staður sem að maður gat sest niður bara í hugleiðslu og séð fyrir sér sko. Og aðrir staðir, það er bara kannski auðnin fyrir norðan Vatnajökul eins og hún leggur sig, það er sama hvar þú grípur niður í hana, Hveragilið eða, bara Vatnajökull líka sem slíkur. Veistu þeir eru svo margir, maður finnur alltaf nýjan (J1).

[S: Eiga þeir einhver sameiginleg einkenni?] Já þeir mundu í flestum, nei, það er ekki rétt. Oft á tíðum, nei, það er ekki einu sinni hægt að segja að sé hrikalegheitið, það er ekki bara friðsældin, það er kannski andstæðurnar, það er kannski bara, það er kannski bara það að svona staður skyldi hafa orðið til skilurðu. Að, jú ég myndi kannski segja uppáhaldsstaðurinn er að standa á Gjósstöð í góðu veðri og horfa yfir Vonarskarð, það er ævintýri. Og, en þar ertu líka að horfa sko þú ert að horfa á ofboðslega mikla liti, litbrigði í náttúrunni, þú ert að horfa á Bárðarbungu, þú ert að horfa á allt vatnasviðið niðri í Vonarskarði, að, það liggur við að þú farir að trúá á æðri máttaröfl þegar þú stendur og horfir yfir svona stað sko. Þannig að þetta bara upplifirðu aftur og aftur og aftur og þú kemur í ferðalag um Ísland sko þá kemurðu á einn stað í dag svo kemurðu aftur í allt öðruvísi veðri, þá er upplifunin allt önnur. Og þetta er einhvern veginn alltaf það er alltaf eitthvað nýtt, þó þú sért að fara á sama stað (J1).

Þau eru bara svo mörg, það er bæði við Mýrdalsjökulinn og þar náttúrulega í kringum setrið sem að klúbburinn á sem að ég náttúrulega ferðast mikið á. Það er bara hálendið fyrir norðan líka Sprengisandsleið, þú veist þetta er bara svo mörg svæði, maður getur verið endalaust að þylja upp einhver svæði sem skipta máli, þetta er í raun og veru bara hálendi sem skiptir bara allt máli, það er ekki eitthvað eitt svæði sem að skiptir meira máli, þetta er, liggur við að maður segi það, að hvert skipti sem að stór einhver hluti af hálendinu hverfur undir einhverjar virkjanir eða eitthvað þá skiptir það máli.[...] þú veist náttúran er svo margbreytileg að þú getur ekki tekið í raun og veru einn hlut út og sagt að hann sé betri en annar. Það væri, hvað kallast það ekki mismunun? Þú átt ekki að mismuna neinu og alls ekki náttúrunni, eins og Ómar segir að náttúran er eins og falleg kona, það er bara svoleiðis. [...] Í flestum tilfellum þegar þú ert kominn

upp á hálendið þá ertu náttúrulega að láta frá þér allt sem að heitir munaður, sjónvarp, þú ferð ekki í ísskápinn og nærð þér í kaldan bjór eða þú gerir ekki þetta, þegar þú ert að fara að elda þá þarftu að hugsa hvernig þú ætlar að elda matinn þinn og þú þarft að hafa með þér hlutina, þú þarft að hugsa svolítið fyrir öllu saman. Þetta er bara, ég veit ekki hvernig maður á að, að, að útskýra neitt öðruvísi heldur en bara að þegar þú ert kominn sem sagt út fyrir þá náttúrulega leggurðu bara frá þér lazyboysófann og það allt saman og kemur þér bara í gang, þú ert bara farinn að, ja þú þarft bara að beita þér bæði líkamlega og andlega í öðrum hlutum heldur en að vera velta fyrir þér skuldabréfi eða víxli eða hvort að sé yfirdráttur í bankanum eða eitthvað, bara ósköp einfalt þú ert bara ekkert með þessa hluti með þér. Bara passa að vera með nóg bensín og mat, og, og búið. Og góða skapið það bara skemmir aldrei (J2).

Sko þú veist þegar þú spyrð svona þá byrja ég á því að hugsa hvernig, hvað erum við að upplifa? Náttúruna sjálfa, náttúruöflin eða, eða erum við að taka hughrifin og, og þetta það er, þættirnir eru svo víðtækir, að lenda til dæmis í kolvitlausu veðri og takast á við eins og maður segir náttúruöflin, auðvitað það gefur þér svakalega mikið, ég tala nú ekki um þegar þú ert kominn heilu og höldnu aftur til byggða. Ég hef lent í því að lenda í þannig snjó að þegar að upp var staðið þá þurfti að grafa niður á bílnum til þess að ég gæti komist út úr honum því við vorum föst inni öll fjölskyldan, hann bara fennti í kaf. Auðvitað, maður varð að moka frá og skríða út um gluggana. Auðvitað, þú veist þetta var erfitt þegar var og er engin, engin voða gleði í hópnum og svoleiðis en við höfðum það voðalega gott. En, en eftir á að hyggja þá er þetta ein af betri ferðum sem við förum. Að keyra um einhverja fallega dali, tjalda einhvers staðar og njóta útiveru náttúrunnar, drekka vatn úr læknum fyrir neðan og svoleiðis, þú veist þetta er rosalega gaman og það er líka rosalega gaman að, að keyra eftir sandauðnum og sjá ekki neitt nema bara sand. Hughrifin geta verið sko svo rosalega víðtæk að þú getur í raun og veru ekki sagt bara það er bara þetta sem ég sækist í. Eins og veiðimaðurinn segir þegar hann fer að veiða, hann er ekkert endilega sækjast í að koma með fisk heim í soðið, hann er að fara út og hann stendur út í ánni allan daginn hann er rosalega glaður eftir daginn að hafa veitt ekki neitt. Þetta er nákvæmlega sama með okkur, við förum um svæði, við erum alltaf að fá eitthvað. Þú sérð fjall, rosalega flott, þú sérð sólsetur, þú ferð upp á hæð og þá horfirðu kannski á, þú sérð hágöngurnar, þú sérð Vatnajökul, þú ert

með Langjökul, þú horfir á Hofsjökul. Hvar færðu þetta? Þú getur séð þetta kannski á einhverjum, í bíómyndum eitthvað þú, að horfa á þetta, standa upp á hól og horfa yfir allt landið þú veist það er alveg sama hvað þú sérð, þetta er bara, þetta er bara allt annað. Það er ekki hægt að segja fólki hvernig það er, þú þarft að koma og standa upp á þessum hól og horfa í kringum þig þá veistu hvað maður er að tala um. Þetta færðu aldrei út úr bók (J2).

Kjölur hefur náttúrulega alveg sérstaka tilfinningu fyrir mig, Fjallabakssvæðið, það er bara alveg, það er sama hvað ég segi upp í hugann þetta hefur allt mjög mikla tilfinningu (J3).

[S: eru einhver sameiginleg einkenni við þessi svæði sem að gera það að verkum að þau eru svona áhugaverð eða?] Nei, það er eiginlega bara óbyggðir sem að tengja þetta í mínum huga, [...] enginn sérstök einkenni. Það þarf ekki að vera grasbali með vatni á móti og speglast fjall í eða, það er ekki mín upplifun. Og ég er ekki einn af þeim sem þjáist af þessu að þurfa eitthvað að sjá punkta sko ég get, ég þarf ekki að vera með svona myndaútsýni til að upplifa það [...] það er meira þetta að vera utan byggða, kannski af því ég ferðast það mikið sko og þekki fjölbreytileikann. [...] Þetta er bara allt, sama hvar ég hef komið þá upplifi ég víðerni. Bara um leið ég er kominn upp fyrir virkjanirnar, hjá Sigöldu inn á Sprengisandi, um leið og ég er kominn inn fyrir Gullfoss eða, það er eiginlega bara um leið og ég er kominn upp á hálendið þá upplifi ég mig í svona víðerni. Og að koma til Landmannalauga þar sem er mikill ferðamannapunktur að þetta er ekki svo stórt í heildarmyndinni, ég upplifi þetta alveg sem víðerni (J3).

Ástæðan fyrir að maður heldur upp á staði er náttúrulega að maður á jákvæðar minningar þar og það tengist náttúrulega líka bara svona félagslega upplifun og líka staðir þar sem ég veit að ég mun geta sótt jákvæða upplifun seinna eins og Kerlingafjöll og fleiri staðir þar sem ég mun fara mikið. Og svona staðir sem ég veit ég kemst sjaldnar á að, en staðanna vegna sko þá bara hver með sína sérstöðu og upplifun í víðernum sko það er eiginlega bara að vera í náttúru sem er ekki búið að brjóta undir byggð, og segjum sem svo að þú sért bara í einhverju bæjarfélagi út á landi þar sem að bærinn er í firðinum og þú ferð, þú labbar ekki nema 3-400 metra inn í eitthvert gil að þá ertu kominn í eigið víðerni og óspillta náttúru sko inn í gilinu að bara þegar sjóndeildarhringurinn er orðinn, ja ég upplifi

Það þannig að ég þarf ekki að vita bærinn sem er í 5 kílómetra í burtu ef skarkalinn af umferðinni heyrir ekki inn í gilið og síldarbræðslulyktin kemur ekki á eftir mér að það sé upplifun að vera, það dugar mér til að upplifa mig í náttúru sko (J3).

Það er meira það að vera í ósnertri náttúru, það talar alveg til manns og það er svo margt sem maður sér sko bara það að sjá ref um miðjan vetur á fjöllum er mikil upplifun, maður fær svona [beint] í æð náttúruna, lífsbaráttuna, hvernig bara fer hann [refurinn] að þessu og allar rjúpunar sko sem við sjáum að hérna, að þetta er svo önnur veröld heldur en sko okkar veröld er og alltaf á svona meira á eigin forsendum, það er kannski svoleiðis upplifun sem maður finnur oft, já þessi frumstæða (J3).

Víðerni sem auðlind

Jeppaferðahópurinn er afar meðvitaður um að það sem þau séu að sækja í sé upplifun í ósnortinni eða lítt snortinni náttúru og þar með víðerni, og til þess að viðhalda þessum auð fyrir sig og komandi kynslóðir þarf að ganga um þau af virðingu og hamla uppbyggingu. Upplifunin og fegurðin sé ómetanleg en svo sé hálendið mögulega farið að gefa meira af sér í tekjur en sjávarútvegurinn og það sé eitthvað sem sé vert að hugsa alvarlega um.

J1 tekur dæmi um að ef hálendislínan (í merkingunni landfræðileg lína í gegnum landið) sé farin að gefa meira fjárhagslega af sér en bryggjan sem snýr út í sjó að þá verði þjóðin að taka tillit til þess.

J2 er afdráttarlaust þeirrar skoðunar að um ómetanleg verðmæti sé um að ræða þegar talað er um víðerni eða miðhálendið almennt. Það sé ekki hægt að reikna út virði fegurðar og sérstæðan sé mikil. Mögulega sé hægt að reikna út hversu margir ferðamenn sækja á hálendið og hvaða tekjur þeir gefi af sér. Einnig sé hægt að reikna út þá fjármuni sem útivistarfólk verji til þess að geta sótt í hálendið. Landsvirkjun hafi ekki getað sýnt fram á hagreikninga um virði þess landsvæðis sem færi undir virkjanaframkvæmdir. Hálendið sé ómetanlegt, en þó sé það einskis virði ef við getum ekki notið þess. Hann leggur áherslu á að aðskilja hugtökin „nýta“ og „njóta“. Útivistin snúist um að njóta hálendisins en það séu ferðapjónustuaðilar og stóriðja sem nýti landið.

J3 finnst einstakt á heimsvísu að hér á landi hefur almenningur aðgengi að þeim búnaði sem þarf til þess að stunda útivist á hálendinu, að náttúran sem fyrirfinnst þar sé ómetanleg og

verði að vernda og loks að víðerni í hans skilningi (sem er víður skilningur samanber lagalegu skilgreininguna) sé ómetanleg auðlind.

Einu sinni sagði einn góður maður það að hálendislínan væri bryggja inn í landið. Og það í dag er fjárhagsleg auðlegð Íslendinga orðin meiri við þá bryggju heldur en við bryggjuna sem snýr út í sjó, við skulum ekki gleyma því. Og við erum að selja túristann á hálendinu, það er ekki nema í mínum huga örlítil prósentu þeirra sem fer á hálendið, þetta raunverulega hálendi. Og ef að þetta sölukonsept, hálendið, er farið að gefa þjóðinni meiri pening heldur en bryggjan sem snýr út í sjó sem að hefur verið okkar aðal atvinnuvegur í öllum þeim sögubókum sem ég hef hérna lesið síðan bara við vorum eitthvað smá bændasamfélag, þá erum við bara skrítn ef við förum ekki að taka eitthvað tillit til þess sko (J1).

Allt sem er fallett og allt sem er, er sérstakt, allt sem að þú færð ekki annars staðar það hlýtur að vera auðlind, það hlýtur að vera eitthvað sem er mjög sem sagt verðmætt í hugtakinu verðmætti en hvort það kosti 100 kall eða 1000 krónur það geturðu náttúrulega ekki í raun og veru reiknað út en þú getur kannski þá hugsað það þannig ef þú setur upp könnun og spyrð hvað margir eru að koma til landsins til þess að labba niður Laugavegin og fara að versla í 66°N eða Cintamani. Þú getur spurt hve margir fara inn á hálendið þá geturðu reiknað út kannski hvað í raun og veru tekjur af ferðamönnum sem eru að koma að skoða landið, skoða þessar auðnir, en ef þú ætlar að spyrja eins og mig sem fer upp á þá get ég ekki sagt annað en reiknað bara út hvað ég eyði í bensín, hvað ég kaup í mat, hvað ég eyði í fatnað, hvað ég eyði í að kaupa í bílinn minn, ég er kannski á bíl sem kostar 5,5 til 20 milljónir, bíllinn sem ég er búinn að smíða, ég er búinn að vera í 8 ár að smíða hann og það kostar þú veist þetta og þetta og þetta þannig að ef ég á að meta mína ferðamennsku til fjár þá verð ég náttúrulega setjast niður og athuga hvað ég er búinn að eyða í, í þetta því að sko það kostar fullt af peningum. Þannig að þegar þú ætlar að spyrja mig, segi ég auðvitað eins og ég spurði Landsvirkjun, þeir sögðust vera búnir að kanna þetta varðandi auðlindir og annað og ég spurði náttúrulega bíddu og hvað kostar þá hálendið sem þið ætlið að leggja undir? Auðvitað geta þeir ekki sagt það, þetta er bara eins og maður segir þetta er bara, þetta er „priceless“, þú færð þetta hvergi annarsstaðar og þú getur ekki verðlagt það í krónum og tölum en fyrir þjóðina er þetta mjög mikilvert, mikið atriði að eiga þetta (J2).

Eins og við segjum alltaf til hvers að eiga hálendi ef við getum ekki notið þess og hvers virði er hálendið ef enginn fer þangað? Þá er það einskis virði. Við getum tekið sem dæmi þegar var verið að gera nýja Álftanesveginn þá voru félög sem vildu biðja menn um að mótmæla. Garðbæingar flestir sem að voru nálægt hrauninu, þar á meðal ég, vorum ósátt. Þeir sem bjuggum hinumegin í Vesturbænum í Reykjavík þeim var bara alveg sama og af hverju? Að því þau, þetta kom þeim bara ekkert við, þau voru ekkert að þvælast þarna, löbбуðu ekki þarna, fóru ekki þarna og eins og maður segir þau þekktu ekki hraunið og það skipti engu máli, þetta var verðlaust [fyrir þeim]. Það sama er með hálendið, sá sem nýtur þess og notar það, þetta er fyrir hann mikils virði en fyrir þann sem að svo hvað var það kallað, bíddu nú við, latteþjandilopapeysumiðbæjareitthvað eða ég man ekki alveg, þetta var mjög langt og mikið orð, fyrir honum skiptir þetta bara engu máli. Hann vill bara fá rafmagn og vill fá þægindin, þú veist þetta er bara þannig og það er bara alveg augljóst mál að þetta er bara svona allsstaðar í heiminum alveg sama hvað er (J2).

Það sem að maður er líka hræddur við sko eins og maður segir nýting og njótun, það er töluverður munur á milli þess að nýta landið eða njóta þess. Við erum þarna til þess að njóta þess, við viljum njóta þess á þann máta, við viljum koma að því hreinu og við viljum fara frá því hreinu. Þeir sem eru að nýta landið það eru ferðapjónustuaðilar og stór-, stóriðjuaðilar. Það eru nýtingaraðilarnir. [...] Þróunin er líka að menn séu að átta sig á því að náttúran er auðlind sem er ekki hægt að meta til fjár, það er góð þróun í raun og veru í því sem að við erum að upplifa (J2).

Sko íslenska ferðasportið á eigin tæki, sem er dálítið „júnik“ og ekkert sjálfgefið að þjóð hafi yfir að ráða þekkingu og eignum meðal almennings sem gefa okkur tök á að bara fara um allt landið á veturna. Þetta [náttúran] er bara auðlind finnst mér, megum ekki drepa hana, við verðum bara að meðhöndla hana rétt. [...] Eins og ég skynja þau [viðerni], þau eru auðlind fyrir mér (J3).

Sjónarmið um afmörkun og stýringu víðerna

Afmörkun víðerna

Jeppaferðahópurinn ræðir á fjölbreyttan hátt um afmörkun víðerna og hálendisins. Þau telja að það sé komið að ákveðnum tímamótum þar sem verði í raun að taka ákvarðanir fyrir framtíðina, það séu „*allir að bíða eftir hvað má ég og hvað má ég ekki*“ eins og J1 segir.

J1 segir enn fremur að það sé ekki spurning, það eigi að gera hálendið að þjóðgarði til þess að verja víðernin, því stærð þessara víðerna sé það mikil að það sé í raun fáránlegt að slík svæði ættu að lúta enn öðru stjórnarfarinu. Þeir þjóðgarðar sem reknir séu í dag lúti mismunandi yfirstjórnnum en heildarþjóðgarður gæti einfaldað regluverkið. Ekki þurfi marga aðila til að taka sömu ákvarðanirnar. Íslensk ferðamennska sé gædd einstökum eiginleikum og við þurfum að aðlagast þeim aðstæðum sem við búum við. Því þurfum við að afmarka þessi svæði sem eiga að vera ósnortin en öryggisins vegna ættum við að byggja upp skálanet í jaðrinum til að þjóna auknum göngum um svæðið. Öryggi fólks og afmörkun víðerna fari því miður ekki alltaf vel saman.

Fyrir J2 ætti hálendið að vera svipað og „regnskógarnir“. Svæðið ætti að njóta friðunar og það ætti ekki að vera á færi allra að umgangast. Aðgengi ætti að vera fyrir það fólk sem hafi til þess reynslu, getu, tæki og tól. Ferðamenn verði að lúta þeim takmörkunum sem settar eru, annars geti þeir leitað annað. Það séu forréttindi fólgin í ferðafrelsinu héraendis en hann er þó fylgjandi takmörkunum sem séu vel grundaðar. Hann tekur Vonarskarð sem dæmi um illa rökstudda og ósanngjarna ákvörðun. Hann er algerlega á móti nútíma uppbyggingu á svæðinu en uppbygging sem styður við að víðerni haldist ósnortin er til góðs enda segir hann að við sem þjóð „*eigum eftir að hafa meira út úr því í framtíðinni því það er ekki mikið orðið eftir af ósnertum svæðum í heiminum*“.

J3 telur að það þurfi ekki að afmarka ósnortin eða óbyggð víðerni almennt með einhverjum merkingum eða skiltum, heldur að standa vörð um gildin eins og hann orðar það. Afmörkun ætti frekar að vera hugleg og aðferðafræðileg en ekki sýnileg í landslagi.

Í fyrsta lagi er náttúrulega fáránlegt að það skuli vera til þrjár þjóðgarðar á Íslandi sem að tilheyra sitthvorri yfirstjórninni og sinna með sitthvorrar línurnar. Síðan er það spurning hvort að svona svæði [víðerni] sé innan þjóðgarðs eða utan þjóðgarðs sem er svo ennþá skrítin pólísía, meina ef þú ætlar að búa til svæði sem er ósnortið víðerni sem er þá orðið ef að vel á að vera 35 sinnum 35 kílómetrar að vegi eða skálum því það þarf sjálft að vera 25 sinnum 25, þá ertu komin með 35 sinnum 35 sem er bara andskoti stór biti á Íslandi sko. Að, af

hverju ætti þetta svæði ekki vera þá undir umsjón þjóðgarðs? Mér finnst, ef við ætlum að taka svona stóran bita frá, þá bara hlýtur það að vera annað hvort orðið þjóðgarður í sjálfu sér eða orðinn partur af þjóðgarði af því að, það á ekki setja eina stýringuna enn á þetta svæði. Við þurfum ekkert að finna upp hjólið oft og við þurfum ekki marga til að taka sömu ákvarðanirnar. Og það er enginn, enginn vafi í mínum huga að Ísland, hálendið á Íslandi verður einn eða fleiri þjóðgarðar (J1).

Sko ég vil meina það að innan þeirra víðerna sem Ísland á, að skipuleggja sem hæsta stig, eigi að leiða einhvers lags slóða hvort sem þeir eru opnir öllum eða sumum eða hluta úr ári eða eitthvað. Það eigi að leyfa skálanet, það geta verið litlir bara 20 manna skálar sem að leyfa auknar göngur um landið [...] Þú mátt hafa þig allan við að keyra Dreka í Nýjadal á einum degi. Þetta er sko, þetta er svona 15 tíma leið í keyrslu ef þú ætlar eitthvað aðeins að stoppa og skoða, og þá er ég ekki að tala um að stoppa til þess að fara í gönguferðir. Þarna ertu náttúrulega að fara í gegnum þetta víðerni, það er ekki ósnortið, en þarna á að byggja skála sem sagt Vatnajökulspjóðgarður ætlar að setja þarna skála, minnsta kosti einn ef ekki tvo skála á þessari leið, en þetta er bara hættuleg leið og núna [...] það er að fara af stað einhver vinnuhópur í sambandi við öryggi á ferðamannastöðum og þetta er hópur sem þarf að vinna bara saman, að öryggi og víðerni fer ekkert endilega saman á Íslandi sko. [...] Þarna þarf svolítið að horfa í hvernig er íslensk ferðamennska? Að við erum ekkert að labba um í 25 stiga hita þar sem að við getum lagt okkur í svefnpokanum eða verið í bívak [svefnpokatjald] eða einhverju. Við verðum í fyrsta lagi að vera með regnfatnað og búnað sem er þungur, við verðum að vera með hlýrri svefnpoka heldur en þú kemst upp með erlendis og þó að við þurfum ekki endilega að finna upp hjólið þá verðum við að passa það að aðlaga að þeim aðstæðum sem við búum við sko. Það er svona fyrsta atriðið finnst mér. En við verndum aldrei fólk fyrir öllu á Íslandi sko (J1).

Sko hálendið á að vera bara svona svipað eins og regnskógarnir [...] að þetta á bara að vera algjörlega ósnert. Þeir sem fara þarna inn eiga að vera þeir sem geta það, kunna það og hafa til þess bæði tæki og tól, og þeir eiga að vita hvernig þeir eiga að umgangast það. Það er ekki nóg að fara á bílaleigu og leigja bíl á 44 tommu dekkjum og spóla upp á hálendi, við erum ekki að leita að svoleiðis fólki. [...] Ég er mjög ósáttur við það að mönnum skuli vera hleypt

beislaust upp á hálendið. Við þurfum að setja reglur, við þurfum að stoppa ýmislegt, flugvallarbrettið til dæmis [...] við vitum alveg til hvers flugvallarbrettin eru. Það er til þess að þú getir keyrt yfir mýrar og drullufen án þess að bíllinn fari mjög djúpt niður, þetta eru 20 tonna bílar sem þeir eru að nota þetta, [...] við þurfum að hafa sérstöðu, við þurfum að halda sérstöðunni og við eigum að vernda sérstöðuna nú og eins og ég segi ef að einhverjir 20, 30 eða þúsund ferðamenn eru ósáttir við það þá fara þeir bara eitthvað annað. Það er nóg af öðrum hérna. Við eigum að setja okkur reglur, við eigum að vernda þetta svæði, við eigum ekki að byggja það upp eins og ég segi með uppbyggingu. Ég er á móti henni en við eigum að byggja þetta upp á þann máta að þarna erum við með allt ósnert og við í raun og veru eigum eftir að hafa meira út úr því í framtíðinni því það er ekki mikið orðið eftir af ósnertum svæðum í heiminum (J2).

Það fyrsta sem ég sagði þegar Vatnajökulsþjóðgarður var settur upp og þeir voru loka Vonarskarðinu að það væri verið að loka hálendi Íslands til þess að geta selt það erlendum túristum. Það var það sem átti að gera, það átti að selja mönnum gönguferðir um Vonarskarðið. Ókei við fengum þær upplýsingar, það fóru 70 manns um Vonarskarðið á heilu ári, er það eðlilegt að loka fleiri þúsund ferkílómetra svæði til þess að hleypa 70 manns inn á? Ég meina maður spyr bara er það sanngjarnt? (J2).

Eftir því sem reglurnar eru flóknari því minni líkur að menn fari eftir þeim og það er það sem að maður er að tuða um út af þessu, bæði náttúruverndarlögum og annað. Af hverju að vera að segja lög sem að á ekki að fara eftir? Miklu betra hafa þau færri, skýrari og það sé bara farið eftir þeim. [...] Það að geta ferðast eins og ég segi. um hálendið, frjáls innan ramma laga, það er að vissu leyti forréttindi, það eru ekkert allir sem fá það. Ef við ætlum að fara að stilla okkur inn á norsku lögin þar sem allt verður bannað nema það sé sérstaklega leyft þá er í raun og veru eins og maður segir búið að taka mikið af okkur sem í raun og veru einstaklingum innan, innan samfélagsins, hlut sem við erum búin að eiga sko frá upphafi. [...] Almennarétturinn er það að þú eigir frjálsa för um, sem sagt land annars, það náttúrulega þýðir ekki þú getir komið á jeppanum og keyrt yfir túnið hjá honum sko þú veist það þarf allt að vera innan skynsemismarka [...] Að loka einhverju svæði út af einhverjum sérstökum forsendum, það þurfa að vera rök fyrir því (J2).

Ég tel ekki að þurfi að afmarka þau [ósnotin eða óbyggð víðerni eða víðerni almennt] með einhverjum merkingum eða skiltum endilega. Ég held við eigum frekar að standa þá vörð um þau gildi sem að við svona koma okkur upp kringum þau. En það eyðileggur víðernisupplifun að vera með skilti sem segir þú ert kominn á víðerni, það er meira bara að leyfa því að flæða. Það myndi skemma upplifun mína fyrir víðerni að fara inn fyrir girðingu til að komast á víðerni, sú afmörkun sko, hún þarf að vera huglæg og aðferðafræðileg heldur en sko sýnileg í landslagi, mörkin eru svo óljós (J3).

Stýring víðerna

Þátttakendur í þessum hóp eru vel kunnugir opinberri stjórnarsýslu og hvernig ákvörðunum sem snerta hálendið hefur verið háttað hingað til og hafa mikið til málanna að leggja í þessum hluta. Þau telja að hanna þurfi regluverk sem henti hverjum stað fyrir sig og að mikilvægt sé að ákvarðanir séu ígrundaðar og teknar á samráðsvettvangi. Þau eru fremur ósátt við samstarf við stjórnvöld og telja að það hafi ekki verið raunverulegt samráð að ræða heldur ákvarðanafundir. Úr þessu sé nauðsynlegt að bæta og mikill vilji sé til staðar hjá þeim til þess að taka þátt í málefnalegu samstarfi. Samstarf við Umhverfisstofnun hafi þó gengið vel. Mikilvægt að reglum sé fylgt, en þau telja það segja sig sjálf að ef reglur séu ekki settar á rökstuddum grundvelli eða eru of umfangsmiklar, að þá sé fólk ólíklegra til að fylgja þeim. Ferðamennska og útivist eigi líklega ekki alltaf saman og segir J1 að hálendi ferðamannanna sé sem betur fer ekki það sama og hálendi þeirra í útivistinni. J2 telur að Ísland sé að nálgast þolmörk í hvað varðar fjölda ferðamanna inn í landið og að ekki megi selja ferðamönnum allt hálendið. Það sé smá afturhaldssemi í Íslendingum, við viljum fá að halda einhverjum hlutum út af fyrir okkur. Þau missi sífellt fleiri staði í fjölmenni en það megi ekki koma niður á stýringu svæða sem þau sækja enn í. Æskilegt sé að settar verði takmarkanir á slíkum ferðamannastöðum. Einnig minnst þátttakendur í þessum hóp á gildi þess að mennta komandi kynslóðir hvernig skuli ganga um hálendið. Hópurinn lýsir sterkum mannhverfum viðhorfum sem ættu að vera höfð að leiðarljósi við stýringu víðerna, en einnig má greina náttúruhverf viðhorf hjá J1 og J2.

J1 segir að gera þurfi hálendið að þjóðgarði „þá ekki síður til þess að vernda þetta fyrir okkur sjálfum“ og á þá við umsvifum mannsins almennt. Búa þurfi til reglur en óþarfi sé að banna stórlega mikið. Verndun hálendisins þarf ekki að fara í einn flokk, til séu margir verndurnarflokkar sem lúta mismunandi stjórnun. Hún nefnir nokkur dæmi um stýringu, að gestastofur Vatnajökulsþjóðgarðs taki við mörgum ferðamönnum sem fara þá síður á hálendið, að verið sé að ræða um að setja einstefnu á Laugavegin svo fólk geti enn upplifað ferðina í

fámenni og gera þurfi aðra fjölfarna staði þannig úr garði að þeir séu okkur til sóma. SAMÚT sé afar viljugt í samráð um stýringu víðerna, það sé hópur ólíkra útivistarforma sem gæti komið sér saman um fulltrúa í slíkt samráð. Hún kemur svo inn á gagnsemi fjölbreytileika í samstarfi og segir það hafa komið henni á óvart að faghópur Rammaáætlunar sé nær eingöngu skipaður fræðimönnum. Framtíð hálendisins á Íslandi snerti fleiri fleti og fólk úr öllu þjóðfélaginu.

J2 hefur mikið að segja um stýringu víðerna og hálendisins almennt. Hann telur vissulega að Íslendingar vilji vernda landið sitt og halda hluta landsins fyrir sig, en ekki ferðamannavæða allt hálendið. Það skilst á honum að ferðamennska með erlenda ferðamenn eigi ekki alltof mikla samleið með útivist Íslendinga almennt. Ferðamenn ættu að vera undir leiðsögn reyndra leiðsögumanna sem hafi umsjón með sínu fólki og umgengni þeirra. Hvað samráð varðar hefur J2 mikið til málanna að leggja en hann hefur lengi verið viðriðinn hagsmunabaráttu útivistarinnar og þekkir vel til hvernig samstarfi hafi verið háttáð í gegnum árin. Í dag sé þó ágætt samstarf í gangi Umhverfisstofnun, til að mynda um náttúruverndarlögin og svo um Fjallabakssvæðið. Hinsvegar hafi umhverfisráðuneytið hagað sínu samstarfi á annan og algerlega ósæmandi hátt, hvort sem var í tíð Svandísar Svavarsdóttur eða Ragnheiðar Ríkharðsdóttur. Hann nefnir í því samhengi hvernig staðið var að náttúruverndarpassanum og Hvítbókinni um náttúruvernd. Hann leggur gríðarlega mikla áherslu á það að rödd þeirra sem hafi þekkingu á landinu heyrist. Þeir viti hvað landið þoli og skilji aðstæður (m.a. um hvernig slóðar þróast). Slík þekking ætti að vera tekin til greina í allri ákvarðanatöku því ekki sé allt lært af bókinni. Hann orðar það á þann hátt að þegar sá sem viti allt mæti þeim sem kunni allt, þá verði úr því flott samstarf. Ólíkir hópar verða að finna sameiginlegan vettvang til þess að hægt sé að ná árangri í að vernda náttúruna. Hagsmunapólitík og hagsmunapot ásamt baktjaldanagi sé því miður algengt, en slík vinnubrögð verða náttúrunni ekki til framdráttar. Að lokum leggur hann áherslu á að alveg eins og það var farið í sameiginlegt átak gegn reykingum sem skapaði mikla vitundarvakningu, að þá sé hægt að fræða yngri kynslóðir um hálendið og umgengni þar. Það sé mikilvægt að byrja snemma á slíkri fræðslu.

Fyrir J3 er þessi hluti viðtalsins mikið hitamál. Hann er neikvæður gagnvart því að stýring fari fram í formi boða og banna. Það megi ekki hindra þekkingaruppbygginguna sem á sér stað með ferðafrelsinu á hálendinu. Hann hefur áður talað um að Noregur hafi tapað þekkingu sinni niður með því að banna umgengni um hálendið. Þekking íslenskra jeppamanna sé meðal annars notuð á norðurskautinu, í þjóðgördunum og hjá björgunarsveitunum. Það tryggi öryggi almennings og ferðamanna, en einnig búsetuöryggi á landinu. Takmarkanir á ferðafrelsi jeppaferðamanna geti hamlað þessari þekkingarsköpun. Erlendir ferðamenn séu þó önnur saga, þeir séu óreyndir og ekki með sömu tilfinningu gagnvart umhverfinu eins og Íslendingar.

Hann telji ferðamannaiðnaðinn vera orðinn meira mengandi við náttúruna en stóriðja, og er þá mögulega að vitna í umgengni ferðamanna á hálendinu. Hann er á sama máli og J2 og nefnir Vonarskarð sem dæmi um slæma stýringu. Hann telur rökstuðninginn fyrir ákvarðanatökunni hafa verið byggðan á fölsun og komi náttúruvernd ekkert við. Eins og með Hvítbókina, þá fái akademískir sérfræðingar of mikið vægi í ákvarðanatöku er varðar hálendið.

J3 þekkir til Vatnajökulspjóðgarðs og telur yfirgang embættismanna vera svartan blett á stjórnarsýslu hans. Landverðir eigi ekki að eyða orku sinni í það að banka í öxlina á gestum. Farsælla væri að höfða til skynsemi, þekkingar og hugarfars þjóðarinnar. Það þurfi að mennta þjóðina og efla tilfinningu manna gagnvart landinu. Má greina að hann telji hugarfar annarra útivistarhópa ólíkt því sem ríki hjá jeppaferðamönnum. Þar sé hatri á bílum miklu um að kenna og að efla þurfi umburðarlyndi á báða bóga. Hann sýnir eingöngu mannhverf viðhorf gagnvart stýringu víðerna og miðhálandis. J3 telji að það þurfi að endurskilgreina víðerni því það vanti í núverandi skilgreiningu allt um „njótunarhugsunarháttinn“ sem sé ríkjandi í jeppaferðaútvistinni. Það snúist ekki endilega allt um að komast í kyrrð eins og haldið sé fram í Hvítbókinni.

Sko mér finnst alveg skilyrðislaust það eigi að setja, þjóðgarður er bara ekki, ekki spurning í mínum huga, og þá ekki síður til þess að vernda þetta fyrir okkur sjálfum, vegna þess að þarna koma bara til dæmis hótélbyggingarnar sem að verið er að tala um í Kellingafjöllum og á, og Hveravöllum inn í dæmið. Það eru í mínum huga allir að bíða eftir hvað má ég og hvað má ég ekki og það eru allir að keppast um að fá sína köku af því mega gera eitthvað á hálendinu, og fyrir mér þýðir það ekki það þurfi að banna stórlega mikið, en það þarf að búa til reglurnar og það þarf að taka ákvörðunina hvort að við ætlum að halda hálendinu eða gera það að láglandi [...] þó sé alltaf verið að tala um þessa aukningu á túristum, þá er sem betur fer, þeirra hálendi er ekki okkar hálendi ennþá [...] það sem Vatnajökulspjóðgarður er að gera með að hafa gestastofurnar sínar niðri í byggð er stórkostlegt vegna þess að fólk kemur í gestastofurnar, labbar í kringum þær. Í Skaftafelli til dæmis. En hálendið sem þolir ekkert milljón manns fær að vera svolítið meir í friði sko (J1).

Verið er að tala um það í fúlustu alvöru það til dæmis að setja einstefnu á Laugavegin, þú veist Laugaveg þarna upp í Landmannalaugum, bara vegna þess að það sé orðið svo mikið álag á honum, og líka til þess að leyfa fólki að upplifa, það upplifir frekar fámennið ef það er ekki að mæta fólki, þannig að

einstefna er ekkert stórgalin hugmynd [...] það á bara gera þessa staði okkur til sóma. [...] Bara af því við erum að missa vissa staði í algjört rugl þýðir ekki það eigi að banna allt alls staðar. Sko það á ekki að banna að gera vissa hluti á einhverjum ferkílómeter upp á hálendi af því að það er svo mikið verið að gera á einhverjum ferkílómeter á Gullfoss Geysissvæðinu, að það verður að gilda önnur regla þar heldur en hér. [...] Það þarf að vera það [mismunandi stjórnun], þetta er alveg eins og þú ert að setja til dæmis inn í Vatnajökulspjóðgarði, það þarf ekki vera einu sinni þjóðgarður til þess, þú ert að setja mismunandi vernd á svæðið, þú ert með náttúruvætta svæðið, þú ert með friðlönd, og svo ertu með eitthvað eitt enn sem að tilheyrir sveitarfélögunum sem er minni vernd á eins og Kjarnaskógur og einhverjir svona staðir utan við, rétt, bara sem eru ætlaðir raunverulega íbúum þess bæjarfélags sko. Man ekki hvaða orð er notað yfir þetta (J1).

[S: Hverskonar samráð ætti að vera við þessa hagsmunahópa sem þú segir bíða eftir að fá að geta lagt orð í belg?] Það eiga að vera, það þarf, sko til dæmis ef við tökum bara Samút. Samút eru samtök 17 útivistafélaga, og þau eru vissulega fleiri, þau eru til dæmis ekki öll í Samút. Það þarf að finna einhverja línur þar sem að hægt er að flokka hagsmunaaðila í hópa og síðan á að bjóða þessum hópum að vera með fulltrúa í samráðshópum. [...] Við erum með, við erum með göngufólk og við erum með hjólafólk og við erum með kajakafólk og við erum með skotveiðifólk og drottinn minn dýri, og við erum ekki alltaf sammála. En við bara áttum okkur á því, við viljum fá að eiga pínulítið, pínulítinn skerf í því sem gerist og viljum gjarnan að röddin okkar heyrst og við erum alveg tilbúin til þess að ráða ráðum okkar og koma síðan fram með einn fulltrúa í staðinn fyrir að við séum að reyna að kallast á hvert í sínum miklu minna styrk sko og fá ekkert að vita (J1).

Sko, ég var nú að skoða til dæmis bara þennan faghóp 1, og það eiginlega gekk bara fram af mér hvað þetta var bara háskólafólk sko. Ég skil ekki alveg það batterí [...] það eiga ekki bara að vera náttúruvísindamenn í einhverri náttúru sko. Það eiga ekkert bara vera fornleifafræðingar í einhverjum minjum, þetta er eitthvað sem að þessi venjulegi maður lifir með, þetta er eitthvað sem ferðaþjónustan lifir á (J1).

Þetta er okkar land og við erum að reyna að vernda það, við viljum passa það og við viljum fá að halda hluta af því fyrir okkur án þess að sé búið að selja túristunum það, það er bara svæðið. Og annað það er svolítill afturhaldssemi í okkur Íslendingunum, við viljum líka passa okkar. Og það sem er að verða hættulegt í þessu er að við erum sennilega að nálgast þolmörk [...] varðandi túrismann almennt. Við getum ekki endalaust dælt inn (J2).

Ef þú ert að fara inn á hálendið þá áttu náttúrulega að fá leiðsögn frá mönnum sem að vita hvað er um að vera þarna, fylgjast með þér fara eftir því hvernig umgengni og annað er, þetta þarf bara að vera. Þetta er sérstaða og eins og ég segi við höfum alveg efni á því (J2).

Til dæmis eins og ferðaklúbburinn og fleiri í framvarðasveitum við bæði stikun og lokun á villuslóðum og ýmsu öðru og þar til dæmis vantar mikið samstarf á milli þó það sé farið að batna. Við höfum náð mjög góðu samstarfi við Umhverfisstofnun. Við höfum verið með svæðið, hérna, Fjallabakssvæðið í fóstri núna í tvö ár með Umhverfisstofnun [...] Við vorum einhvern tímann að diskútera við Umhverfisstofnun út af freðmýrunum eða sem sagt, útmýrunum í Þjórsárverunum. Þeir voru að tala um þeir vildu friða það og loka því. Við sögðum að sjálfsgöðu eigi að friða það og loka því alveg, því við höfum ekkert þangað inn að gera því það dettur engum í hug að fara að keyra um eitthvað svæði sem að veit hann getur misst bílinn niður, það er bara ósköp einfalt. [...] Þú þarft að hafa svæði þar sem til dæmis verða bara göngumenn, þú þarft að hafa svæði sem eru kannski algjörlega lokað fyrir umferð, og það er bara hleypt inn á þau í einhverjum ákveðnum hópum eins og var í Holuhrauninu. Því svæði var lokað, menn urðu náttúrulega alveg brjáláðir og það vildu allir geta farið þangað. Af öryggissjónarmiðum var það ekki gert en það var farið með menn inn í hópum og erlenda ferðamenn og annað, þeir sem sagt fengu að fara inn gegn einhverjum ákveðnum uppfylltum skilyrðum og annað (J2).

Eins og ég segi við þekkjum landið, hvað landið þolir, við vitum hvers það er megnugt, en hvað gerist? Eins og þegar við vorum að fara yfir með ALTA á sínum tíma þegar þeir vorum að taka svæðið í kringum Jökulheimasvæðið. Að þá kom vegurinn svona svo tók hann svona beygju og kom svo aftur hérna., Þeir sögðu hvaða bull er þetta við förum bara þvert hérna yfir. Jú jú þeir gerðu það, það var vegurinn, en vandamálið var að hér á milli var sko 15 eða 20 metra

sprungu, það keyrði enginn hér yfir, þess vegna fór slóðinn hér. Í sko tugi ára þá hafa verið að þróast þessir vegslóðar á hálendinu og það verður að vera einhver hugsun um af hverju tekur hann beygju. Jú hér er alltaf skafl og hann fer ekki fyrr en í ágúst jafnvel og þarna eru örbleytur og drulla og skemmd. Nei Vegagerðin segir -þið farið hérna yfir (J2).

Sko [Svandísar] samráðið var ósköp einfalt, við fengum í hendurnar eitthvað sem var búið að samþykkja og svo var spurt hvernig lýst ykkur á. Þegar að samráð er gert þá á að vinna það frá upphafi. Þegar að við í raun og veru, til dæmis þegar að við fengum náttúrupassa frá Ragnheiði Ríkharðsdóttur í hendurnar þá var kallað samráðsfundur. Við förum á samráðsfund og fleiri aðilar sem fóru þar inn, samráðsfundurinn var bara um náttúrupassan. Það er ekki samráðsfundur. Svo komumst við að því þegar við vorum búin að vera á fundum mörgum sinnum og fara yfir hlutina alltaf hafnað öllu sem við stungum upp á, þá kemur Ragnheiður á fund og segir við erum ekkert að ræða þessi mál, við erum bara að ræða náttúrupassan. Það er ekki samráð. Það eru ákvarðanafundir. Og þess vegna snýst náttúrulega allt við. Þegar við förum í náttúruverndarlög í Umhverfisstofnun þá voru það virkilegir samráðsfundir þar sem við setjumst niður og ræðum málin, svo koma náttúruverndarlögin í þeim anda sem við lögðum upp með þó því hafi öllu verið breytt síðan í meðferðum þingsins, en það var samráð og við höfum það samráð í höndunum. Þannig vinnubrögð eins og umhverfisráðuneytið hefur notað núna er mjög gott. Þar sem við fáum að koma að málinu strax í byrjun. Vissir þú hvernig hvítbókin um náttúruvernd var unnin á sínum tíma? Nei. Við fengum hana í hendurnar og fengum þrjá daga til þess að skrifa um hana. Þú veist þetta er ekkert sko heilbriggt. Náttúruverndarlögin þau fara í fyrstu umferð ellefta, það er búið að samþykkja þau tólfta. Þú veist svona vinubrögð stjórnvalda og yfirvaldsins er náttúrulega bara alls ekki sæmandi. Því eins ég segi og bara marg segi sko - ég get sagt þér alveg rosalega margt um bækur sem ég hef lesið, en það getur vel verið að allt sem stendur í bókunum sé bölvuð vitleysa og á ekkert við þegar á hólminn er kominn og það hefur maður fundið að, maður er búinn að lesa fullt af ferðabókum og náttúrubókum og ýmislegt annað. Þegar þú kemur á svæðið, er bara ekkert í líkingu við það sem þú ert að upplifa í bókalestri þó þú sjáir myndir og allt saman. Það er náttúrulega rosalega gott að vera vel lesinn en þú þarft líka að læra hlutinn sem sagt „on the hard way“ eins og stundum er sagt. [...]

En það sem að er í þessu er það að þegar er verið að taka ákvarðanir að það sé byggt þá upp á þeim sem að í raun og veru þekkja hlutinn, plús þetta. Sem sagt þetta þarf að taka saman því að við sem þekkjum hlutinn við kannski kunnum ekki lagalega skilninginn í hlutunum eða hvernig á að útskýra það lagalega séð. Eins og þegar við fórum að tala við þingmenn, við vildum láta breyta þessu og þessu og þessu og þessu - okey komið þið bara með það, nei það getum við ekki gert, við kunnum það ekki. Þá þurfum við náttúrulega leita til fólks sem að kann þetta og þannig þegar við erum búin að sameinast eins og maður segir: sá sem að veit allt, að þá kemur sá sem kann allt og þá verður úr því rosalega flott. Það sem vantar, við skulum bara orða líka þannig það vantar meiri samstarf á milli, ja við getum bara talað um háskólans og, og útivistargeirans. Við höfum fengið fullt af könnunum út frá ykkur sem að við höfum lesið yfir og bara þú veist það við hefðum getað rifið þær, því þær eru bara alveg út á túni. Skýrslan um Vonarskarðið, þú ættir að lesa hana að gamni og síðan þyrfti ég að sýna þér Vonarskarð og þá geturðu séð að hún er bara bull frá upphafi til enda. Þetta eru einhverjir menn hérna í Reykjavík sem eru að semja og jafnvel hafa aldrei farið út úr bænum (J2).

Ef við ætlum einhvern tímann að ná árangri í því að sem sagt vernda náttúruna og annað, þá þurfa þessir allir hópar að sameinast. Og það er það sem við höfum verið að gera. Það eru útivistarfólk, náttúruverndarsinnar og stjórnvöld. Það er rosalega erfitt að vera vinna með náttúruverndarsinum og öðrum, eins og við [jeppamennirnir] erum inni í Landvernd og fleiri stöðum, en svo hunsa stjórnvöld það, eða þá gerist oft að menn fara að baktjaldanaga. Þú ert að semja við einhvern hérna og svo þegar þú ert búinn að semja þá fer hann og talar við einhvern ráðamann og það breytist allt vegna þess að búið er að pressa á hann af öðrum aðilanum að gera þetta öðruvísi heldur en að búið er að tala um og það gerist í náttúruverndarlögunum, við vitum það, við það er svo sem búið að fara yfir það, búið að leysa þau mál öll, en þetta er bara, ég veit það ekki, þetta er svona þessi hagsmunapólitík og hagsmunapot, það verður náttúrunni ekki til framdráttar (J2).

Við höfum oft rætt um það að af hverju ríkið til dæmis setur ekki sem sagt inn þannig að, að til dæmis fyrir skólabörn og annað að það sé farið til dæmis í skólana og það sé bara kynnt einhver svæði á hálendinu, fólki, börnunum, krökkunum sagt frá því, það bara byrjar strax að kynna þeim sem sagt í raun og

veru hvað við höfum. Það er svolítið mikið atriði að eins og maður segir við fórum í reykingarherferð og, allskonar herferðir og menn vita þetta skilar árangri og það sama með allt varðandi sko hálendið, náttúruna. Annað, ef við erum að útskýra, ef við erum að tala, ef við segjum frá þá verður vitundarvakning og þegar að fólk kemur þá veit það bara þetta er bannað. [...] Málið er það ef að þetta byrjar bara strax á þessu og þetta er kynnt og sagt frá þessu að þá held ég að sko þetta sýgist betur inn (J2).

Ég er ekki einn af þeim sem að þarf að vita af svo ósnortnu svæði að ég má ekki einu sinni fara þar sjálfur. Ég held að það sé gengið alltof langt í hræsninni. Þá ættum við bara að fara búa í hellum aftur til þess að passa náttúruna [...] Ég flokka það sem mikla frekju að vilja verja eiga víðerni víðernanna vegna sem enginn má koma inn á (J3).

Það skapar neikvæða tilfinningu þegar að manni finnst hlutir gerðir á rangan hátt eða af einhvers konar yfirgangi. Og það til dæmis er neikvæð upplifun þegar að mér mætir bannskilti bannsins vegna og þegar það er ekki góður tilgangur með því. [...] Ég sætti mig mikið frekar við svona ýmsar hömlur á ferðafrelsi þegar ég skil góðan tilgang með því eins og ég upplifi það neikvætt þegar mér finnst það eins og það sé ekki tilgangur heldur bara til að kontrólera (J3).

Ísland er náttúrulega hættulegt land við erum með harða náttúru og erfiðar aðstæður víða en þetta byggist bara allt á því að kunna aðeins til verka og vita sem sagt hvar hættur liggja. Við erum aðeins að aumingjavæða okkur gagnvart þessu líka með of mikilli stýringu. Opinberir aðilar finnast þeir oft, ég heyri ofboðslega mikið að við þurfum að passa alla inni í Vatnajökulspjóðgarði. Þar ríkir dálítið það viðhorf að við megum ekki hafa svæðið opið nema geta tryggt öryggi fólksins, við erum að aumingjavæða okkur aðeins með því vegna þess að með ákveðnu ferðafrelsi og leyfa þessari menningu að viðhaldast þar sem að fólk fær að ferðast aðeins á eigin forsendum það byggist bara upp þekking til þess að umgangast þetta sko án þess að fara sér að voða því hættur eru út um allt. Þetta er bara spurning um að kunna aðeins að skynja þær. [...] Og því miður með öllum þessum ferðamönnum sem að er að verða meira mengun við náttúruna heldur en stóriðjan erum við náttúrulega að fá fólk inn í landið sem hefur sko núll tilfinningu fyrir þessum hættum. Íslendingar hafa þó einhverja tilfinningu fyrir þessu og ég tel það mikilvægt fyrir okkur sem þjóð

að missa ekki þessa tilfinningu fyrir hálendinu þannig að sé óhætt að leyfa okkur að vera þar án þess að þurfa að passa okkur að detta ekki ofan í fyrsta gil af því að við skiljum ekki að það er fallhæð á kletti eða eitthvað svona (J3).

Þegar við tölum um stýringu að þá held ég við náum miklu meiri árangri í stýringu sem á að vernda eitthvað, að höfða til skynsemi og þekkingar og hugarfars heldur en bara að skylda. Þannig við eigum að mennta þjóðina bara upp í virðingu fyrir hálendinu, eins og ég var alinn upp frekar en að senda landverði til þess að banka í öxlina á öllum. Og eyða orkunni meira í að skapa menningu í kringum þetta, þannig að ég vil haga meira stýringunni þannig að við byggjum upp þekkingu. Þetta er smá erfitt með alla þessa túrista sem koma því þeir hafa núll tilfinningu, þeir hafa ekki þessar rætur sem við höfum. Þannig að gagnvart Íslendingum tel ég nauðsynlegt að, að hérna huga bara að tilfinningum manna gagnvart landinu og rækta hana. Og einn liður í því er að fara sem mest með börnin okkar upp á fjöll og innræta því rétta hugsun, kynna fyrir þeim. Ef ekki, passa að þau komist ekki upp á hálendi fyrr en þau geta labbað sjálf og, og búið að ala þau upp í að virða reglur eða svona. Þannig að stýringar þurfa vera meira að höfða til þekkingar [...] eins og til dæmis Vatnajökulsþjóðgarður að ég tel að hann eigi að beita sér meira sko inn í samfélagið heldur en að vera alltaf að banna. Yfirgangur embættismanna og bönn eru svartí bletturinn á þjóðgarðinum. Ég þekki þennan þjóðgarð vel og [...] tel mig alveg sjá hvað þessi þjóðgarður þarf að laga til að fá sátt og það er dálítið í þessa veru og gagnvart Íslendingum (J3).

Já ég vil sjá meira samráð og meira samtal [...] Það [samráð] hefur reyndar verið reynt töluvert og samráðið hefur gengið mjög vel á mjög mörgum stöðum og hefur verið fundnar lausnir og sátt, það hefur bara mistekist sko á stöðum þar sem að hefur bara verið gengið alltof langt gagnvart ferðafrelsi og Vonarskarðið er bara dæmi þar sem menn bara slógu bara fyrir neðan beltisstað og á röngum forsendum miðað við stjórnkerfi garðsins. Og þessar stýringar sko, það er verið að reyna að troða upp á fólki stýringu sem að stríðir gegn réttlætiskennd og eftir því sem ég kynnist Vonarskarðinu betur að þá sé ég hvað það er heimskt að loka því því það hefur bara ekkert með náttúruvernd að gera, nákvæmlega ekki neitt. [...] En þessar stýringar sko að það þarf náttúrulega stýra en það þarf að gera það meira með sko eða gagnvart hverju, gagnvart fólki, höfða til skynsemi og upplýsa. Fólk er náttúrulega að skemma hluti af því

Það gerir rangt af því það vissi ekki betur voða mikið og svo þurfum við að rækta þetta meðal þjóðarinnar bara, að vera ekki að skemma. Gagnvart mannvirkjagerð og svoleiðis þá þurfum við bara að hafa skýra sýn og fylgja henni en hlaupandi löggur er eitthvað alveg og bannskiltin veit ég að er að skapa voða neikvæða tilfinningu sko (J3).

[Ég] er urrandi súr yfir því hvernig var staðið að hvítbók náttúruvernd að það voru smalað saman að því menn segja sérfræðingum en það var tekið öfgalið, það skrifaði upphafskafnann og það stendur í hvítbók að markmiðið með upplifun hálendisins sé kyrrð. Það er rangt, það er upplifun sumra. Sko að það sem að gleymist þessi njótunarhugsunarháttur, og við þurfum aðeins að leiðrétta bara þennan kúrs. Sko því miður held ég að hatrið á bílvélum hafi skapað skakkan grunn. Ef að við náum að uppræta það þá finnum við flötinn. Ég hef heyrt sko harða náttúruverndarsinna tala um jeppaskrímsli og leiðrétti það. Af hverju tala þeir ekki um þotuskrímsli yfir Vonarskarði? [...] Það loðir dálítið við útivistarfólk svona „ég um mig frá mér til mín“ og ég vil bara hafa hlutina bara fyrir mig og engan annan. Og þar eru þeir sem að svona, sérstaklega göngufólk virðist vera verst með þetta. Hestamenn eru slæmir með þetta líka og það svona og við höfum svona verið að reyna að boða þetta að þennan „tolerans“ á báða bóga sko (J3).

Við þurfum að finna sátt um skilgreiningu á víðerni sem að gefur þessum fábrotna ferðamáta sem við köllum að keyra á fáförnum slóðum. Ég vil koma á sátt með því að segja að við höfum bara „tolerans“ fyrir fáförinni slóð sem er keyrð annan hvern dag í mesta lagi, þriðja hvern dag og þá getum við öll lagst á sveifina með að verja hálendið af því að við íslensku fjölskyldurnar getum þá notið þess áfram á okkar forsendum (J3).

Samantekt

Framlag og frekari rannsóknir

Þessi eigindlega rannsókn hafði það að meginmarkmiðið að kanna hvaða skilning fjórir útivistarhópar leggi í hugtakið víðerni og hvernig þeir telja æskilegt að haga umgengni víðerna, afmörkun og stýringu. Til að dýpka skilning á viðhorfum þessa hópa var lögð áhersla á að skilja

forsendur þess að fólk stundaði tiltekna útvíst, gildi útvistarinnar, mikilvægi miðhálandisins fyrir útvistariðkun og svo hvaða umhverfisviðhorf þau höfðu.

Þar sem um sértæka útvistarhópa var að ræða var lögð áhersla á að greina sameiginlega þætti innan hópanna líkt og gert er með rýnihópa, en þó var einstaklingsmunur innan hópa dreginn fram þar sem það átti við.

Hugtakarammi


Í ljós kom að viðtölin voru verulega rík af upplýsingum um mótun viðhorfa þessara hópa og snertu viðtölin á fleiri flötum en greint er frá í þessari samantekt enda samræmdist ekki allt efnið umfangi og markmiði rannsóknarinnar. Því er ljóst að það má kafa enn dýpra í mörg þemu.

Byggt á niðurstöðum þessarar rannsóknar var hannað hugtakakort sem endurspeglar grófa einföldun á þeim mögulegu tengslum sem birtust milli hugsmíðanna sem lagt var upp með í viðtölunum. Hver hugsmíð innan hugtakarammans inniheldur mismarga undirþætti sem voru þemagreind í viðtölunum og sýnir skyldleika hugsmíðanna „gildi miðhálandis“ og „gildi víðerna“. Niðurstöður viðtalanna sýna fram á að þó að þessar hugsmíðar hafi verið til staðar fyrir alla hópana, er vægi þeirra mismikið innan hvers hóps. Mikilvægt er að hafa í huga að eðli hugtakaramma er að sýna fram á tengsl hugsmíða en ekki gefa til kynna óvirkjandi orsakasamhengi hugsmíða. Ekki var hannað hugtakakort fyrir hvern og einn útvistarhóp þó að það hafi mátt greina mismunandi áherslur milli hópa. Þetta var ekki gert vegna þess að þessi greining er eigindleg og var ætlað að greina hvaða þættir skiptu máli frekar en hvaða vigt þeir hefðu hjá hverjum hóp.

Þessu hugtakakorti er ætlað að leggja grunn sem frekari rannsóknir geta nýtt sér, til dæmis til að meta á megindeglegan hátt hver vigt hvers þáttar og undirþátta er við þær hugsmíðar sem hér voru til skoðunar milli hópa. Slík greining gæti einnig skoðað einstaklingsmun á milli útvistarhópa og kannað hvort að mögulega sé hentugra að skipta fólki upp eftir viðhorfum heldur en útvistarformi ef ætlunin er að fá fram markhópa með ákveðin sameiginleg einkenni. Það kom einmitt endurtekið fram að þátttakendur nýti sér aðra fararskjóta og önnur útvistarform en endilega það sem það var í forsvari fyrir í þessari rannsókn og því mögulega óábyrgt að nota útvistarformið eitt og sér til að meta gildi víðerna fyrir þátttakendur. Mögulega er einnig einstaklingsmunur á frásagnarstíl þátttakenda og hversu vel þátttakendur gátu fært í orð persónulegt gildi útvistarinnar, miðhálandis og víðerna. Það virtist vera tilhneiging hjá kvenkyns þátttakendum að nota fjölbreyttari orðaforða við að lýsa andlegum og sálfræðilegum gildum. Það mætti mögulega kanna slíkan mun nánar í megindeglegum rannsóknum.

Að þessu gefnu var eingöngu hannað eitt heildar hugtakakort sem sjá má í mynd 1.

Í viðauka 2 má finna gróft yfirlit yfir þemagreiningu viðtalanna sem hugtakakortið byggir á. Þar má finna þá undirflokkka sem greindir voru fyrir hugsmíðarnar sem birtar eru í mynd 1. Farið verður yfir helstu niðurstöður innan hvernar hugsmíðar hugtakakortsins hér á eftir. Lögð er áhersla á að greina frá sameiginlegum eða ólíkum áherslum innan og milli hópa.



Mynd 1. Hugtakakort rannsóknar

Bakgrunnur og lífsstíll

Bakgrunnuskaflinn gaf innsýn inn í ástæður ástundunar útivistar en slík þekking var talin nauðsynleg forsenda þess að skilja huglægt verðmætamat víðerna. Farið var yfir aldur, búsetu og fjölskyldustöðu þátttakenda og þeir spurðir út í umfang útivistarinnar.

Aldur þátttakenda var í hærra lagi, elsti þátttakandinn var 72 ára, sá yngsti 38 ára og meðalaldurinn rétt rúmlega 55 ár. Voru karlar sjö talsins en fimm konur. Ein kona var í hverjum hóp nema í hjólréiðahóp voru tvær konur. Flestir voru frá höfuðborgarsvæðinu fyrir utan tvo hestamenn.

Þátttakendur voru öll virk í sinni útivist ef frá er talinn elsti þátttakandinn sem fer núorðið sjaldan í göngur vegna aldurs. Þau höfðu lagt stund á þá útivist sem þau voru í forsvari fyrir í mislangan tíma en hjólréiðakonurnar voru með stystu reynsluna í útivistinni, þó þær hefðu margra ára

reynslu af öðrum útvistarformum. Göngukonan G2 stundaði einnig hjólreiðar sem var nýjasta útvistarformið hennar. Hjólreiðakonurnar nefna einnig að stuðningur annarra kvenna í útvistinni hafi eflt þær til þess að stunda hjólreiðar. Af orðaræðu þeirra má greina að þetta sé sérstakt að konur séu að ryðja sér til rúms í útvist sem hafi einkennst af karllægri ímynd, í gegnum eflandi kvenfélagsskap. Það kveikir vangaveltur um hvort að sum útvistarform eins og hjólreiðar einkennist af einhverjum hindrunum fyrir konur og aftri þeim frá því að leggja stund á þau. Þessar vangaveltur eru þó viðfangsefni frekari rannsókna.

Í ljós kom afgerandi munur á lífsstíl milli hópa. Var hjólreiðahópurinn og gönguhópurinn með virkasta lífsstílinn en jeppaferðafólkið virtist ekki leggja stund á mikla hreyfingu dags daglega. Jeppaferðahópurinn fór þó í styttri göngur þegar þau stunduðu sína útvist, þar sem ekki þurfti að bera mikinn farangur. Var jeppaferðahópurinn, ásamt gönguhópnum (sér í lagi G2) þeir þátttakendur sem voru einna mest viðriðin félagsstarf og hagsmunabaráttu útvistarinnar. Hjólreiðaðátttakendurnir og G2 voru búin að prófa flest útvistarform á hálendinu og stunda í dag ekki eingöngu þá útvist sem þau voru í forsvari fyrir í rannsókninni. Það voru svo helst göngur á hálendinu sem hestamennskuhópurinn stundaði einnig.

Þátttakendur voru spurðir um tildrög þess að þau lögðu stund á útvistina og var þá horft til mögulegra áhrifavalda í gegnum félagsmótun. Helstu mótunaraðilar sem nefndir voru töldu fjölskyldumeðlimi, og þá sérstaklega föður og eldri bræður, karlkyns maka og þjóðþekkta karlkyns aðila sem voru frumkvöðlar í hálendisferðum, hvort sem er í göngum eða í jeppaferðum. Ein hjólreiðakona nefndi að hún hefði átt sterka kvenfyrirmynd og göngukonan nefndi tvær erlendar fyrirmyndir, eldri mann sem var frumkvöðull þegar hún var að alast upp og svo unga konu sem hún telji góða fyrirmynd fyrir börnin sín í dag. Það voru einna helst karlarnir í jeppaferðahópnum sem stunduðu útvistina með sinni fjölskyldu og lýstu útvistinni sem fjölskylduáhugamáli. Ein hjólreiðakona nefndi vinnustaðinn sinn sem áhrifaþátt, þar sem starfsmenn voru hvattir til að taka þátt í hjólreiðakeppni. Einn göngumaður nefndi að útvistin hafi verið framhald af íþróttaiðkun og einn jeppaferðamaður fór í útvistina í framhaldi af skátum. Einn hjólreiðamaður nefndi að hann væri í flugbjörgunarsveitinni en óvíst er um áhrif af þeim félagskap á hjólreiðar hans á hálendinu. Einn jeppaferðamaðurinn og karlarnir í hestamennskuhópnum töluðu um að hafa einfaldlega fylgt fjölskylduhefðinni með því að stunda útvistina. Það er því ljóst að áhrifin koma víðsvegar að en sterkustu áhrifaþættirnir virðast liggja í fjölskyldunni og þá helst karllægum fyrirmyndum. Þau áhrif kveiki snemma áhugann á hálendinu sem svo þróast í ólík útvistarform. Hvað hjólreiðar varðar þá virtust þeir áhrifavalda sem ýttu undir þá útvist hjá þátttakendum frekar hafa komið fram á fullorðinsárum.

Umhverfisviðhorf

Viðfangsefnið um umhverfisvitund og umhverfisviðhorf er vissulega viðkvæmt, enda snerta málefnið siðferði og grunngildi fólks. Allir þátttakendur lýstu því yfir að þeir væru miklir náttúruverndarsinnar í eðli sínu en fæstir lýstu því í hverju það væri falið dagsdaglega, ef frá er talin einn göngumaður (G2). Þau ræddu frekar um það hvað væri falið í umhverfisvænni hegðun sinni á hálendinu. Allir þátttakendur sögðu að þeir skildu aldrei við þau svæði sem þeir færu um öðruvísi en þeir vildu koma að þeim, tækju ekkert nema minningarnar með sér og töldu sig bera mikla virðingu fyrir náttúrunni. Sumir töldu að umhverfisvitund sín hefði eflst eftir að þeir byrjuðu að stunda útivistina, aðrir sögðust ávallt hafa haft ríka umhverfisvitund. Það er ályktað að rík umhverfisvitund hafi þau áhrif að þátttakendur meti gildi miðhálandisins meira og sömuleiðis gildi víðerna, en ýti einnig undir náttúruhverf viðhorf þegar kemur að stýringu víðerna.

Þetta viðfangsefni er eitt af þeim efnum sem hefði mátt staldra aðeins meira við og er verðugt viðfangsefni frekari rannsókna um áhrif umhverfisvitundar á huglægt verðmætamat víðerna.

Gildi útivistarinnar

Sömu gildi voru greind hjá öllum hópum þegar spurt var um mikilvægi útivistarinnar. Þessi gildi voru oft á tíðum samverkandi og afar tengd. Voru þessi gildi gróflega flokkuð í fjóra hópa, hver með sínum undirþáttum. Þeir voru: andlegt og sálfræðilegt gildi, heilsufarslegt gildi, félagslegt gildi og þekkingarlegt gildi. Þar fyrir utan var sjálfgefið að útivistin hefði gríðarlegt afþreyingargildi en fyrir flesta var útivistin stór hluti af lífsstíl og sjálfsmynd þeirra.

Stærsti flokkurinn, andlegt og sálfræðilegt gildi, tók fyrir sálfræðilega endurheimt, lífshamingju, andlega tengingu og áskorun og afrek. Þetta gildi lýsti sér m.a. í orðum þátttakenda um að komast frá amstri hversdagsleikans, komast í kyrrðina, upplifa einveru og hlaða batteriín. Mikilvægi þessa var algilt fyrir öll útivistarformin. Lífshamingja var sterkt gildi hjá göngu- og hjólreiðahópnum en birtist síst hjá hestamennskuhópnum. Andleg tenging var einnig mest áberandi í tali gönguhópsins, en kom fram hjá þátttakendum í öllum hópum. Áskorun og afrek var óumdeilanlegur hluti af útivistarformunum en greina mátti mismunandi áherslur á milli hópa og mismunandi skilning á afrekum. Hjá jeppaferðafólki var talað um tæknilegt afrek frekar en líkamlegt og andlegt þrekvirki eins og hjá göngu- og hjólreiðahópnum. Að þróa eigin færni við að lesa í aðstæður þótti mikilvægt í öllum hópum Margir þátttakendur töluðu um að „ganga á listann sinn“ og skipulagning ferða fólst í að ná ákveðnum sigrum. Þetta var mest áberandi hjá göngu- og hjólreiðahópnum, enda þau útivistarform sem reyna mest á líkamlegan styrk. Fyrir

hestamennskuhópurinn var stór áskorun fólgin í að þjálfa hestinn sinn og tryggja öryggi manna og hesta á ferðum.

Mikið fór fyrir félagslegu gildi, þar sem samveran við aðra samferðarmenn var mikils metin. Lýstu þau mörg hver sömu sterku tengslunum við fólkið sem þau stunduðu útivistina með. Þetta var mest áberandi hjá jeppaferðahópnum, hestamennskuhópnum, konunum í hjólreiðahópnum og körlunum í gönguhópnum. Hestamennskuhópurinn lýsir einnig mikilvægi tengsla við reiðskjótann sinn. Það voru að minnsta kosti tveir „einfarar“ meðal þátttakenda, einn í gönguhóp og einn í hjólreiðahóp, sem fara mikið ein eða í fámennum félagsskap á hálendið en þau eru einstaklingar sem taki „almannarétt“ sinn til ástundunar útivistar mjög alvarlega.

Allir hópar nefndu heilsufarslegt gildi útivistarinnar og sumir hverjir lýstu jákvæðum áhrifum á andlega heilsu sína. Jeppaferðahópurinn var sá hópur sem mögulega stundaði minnstu hreyfinguna í gegnum sitt útivistarform en þó var þetta gildi greinilegt hjá þeim. Segir einn að vegna meiðsla í bílslysi á yngri árum væri hann eflaust bundinn hjólastól ef ekki væri fyrir útivistina. Annar í þeim hóp leggur einnig áherslu á að það sé ekki eingöngu keyrt, heldur tekur göngur frá og til bílsins. Einn úr gönguhóp hóf að ganga á fjöll til þess eins að breyta um lífsstíl og hefur útivistin ómetanlegt heilsufarslegt gildi fyrir hann. Annar göngumaður bendir einnig á að þó að gott líkamlegt atgervi sé mikilvægt þá séu ferðir á hálendið ekki einskorðaðar við þá sem eru í góðu formi, hún hafi meðal annars verið með ferð fyrir fatlað fólk. Einnig skipti andlegt atgervi mjög miklu máli. Hvað andlega heilsu varðar segja konurnar í göngu-, hjóla- og hestamennskuhópnum frá jákvæðum andlegum áhrifum af því að stunda útivistina.

Þekkingarlegt gildi skiptist í tvo undirþætti, sögulegt gildi og minjar og svo persónulega þekkingu. Að bæta við sína eigin persónulegu þekkingu um kennileyti og að eflahæfni sín a við að lesa í aðstæður var töluvert meira áberandi sem hluti af gildi útivistarinnar heldur en að fræðast um sögulegar minjar og fornsögur. Þó voru einstaklingar sem lögðu meira vægi á slíkt en aðrir, meðal annars einn úr gönguhóp og einn úr hjólreiðahóp, báðir karlar. Einn karl úr hestamennskuhóp lagði meiri áherslu á nútímasögur af bændasamfélaginu og lífinu í dreifbýlinu en fornar sögur. Það voru líka einstaklingar sem gáfu þessu gildi lítið sem ekkert vægi og má þá nefna einna helst nefna einn karl úr jeppaferðahópnum.

Gildi miðhálandisins

Upphaflega voru þátttakendur spurð um gildi hálandis fyrir sína útivist almennt og síðar um persónulegt gildi hálandisins. Hinsvegar kom í ljós að þessar spurningar voru nátengdar þar

sem fram komu sömu gildin; fegurðargildi hálendisins, afþreyingargildi, heilsufarslegt gildi, andlegt og sálfræðilegt gildi, og loks þekkingarlegt gildi.

Fegurðargildi hálendisins kom fram sem afar mikilvægt gildi í öllum hópum og yfirleitt það fyrsta sem þátttakendur minntust á. Fegurðin var sögð felast í fjölbreytninni í landslaginu, andstæðunum, víðsýninni og svo því hversu ósnortið eða lítt snortið hálendið væri. Vildu allir hópar að miðhálendið viðhélði þessari ósnortnu ásjónu sinni og vildu sjá sem minnsta uppbyggingu eða mannleg ummerki.

Miðhálendið hafði mikið afþreyingargildi enda vettvangur fyrir alla þátttakendur til að spreyta sig, hvort sem er líkamlega, með reiðskjóta eða á jeppa. Jeppaferðahópurinn bendir þó réttilega á að miðhálendið hafi skapað jeppaferðaútivistina og sé forsenda fyrir því að mögulegt sé að stunda útivistina. Þessu tengt er heilsufarslegt gildi, þar sem bæði andleg og líkamleg vellíðan spila saman þegar fólk stundaði sína útivist á hálendinu. Þó var þessa minnst vart hjá jeppaferðahópnum og eins og áður voru konurnar þeir þátttakendur sem nefndu einna helst jákvæð áhrif á andlega heilsu.

Hvað andlegt og sálfræðilegt gildi varðar segja allir þátttakendur að þeir sæki einna helst í einveruna og kyrrðina sem þeir upplifa á hálendinu. Það sé eitt helsta gildi miðhálendisins, að upplifa fámennið og þessa einstöku kyrrð í fjarlægð frá daglegu amstri. Jeppaferðahópurinn minntist einnig á kosti fjarskiptaleysisins sem hafi verið algengara áður fyrr.

Þekkingarlegt gildi skipti suma einstaklinga meira máli en aðra en ekki er hægt að segja að það sé meira áberandi hjá einum hóp en öðrum. Í öllum hópum greina þátttakendur frá því að þeir njóti þess að þekkja kennileyti en ekki þótti öllum saga hálendisins áhugaverð. Það er einna helst göngufólk og einn hjólreiðamaður sem sýna sögulegum arf hálendisins mikinn áhuga. Fyrir hestamennskuhópin og jeppaferðahópin skipti það miklu máli að þekkja landslagið og geta lesið í aðstæður.

Skilgreining víðerna, gildi, afmörkun og stýring

Umfangsmesti kaflinn í þessari samantekt fjallar um skilning á hugtakinu víðerni, óefnislegt verðmætamat víðerna og svo umræðu um sjónarmið þátttakenda um afmörkun og stýringu víðerna. Til að greina gildi víðerna eða óefnislegt verðmætamat þeirra, voru þátttakendur spurðir um það víðerni eða stað á miðhálendinu sem væri þeim sérstaklega mikilvægur og svo hvað það væri sem þau væru sérstaklega að sækja þangað.

Hvað hugtökin víðerni, ósnert víðerni og óbyggt víðerni varðar var augljóst að þau sem taka virkan þátt í félagsstarfi og hagsmunabaráttu útivistarfólks á hálendinu þekktu hugtökin og gátu

lýst þeim nokkuð haganlega. Þetta voru einstaklingar í gönguhóp, hjólreiðahóp og jeppaferðahóp. Sumir áttu það til að nota hugtök eins og víðsýni og ósnert náttúra sem samheiti yfir víðerni og ósnert víðerni. Óbyggð víðerni voru ekki eins vel útskýrð og ósnert víðerni, og stundum alls ekki útskýrð að hálfu þátttakenda. Líklega er stærsta niðurstaðan í þessum hluta sú að nær allir þátttakendur upplifðu víðerni á mun sveigjanlegri hátt en skilgreining óbyggðra víðerna gerir ráð fyrir. Einn hjólreiðamaður leiti hreinlega uppi öll mannleg ummerki á hálendinu, í formi stíga, slóða, skála eða minja. Hann sæki samt í ósnortna náttúru og einveru að eigin sögn. Samkvæmt hans viðhorfi þá spilla sögulegar minjar, slóðar og skálar ekki upplifun í ósnortinni náttúru en það gera samtímabyggingar eða nýleg mannleg ummerki). Jeppafólkið virtist hafa mest þol gagnvart mannlegum ummerkjum í víðernum og sagðist ekki þurfa að vera komin langt út fyrir þéttbýlið til þess að upplifa sig í víðerni.

Þrátt fyrir að spurningar í þessum hluta fjölluðu allar um víðerni mátti greina að margir þátttakendur lögðu gildi víðerna að jöfnu við gildi miðhálandis. Þetta gefur til kynna að mögulega hefði þurft að spyrja á annan hátt um gildi víðerna, en spurt var um hvað þátttakendur væru að sækja í á þeim stöðum sem þau nefndu sem mikilvæga. Þar sem sömu áherslurnar komu fram og þau höfðu nefnt áður er ályktað að þessar þrjár hugsmíðar, *gildi útivistar*, *gildi miðhálandis* og *gildi víðerna*, séu innbyrðis tengdar og órjúfanlegar.

Þátttakendur nefndu fjölbreytt svæði á hálendinu þegar þau voru spurð um staði sem væru sérstaklega mikilvæg fyrir þau. Ekki voru öll svæði á staðsett á hálendinu eða féllu undir skilgreiningu víðerna. Hvað varðar sameiginleg landfræðileg einkenni þessara svæða, nefndu allir hópar andstæðurnar í landslaginu, fjölbreytnina, víðsýnina, að umhverfið sé ósnortið eða lítt snortið, og að þau upplifi sig vera komin í óbyggðir. Engin heimsókn gefi sömu upplifun og nefndu þau áhrif veðurfars, gróðurs og lita. Þessi upplifun hafi mikla þýðingu fyrir þau.

Andlegt og sálfræðilegt gildi þessara staða kom sterkast fram í máli hópanna um huglægt verðmætamat víðerna. Ekki er unnt að gera upp á milli hópa um mikilvægi þessa þáttar en hann felur í sér fjóra undirþætti: sálfræðilega endurheimt, lífshamingju, andleg tengsl og svo áskorun. Fyrri þrír komu fram hjá flestum hópum en fjórði þátturinn eingöngu hjá hjólreiðahópnum. Minntust allir hópar á friðsældina og einveruna sem fylgdi þessum svæðum og að það væri eitt það mikilvægasta sem þau sæktu þangað.

Jeppaferðahópurinn minntist einna helst á félagslega gildið og að þessir staðir væru hlaðnir góðum minningum.

Þekkingarlegt gildi, hvort sem er í formi sögulegrar arfleiddar eða uppbyggingu eigin þekkingar, kemur ekki fram í þessum hluta.

Þátttakendur í öllum hópum voru sammála um að víðerni á Íslandi væru ómetanleg. Þrjú atriði komu fram hjá öllum hópum hvað varðar verðmæti víðerna, að víðerni væru einstök á heimsmælikvarða vegna þess hversu ósnert þau væru, að þau væru liður í að skapa gríðarlegar tekjur í gegnum ferðamannaíðnaðinn sem er að verða verðmætasta atvinnugrein landsins, og loks að tilvist og aðgengi að þessum svæðum væri auðlind fyrir Íslendinga. Hvað það síðasttalda varðar var talað um að víðerni væru einskonar þjóðararfur sem hefði varðveist að miklu leyti til vegna fátæktar þjóðarinnar í gegnum aldirnar. Allir þátttakendur lögðu áherslu á mikilvægi þess að varðveita víðerni eins og hægt væri. Einn göngumaður nefndi að væru aðrir hagsmunir sem þyrfti að taka tillit til, eins og til að mynda flutningur á rafmagni, þá yrði að finna lausnir til að láta svæðin líta út fyrir að vera ósnert og grafa þá rafmagnið frekar í jörð. Þátttakandi úr gönguhóp nefndi mikilvægi víðerna í umræðunni í samfélaginu sem stuðli að jákvæðari viðhorfum gagnvart náttúruvernd. Þátttakandi úr jeppaferðahópnum sagði að víðerni og miðhálandið almennt væri ómetanlegt en ef ekki væri hægt að njóta svæðanna væru þau einskis virði. Einn þátttakandi úr hestamennskuhópnum sagði að virði víðerna væri eflaust annað í hugum þeirra sem ekki sæki þangað, þeir myndu eflaust vilja sjá aðra nýtingu. Í þessum hluta kom fram að þátttakendur gerðu margir hverjir greinarmun á því að að nýta, að nota og að njóta víðerna og hálandis. Greinilegt var að margir þátttakendur töldu útivist falla undir seinni tvö hugtökin, en að þeir sem nýttu landið væru stóriðjur, virkjunaraðilar og ferðaþjónustan.

Sjónarmið um afmörkun og stýringu víðerna

Í þessum hluta komu fram viðhorf þátttakenda til bættari afmörkunar víðerna og út frá því ræddu hóparnir um fyrirkomulag verndunar víðerna. Það mátti skilja á öllum hópum að það væri svigrúm til að bæta afmörkun víðerna. Ekki voru hóparnir sammála um ákjósanlegt fyrirkomulag. Hjólreiðahópurinn, jeppaferðahópurinn og einn göngumaður vildu alls ekki innleiða frekari boð og bönn. Þau höfðu slæma reynslu af stjórnsýslu Vatnajökulsþjóðgarðs og af viðmóti land- og þjóðgarðsvarða. Þessir einstaklingar voru allir sammála um að frekari afmörkun víðerna gæti haft neikvæðar afleiðingar fyrir ferðafrelsi útivistarhópa á svæðunum, en einstaklingar innan allra hópanna töldu þó mikilvægt að hleypa ekki allri umferð um svæðin. Hestamennskuhópurinn var hlynntastur friðun víðerna og hálandisins alls undir einum þjóðgarði. Meirihluti jeppaferðahóps var einnig hlynntur þjóðgarði og var talað um að ein sameinuð stofnun gæti mögulega einfaldað regluverkið í kringum stjórnsýslu þeirra þjóðgarða sem reknir eru í dag. Hjólreiðahópurinn var algerlega á móti þjóðgarði vegna reynslu þátttakenda af takmörkuðu aðgengi í Vatnajökulsþjóðgarði. Þau voru hins vegar hlynnt annars konar friðlýsingu og töluðu um þörfina á gagnkvæmri virðingu meðal hagsmunaaðila. Það er í

takt við viðhorf sem þátttakandi í gönguhóp lýsir, að virðing sé lykilhugtak. Greina mátti að reynsla þátttakenda af stjórnskipulagi og upplifun þeirra af skertu aðgengi í Vatnajökulsþjóðgarði hafi haft merkjanleg áhrif á viðhorf þeirra og ættu frekari rannsóknir að taka slíka reynslu með í reikninginn þegar viðhorf fólks til afmörkunar og stýringar víðerna eru skoðuð.

Í seinni hluta þessa umræðuefnis var rætt um stýringu víðerna og þá hvaða sjónarmið ætti að hafa að leiðarljósi. Var ætlunin að greina hvort náttúruhverf eða mannhverf viðhorf væru meira áberandi meðal þátttakenda og hvort munur væri á afstöðu ólíkra útivistarhópa.

Bæði mannhverf og náttúruhverf sjónarmið eru greinileg hjá hópunum og talað um að útivist og náttúruvernd geti haldist í hendur þrátt fyrir ólíka hagsmuni. Af hópunum fjórum var það gönguhópurinn sem lýsti sterkustu náttúruhverfu sjónarmiðunum.

Það kom fram hjá öllum hópum að það sé áriðandi að komið sé á sátt um framtíð víðerna. „Sáttin“ er í stórum dráttum sú sama hjá öllum hópum og snýst um að víðerni verði varðveitt eins ósnortin og mögulegt er án þess að aðgengi og ferðafrelsi útivistarhópa sé skert með verulegum hætti. Flest allir þátttakendur eru meðvitaðir um að það sé þörf á grunnþjónustu til að hægt sé að fara um svæðin, í formi slóða og skála, og að með þessum mannlegu ummerkjum geta svæðin ekki flokkast undir ósnortin víðerni. Það þurfi því að nást sátt um hvernig víðerni eru skilgreind og um staðsetningu slíkra mannvirkja og taka svo ákvörðun um stýringu inn á svæðin. Til þess að ná þessari sátt sé raunverulegt samráð milli allra hagsmunaaðila lyklatríði. Þeir þátttakendur sem hafa mestu reynslu af félagsstarfi útivistarfélaganna hafa einnig mesta þekkingu á því hvernig samstarfi hafi verið háttáð við útivistarfélagin til þessa. Þetta eru þátttakendurnir í jeppaferðahópnum og einn þátttakandi úr gönguhóp. Þau lýsa verulegum annmörkum á samstarfi í gegnum tíðina en jeppaferðafólkið lýsir þó jákvæðri reynslu af samstarfi við Umhverfisstofnun. Þátttakendur í öllum hópum telja að aukið, raunverulegt samráð sé af hinu góða. Þetta samráð verði að fela í sér samvinnu hagsmunaaðila frá hugmyndastigi til framkvæmdar.

Hjá einstaklingum í göngu-, hjóleiða- og hestaferðahóp komu fram viðhorf um að herða þurfi viðurlög og sektir ef menn gerist brotlegir í umgengni sinni. Í öllum hópum komu fram viðhorf um að bæta þurfi úr fræðslu um umgengni á hálendinu, hvort sem er til ungs fólks, ferðamanna eða leiðsögumanna.

Styrkleikar og veikleikar

Þessi rannsókn leggur fram viðamikla þekkingu um gildi víðerna á Íslandi að mati fjögurra ólíkra útivistarforma en fáar rannsóknir hafa verið framkvæmdar hér á landi um þetta

Þýðingarmikla viðfangsefni. Vegna þess veigamikla hlutverks sem víðerni gegna í samfélaginu, m.a. við atvinnuuppbyggingu og í orkumálum, hefur viðfangsefnið fangað athygli fræðimanna og stjórnvalda. Nýta má niðurstöðurnar til að ígrunda frekari rannsóknir á viðfangsefninu enda mætti víða kafa dýpra í viðhorf og skilning þátttakenda á ákveðnum hugsmíðum. Í þessu samhengi má nefna; umfang umhverfisvitundar og áhrif hennar á hegðun (bæði heima fyrir og á hálendinu), kynjamun viðhorfa um gildi víðerna, hálendis og útivistar, auk þess að skoða kynbundnar áskoranir við ástundun útivistar. Einnig mætti kanna viðhorf í handahófskenndu úrtaki af landinu öllu og kanna hvort formgerðargreining (e. structural equation modelling) styðji við það hugtakakort sem hannað var út frá niðurstöðum þessarar rannsóknar.

Spurningarnar sem notaðar voru í viðtalsrammanum voru sumar hliðstæðar spurningum sem notaðar hafa verið í eldri rannsóknum, aðrar eru nýjar eða í nýju samhengi. Hönnun umræðurammans er umhugsunarefni, enda var sú aðferð sem beitt var til að greina huglægt mat víðerna mögulega ekki sú hentugasta, þar sem viðmælendur virtust oftast en ekki leggja gildi víðerna og miðhálendis að jöfnu. Þó er mögulegt að merking þessara hugtaka verði einfaldlega ekki aðskilin í huga útivistarfólks.

Niðurstöður þessarar greiningar byggja eingöngu á 12 viðtölum, með þrem þátttakendum í hverjum útivistarhóp. Þannig er útilokað að yfirfæra þær á útivistariðkendur almennt. Þar fyrir utan voru þátttakendur í rannsókninni valdir með hentugleikaúrtaki og vitað var um tengsl þátttakenda í félagsstarf útivistarfélaga þar sem það átti við. Það er við því að búast að slíkir einstaklingar hafi aðra sýn á afmörkun og stjórnun víðerna en þeir sem ekki þekkja til stjórnsýslu svæðanna í dag. Með þetta í huga er alhæfingargildi rannsóknarinnar takmarkað.

HEIMILDIR

- Alþingi. (2016). Lög um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, með síðari breytingum (varúðarregla, almannaréttur, sérstök vernd, framandi tegundir o.fl.). Sótt 02.05.2016 frá <http://www.althingi.is/altext/stjt/2015.109.html>.
- Bogdan, R. C. og Biklen, S. K. (1998). *Qualitative research in education: An introduction to theory and methods*. Boston: Allyn & Bacon.
- Hartig, T. (2004). Restorative environments. Í C. Spielberger (Ritstj.), *Encyclopedia of applied psychology*, 3. bindi (bls. 273-279). San Diego: Academic Press.
- Kvale, S. (1996). *InterViews - An introduction to qualitative research interviewing*. Thousand Oaks, CA: Sage.
- Óli Halldórsson. (2002). *Náttúran, siðfræðin og stjórnsýslan*. Sótt 04.05.2016 frá <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=70772>
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar og meginglegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219-235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Umhverfiráðuneytið. (2011). Í Aagot V. Óskarsdóttir (ritstjóri), *Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands*. Reykjavík: Umhverfiráðuneytið.

VIÐAUKI 1: VIÐTALSRAMMI

Leiðbeiningar	Þemu	Útkoma
U.þ.b. 2 min	<p>Inngangur</p> <ul style="list-style-type: none"> • (Bjóða kaffi, te, o.fl.). • Þakka fyrir þátttökuna • Spyrrill kynnr sig • Kynning á rannsókn: <p><i>Félagsvísindastofnun sér um framkvæmd þessarar rannsóknar að beiðni Faghóps 1 í Rammaáætlun.</i></p> <p>Rannsókn þessi fjallar um ástundun útivistar á miðhálandinu og upplifun útivistarfólks af náttúru, landslagi og víðernum þar.</p> <p><i>Áður en við byrjum er rétt að nefna að þátttakendum er frjálst að svara öllum spurningum og geta hætt þátttöku á hvaða tímapunkti sem er. Svörin verða ekki persónurekjanleg í úrvinnslu eða við birtingu niðurstaðna.</i></p> <p><i>Við ætlum að fjalla mikið um viðhorf og huglæga og persónulega upplifun þátttakenda og því eiga öll viðhorf og skoðanir jafnan rétt á sér. Það eru engin röng eða rétt svör og við erum ekki að fara fjalla um þekkingu eða staðreyndir. Ekki hika við að staldra við og spyrja, séu einhver hugtök ókunnug.</i></p> <p><i>Þess ber einnig að geta að ég er ekki sérfræðingur um málefnið og mun gæta hlutleysis í umræðunni.</i></p> <p><i>Viðtalið inniheldur rúmlega 25 megin spurningar sem við förum yfir en uppsetning viðtalsins er hugsuð sem opið spjall í kringum þessar spurningar þar sem við hvetjum þátttakendur til að segja frá öllu því sem viðkemur þessum spurningum. Viðtalið er hljóðritað og tekur um 60 mínútur.</i></p> <p><i>Segja dagsetningu, tíma og einkenni viðfangs.</i></p>	<p><i>Kynning á rannsókn og upplýsingar fyrir þátttakendur</i></p>
U.þ.b. 5 min.	Bakgrunnsupplýsingar	

Leiðbeiningar	Þemu	Útkoma
	<ol style="list-style-type: none"> 1. Hefur þú áður tekið þátt í svona viðtali? 2. Ertu til í að segja mér aðeins frá sjálfri/um þér. <ul style="list-style-type: none"> • Aldur • Búseta <ul style="list-style-type: none"> ○ Er búsetan tengd vali á útivist? (komast úr bænum, lítil náttúra eða aðgengi að náttúrulegu umhverfi...) • Fjölskyldustaða <ul style="list-style-type: none"> ○ Foreldri, einstaklingur, o.fl. • Staða á vinnumarkaði <ul style="list-style-type: none"> ○ Nám, starf, staða á vinnustað • Lífsstíll <ul style="list-style-type: none"> ○ Streita, ábyrgð og lífsstíll (álag, áhrif á heilsu...) 	<p>Búseta – Félagsleg staða (tekjuhópur...) Staða og hlutverk</p>
<p>U.p.b. 10 min.</p>	<p>Útivist skilgreind</p> <p>Við fengum þig til að taka þátt í þessu verkefni vegna þess að þú tilheyrir hóp sem nýtir m.a. hálandið til útivistar.</p> <ol style="list-style-type: none"> 3. Getur þú sagt mér betur frá þessari útivist og hvað felst í því að stunda hana? NÚ <ul style="list-style-type: none"> • Hversu oft iðkar þú hana – ákefð, tíðni ferða • Hver er lengd ferða? (dagar, klukkutímar) • Hvert er farið - vettvangur? • Hvaða tíma árs er farið – árstíð? • Hvaða búnaður er notaður 4. Stundar þú einhverja aðra tegund útivistar að staðaldri? 5. ÁÐUR Hver var aðdragandinn að því að þú fórst að stunda þessa tegund útivistar? <ul style="list-style-type: none"> • Möguleg áhrif bakgrunnsbreyta (búsetu, lífsstíls, álags, félagsmótun) 6. Hverjar eru helstu ástæður þess að þú stundar þessa tegund útivistar 7. Hvað gefur það þér að geta stundað þessa útivist? <ul style="list-style-type: none"> • Líkamlega, félagslega, andlega, persónulega, heilsufarslega 	<p>Tegund útivistar Hversu oft er útivistin stunduð Hve lengi „gæði umhverfis“ (hvert er best að fara, hvaða umhverfi hentar best – síst) Árstími Hvers konar útbúnaður er nauðsynlegur (er viðkomandi upptekinn af útbúnaðinum, er þetta dýrt sport, fyrir útvalda, virkur lífsstíll...)</p> <p>Önnur útivist? (tengist hún mögulega)</p> <p>Aðdragandi að iðkun</p> <ul style="list-style-type: none"> • Félagsmótun (socialization)? • Samfélagsleg tengsl= félagsleg samheldni , félagsauður <p>Áhrif bakgrunnsbreyta?</p> <ul style="list-style-type: none"> • Búseta í þéttbýli • Kyn • Fjölskyldustaða • Innkoma • Staða á vinnumarkaði • Lífsstíll (mikil/lítill streita í daglegu lífi, virkur lífsstíll, fjölskyldusport...) <p>Ávinningur útivistar persónulega</p> <ul style="list-style-type: none"> • Líkamleg heilsubót, líkamleg áskorun – hvað með áhættur? • Félagsleg samheldni í félagsskapnum (social cohesion) • Samvera, einvera • Aukin andleg vellíðan, lífshamingja

Leiðbeiningar	Þemu	Útkoma
	<ul style="list-style-type: none"> Hvaða huglægu þættir skipta máli? Hversu lengi endast „áhrifin“? 	<ul style="list-style-type: none"> <i>Sálfræðileg endurheimt (endurnæring), núvitund, áreynslulaus athygli, aukin einbeiting, athygli, huglæg áhrif, minni,</i> <i>Slökun, kyrrð, ró ...</i> <i>Ferðin sjálf er upplifun – lotning/virðing fyrir umhverfinu, fróðleikur, ferðafýsn,...</i> <i>Loftgæði – Búseta í þéttbýli</i>
	<p><u>Breytingar frá upphafi</u></p> <p>8. Hefur eitthvað breyst hvað útvistina sjálfa varðar (ferðirnar) frá því þú hófst að stunda hana?</p> <p>9. Telur þú að þú sjálf(ur) hafi breyst á einhvern hátt eftir að fórst fyrst að stunda þessa útvist?</p> <ul style="list-style-type: none"> Heilsufarslega, félagslega, andlega, persónulega <p>10. Hafa orðið breytingar á viðhorfum þínum til umhverfisins eða á umhverfisvitund þinni almennt síðan þú byrjaðir að stunda þessa útvist?</p> <ul style="list-style-type: none"> Hvernig myndir þú lýsa umhverfisvitund þinni og viðhorfum nú? 	<p><i>Útivistartengt - Ytri breytingar</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <i>Ferðirnar sjálfar</i> <i>Auknar hömlur (s.s. v. Vatnajökulsþjóðgarðs)</i> <i>Aukinn fjöldi erlendra ferðamanna á hálendinu</i> <p><i>Útivistartengt -persónulegar breytingar</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <i>Breytingar á heilsufari</i> <i>Andleg heilsa</i> <i>Vellíðan - lífshamingja</i> <i>Breytingar í upplifun, endurheimt</i> <i>Aukin þekking, um sögu landsins, landfræði...</i> <i>Breytingar á viðhorfum til náttúru – náttúruverndar</i> <ul style="list-style-type: none"> <i>(ath purist scale: miklir náttúrusinnar, náttúrusinnar, alm. ferðamenn, þjónustusinnar)</i> <i>Breytingar á grunngildum</i>
<i>U.þ.b. 5 min.</i>	<p><u>Miðhálendið almennt</u></p> <p>11. Hvað er það sem gerir miðhálendið að eftirsóknarverðu svæði fyrir þessa tegund útvistar?</p> <ul style="list-style-type: none"> Hver eru helstu sérkenni miðhálendisins í samanburði við önnur svæði á Íslandi? Hvaða gildi [mikilvægi/ þýðingu/merkingu] hefur miðhálendið fyrir þessa tegund útvistar og <u>þá sem hana stunda?</u> Hvaða gildi [mikilvægi/ þýðingu/merkingu] hefur miðhálendið fyrir þig persónulega 	<p><i>Af hverju er miðhálendið kjörstaður þessarar útvistar miðað við önnur landsvæði?</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <i>Landfræðilegir eiginleikar/sérstaða/andstæður</i> <i>Náttúrufrýrbæri</i> <i>Saga, þjóðsögur, minjar</i> <i>Gróður/gróðurleysi</i> <i>Auðn, einangrun</i> <i>Aðgengi</i> <i>Áhættur/öryggi</i> <i>Fegurð, sköpun, undrun</i> <i>Kyrrðin, þögnin</i> <i>Ósnert náttúra</i> <i>Persónulegar/sálfræðilegar ástæður</i> <ul style="list-style-type: none"> <i>Áskorun (líkamleg, færni)</i> <i>Að treysta á sjálfan sig</i> <i>Samvera, einvera</i> <i>Aukin andleg vellíðan, lífshamingja</i>

Leiðbeiningar	Þemu	Útkoma
		<ul style="list-style-type: none"> ○ Sálfærðileg endurheimt (endurnæring), núvitund, áreynslulaus athygli, aukin einbeiting, bætt athygli, bætt minni, heilun, hughrif... ○ Slökun, afslöppun, ... ○ Ferðin sjálf er upplifun – lotning/virðing fyrir umhverfinu, <ul style="list-style-type: none"> • Almennir eiginleikar- annað <ul style="list-style-type: none"> ○ Lærdómur, aukin þekking, ferðafýsn,...
U.þ.b. 10 min.	<p><u>Víðerni</u></p> <p>12. Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug þegar þú heyrir orðið „víðerni“?</p> <p>13. Heldur þú að víðerni tengist ákveðnu landslagi á einhvern hátt eða einhverjum sérstökum náttúrufarsþáttum, svo sem jarðmyndunum, vatnafari, gróðri eða öðru?</p> <p>14. Þekkir þú hugtökin „ósnortin víðerni“ eða „óbyggð víðerni“ ?</p> <ul style="list-style-type: none"> • Telur þú rétt að gera greinarmun á „víðernum“ almennt og „ósnortnum/óbyggðum víðernum“? • Ef JÁ: Hvað skilur „ósnortin/óbyggð víðerni“ helst frá öðrum tegundum víðerna? <p>15. Dettur þér í hug einhver einkenni sem eru sameiginleg öllum víðernum (á Íslandi)?</p> <p>16. Hvar finnast víðerni helst á Íslandi?</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hvar finnast víðerni helst á miðhálandinu? 	<p>Leitast eftir að fá skilgreiningu á sérkennum/einkennum víðerna, hvaða orð notar fólk.</p> <p>Hvað tengir fólk við hugtakið víðerni, jafnt huglægir sem hlutlægir þættir?</p> <p>Ósnert/óspillt náttúra</p> <ul style="list-style-type: none"> • Landslag • Landfræðilegir eiginleikar/sérstaða/andstæður • Náttúrufyrirbæri • Gróður/gróðurleysi • Auðn, einangrun • Aðgengi • Fegurð, sköpun, undrun • Kyrrðin, þögnin • Ósnert náttúra • Litir • Víðátta, víðsýni • „Náttúrukraftur“ <ul style="list-style-type: none"> • Saga, þjóðsögur, minjar • Áhættur/öryggi <ul style="list-style-type: none"> • Manngerðir hlutir • Mannleg ummerki • Ásókn ferðamanna
U.þ.b. 10 min.	<p><u>Upplifun náttúru/landslags víðernis vs. hughrif víðernis</u></p> <p>17. Getur þú nefnt eitthvert eitt víðerni eða svæði á hálandinu</p>	<p>Staðsetning uppáhaldsstaðar sem flokkast undir skilgreiningu þátttakanda á víðerni</p>

Leiðbeiningar	Þemu	Útkoma
	<p>sem þú telur sérstaklega mikilvægt fyrir þig sjálfa(n)?</p> <ul style="list-style-type: none"> Hvert er helsta einkenni þessa svæðis eða víðernis að þínu mati? <p>18. Hvað heillar þig sérstaklega við þetta svæði?</p> <ul style="list-style-type: none"> Hverju sækist þú eftir Hvaða huglægu þætti upplifir þú sérstaklega á þessu svæði <p>19. Hvort vegur þyngra í þínum huga hvað upplifun í víðernum varðar – náttúran sjálf eða huglægir þættir?</p> <ul style="list-style-type: none"> Finnst þér auðvelt að greina barna á milli? 	<p><i>Umhverfiseinkenni uppáhaldsstaðar (mangert-ósnert, aðgengi, ásókn, gæði umhverfis)</i></p> <p><i>Flókið samspil náttúruupplifunar og þeirra hughrifa/endurheimt sem náttúran vekur – reyna fá lýsingu á þessu</i></p> <p><i>Landslag vs. huglæg áhrif</i> Hvaða “óefnisleg verðmæti” (andleg/ huglæg/tilfinningaleg gildi) tengja viðmælendur við hálendið og veru sína þar.</p> <ul style="list-style-type: none"> <i>Persónulegar/sálfræðilegar ástæður</i> <ul style="list-style-type: none"> Áskorun (líkamleg, færni) Að treysta á sjálfan sig Samvera, einvera Aukin andleg vellíðan, lífshamingja Sálfræðileg endurheimt (endurnæring), núvitund, áreynslulaus athygli, aukin einbeiting, bætt athygli, bætt minni, heilun, hughrif... Slökun, afslöppun, ... Ferðin sjálf er upplifun – lotning/virðing fyrir umhverfinu
U.þ.b. 10 min.	<p>Áhrif mannvirkja</p> <p>20. Hefur þú orðið vör/var við einhverjar breytingar á miðhálendinu – hverjar þá? (náttúrulegar vs. manngerðar)</p> <ul style="list-style-type: none"> Hafa þessar breytingar haft neikvæðar afleiðingar fyrir þá tegund útivistar sem þú stundar, upplifun þína af hálendinu eða á annan hátt fyrir þig persónulega? <p>21. Hvaða máli skipta mannvirki, manngerðir hlutir eða önnur ummerki um áhrif mannsins fyrir upplifun þína af víðernum?</p> <ul style="list-style-type: none"> Hvaða mannvirki/ummerki hafa neikvæðustu áhrif á upplifunina? 	<p><i>Breytingar á hálendinu</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Náttúrulegar breytingar í umhverfi og lífríki (eldgos... flóran, jöklar, lífríkið...) <ul style="list-style-type: none"> <i>Manngerðar - Góð/slæm þróun</i> <ul style="list-style-type: none"> ásókn og umgengni innlendra sem erlendra ferðamanna ásókn og umgengni annarra sem stunda aðrar tegundir útivistar á svæðinu betra eða verra aðgengi <p><i>Hver eru viðhorf til mannvirkja</i> <i>Hvað dregur úr merkingu hugtaksins</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Mannleg ummerki Ásókn ferðamanna Salernisaðstaða Hótel/gistihús Ummerki um utanvegaakstur Stíflumannvirki Rafmagnslínur Miðlunarlón

Leiðbeiningar	Þemu	Útkoma
	<ul style="list-style-type: none"> Hverskonar mannvirki finnst þér vera ástættanleg í víðernum? Hafa einhver mannvirki sem hafa jákvæð áhrif fyrir upplifunina? 	<ul style="list-style-type: none"> Þjónustumiðstöðvar/gestastofur Vegir Vegslóðar Lagðir göngustígar Fjallaskálar/Brýr Bundið slitlag Uppbyggðir malarvegir Heilsársvegir Veitingastaðir Bensínstöð Verslun
U.þ.b. 5 min.	<p>Gildi víðernis</p> <p>22. Hafa víðerni gildi eða merkingu fyrir aðra en útivistariðkendur?</p> <p>23. Lítur þú á víðerni sem auðlind?</p>	<p><i>Persónulegt gildi þeirra sem sækja ákveðna útivist vs. þeirra sem sækja aðra útivist eða þeirra sem ekki sækja á hálendið, þeirra sem lífa af ferðamannatekjum, fyrir landið allt ef hálendið verður nýtt í stærri mæli til virkjana, ...</i></p> <p><i>Eða gildi náttúrunnar fyrir lífríkið á þeim stað?</i></p> <p><i>Eða gildi hennar í sjálfu sér – hún á rétt á sér í sinni ósnortnu mynd...</i></p> <p><i>Nýting náttúruauðlinda á svæðinu, virkjanir, raflínur, ferðamennska, atvinna...</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Gildi fyrir komandi kynslóðir Gildi fyrir ferðamenn Gildi fyrir þjóðarbúið – náttúrunýting Gildi fyrir lífríkið – náttúruna sjálfa Gildi fyrir borgarbúa
U.þ.b. 10 min.	<p>Sjónarmið um afmörkun og stjórnun víðerna</p> <p>24. Telur þú æskilegt að afmarka „ósnortin eða óbyggð víðerni“ eða víðerni almennt á Íslandi skýrar en gert hefur verið til þessa?</p> <p>25. Finnst þér þurfa að stýra umgengni um víðerni meira en gert hefur verið? Hvernig væri þá best að haga þeirri stýringu?</p> <ul style="list-style-type: none"> Hvað er mikilvægast 	<p><i>Afmörkun víðerna fyrir framtíðarþróun í útivist og ferðamennsku – kannski frekar til stýringar almennt – vill fólk að þessu sé stýrt (þá væntanlega með einhverjum höftum og þ.a.l. skerðingu á „frelsi“) eða ekki – til að geta stýrt svæðinu þarf að skilgreina mörk þess.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <i>Hvers konar upplifun á svæðið að veita - Fyrir hvaða hópa</i> <i>Hver ættu markmiðin að vera</i> Verndunarsjónarmið-nýtingarsjónarmið <i>Sjálfbærni svæðisins</i> <i>Tilvistargildi (táknrænt gildi)</i> <i>Hver eru þolmörkin</i>

Leiðbeiningar	Þemu	Útkoma
		<ul style="list-style-type: none">• <i>Mannhverf vs náttúruhverf stjórnun</i>• <i>Hvað ætti að varðveita</i>• <i>Hver á að hafa umsjón með stýringu?</i>• <i>Hverskonar samráð ætti að vera við hagsmunahópa</i>
<i>U.þ.b. 2 min.</i>	Samantekt <ul style="list-style-type: none">• Er eitthvað fleira sem þú vilt nefna eða bæta við?• Er eitthvað sérstaklega mikilvægt af því sem við höfum talað um hér í dag? Afhverju?	<i>Möguleiki til að ræða annað sem ekki var farið yfir</i>
Þá er þessu lokið hjá okkur og við hjá Félagsvísindastofnun viljum þakka þér innilega fyrir þátttöku þína og tíma þinn.		

VIÐAUKI 2. ÞEMAGREINING

1. Bakgrunnur, umfang og aðdragandi útivistariðkunar

- a. Bakgrunnur (aldur, búseta, fjölskyldustaða)
- b. Umfang útivistar (Staða á ástundun útivistar í dag)
- c. Lífsstíll (hreyfing, áhugamál, félagsstarf)
- d. Aðdragandi – félagsmótun (Áhrifavaldar: fyrirmyndir, fjölskylda, félagar, vinnustaður)

2. Gildi útivistarinnar

- a. Sálfræðilegt/andlegt gildi
 - i. Sálfræðileg endurheimt (kyrrð, einvera, slökun, endurhleðsla, komast frá hversdagsleikanum)
 - ii. Lífshamingja
 - iii. Andleg tengsl
 - iv. Áskorun og afrek
- b. Heilsufarslegt gildi – andleg og líkamleg heilsa
- c. Félagslegt gildi
 - i. Félagsskapur
 - ii. Fyrir hestamennskuhóp: Samband knapa og hests
- d. Þekkingarlegt gildi
 - i. Sagan og minjar
 - ii. Persónuleg þekking

3. Umhverfisviðhorf

- a. Viðhorf
- b. Hegðun (á fjöllum/í þéttbýli)

4. Gildi miðhálandisins (Hið huglæga verðmætamat)

- a. Fyrir útivistina í heild / Fyrir þau persónulega
 - i. Fegurðargildi
 1. Fjölbreytni náttúru
 2. Víðsýni
 3. Ósnortin eða lítt snortin náttúra (mannvirkjasnauð)
 - ii. Afþreyingargildi

1. Áskorun og afrek
2. Líkamleg þrekaun
- iii. Heilsufarslegt gildi
 1. Efla líkamlegt atgervi
 2. Andleg geðheilsa
- iv. Andlegt - Sálfræðilegt gildi
 1. Einvera/kyrrð/fámenni
 2. Fjarskiptaleysi
- v. Þekking og sögulegt gildi
 1. Sagan og minjar
 2. Persónuleg þekking
 3. Persónuleg færni að lesa í náttúru

5. Skilgreining víðerna, virði, afmörkun og stýring

- a. Hugtakið víðerni
- b. Hugtökin „óbyggð og ósnortin“ víðerni
- c. Uppáhalds víðerni – staður á hálendi
 - i. Landfræðileg einkenni (sameiginleg – ólík)
 - ii. Gildi víðerna
 1. Sálfræðilegt/andlegt gildi
 - i. Sálfræðileg endurheimt
 - ii. Lífshamingja
 - iii. Andleg tengsl
 - iv. Áskorun og afrek
 2. Heilsufarslegt gildi – Andleg heilsa
 3. Félagslegt gildi – góðar minningar
 4. Þekkingarlegt gildi
 - i. Sagan og minjar
 - ii. Persónuleg þekking
 5. Virði víðerna – eru víðerni auðlind?
 - i. Einstakt á heimsmælikvarða – þverrandi auðlind
 - ii. Verðmæti fyrir atvinnuuppbyggingu og þar með þjóðarbúið
 - iii. Þjóðararfur
- d. Afmörkun víðerna

-
- i. Form afmörkunar – friðlýsingar til Þjóðgarðs
 - ii. Áhrif á ferðafrelsi og aðgengi útivistarfólks
 - e. Stýring víðerna
 - i. Hver ber ábyrgð
 - ii. Hvaða sjónarmið ber að hafa að leiðarljósi (náttúruhverf vs. Mannhverf)
 - iii. Gildi samráðs
 - iv. Mikilvægi löggæslu – hvernig á að taka á þeim sem brjóta af sér
 - v. Upplýsing og menntun, til unga fólksins, leiðsögumanna og ferðamanna